




**„LÁTIÐ
KÆRLEIKA GUÐS
VARÐVEITA YKKUR“**

- 
- Hvernig getum við sýnt að við elskum Guð?
 - Hvernig er hægt að vita hvenær samviskunnin sé treystandi?
 - Hvað segir val okkar á vinum um okkur?
 - Af hverju hefur afstaða okkar til yfirvalds áhrif á afstöðu Guðs til okkar?
 - Af hverju er okkur fyrir bestu að hlýða siðferðisreglum Guðs?
 - Hvernig er hægt að hafa ánægju af vinnu?
 - Hvernig getum við þroskað með okkur löngun til að hlýða Jehóva?

JW
.ORG

TM



IW-C
151015

„LÁTIÐ KÆRLEIKA GUÐS VARÐVEITA YKKUR“

EIGANDI BÓKARINNAR

Rétthafar mynda: ■ Bls. 14: © COMSTOCK Images/age fotostock ■ Bls. 134: Mixa/age
fotostock ■ Bls. 201: © bilderlounge/Tips RF/age fotostock

© 2008, 2014

Watch Tower Bible and Tract Society of Pennsylvania
„Keep Yourselves in God's Love“

© 2008

Wachtturm Bibel- und Traktat-Gesellschaft
der Zeugen Jehovas, e. V., Selters/Taunus
„Látið kærleika Guðs varðveita ykkur“
Útgefandi: Vottar Jehóva

Prentað í september 2015

Þetta rit er ekki til sölu. Útgáfa þess er þáttur í alþjóðlegri
biblíufærðslu sem kostuð er með frjálsum framlögum.

Vitnað er í íslensku biblíuna frá 2007 nema annað sé tekið fram.

„Keep Yourselves in God's Love“
Icelandic (lv-IC)

Made in Germany
Prentað í Þýskalandi
Druck und Verlag: Wachtturm-Gesellschaft, Selters/Taunus

EFNISYFIRLIT

KAFLI	BLS.
1. Þannig birtist „elskan til Guðs“	5
2. Hvernig geturðu varðveitt góða samvisku?	14
3. Elskaðu þá sem Guð elskar	25
4. Af hverju eigum við að virða yfirvald?	36
5. Að vera aðgreindur frá heiminum	50
6. Að velja heilnæmt afþreyingarefni	62
7. Virðir þú lífið á sama hátt og Guð gerir?	74
8. Guð elskar þá sem eru hreinir	86
9. „Forðist saurlifnaðinn“	97
10. Hjónaband — gjöf frá Guði kærleikans	110
11. „Hjúskapurinn sé í heiðri hafður“	121
12. Talaðu það sem er „gott til uppbyggingar“	133
13. Hátíðahöld sem Guð hefur vanþóknun á	144
14. Vertu heiðarlegur á öllum sviðum	160
15. Hafðu ánægju af erfiði þínu	171
16. Stattu gegn djöflinum og vélabrögðum hans	183
17. „Byggið ykkur sjálf upp í helgustu trú ykkar“	196
Viðauki	206

Til allra sem elska Jehóva:

„Þér . . . munuð þekkja sannleikann, og sannleikurinn mun gera yður frjálsa,“ sagði Jesús. (Jóhannes 8:31, 32) Eru þetta ekki uppörvandi orð? Við getum þekkt sannleikann, jafnvel á þessum erfiðu og „síðustu dögum“ þegar lygin og villan er meiri en nokkru sinni fyrr. (2. Tímóteusarbréf 3:1) Manstu hvernig þér var innanbrjósts þegar þú áttaðir þig fyrst á sannleikanum sem fram kemur í Biblíunni? Var það ekki ólýsanleg tilfinning?

En þó að það sé mikilvægt að búa yfir nákvæmri þekkingu á sannleikanum og segja öðrum frá honum þurfum við líka að hegða okkur í samræmi við sannleikann. Til að geta gert það þurfum við að láta kærleika Guðs varðveita okkur. Hvernig förum við að því? Svarið er að finna í orðum Jesú nóttina áður en hann dó. Hann sagði trúum postulum sínum: „Ef þér haldið boðorð mín verðið þér [stöðugir] í elsku minni, eins og ég hef haldið boðorð föður míns og er stöðugur í elsku hans.“ — Jóhannes 15:10.

Við tökum eftir að Jesús lét kærleika Guðs varðveita sig með því að halda boðorð hans. Við getum líkt eftir honum. Til að láta kærleika Guðs varðveita okkur þurfum við að lifa í samræmi við sannleikann dagsdaglega. Jesús sagði þessa sömu nótt: „Þér vitið þetta og þér eruð sælir ef þér breytið eftir því.“ — Jóhannes 13:17.

Það er einlæg von okkar að þessi bók hjálpi þér að halda áfram að lifa í samræmi við sannleikann og láta kærleika Guðs varðveita þig og veita þér eilíft líf.
— Júdasarbréfið 21.

Stjórnandi ráð Votta Jehóva



Þannig birtist „elskan til Guðs“

„Elskan til Guðs birtist í að við höldum
boðorð hans. Og boðorð hans eru ekki þung.“

— 1. JÓHANNESARBRÉF 5:3.

ELSKARÐU Jehóva Guð? Ef þú hefur vígt þig honum svararðu örugglega játandi — og það með réttu. Það er ekki nema eðlilegt að elska Jehóva. Við elskum hann af því að hann elskar okkur. Í Biblíunni er það orðað þannig: „Við elskum því að Guð elskaði okkur að fyrri bragði.“ — 1. Jóhannesarbréf 4:19.

² Jehóva sýndi að hann elskaði okkur áður en við elskuðum hann. Hann gaf okkur undurfagurt heimili. Hann annast líkamlegar og efnislegar þarfir okkar. (Matteus 5:43-48) Hann fullnægir líka andlegum þörfum okkar og það er ekki síður mikilvægt. Hann gaf okkur orð sitt, Biblíuna. Og hann hvetur okkur til að biðja til sín og lofar að hlusta á okkur og hjálpa með heilögum anda sínum. (Sálmur 65:3; Lúkas 11:13) Síðast en ekki síst sendi hann ástkæran son sinn til að greiða lausnargjald svo að hægt væri að frelsa okkur úr fjötrum syndar og dauða. Hefur ekki Jehóva sýnt okkur óviðjafnanlegan kærleika? — Jóhannes 3:16; Rómverjabréfið 5:8.

³ Jehóva vill að við njótum góðs af kærleika hans að

1, 2. Hvers vegna elskarðu Jehóva Guð?

3. (a) Hvað þurfum við að gera til að kærleikur Guðs varðveiti okkur? (b) Hvaða mikilvægu spurningu þurfum við að skoða og hvar fáum við svar við henni?



*Með því að vígjast
og skírast erum við að
ákveða að hlýða
Jehóva alla ævi.*



eilífu. En það er undir sjálfum okkur komið hvort sú verður raunin. Við fáum eftirfarandi hvatningu í Biblíunni: „Látið kærleika Guðs varðveita ykkur sjálf . . . og [veita] ykkur eilíft líf.“ (Júdasarbréfið 21) Sögnin „lát-ið“ gefur til kynna að við verðum að gera eitthvað til að kærleikur Guðs varðveiti okkur. Við þurfum að bregðast við kærleika hans með ákveðnum hætti. Það er því mikilvægt að spyrja sig að því hvernig við getum sýnt að við elskum Guð. Svarið er að finna í innblásnum orðum Jóhannesar postula: „Elskan til Guðs birtist í að við höldum boðorð hans. Og boðorð hans eru ekki þung.“ (1. Jóhannesarbréf 5:3) Við ættum að kynna

okkur vel hvað þessi orð merkja vegna þess að okkur langar til að sýna Guði hve heitt við elskum hann.

ÞANNIG BIRTIST „ELSKAN TIL GUÐS“

⁴ Hvað hafði Jóhannes postuli í huga þegar hann skrifaði orðin „elskan til Guðs“? Manstu hvenær kærleikurinn til Jehóva kviknaði í hjarta þér og tók að vaxa?

⁵ Rifjaðu aðeins upp hvernig þér var innanbrjóst þegar þú heyrðir fyrst sannleikann um Jehóva og fyrirætlun hans og byrjaðir að trúá. Þú áttaðir þig á því að enda þótt þú værir fæddur syndugur og fjarlægur Guði opnaði hann þér leið fyrir atbeina Krists til að hljóta fullkomleikann sem Adam glataði og öðlast eilíft líf. (Matteus 20:28; Rómverjabréfið 5:12, 18) Þú fóst að skilja hve gríðarlega fórn Jehóva færði þegar hann sendi soninn, sem honum þótti vænst um, til að deyja fyrir þig. Þú varðst snortinn í hjarta þér og þér fór að þykja vænt um Jehóva Guð sem sýndi þér slíkan kærleika. — 1. Jóhannesarbréf 4:9, 10.

⁶ Tilfinningin, sem hafði kviknað í hjarta þér, var þó aðeins upphaf þess að þú lærðir að elska Jehóva. Kærleikur er annað og meira en tilfinning og hann birtist í fleiru en orðum. Það er ekki nóg að segja bara: „Ég elska Jehóva.“ Sannur kærleikur er að því leyti eins og trú að hann birtist í verkum. (Jakobsbréfið 2:26) Hann sýnir sig sérstaklega í verkum sem gleðja þann sem maður elskar. Þegar kærleikurinn til Jehóva festi rætur í hjarta þínu langaði þig til að lifa þannig að hann hefði velþóknun á þér. Ertu skírður vottur? Þá hefurðu tekið

4, 5. Lýstu hvernig kærleikurinn til Jehóva kviknaði í hjarta þér.

6. Hvernig birtist sannur kærleikur og hvað hefurðu gert vegna þess að þú elskar Guð?

mikilvægustu ákvörðun ævinnar. Þú vígðir þig Jehóva til að gera vilja hans vegna þess að þú elskaðir hann innilega, og þú gafst táknið um það með því að láta skírast. (Rómverjabréfið 14:7, 8) Til að halda þetta hátíðlega loforð sem þú gafst Jehóva þarftu að gera það sem Jóhannes postuli sagði í framhaldinu.

„VIÐ HÖLDUM BOÐORÐ HANS“

⁷ Jóhannes útskýrir hvernig kærleikurinn til Guðs birtist: „Við höldum boðorð hans,“ segir hann. Hver eru boðorð Guðs? Í orði sínu, Biblíunni, gefur hann okkur ýmis bein fyrirmæli. Hann bannar til dæmis drykkju-skap, saurlífnað, skurðgoðadýrkun, þjófnað og lygar. (1. Korintubréf 5:11; 6:18; 10:14; Efesusbréfið 4:28; Kól-ossubréfið 3:9) Að halda boðorð Guðs felur í sér að lifa í samræmi við skýrar siðferðisreglur Biblíunnar.

⁸ Til að þóknast Jehóva þurfum við hins vegar að gera fleira en hlýða beinum boðorðum hans. Jehóva setur ekki boð og bönn til að stjórna daglegu lífi okkar í smáatriðum. Þess vegna megum við búast við því að það komi upp ýmiss konar aðstæður í dagsins önn sem engin sérstök ákvæði eru um í Biblíunni. Hvernig er hægt að vita í slíkum tilvikum hverju Jehóva hefur velpóknun á? Biblían hefur að geyma skýrar vísbendingar um viðhorf hans. Þegar við kynnum okkur Biblíuna kynnumst við hvað Jehóva elskar og hvað hann hatar. (Sálmur 97:10; Orðskviðirnir 6:16-19) Við áttum okkur á hvaða viðhorf og verk hann metur mikils. Því betur sem við kynnumst persónuleika og mælikvarða

7. Hvaða boðorð gefur Guð meðal annars og hvernig höldum við þau?

8, 9. Hvernig getum við vitað hvað er Jehóva þóknanlegt á þeim sviðum sem ekki eru nein sérstök ákvæði um í Biblíunni? Nefndu dæmi.

Jehóva þeim mun betur getum við látið sjónarmið hans ráða ákvörðunum okkar og framkomu. Þess vegna gerum við okkur oft grein fyrir „hver sé vilji Drottins“ þó að við getum ekki bent á nein ákveðin boð eða bönn í Biblíunni. — Efesusbréfið 5:17.

⁹ Í Biblíunni er til dæmis ekkert ákveðið boðorð þess efnis að við megum ekki horfa á kvikmyndir eða sjónvarpsþætti sem sýna gróft ofbeldi eða kynferðislegt siðleysi. En þurfum við sérstakt lagaákvæði þar sem lagt er bann við því að horfa á slíkt efni? Við vitum hvernig Jehóva lítur á málin vegna þess að í Biblíunni stendur skýrum stöfum: Jehóva „hatar . . . þann, sem elskar ofbeldi“. (Sálmur 11:5, *Biblían 1859*) Þar segir enn fremur: „Hórkarla og frillulífismenn mun Guð dæma.“ (Hebreabréfið 13:4) Þegar við hugleiðum þessi innblásnu orð sjáum við greinilega hver vilji Jehóva er. Þess vegna skemmtum við okkur ekki við það að horfa á kvikmyndir eða sjónvarpsþætti sem sýna það sem Guð hatar. Við vitum að hann hefur velþóknun á því að við forðumst siðspillinguna sem þessi heimur teflir fram undir því yfirskini að hún sé skaðlaus skemmtun.*

¹⁰ Hver er meginástæðan fyrir því að við höldum boðorð Guðs? Af hverju langar okkur til að lifa dag hvern í samræmi við vilja hans? Við gerum það ekki bara til að sleppa við refsingu eða forðast slæmar afleiðingar þess að hunsa vilja hans. (Galatabréfið 6:7) Við lítum svo á að með því að hlýða Jehóva fáum við verðmætt tækifæri til að sýna honum að við elskum hann. Okkur langar til að hljóta velþóknun hans rétt eins og

* Í 6. kafla bókarinnar er fjallað um val á heilnæmu skemmtiefni.

10, 11. Hvers vegna veljum við að hlýða Jehóva og hvers konar hlýðni er um að ræða?

barn þráir að gleðja þabba sinn. (Sálmur 119:108) Jehóva er faðir okkar og við elskum hann. Ekkert gleður okkur meira en vissan um að við lifum þannig að við hljótum „velþóknun Drottins“ Jehóva. — Orðskviðirnir 12:2.

¹¹ Við hlýðum þess vegna ekki með ólund og ekki bara stundum eða setjum skilyrði fyrir því.* Við vinsum ekki úr hverju við hlýðum eða gerum það aðeins þegar það hentar okkur eða gerir litlar sem engar kröfur til okkar. Nei, við erum „af hjarta hlýðin“. (Rómverjabréfið 6:17) Okkur er innanbrjóst eins og sálmaskáldi Biblíunnar sem orti: „Ég finn unað í boðum þínum, þeim er ég elska.“ (Sálmur 119:47) Já, við höfum *unun* af því að hlýða Jehóva. Við viðurkennum að hann verðskuldar óskipta og skilyrðislausu hlýðni — og ætlast raunar til hennar. (5. Mósebók 12:32) Við viljum að Jehóva segi það sama um okkur og hann sagði um Nóa sem hlýddi honum áratugum saman og sýndi þannig að hann elskaði hann. Í Biblíunni stendur eftirfarandi um þennan trúa ættföður: „Nói gerði allt eins og Guð bauð honum.“ — 1. Mósebók 6:22.

¹² Hvernig er Jehóva innanbrjóst þegar við hlýðum honum fúslega? Í orði hans segir að þá „gleðjum við hjarta hans“. (Orðskviðirnir 27:11) Gleðjum við virkilega Drottin alheims með því að hlýða honum? Já, og það er góð og gild ástæða fyrir því. Jehóva áskapaði okkur frjálsan vilja. Það merkir að við höfum valfrelsi. Við getum valið að hlýða Guði og við getum valið að

* Illu andarnir geta meira að segja hlýtt en þó með ólund. Þegar Jesús skipaði illum öndum að fara út af andsetnu fólki neyddust þeir til að viðurkenna vald hans og hlýða, þótt tregir væru. — Markús 1:27; 5:7-13.

gera það ekki. (5. Mósebók 30:15, 16, 19, 20) Þegar við hlýðum Jehóva af fúsu geði og þegar hvötin að baki því er hreinn og einlægur kærleikur, þá gleðjum við föðurinn á himnum. (Orðskviðirnir 11:20) Og þá veljum við líka bestu lífsstefnuna.

„BOÐORÐ HANS ERU EKKI ÞUNG“

¹³ Jóhannes postuli er ákaflega hughreystandi þegar hann ræðir um kröfur Jehóva. „Boðorð hans eru ekki þung,“ segir hann. (1. Jóhannesarbréf 5:3) Í annarri biblíuþýðingu stendur: „Boðorð hans íþyngja okkur ekki.“ (*New English Translation*) Jehóva gerir ekki ósanngjarnar eða íþyngjandi kröfur til okkar.* Lög hans eru ekki svo ströng að ófullkomnir menn geti ekki fylgt þeim.

¹⁴ Lýsum þessu með dæmi. Góður vinur er að flytja búferlum og biður þig um að hjálpa sér. Það þarf að flytja fjöldann allan af kössum. Sumir eru svo léttir að einn maður ræður vel við þá en aðrir svo þungir að það þarf tvo til að lyfta þeim. Vinurinn segir þér hvaða kassa þú eigir að bera. Myndi hann biðja þig að rogast með kassa sem hann veit að þú ræður ekki við? Nei, hann vill auðvitað ekki að þú ofreynir þig með því að reyna að bera þá einn. Guð er ástríkur og góður og setur okkur ekki boðorð sem eru of þung til að við getum haldið þau. (5. Mósebók 30:11-14) Hann myndi aldrei biðja okkur að bera svo þungar byrðar. Hann skilur takmörk

* Gríska orðið, sem þýtt er „þung“ í 1. Jóhannesarbréf 5:3, er notað í Matteusi 23:4 um „þungar byrðar“ fólgnar í smásmugulegum reglum og erfikenningum sem fræðimenn og farísear ætluðust til að almenningur fylgdi. Í Postulasögunni 20:29, 30 er orðið þýtt „skæðir“ og er þar notað um harðneskjulega fráhvarfsmenn sem myndu fara með „rangsnuða kenningu“ og reyna að leiða aðra afvega.

13, 14. Af hverju getum við sagt að boðorð Guðs séu ekki þung og hvernig má lýsa því með dæmi?

okkar því að „hann þekkir eðli vort, minnst þess að vér erum mold“. — Sálmur 103:14.

¹⁵ Boðorð Jehóva eru alls ekki íþyngjandi heldur til góðs fyrir okkur. (Jesaja 48:17) Móse gat þess vegna sagt Ísraelsmönnum forðum daga: „Drottinn bauð okkur að fara að öllum þessum lögum og óttast Drottin, Guð okkar, svo að okkur *vegnaði ætíð vel* og hann léti okkur lífi halda eins og allt til þessa.“ (5. Mósebók 6:24) Við getum líka treyst að Jehóva vilji okkur allt hið besta þegar hann setur okkur lög, að hann beri eilífa velferð okkar fyrir brjósti. Annað er auðvitað óhugsandi. Viska Jehóva er takmarkalaus. (Rómverjabréfið 11:33) Hann veit þess vegna hvað er okkur fyrir bestu. Hann er persónugervingur kærleikans. (1. Jóhannesarbréf 4:8) Innsta eðli hans, kærleikurinn, hefur áhrif á allt sem hann segir og gerir. Kærleikurinn er grundvöllur allra boðorða sem hann leggur fyrir þjóna sína.

¹⁶ Það er ekki þar með sagt að það sé alltaf auðvelt að hlýða Guði. Við þurfum að berjast gegn áhrifum þessa spillta heims sem er „á valdi hins vonða“. (1. Jóhannesarbréf 5:19) Við eigum líka í baráttu við eigin ófullkomleika en hann veldur því að við höfum tilhneigingu til að brjóta lög Guðs. (Rómverjabréfið 7:21-25) En kærleikurinn til Guðs getur sigrað. Jehóva blessar þá sem hlýða honum af því að þá langar til að sýna að þeir elski hann. Hann gefur heilagan anda þeim sem hlýða honum. (Postulasagan 5:32) Og heilagur andi gefur af sér undurfagan ávöxt í fari okkar, verðmæta eiginleika sem geta hjálpað okkur að vera hlýðin. — Galatabréfið 5:22, 23.

15. Af hverju getum við treyst að boðorð Jehóva séu okkur fyrir bestu?

16. Af hverju getum við verið hlýðin þrátt fyrir áhrif þessa spillta heims og ófullkomleika okkar?

¹⁷ Í þessari bók ætlum við að líta á meginreglur og siðferðisreglur Jehóva ásamt ýmsu fleiru sem gefur til kynna hver vilji hans er. Og þegar við gerum það þurfum við að hafa ýmis grundvallaratriði í huga, til dæmis að Jehóva neyðir engan til að fylgja lögum sínum og meginreglum heldur vill hann að við hlýðum sér af fúsu geði og heilum hug. Gleymum ekki að sú lífsstefna, sem Jehóva hvetur okkur til að taka, er okkur til mikillar blessunar núna og veitir okkur síðan eilíft líf. Og við skulum sjá hlýðni okkar við Jehóva Guð í réttu ljósi – sem einstakt tækifæri til að sýna honum hve innilega við elskum hann.

¹⁸ Jehóva hefur í kærleika sínum gefið okkur samviskuna til að hjálpa okkur að greina rétt frá röngu. En til að samviskan sé áreiðanlegur vegvísir þarf að uppfræða hana og þjálfá. Lítum nánar á málið í næsta kafla.

17, 18. (a) Um hvað er fjallað í þessari bók og hvað ættum við að hafa í huga þegar við lesum hana? (b) Um hvað er rætt í næsta kafla?

HVERT ER SVARIÐ?

- Hvers konar hlýðni vill Jehóva sjá í fari þjóna sinna og af hverju er það okkur fyrir bestu að hlýða honum þannig? – 5. Mósebók 5:28-33.
- Hve mikilvægt er það í augum Jehóva að við hlýðum honum? – 1. Samúelsbók 15:22, 23.
- Hvað má læra af því hvernig Jesús leit á hlýðni við Guð? – Jóhannes 8:29.
- Af hverju er rétt af okkur að hlýða Jehóva? – Opinberunarbókin 4:11.

Hvernig geturðu varðveitt góða samvisku?

„Hafið góða samvisku.“ — 1. PÉTURSBRÉF 3:16.

SKIPSTJÓRI stýrir skipi sínu um opið haf, göngumaður fer einn um óbyggðir og flugmaður flýgur vél sinni rétta leið yfir skýjabreiður sem teygja sig eins langt og augað eygir. Veistu hvað þessir menn eiga sameiginlegt? Þeir væru allir í vanda staddir ef þeir hefðu ekki áttavita eða önnur leiðsögutæki.

² Áttaviti er einfalt tæki, yfirleitt ekki annað en skífa með segulnál sem vísar í norðurátt. En ef áttaviti er notaður rétt getur hann skilið milli lífs og dauða, ekki síst ef nákvæmt kort er einnig við höndina. Að sumu leyti má líkja áttavitanum við verðmæta gjöf sem Jehóva hefur gefið okkur. Það er samviskan. (Jakobsbréfið 1:17) Án samviskunnar værum við rammvillt. En ef við beitum henni

1, 2. Hvers vegna er áttaviti mikilvægt leiðsögutæki og hvað er líkt með honum og samviskunni?



rétt getur hún hjálpað okkur að rata rétta leið og halda rétttri stefnu í lífinu. Við skulum því kanna hvað samviskan er og hvernig hún virkar. Síðan lítum við á (1) hvernig hægt er að þjálfa samviskuna, (2) hvers vegna við ættum að taka tillit til samvisku annarra og (3) hvernig það er til blessunar að varðveita góða samvisku.

HVAD ER SAMVISKAN OG HVERNIG VIRKAR HÚN?

³ Gríska biblíuorðið, sem þýtt er „samviska“, merkir bókstaflega „með-vitneskja“ eða „að vita með sjálfum sér“. Ólíkt öllum öðrum lífverum jarðar gaf Guð okkur þann hæfileika að þekkja sjálf okkur. Við getum í vissum skilningi horft á sjálf okkur úr ákveðinni fjarlægð og fellt siðferðilega dóma. Samviskan er eins og innra vitni eða dómari sem rannsakar verk okkar, viðhorf og ákvarðanir. Hún getur leiðbeint okkur svo að við tökum góða ákvörðun eða varað okkur við slæmri. Eftir á getur hún umbunað okkur fyrir að velja rétt eða refsað okkur stranglega fyrir að gera það ekki.

⁴ Manninum og konunni var gefinn þessi sérstaki hæfileiki strax í upphafi. Adam og Eva sýndu bæði að þau höfðu samvisku. Við sjáum það af því að þau fundu til sektar eftir að þau höfðu syndgað. (1. Mósebók 3:7, 8) En það var til lítils fyrir þau að fá samviskubit þá. Þau höfðu brotið lög Guðs af ásettu ráði. Þau gerðu uppreisn vitandi vits, gerðust andstæðingar Jehóva Guðs. Þar sem þau voru fullkomin vissu þau mætavel hvað þau voru að gera og nú var ekki aftur snúið.

⁵ Ólíkt Adam og Evu hafa margir ófullkomnir menn hlýtt rödd samviskunnar. Hinn guðhræddi Job gat til

3. Hvað merkir gríska orðið sem þýtt er „samviska“ og hvaða einstaka hæfileika lýsir hún?

4, 5. (a) Hvernig vitum við að Adam og Eva höfðu samvisku og hvað gerðist þegar þau brutu lög Guðs? (b) Hvaða dæmi sýna að trúir þjónar Guðs fyrir tíma kristninnar höfðu samvisku?

dæmis sagt: „Ég ver rétt minn og sleppi honum ekki, hjarta mitt átelur mig ekki fyrir neinn af dögum mínum.“* (Jobsbók 27:6) Job var samviskusamur maður. Hann gætti þess að taka mark á ábendingum samviskunnar og lét hana stýra verkum sínum og ákvörðunum. Hann gat því sagt með sanni að samviskan áteldi hann ekki. Hann var ekki þjakaður af sektarkennd. Að þessu leyti var munur á honum og Davíð. Í 1. Samúelsbók 24:6 segir að „samviskan hafi angrað Davíð“. Það gerðist eftir að hann hafði sýnt Sál konungi óvirðingu en Sál var smurður til konungs af Jehóva Guði. Hins vegar var samviskubitið Davíð til góðs því að það kenndi honum að sýna ekki slíka óvirðingu aftur.

⁶ Eru það þá einungis þjónar Jehóva sem hafa samvisku? Lítum á innblásin orð Páls postula: „Þegar heiðingjar, sem þekkja ekki lögmál Móse, gera það eftir eðlisboði sem lögmál Guðs býður, þá eru þeir sjálfum sér lögmál þótt þeir hafi ekki neitt lögmál. Þeir sýna að krafa lögmálsins er skráð í hjörtum þeirra með því að samviska þeirra ber þessu vitni og hugrenningar þeirra sem ýmist ásaka þá eða afsaka.“ (Rómverjabréfið 2:14, 15) Jafnvel þeir sem vita ekkert um lög Jehóva hegða sér stundum í samræmi við lög hans af því að þessi innri rödd lætur í sér heyra.

⁷ En samviskan getur stundum vísað fólki rangan veg. Af hverju? Tökum dæmi. Segjum að áttaviti sé lagður í námunða við segul. Þá getur nálin vísað í aðra átt en norður.

* Í frummálum Hebresku ritninganna er ekki notað ákveðið orð yfir samvisku. Þetta dæmi sýnir hins vegar greinilega að samviskan var að verki. Yfirleitt er notað orðið „hjarta“ til að lýsa hinum innri manni. Í tilfellum sem þessu er það greinilega notað um ákveðinn hluta hins innri manns, það er að segja samviskuna. Orðið, sem þýtt er „samviska“, stendur hins vegar um 30 sinnum í Grísku ritningunum.

-
6. Hvað sýnir að allir menn hafa fengið samviskuna í vöggugjöf?
 7. Hvers vegna getur samviskan stundum vísað rangan veg?

Og ef ekki er nákvæmt kort til viðmiðunar getur svo farið að áttavitinn sé næstum gagnslaus. Hið sama er að segja um samviskuna. Ef eigingjarnar tilhneigingar fá að hafa of mikil áhrif á hana getur hún vísað okkur í ranga átt. Og ef henni er beitt án þess að örugg leiðsögn Biblíunnar sé fyrir hendi getum við orðið ófær um að gera greinarmun á réttu og röngu í mörgum mikilvægum málum. Til að samviskan virki rétt þurfum við á leiðsögn heilags anda Jehóva að halda. Páll skrifaði: „Samviska mín, upplýst af heilögum anda, vitnar . . . með mér.“ (Rómverjabréfið 9:1) En hvernig getum við fullvissað okkur um að samviskan starfi í samræmi við heilagan anda Jehóva? Það kallar á fræðslu og þjálfun.

HVERNIG ER HÆGT AÐ ÞJÁLFA SAMVISKUNA?

⁸ Hvernig tekurðu ákvörðun með hliðsjón af samviskunni? Sumir virðast einfaldlega miða við hugsanir sínar og tilfinningar og taka ákvörðun eftir því. Síðan segja þeir: „Þetta angrar ekki samvisku mína.“ En langanir hjartans geta verið afar sterkar og jafnvel haft áhrif á samviskuna. „Svikult er hjartað framar öllu öðru og forhert. Hver skilur það?“ segir í Biblíunni. (Jeremía 17:9) Það ætti því ekki að vera þyngst á metunum hvað hjartað þráir heldur ættum við að hugleiða fyrst hvað sé Jehóva Guði þóknanlegt.*

* Í Biblíunni kemur fram að *hrein* samviska nægir ekki alltaf. Páll postuli sagði til dæmis: „Ég er mér ekki neins ills meðvitandi en með því er ég þó ekki sýknaður. Drottinn er sá sem dæmir mig.“ (1. Korintubréf 4:4) Það er jafnvel hugsanlegt að þeir sem ofsækja þjóna Guðs, líkt og Páll gerði einu sinni, geri það með góðri samvisku af því að þeir halda að Guð hafi velþóknun á því. Það er ákaflega mikilvægt að samviskan sé bæði hrein í augum sjálfra okkar og Jehóva Guðs. — Postulasagan 23:1; 2. Tímóteusarbréf 1:3.

8. (a) Hvernig getur hjartað haft áhrif á samviskuna og hvað ætti að hafa mest áhrif á ákvarðanir okkar? (b) Af hverju er ekki alltaf nóg fyrir kristinn mann að hafa hreina samvisku? (Sjá neðanmálgrein.)

⁹ Ef ákvörðun byggist í alvöru á biblíufræddri samvisku endurspeglar hún ekki okkar eigin langanir heldur guðs-ótta. Lítum á eitt dæmi. Nehemía landstjóri mátti innheimta vissar greiðslur og skatta frá Jerúsalembúum. En hann gerði ekki kröfu til þeirra vegna þess að hann vildi fyrir engan mun eiga á hættu að kúga þjóð Jehóva og baka sér vanþóknun hans. „Ég fór ekki þannig að af því að ég óttaðist Guð,“ sagði hann. (Nehemíabók 5:15) Við þurfum að óttast að baka okkur vanþóknun föðurins á himnum. Þessi heilbrigði og lotningarfulli ótti er okkur hvöt til að leita leiðsagnar í Biblíunni þegar við þurfum að taka ákvarðanir.

¹⁰ Tökum notkun áfengis sem dæmi. Segjum að við séum að gera okkur glaðan dag í góðra vina hópi og sú spurning vakni hvort við eigum að þiggja áfengi eða ekki. Fyrst þurfum við að fræða sjálf okkur. Hvaða meginreglur er að finna í Biblíunni um notkun áfengis? Í fyrsta lagi fordæmir hún ekki hóflega neyslu áfengis heldur kallar vínið gjöf Guðs. (Sálmur 104:14, 15) Hins vegar fordæmir Biblían ofneyslu áfengis og svall. (Lúkas 21:34; Rómverjabréfið 13:13) Drykkjuskapur er settur í flokk með öðrum háalvarlegum syndum á borð við saurlifnað og hórdóm.* – 1. Korintubréf 6:9, 10.

¹¹ Meginreglur sem þessar uppfæra samvisku kristins manns og gera hana næma. Þegar við þurfum að ákveða hvort við ætlum að þiggja áfengi ættum við þess vegna að spyrja okkur: Hvers konar boð er um að ræða? Er lík-

* Rétt er að nefna að margir læknar telja að hófleg neysla áfengis komi ekki til greina hjá alkóhólistum. Í þeirra tilfelli sé „hófsemi“ hið sama og algert bindindi.

9. Hvað er guðsótti og hvaða áhrif getur hann haft á samviskuna? 10, 11. Hvaða meginreglur er að finna í Biblíunni um notkun áfengis og hvernig getum við fengið leiðsögn Guðs til að heimfæra þær á okkur?

legt að neysla áfengis fari úr böndum? Hvaða tilhneigingar hef ég? Langar mig í áfengi, er ég háður því eða nota ég það til að hafa áhrif á hugarsástand mitt og hegðun? Hef ég næga sjálfstjórn til að tryggja að ég drekki ekki of mikið? Þegar við íhugum meginreglur Biblíunnar og spurningarnar sem þær vekja ættum við jafnframt að biðja Jehóva að leiðbeina okkur. (Sálmur 139:23, 24) Þá erum við að biðja hann að leiða okkur með heilögum anda sínum. Við erum líka að þjálfra samviskuna svo að hún sé samstillt meginreglum hans. En við þurfum að taka annað með í reikninginn þegar við tökum ákvörðun.

HVERS VEGNA ÆTTUM VIÐ AÐ TAKA TILLIT TIL SAMVISKU ANNARRA?

¹² Það gæti komið þér á óvart hve breytileg samviskan getur verið hjá þjónum Guðs. Einn hefur andúð á einhverju sem annar hefur gaman af og finnst engin ástæða til að fordæma. Einum finnst ánægjulegt að fá sér í glas og slaka á með fáeinum vinum en öðrum fellur illa að fólk skuli gera það. Af hverju stafar þessi munur og hvaða áhrif ætti hann að hafa á ákvarðanir okkar?

¹³ Það eru margar ástæður fyrir því að fólk er ólíkt. Oft má rekja það til aðstæðna á uppvaxtarárunum. Sumir eru sér sárlega meðvitaðir um veikleika sem þeir hafa einhvern tíma átt í baráttu við — stundum með misjöfnum árangri. (1. Konungabók 8:38, 39) Þessir einstaklingar geta verið sérstaklega viðkvæmir þegar um áfengi er að ræða. Ef einhver slíkur kemur í heimsókn til þín má vel vera að samviska hans segi honum með réttu að afþakka áfengi ef það er í boði. Ættirðu að móðgast? Ættirðu að halda því að honum? Nei, bróðurástin gerir þig tillitssaman og gildir

12, 13. Af hverju getur samviskan verið breytileg hjá þjónum Guðs og hvernig eigum við að bregðast við þessum mun?

þá einu hvort þú veist ástæðurnar fyrir afstöðu hans. Kannski vill hann ekki ræða þær við þessar aðstæður.

¹⁴ Páll postuli vissi að samviskan var æði breytileg meðal kristinna manna á fyrstu öld. Sumir í söfnuðinum vildu ekki borða mat sem hafði verið færður skurðgoðum að fórn en var síðan seldur á kjöttorginu. (1. Korintubréf 10:25) Samviska Páls hafði ekkert á móti slíkum mat. Hann vissi að skurðgoð voru ekki neitt. Þau gátu aldrei átt matinn enda var hann upphaflega frá Jehóva kominn og tilheyrði honum. En Páll gerði sér grein fyrir því að það voru ekki allir á sömu skoðun og hann. Sumir höfðu ef til vill dýrkað skurðgoð af miklum trúarhita áður en þeir tóku kristna trú. Þeim bauð við öllu sem hafði tengst skurðgoðadýrkun á einn eða annan hátt. Hvernig tók Páll á málinu?

¹⁵ Páll skrifaði: „Skylt er okkur, hinum styrku, að bera veikleikann með hinum óstyrku og hugsa ekki aðeins um sjálf okkur. Kristur hugsaði ekki um sjálfan sig.“ (Rómverjabréfið 15:1, 3) Páll leit svo á að við ættum að taka þarfir trússystema okkar fram yfir okkar eigin, alveg eins og Kristur gerði. Annars staðar, þar sem Páll fjallaði um sambærilegt mál, sagði hann að hann myndi alls ekki borða kjöt ef það hneykslaði einhvern af hinum dýrmætu sauðum sem Kristur hafði gefið líf sitt fyrir. — 1. Korintubréf 8:13; 10:23, 24, 31-33.

¹⁶ Þeir sem hafa frekar vandláta samvisku ættu hins vegar ekki að gagnrýna aðra og ætlast til að allir sjái samviskumál sömu augum og þeir sjálfir. (Rómverjabréfið 14:10) Það er best að nota samviskuna til að dæma sjálfan sig.

14, 15. Í hvaða máli var samviska fólks í frumkristna söfnuðinum breytileg og með hverju mælti Páll?

16. Hvers vegna ættu þeir sem eru með frekar vandláta samvisku ekki að dæma aðra?



Bibliufrædd samviska getur hjálpað þér að ákveða hvort þú eigir að neyta áfengis eða ekki.

Við ættum ekki að nota hana til að dæma aðra. Munum hvað Jesús sagði: „Dæmið ekki svo að þér verðið ekki dæmd.“ (Matteus 7:1) Allir í söfnuðinum ættu að varast að gera samviskumál að ágreiningsmálum. Við ættum öllu heldur að stuðla að friði og einingu og byggja hvert annað upp en ekki brjóta niður. — Rómverjabréfið 14:19.

ÞAÐ ER TIL BLESSUNAR AÐ VARÐVEITA GÓÐA SAMVISKU

¹⁷ „Hafið góða samvisku,“ skrifaði Pétur postuli. (1. Pétursbréf 3:16) Það er ólýsanleg blessun að hafa hreina samvisku frammi fyrir Jehóva Guði. Samviska margra er því miður annars eðlis. Páll talaði um menn sem hann sagði að væru „brennimerktir á samvisku sinni“.

17. Hvernig er komið fyrir samvisku margra nú á tímum?



*Góð samviska getur vísað okkur veginn í lífinu
og veitt okkur gleði og innri frið.*

(1. Tímóteusarbréf 4:2) Brennimerkingarjárn sviður holdið og skilur eftir tilfinningalaust ör. Þannig er samviska margra. Hún er eiginlega dauð. Hún er orðin svo ónæg að hún varar ekki lengur við rangri breytni. Hún mótmælir ekki og slær ekki eiganda sinn samviskubiti eða sektarkennd. Og sumir virðast svo fegnir að losna við sektarkenndina að þeir segja við sjálfa sig: „Gott að vera laus við hana.“

¹⁸ Sannleikurinn er sá að sektarkennd getur verið aðferð samviskunnar til að segja okkur að við höfum gert eitthvað rangt. Þegar slík tilfinning knýr syndara til að iðr-

18, 19. (a) Hvaða gagn er að því að finna til smánar og sektarkenndar? (b) Hvað er til ráða ef samviskan heldur áfram að refsa okkur fyrir fyrri syndir sem við höfum iðrast?

ast er hægt að fyrirgefa stórfelldar syndir. Davíð konungur gerði sig til dæmis sekan um mjög alvarlega synd en honum var fyrirgefið, aðallega vegna þess að hann iðraðist í fullri einlægni. Hann hafði óbeit á rangri breytni sinni og var staðráðinn í að hlýða lögum Jehóva þaðan í frá. Hann kynntist því af eigin raun að Jehóva er „góður og fús til að fyrirgefa“. (Sálmur 51:3-21; 86:5) En hvað nú ef sektarkenndin og smánin heldur áfram eftir að við höfum iðrast og hlotið fyrirgefningu?

¹⁹ Samviskan getur stundum dæmt ákaflega hart og þjakað syndara með sektarkennd löngu eftir að slíkar tilfinningar eru hættar að þjóna nokkrum tilgangi. Í slíku tilfelli þurfum við að fullvissa hið dómharða hjarta um að Jehóva sé meiri en allar mannlegar tilfinningar. Við þurfum að trúna og treysta á kærleika hans og fyrirgefningu, rétt eins og við hvetjum aðra til að gera. (1. Jóhannesarbréf 3:19, 20) Hrein samviska veitir okkur á hinn bóginn innri frið og djúpstæða gleði sem er fágæt í þessum heimi. Margir sem gerðu sig einhvern tíma seka um alvarlega synd hafa fundið fyrir þessum óumræðilega létti og geta núna varðveitt góða samvisku í þjónustu Jehóva Guðs. — 1. Korintubríf 6:11.

²⁰ Þessari bók er ætlað að hjálpa þér að finna þessa gleði, að varðveita góða samvisku það sem eftir er af hinum erfiðu síðustu dögum í heimi Satans. Bókin getur auðvitað ekki fjallað um öll þau lög og þær meginreglur Biblíunnar sem þú þarft að hugsa um og fara eftir á hverjum degi. Og reiknaðu ekki með að fá einfaldar og afgerandi reglur í málum þar sem samviskan á að ráða ferðinni. Markmiðið með útgáfu þessarar bókar er að hjálpa þér að uppfærða samviskuna og gera hana næmari með því að kynna þér

20, 21. (a) Hvert er markmiðið með útgáfu þessarar bókar? (b) Hvaða frelsis njótum við en hvernig ættum við að nota það?

orð Guðs og fara eftir því dags daglega. „Lögmál Krists“ er að því leyti ólíkt Móselögnum að það hvetur fólk til að fylgja frekar samvisskenni og meginreglum en skriflegum reglum. (Galatabréfið 6:2) Jehóva treystir kristnum mönnum fyrir einstöku frelsi en orð hans minnir okkur samt á að nota þetta frelsi aldrei til að „hylja vonsku“. (1. Pétursbréf 2:16) Slíkt frelsi gefur okkur hins vegar ómæld tækifæri til að sýna að við elskum Jehóva.

²¹ Ef þú hugleiðir hvernig best sé að lifa í samræmi við meginreglur Biblíunnar, ræðir það við Jehóva í bæn og lifir svo í samræmi við ákvarðanir þínar heldurðu áfram því mikilvæga ferli sem hófst þegar þú byrjaðir að kynnast Jehóva. Þú ert að ,aga hugann til að greina gott frá illu‘. (Hebreabréfið 5:14) Biblíufrædd samvíska þín verður þér til blessunar alla ævi. Líkt og áttavittinn leiðbeinir ferðalangnum hjálpar hún þér að taka ákvarðanir sem gleðja föðurinn á himnum. Það er örugg leið til að láta kærleika Guðs varðveita sig.

HVERT ER SVARIÐ?

- Hvaða áhrif ætti sú vitneskja að hafa á samvisskuna að Jehóva sér til okkar öllum stundum? — Hebreabréfið 4:13.
- Hvernig hjálpaði samvíska Jósefs honum að standast freistingu? — 1. Mósebók 39:1, 2, 7-12.
- Af hverju er hrein samvíska nauðsynleg til að ganga fram fyrir Jehóva? — Hebreabréfið 10:22.
- Hvers vegna ættum við að taka tillit til samvissku þeirra sem eru ekki í söfnuðinum? — 2. Korintubríf 4:1, 2.

Elskaðu þá sem Guð elskar

„Eigðu samneyti við vitra menn, þá verður þú vitur.“
— ORÐSKVIÐIRNIR 13:20.

FÓLK er að vissu leyti eins og svampur — það hefur tilhneigingu til að drekka í sig hvaðeina sem það kemst í snertingu við. Það er ósköp auðvelt, jafnvel óafvitandi, að taka upp viðhorf, mælikvarða og persónueinkenni þeirra sem við eigum náið samneyti við.

² Í Biblíunni er bent á óhjákvæmilega staðreynd þegar segir: „Eigðu samneyti við vitra menn, þá verður þú vitur, en illa fer þeim sem leggur lag sitt við heimskingja.“ (Orðskviðirnir 13:20) Biblíuhandbók segir að „samneyti“ gefi í skyn ást og væntumþykju. Höfum við ekki tilhneigingu til að líkja eftir þeim sem okkur þykir vænt um? Jú, og þar sem við tengjumst þeim sem við elskum tilfinningaböndum geta þeir haft sterk áhrif á okkur — til góðs eða ills.

³ Til að kærleikur Guðs varðveiti okkur er mikilvægt að eignast vini sem hafa góð áhrif á okkur. Hvernig gerum við það? Einfaldlega með því að elska þá sem Guð elskar og vingast við vini hans. Hugleiddu málið stundarkorn. Er hægt að hugsa sér betri vini en þá sem temja sér eiginleika sem Jehóva leitar að í fari vina sinna? Þá skulum við kanna hvers konar fólk það er sem Guð

1-3. (a) Hvaða óhjákvæmilegu staðreynd bendir Biblían á? (b) Hvernig getum við valið okkur vini sem hafa góð áhrif á okkur?

elskar. Ef við höfum sjónarmið hans skýrt í huga erum við í góðri aðstöðu til að velja okkur vini sem hafa heilnæm áhrif á okkur.

ÞEIR SEM GUÐ ELSKAR

⁴ Jehóva vandar val vina sinna. Á hann ekki rétt á því? Hann er enginn annar en Drottinn alheims þannig að mönnum getur varla hlotnast meiri heiður en sá að vera vinir hans. Hverja velur hann þá að vinum? Hann nálægir sig þeim sem treysta á hann og trú á hann í einu og öllu. Tökum ættföðurinn Abraham sem dæmi en hann sýndi einstaka trú. Það er erfitt að ímynda sér erfiðari prófraun fyrir föður en að vera beðinn um að færa son sinn að fórn.* En Abraham var „reiðubúinn að fórnfæra einkasyni sínum“ vegna þess að hann trúði að „Guð væri þess jafnvel megnugur að vekja upp frá dauðum“. (Hebreabréfið 11:17-19) Sökum þess að Abraham sýndi einstaka trú og hlýðni kallaði Jehóva hann vin sinn. — Jesaja 41:8; Jakobsbréfið 2:21-23.

⁵ Jehóva leggur mikið upp úr trúfesti og hlýðni. Hann elskar þá sem eru fúsir til að vera honum trúir umfram allt. (2. Samúelsbók 22:26) Eins og fram kom í 1. kafla bókarinnar hefur Jehóva miklar mætur á þeim sem hlýða honum af því að þeir elska hann. „Ráðvandir menn eru alúðarvinir hans,“ segir í Orðskviðunum

* Með því að biðja Abraham um þetta gaf Jehóva innsýn í það sem hann ætlaði sjálfur að gera — að fórna einkasyni sínum. (Jóhannes 3:16) Jehóva skarst hins vegar í leikinn og lét Abraham fá hrút til að fórna í stað Ísaks. — 1. Mósebók 22:1, 2, 9-13.

4. Af hverju á Jehóva þann rétt að vanda val vina sinna og af hverju kallaði hann Abraham vin sinn?

5. Hvernig lítur Jehóva á þá sem hlýða honum dyggilega?

3:32. Þeir sem eru trúir og ráðvandir og uppfylla kröfur Jehóva fá einkar hlýlegt boð frá honum: Þeir geta fengið að gista í „tjaldi“ hans. Hann býður þeim að tilbiðja sig og eiga ótakmarkaðan aðgang að sér með bæninni. — Sálmur 15:1-5.

⁶ Jehóva elskar þá sem elska Jesú, einkason hans. Jesús sagði: „Sá sem elskar mig varðveitir mitt orð og faðir minn mun elska hann. Til hans munum við koma og gera okkur bústað hjá honum.“ (Jóhannes 14:23) Hvernig getum við sýnt að við elskum Jesú? Auðvitað með því að halda boðorð hans, þar á meðal fyrir-mælin um að prédika fagnaðarerindið og gera fólk að lærisveinum. (Matteus 28:19, 20; Jóhannes 14:15, 21) Við sýnum einnig að við elskum Jesú með því að „feta í fótspor hans“, með því að líkja eins vel eftir honum í orði og verki og ófullkomnum mönnum er unnt. (1. Pétursbréf 2:21) Jehóva gleðst í hjarta sér þegar þeir sem elska son hans leggja sig fram við að líkjast honum.

⁷ Jehóva leitar meðal annars að trú, hollustu og hlýðni í fari vina sinna. Hann horfir eftir því hvort þeir elski Jesú og boðorð hans. Við ættum að spyrja okkur hvort við sjáum þessa eiginleika í fari náninna félaga okkar. Höfum við gert vini Jehóva að vinum okkar? Það er viturlagt að gera það. Þeir sem leggja rækt við góða eiginleika og eru duglegir að boða fagnaðarerindið um ríkið geta haft jákvæð áhrif á okkur. Þeir geta verið okkur hvatning til að þóknast Guði. — Sjá rammagreinina „Hvað einkennir góðan vin?“ á bls. 29.

6. Hvernig getum við sýnt að við elskum Jesú og hvað finnst Jehóva um þá sem gera það?

7. Af hverju er viturlagt að vingast við vini Jehóva?

LÆRUM AF FRÁSÖGU Í BIBLIUNNI

⁸ Biblían hefur að geyma mörg dæmi um fólk sem leitaði sér að uppbyggilegum félagsskap og naut góðs af. Þú gætir til dæmis lesið um vináttu Naomí og Rutar, tengdadóttur hennar, vináttu ungu Hebreanna þriggja sem studdu hver annan í Babýlon og vináttu þeirra Páls og Tímóteusar. (Rutarbók 1:16; Daníel 3:17, 18; 1. Korintubréf 4:17; Filippíbréfið 2:20-22) En að þessu sinni skulum við einbeita okkur að vináttu Davíðs og Jónatans sem er annað ágætt dæmi.

⁹ Í Biblíunni segir frá hvernig Davíð felldi Golíat. Í framhaldi af því „vingaðist Jónatan við Davíð. Jónatan elskaði hann eins og sjálfan sig.“ (1. Samúelsbók 18:1) Þrátt fyrir töluverðan aldursmun varð tvímenningunum vel til vana og hélst vinátta þeirra þangað til Jónatan féll í bardaga.* (2. Samúelsbók 1:26) Hvers vegna urðu vináttubönd þeirra svona sterk?

¹⁰ Davíð og Jónatan voru nánir vinir vegna þess að báðir elskuðu Guð og þráðu heitt að vera honum trúir. Löngunin til að þóknast Guði sameinaði þá. Báðir höfðu til að bera eiginleika sem féllu hinum í geð. Jónatan hreifst örugglega af hugrekki og kostgæfni unga mannsins sem varði nafn Jehóva óhræddur. Davíð bar eflaust virðingu fyrir sér eldri manni sem studdi fyrirkomulag Jehóva og sýndi þá óeigingirni að taka hagsmuni Dav-

* Davíð var „aðeins unglingur“ þegar hann felldi Golíat og um þriugt þegar Jónatan dó. (1. Samúelsbók 17:33; 31:2; 2. Samúelsbók 5:4) Jónatan var nálægt sextugu þegar hann lést þannig að aldursmunurinn var um 30 ár.

8. Hvað má læra af sambandi (a) Naomí og Rutar? (b) Hebreanna þriggja? (c) Páls og Tímóteusar?

9, 10. Á hverju byggðist vinátta þeirra Davíðs og Jónatans?

íðs fram yfir sína eigin. Lítum á hvað gerðist þegar Davíð þurfti að flýja undan reiði Sáls konungs sem var faðir Jónatans. Davíð þurfti að hafast við sem flóttamaður í eyðimörkinni en Jónatan sýndi honum einstaka hollustu, kom til hans og „taldi í hann kjark í nafni Guðs“. (1. Samúelsbók 23:16) Við getum rétt ímyndað okkur hvernig Davíð hefur verið innanbrjósts þegar náinn

HVAÐ EINKENNIR GÓÐAN VIN?

Meginregla: „Vinur lætur aldrei af vináttu sinni, í andstreymi reynist hann sem bróðir.“
— Orðskviðirnir 17:17.

Gott er að spyrja sig:

- Eru vinir mínir líka vinir Jehóva og Jesú? — Jóhannes 15:14, 16; Jakobsbréfið 2:23.
- Hjálpa vinir mínir mér að temja mér góða siði? — 1. Korintubréf 15:33.
- Þykir vinum mínum nógu vænt um mig til að leiðrétta mig ef nauðsyn krefur? — Sálmur 141:5; Orðskviðirnir 27:6.
- Hvers konar vinur er ég ef marka má hvernig ég tala og hegða mér? — Orðskviðirnir 12:18; 18:24; 1. Jóhannesarbréf 3:16-18.



HVERNIG ÞAU EIGNUÐUST GÓÐA VINI

- „Í fyrstu fannst mér erfitt að eignast vini í söfnuðinum. En svo komst ég að raun um að boðunarstarfið hjálpaði mér að temja mér þolinmæði, úthald og fórnfúsan kærleika. Þegar ég legg rækt við þessa eiginleika laðast að mér fólk sem er sama sinnis og ég og nú á ég góða vini.“
— Shivani.
- „Ég bað þess í bænum mínum að ég gæti eignast vini í söfnuðinum. En lengi vel fannst mér ég ekki vera bænheyrður. Loks áttaði ég mig á því að ég gerði í rauninni ekkert sjálfur til að eignast vini. Ég tók ekki frumkvæðið. Eftir að ég fór að breyta í samræmi við bænir mínar er ég sannfærður um að Jehóva hefur bænheyrnt mig.“
— Ryan.

vinur hans kom til hans til að styðja hann og uppörva þegar hann var langt niðri.*

¹¹ Hvað lærum við af þeim Davíð og Jónatan? Fyrst og fremst að það er mikilvægt að vinir eigi sameiginleg gildi sem byggjast á sambandi þeirra við Guð. Hægt er að skiptast á uppbyggilegum og hvetjandi hugleiðingum, viðhorfum og frásögum við góða vini sem hafa

* Samkvæmt 1. Samúelsbók 23:17 nefndi Jónatan fimm atriði til að uppörva Davíð: (1) Hann hvatti Davíð til að vera óhræddur. (2) Hann fullvissaði hann um að Sál myndi ekki ná honum. (3) Hann minnti Davíð á að hann myndi verða konungur eins og Guð hafði lofað. (4) Hann hét Davíð hollustu. (5) Hann sagði að Sál vissi vel af hollustu sinni við Davíð.

11. Hvað má læra um vináttu af Davíð og Jónatan?

sömu trú og siðferðisgildi og við og þrá að vera trúfastir Guði. (Rómverjabréfið 1:11, 12) Við finnum andlega þenkjandi féлага meðal trú systkina okkar. En er sjálfgefið að allir sem sækja samkomur í ríkissalnum séu góður félagsskapur? Nei, við getum ekki gengið að því sem vísu.

AÐ VELJA SÉR VINI

¹² Við þurfum líka að vanda valið innan safnaðarins til að tryggja að vinir okkar og félagar séu andlega uppbyggjandi. Ætti það að koma á óvart? Nei, í rauninni ekki. Menn geta verið misfljótir innan safnaðarins að þroskast í trúnni, ekki ósvipað og ávextir á tré geta verið mislengi að þroskast. Þess vegna má finna í öllum söfnuðum fólk á mismunandi þroskastigum í trúnni. (Hebræabréfið 5:12–6:3) Við erum auðvitað þolinmóð og kærleiksrík við þá sem eru nýir eða eru ekki sterkir í trúnni því að okkur langar til að hjálpa þeim að þroska samband sitt við Jehóva. — Rómverjabréfið 14:1; 15:1.

¹³ Stundum geta komið upp þær aðstæður í söfnuðinum að við þurfum að gæta að félagsskap okkar. Einstaka maður gæti farið út í vafasama breytni eða orðið beiskur og aðfinnslusamur. Þetta gerðist í söfnuðum á fyrstu öld. En flestir safnaðarmenn voru trúir og traustir þó að einstaka maður hegðaði sér ekki rétt. Þar sem sumir í söfnuðinum í Korintu studdu ekki ákveðnar trúarkenningar sagði Páll í varnaðartón: „Villist ekki. Vundur félagsskapur spillir góðum siðum.“ (1. Korintubréf 15:12, 33) Hann benti Tímóteusi á að jafnvel meðal trú systkina hans kynni að vera einn og einn sem hegðaði

12, 13. (a) Hvers vegna þurfum við jafnvel að vanda val vina okkar innan safnaðarins? (b) Hvað gerðist í söfnuðinum á fyrstu öld og hvaða alvarlegu viðvörðun gaf Páll?

sér ekki rétt. Tímóteus átti að forðast þá og ekki hafa nána umgengni við þá. — 2. Tímóteusarbréf 2:20-22.

¹⁴ Hvernig getum við fylgt meginreglunni sem liggur að baki viðvörðun Páls? Með því að forðast náíð samneyti við nokkurn, innan safnaðar eða utan, sem gæti haft spillandi áhrif. (2. Þessaloníkubréf 3:6, 7, 14) Við verðum að vernda samband okkar við Jehóva. Munum að við erum eins og svampur — við drekkum í okkur viðhorf og hátterni þeirra sem við umgöngumst náíð. Það er ekki hægt að dýfa svampi í edik og ætlast til að hann drekki í sig vatn. Við getum ekki heldur drukkið í okkur jákvæð áhrif ef við umgöngumst fólk sem hefur skaðleg áhrif. — 1. Korintubréf 5:6.

¹⁵ Sem betur fer höfum við ágæta möguleika á að finna uppbyggilegan félagsskap meðal trússystkina. (Sálmur 133:1) Hvernig geturðu fundið þér andlega sinnaða vini í söfnuðinum? Ef þú tileinkar þér góða eiginleika og venjur laðar þú vafalaust að þér fólk sem leggur sig fram um að þóknast Jehóva. En svo þarftu líka að gera eitt-hvað sjálfur til að eignast nýja vini. (Sjá rammagreininna „Hvernig þau eignuðust góða vini“, á bls. 30.) Hafðu augun opin fyrir því hverjir sýna þá eiginleika sem þig langar til að sýna. Láttu verða „rúmgott“ hjá þér eins og hvatt er til í Biblíunni og sækstu eftir vináttu við trússystkini óháð kynþætti, þjóðerni eða menningu. (2. Korintubréf 6:13; 1. Pétursbréf 2:17) Einskorðaðu þig ekki við fólk sem er á svipuðu reki og þú. Jónatan var miklu eldri en Davíð eins og þú manst. Margir, sem eru þér eldri, geta auðgað þig með lífsreynslu sinni og visku.

14. Hvernig getum við farið eftir meginreglunni að baki viðvörðun Páls við vondum félagsskap?

15. Hvað geturðu gert til að eignast andlega sinnaða vini í söfnuðinum?



Við getum fundið heilnæman félagsskap meðal trússystkina.

ÞEGAR ÁREKSTRAR VERÐA

¹⁶ Eins og við er að búast í fjölbreyttum hópi fólks af ýmsum uppruna geta orðið árekstrar af og til. Trússystkini segir kannski eða gerir eitthvað sem særir þig. (Orðskviðirnir 12:18) Stundum hleypur snurða á þráðinn vegna þess að fólk er ólíkt, misskilur hvert annað eða hefur ólíkar skoðanir. Ættum við að láta það verða okkur að fótakefli og hætta að sækja samkomur? Ekki ef við elskum Jehóva og þá sem hann elskar.

¹⁷ Jehóva er skapari okkar og lífgjafi. Hann verðskuld- ar ást okkar og algera hollustu. (Opinberunarbókin 4:11) Söfnuðurinn, sem hann hefur valið að nota, verðskuld- ar sömuleiðis stuðning okkar og hollustu. (Hebreabréfið 13:17) Ef einhver í söfnuðinum særir okkur eða veldur

16, 17. Af hverju ættum við ekki að hætta að sækja samkomur þó að einhver í söfnuðinum særi okkur á einhvern hátt?

okkur vonbrigðum á einhvern hátt hættum við ekki að sækja samkomur í mótmælaskyni. Það væri fráleitt. Ekki var það Jehóva sem særði okkur eða móðgaði. Ef við elskum Jehóva snúum við aldrei baki við honum og söfnuði hans. — Sálmur 119:165.

¹⁸ Við viljum stuðla að friði í söfnuðinum vegna þess að við elskum trússystemi okkar. Jehóva ætlast ekki til fullkomleika af þeim sem hann elskar og það ættum við ekki heldur að gera. Kærleikurinn gerir okkur kleift að horfa fram hjá minni háttar misgerðum því að við vitum að við erum öll ófullkomin og gerum ýmis mistök. (Orðskviðirnir 17:9; 1. Pétursbréf 4:8) Kærleikurinn hjálpar okkur að „fyrirgefa hvert öðru“ fúslega. (Kólossubréfið 3:13) Það er ekki alltaf auðvelt. Ef við leyfum neikvæðum tilfinningum að ná yfirhöndinni gætum við farið að ala með okkur gremju og fundist við geta á einhvern hátt refsað hinum brotlega með reiðinni. Sannleikurinn er hins vegar sá að við erum einungis að gera sjálfum okkur illt með því. Það er miklu betra að fyrirgefa þegar tilefni er til. (Lúkas 17:3, 4) Það veitir okkur frið í huga og hjarta, viðheldur friði í söfnuðinum og síðast en ekki síst varðveitum við samband okkar við Jehóva. — Matteus 6:14, 15; Rómverjabréfið 14:19.

ÞEGAR FÉLAGSSKAPUR ER EKKI LENGUR VIÐ HÆFI

¹⁹ Stöku sinnum kemur fyrir að við þurfum að hætta að umgangast einstakling sem var í söfnuðinum. Þetta gerist ef einhverjum er vikið úr söfnuðinum af því að hann brýtur lög Guðs og iðrast ekki eða hann hafnar trúnni með því að kenna falskar kenningar eða aðgrein-

18. (a) Hvað getum við gert til að stuðla að friði í söfnuðinum?
(b) Hvernig er það til góðs að fyrirgefa þegar tilefni er til?

19. Við hvaða aðstæður getur verið nauðsynlegt að hætta að umgangast ákveðna manneskju?

ir sig frá söfnuðinum. Í orði Guðs stendur skýrum stöfum að við skulum „ekki umgangast“ slíka einstaklinga.* (1. Korintubrэф 5:11-13; 2. Jóhannesarbrэф 9-11) Það getur verið ákaflega erfitt að forðast skyldmenni eða manneskju sem var kannski góður vinur okkar. Tökum við þá einarða afstöðu og sýnum að hollustan við Jehóva og réttlát lög hans gengur fyrir öllu öðru? Höfum hugfast að hollusta og hlýðni er mikils virði í augum Jehóva.

²⁰ Það er í rauninni kærleiksríkt af Jehóva að láta víkja iðrunarlausum syndara úr söfnuðinum. Hvers vegna? Vegna þess að það ber vitni um að við elskum heilagt nafn Jehóva og allt sem það táknar. (1. Pétursbrэф 1:15, 16) Það er söfnuðinum til verndar. Trúum safnaðarmönnum er hlíft við óheilnæmum áhrifum þeirra sem syndga af ásettu ráði, og þeir geta haldið áfram að tilbiðja Jehóva í þeirri vissu að söfnuðurinn sé öruggt skjól fyrir þessum illa heimi. (1. Korintubrэф 5:7; Hebraebréfið 12:15, 16) Ögunin ber einnig vitni um kærleika til hins brotlega því að hún getur hugsanlega komið vitinu fyrir hann þannig að hann geri viðeigandi ráðstafanir til að snúa aftur til Jehóva. — Hebraebréfið 12:11.

²¹ Nánir félagar geta haft sterk áhrif á okkur eins og dæmin sanna. Þess vegna þurfum við að vera skynsöm þegar við veljum okkur vini. Með því að vingast við vini Jehóva og elska þá sem hann elskar veljum við okkur besta vinahóp sem hugsast getur. Og áhrif þessara vina geta hjálpað okkur að þóknast Jehóva eins og við þráum að gera.

* Í viðaukanum á bls. 207-9 er að finna nánari upplýsingar um það hvernig koma eigi fram við þá sem vikið er úr söfnuðinum eða aðgreina sig frá honum.

20, 21. (a) Af hverju er það kærleiksríkt af Jehóva að láta víkja iðrunarlausum syndara úr söfnuðinum? (b) Hvers vegna er mikilvægt að vera skynsöm þegar við veljum okkur féлага?

Af hverju eigum við að virða yfirvald?

„Virðið alla menn.“ – 1. PÉTURSBRÉF 2:17.

HEFURÐU einhvern tíma fylgst með viðbrögðum lítills drengs sem er sagt að gera eitthvað sem hann vill helst ekki gera? Þú sérð kannski hvernig innri barátta hans endurspeglast í svipbrigðunum. Hann heyrir hvað foreldrarnir segja og veit að hann á að virða yfirráð þeirra. Hann *vill* bara ekki hlýða í þetta sinn. Togstreita hans er prýðisdæmi um aðstæður sem við lendum stundum í.

² Okkur finnst ekki alltaf auðvelt að virða yfirráð annarra. Áttu stundum erfitt með að virða þá sem fara með ákveðið forræði yfir þér? Þú ert ekki einn um það. Virðing fyrir yfirvaldi virðist vera minni en nokkru sinni fyrir. Engu að síður segir í Biblíunni að við eigum að virða þá sem fara með yfirráð yfir okkur. (Orðskviðirnir 24:21) Það er reyndar nauðsynlegt til að láta kærleika Guðs varðveita sig. En eðlilega vakna ýmsar spurningar. Af hverju er stundum svona erfitt að virða yfirráð annarra? Hvers vegna vill Jehóva að við gerum það og hvað hjálpar okkur til þess? Og að síðustu, hvernig getum við sýnt virðingu fyrir yfirvaldi?

AF HVERJU GETUR ÞAÐ VERIÐ ERFITT?

³ Við skulum líta stuttlega á tvennt sem veldur því að okkur getur fundist mjög erfitt að virða þá sem fara með

1, 2. (a) Af hverju er stundum erfitt að virða yfirvald? (b) Um hvaða spurningar ætlum við að fjalla?

3, 4. Hvernig byrjaði syndin og ófullkomleikinn og hvers vegna eigum við erfitt með að virða yfirvald?

yfirráð. Annað er ófullkomleikinn sem hrjáir okkur sjálf, hitt er ófullkomleiki þeirra sem fara með yfirráðin. Synd og ófullkomleiki áttu upptök sín endur fyrir löngu í Eden þegar Adam og Eva gerðu uppreisn gegn yfirráðum Guðs. Syndin hófst því með uppreisn og æ síðan hafa mennirnir haft meðfædda tilhneigingu til uppreisnar. — 1. Mósebók 2:15-17; 3:1-7; Sálmur 51:7; Rómverjabréfið 5:12.

⁴ Syndugt eðli okkar veldur því að stærilæti eða stolt getur hæglega komið upp hjá okkur flestum. Auðmýkt er hins vegar fágætur eiginleiki sem við þurfum að temja okkur og leggja okkur fram við að viðhalda. Þrjóska og stolt getur jafnvel skotið upp kollinum þó að við höfum þjónað Guði samviskusamlega árum saman. Tökum Kóra sem dæmi. Hann þjónaði Jehóva dyggilega í ýmsum þrautum og þrengingum sem Ísraelsmenn lentu í. En hann girntist meiri völd og sýndi þá óskammfeilni að stofna til uppreisnar gegn Móse, hógværesta manni á jarðríki á þeim tíma. (4. Mósebók 12:3; 16:1-3) Eða lítum á Ússía konung sem sýndi af sér það yfirlæti að ganga inn í musteri Jehóva og inna af hendi helgiþjónustu sem enginn mátti gera nema prestarnir. (2. Kroníkubók 26:16-21) Þessir menn guldu uppreisnina dýru verði. Slæmt for-dæmi þeirra er hins vegar þörf áminning fyrir okkur sem nú lifum. Það minnir á að við þurfum að berjast gegn stoltinu sem gerir okkur erfitt fyrir að virða þá sem fara með yfirráð.

⁵ Ófullkomnir valdamenn hafa líka átt drjúgan þátt í því að grafa undan virðingu fyrir yfirvaldi. Margir hafa verið grimmir og ráðríkir og misbeitt valdi sínu. Mannkyns-sagan er að miklu leyti saga stöðugrar misbeitingar á valdi. (Prédikarinn 8:9) Tökum dæmi. Sál var góður og auðmjúkur maður þegar Jehóva valdi hann fyrir konung. En þegar fram liðu stundir varð hann stoltur og öfundsjúkur

og síðan ofsótti hann Davíð sem var dyggur þjónn Guðs. (1. Samúelsbók 9:20, 21; 10:20-22; 18:7-11) Davíð var einhver besti konungur sem Ísrael átti, bæði fyrr og síðar, en misbeitti valdi sínu þegar hann stal eiginkonunni frá Hetítanum Úría og sendi síðan saklausan manninn í fremstu víglínu til að falla í bardaga. (2. Samúelsbók 11:1-17) Já, það er erfitt fyrir ófullkomna menn að fara vel með völd. Og þegar þeir sem völdin hafa virða ekki Jehóva er voðinn vís. Breskur stjórnmalamaður lýsti einu sinni hvernig sumir af páfum kaþólsku kirkjunnar stóðu fyrir víðtækum ofsóknum og sagði síðan: „Allt vald spillir og algert vald spillir algerlega.“ Við skulum nú, með hliðsjón af sögunni, velta fyrir okkur hvers vegna við ættum að virða yfirvald.

AF HVERJU EIGUM VIÐ AÐ VIRÐA YFIRVALD?

⁶ Ein helsta ástæðan til að virða yfirvald er kærleikur — til Jehóva, til náungans og jafnvel til sjálfra okkar. Við elskum Jehóva heitar en nokkurn annan svo að okkur langar til að gleðja hjarta hans. (Orðskviðirnir 27:11; Markús 12:29, 30) Við vitum að drottinvald hans, rétturinn til að stjórna alheiminum, hefur verið véfengt hér á jörð allt frá uppreisninni í Eden. Við vitum líka að meirihluti mannkyns hefur tekið afstöðu með Satan og hafnað stjórn Jehóva. Við fögnum því hins vegar að standa Jehóva megin. Þegar við lesum hin háleitu orð í Opinberunarbókinni 4:11 snerta þau streng í brjósti okkar. Það er augljóst að Jehóva er réttmætur Drottinn alheims. Við styðjum alvald hans og viðurkennum stjórn hans í daglegu lífi okkar.

⁷ Slík virðing fyrir Jehóva er okkur hvöt til að hlýða honum öllum stundum. Við hlýðum honum fúslega af því að við elskum hann. En af og til hlýtur sú staða að koma upp að okkur finnist afar erfitt að hlýða. Þá þurfum við að læra

6, 7. (a) Hvað gerum við af því að við elskum Jehóva? (b) Af hverju erum við undirgefin Jehóva og hvernig getum við sýnt það?


undirgefni líkt og litli drengurinn sem nefndur var í upphafi kaflans. Við skulum hafa hugfast að Jesús hlýddi vilja föður síns jafnvel þó að það virtist vera ákaflega erfitt. „En verði þó ekki minn heldur þinn vilji,“ sagði hann við föður sinn. — Lúkas 22:42.

⁸ Jehóva talar auðvitað ekki við okkur hvert og eitt nú á tímum heldur notar til þess orð sitt og menn sem hann hefur skipað fulltrúa sína. Undirgefni við yfirráð Jehóva birtist því oftast í því að við virðum þá sem hann hefur sett yfir okkur eða leyfir að sitja áfram í þeirri stöðu. Við værum að óvirða Guð ef við gerðum uppreisn gegn þeim, til dæmis með því að vilja ekki þiggja biblíuleg ráð og leiðréttingu frá þeim. Þegar Ísraelsmenn mögðu og gerðu uppreisn gegn Móse leit Jehóva svo á að þeir hefðu snúist gegn sér persónulega. — 4. Mósebók 14:26, 27.

⁹ Við virðum líka yfirráð annarra af því að við elskum náungann. Skýrum þetta með dæmi. Segjum að þú sért hermaður í herdeild. Líklegt er að velgengni herdeildarinnar og jafnvel tilvera hennar sé undir því komin að hver einasti hermaður hlýði yfirboðara sínum og virði réttar boðleiðir. Ef þú gerðir uppreisn og græfir undan skipulaginu innan hersins gætirðu stofnað öllum félögum þínum í herdeildinni í hættu. Herir mannanna valda auðvitað gífurlegri eyðileggingu í heimi nútímans. Jehóva á sér hins vegar heri sem gera ekkert nema gott. Í Biblíunni er Jehóva margsinnis kallaður „Drottinn hersveitanna“. (Sálmur 46:8) Hann ræður yfir miklum her voldugra andavera. Stundum líkir hann jarðneskjum þjónum sínum við her. (Sálmur 68:12; Esekíel 37:1-10) Værum við ekki að stofna

8. (a) Hvernig getum við oft sýnt að við séum undirfin Jehóva og á hverju má sjá hvernig hann lítur á málið? (b) Hvað getur hjálpað okkur að hlýða á ráð og þiggja ögun? (Sjá rammagreinina á bls. 46-47.)

9. Af hverju er kærleikur til náungans okkur hvöt til að virða yfirvald? Lýstu með dæmi.



*Kristinn faðir líkir eftir
forystu Krists.*

félögum okkar í hinum andlega her í hættu ef við gerðum uppreisn gegn þeim mönnum sem Jehóva hefur skipað yfirboðara okkar? Þegar einhver í söfnuðinum gerir uppreisn gegn safnaðaröldungunum getur það komið niður á öðrum í söfnuðinum. (1. Korintubréf 12:14, 25, 26) Þegar barn rís upp á móti foreldrunum líður öll fjölskyldan fyrir það. Við sýnum því náunganum kærleika með því að virða yfirvald og vera samvinnuþýð.

¹⁰ Við virðum líka yfirvald vegna þess að það er sjálfum okkur fyrir bestu. Þegar Jehóva biður okkur að virða yfirvald nefnir hann í mörgum tilfellum kosti þess að gera það. Hann segir til dæmis börnum að hlýða foreldrum sínum til að þau verði langlíf og þeim vegni vel. (5. Mósebók 5:16; Efesusbréfið 6:2, 3) Hann segir okkur að virða safnaðaröldunga vegna þess að við spillum sambandi okkar við hann ef við gerum það ekki. (Hebreabréfið 13:7, 17)

10, 11. Hvers vegna ættum við að hlýða yfirvaldi sjálfra okkar vegna?

Og hann segir okkur að hlýða yfirvöldum af því að það er okkur til verndar. — Rómverjabréfið 13:4.

¹¹ Er ekki auðveldara að virða yfirvald þegar við vitum af hverju Jehóva vill að við gerum það? Við skulum nú líta á þrjú svið þar sem við getum sýnt að við virðum yfirvald.

VIRÐING INNAN FJÖLSKYLDUNNAR

¹² Jehóva er höfundur fjölskyldunnar. Hann hefur alltaf góða reglu á hlutunum og skipulagði því fjölskylduna með velgengni hennar í huga. (1. Korintubríf 14:33) Hann felur eiginmanninum og föðurnum það hlutverk að vera höfuð fjölskyldunnar. Eiginmaðurinn sýnir að hann virðir yfirboðara sinn, Jesú Krist, með því að líkja eftir því hvernig Jesús veitir söfnuðinum forystu. (Efesusbréfið 5:23) Eiginmaðurinn á ekki að veigra sér við ábyrgð sinni heldur

rækja hana karlmannlega, en hann má ekki vera ráðrífur og harður heldur á hann að vera ástríkur, hlýlegur og sanngjarn. Hann er minnugur þess að vald hans er afstætt því að Jehóva fer alltaf með æðsta vald.

¹³ Eiginkona og móðir á að vera manni sínum stoð og stytta. Hún fer líka með

12. Hvaða hlutverk felur Jehóva eiginmanni og fjölskylduföður og hvernig á hann að gera því skil?

13. Hvernig getur eiginkona og móðir gert hlutverki sínu skil þannig að hún þóknist Jehóva?



HVERJUM ÆTTI ÉG AÐ HLÝÐA?

Meginregla: „Drottinn er dómari vor, Drottinn er löggjafi vor, Drottinn er konungur vor.“
— Jesaja 33:22.

Gott er að spyrja sig:

- Hvað myndi ég gera ef ég væri beðinn um að brjóta meginreglur Jehóva? — Matteus 22:37-39; 26:52; Jóhannes 18:36.
- Hvað myndi ég gera ef mér væri bannað að fylgja boðum Jehóva? — Postulasagan 5:27-29; Hebreabréfið 10:24, 25.
- Hvernig get ég lært að hlýða fúslega þeim sem fara með yfirráð yfir mér? — Rómverjabréfið 13:1-4; 1. Korintubréf 11:3; Efesusbréfið 6:1-3.

yfirráð í fjölskyldunni. Í Biblíunni er talað um „viðvörun“ móðurinnar en frummálsorðið, sem þýtt er „viðvörun“, merkir bókstaflega „lög“. (Orðskviðirnir 1:8) Yfirráð hennar eru auðvitað háð forræði eiginmannsins. Kristin eiginkona sýnir að hún virðir yfirráð eiginmannsins með því að hjálpa honum að rækja hlutverk sitt sem höfuð fjölskyldunnar. Hún gerir ekki lítið úr honum og reynir ekki að ráðskast með hann eða taka af honum ráðin. Hún styður hann og vinnur með honum. Þegar ákvarðanir hans eru henni ekki að skapi segir hún honum kannski með virðingu hvað henni finnst en hún er honum undirgefin. Ef eiginmaðurinn er ekki í trúnni getur það sett hana í erfiða aðstöðu en undirgefni hennar getur hins vegar verið honum hvatning til að leita Jehóva. — 1. Pétursbréf 3:1.

¹⁴ Börn gleðja Jehóva með því að hlýða foreldrum sínum. Þau gleðja einnig foreldra sína og eru þeim til lofs.

14. Hvernig geta börn heiðrað foreldra sína og Jehóva?

(Orðskviðirnir 10:1) Börn einstæðra foreldra fylgja sömu meginreglu og eru hlýðin því að þau vita að foreldrið hefur líklega enn ríkari þörf fyrir stuðning þeirra og samvinnu. Það stuðlar að friðsömu og ánægjulegu fjölskyldulífi ef allir gegna því hlutverki sem Jehóva Guð hefur falið þeim. Og það er honum til heiðurs en hann er faðir allra fjölskyldna. — Efesusbréfið 3:14, 15.

VIRÐING INNAN SAFNAÐARINS

¹⁵ Jehóva hefur falið syni sínum yfirráð yfir kristna söfnuðinum. (Kólossubréfið 1:13) Jesús hefur síðan falið „trúum og hyggnum þjóni“ sínum að annast andlegar þarfir þjóna Guðs á jörð. (Matteus 24:45-47) Hið stjórnandi ráð Votta Jehóva er fulltrúi þessa þjóns. Eins og var í kristnu söfnuðunum á fyrstu öld fá safnaðaröldungar nú á tímum fyrirmæli og leiðbeiningar frá hinu stjórnandi ráði, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu fulltrúa þess, svo sem farandumsjónarmanna. Við hlýðum Jehóva með því að virða forystu öldunganna. — Hebreabréfið 13:17.

¹⁶ Öldungar og safnaðarþjónar eru ekki fullkomnir. Þeir gera sín mistök líkt og við öll. Öldungarnir eru engu að síður „gjafir“ til safnaðarins til að hjálpa honum að varðveita gott samband við Jehóva. (Efesusbréfið 4:8) Öldungarnir eru skipaðir af heilögum anda. (Postulasagan 20:28) Hvernig þá? Þeir þurfa í fyrsta lagi að uppfylla hæfniskröfurnar en þær er að finna í orði Guðs sem er innblásið af anda hans. (1. Tímóteusarbréf 3:1-7, 12; Títusarbréfið 1:5-9) Í öðru lagi biðja öldungarnir um leiðsögn heilags anda Jehóva þegar þeir leggja mat á það hvort ákveðinn bróðir uppfylli hæfniskröfurnar.

15. (a) Hvernig getum við sýnt í söfnuðinum að við virðum yfirráð Jehóva? (b) Hvaða meginreglur geta hjálpað okkur að hlýða þeim sem fara með forystuna? (Sjá rammagreininna á bls. 48-49.)

16. Í hvaða skilningi eru öldungarnir skipaðir af heilögum anda?

¹⁷ Sú staða getur komið upp í söfnuðinum af og til að enginn öldungur eða safnaðarþjónn sé tiltækur til að annast verkefni sem eru að jafnaði á þeirra könnu, til dæmis að annast samansöfnun fyrir boðunarstarfið. Í slíku tilviki geta aðrir skírðir bræður tekið það að sér. Ef enginn bróðir er á staðnum geta hæfar systur hlaupið í skarðið. Þegar kona fer með verkefni sem skírðum karlmönnum er að jafnaði falið ber hún höfuðfat.* (1. Korintubréf 11:3-10) Þetta er ekki niðrandi fyrir konur heldur tækifæri til að sýna virðingu því fyrirkomulagi sem Jehóva hefur á forystumálum, bæði í fjölskyldunni og söfnuðinum.

VIRÐING FYRIR YFIRVÖLDUM

¹⁸ Sannkristnir menn fylgja samviskusamlega þeim meginreglum sem fram koma í Rómverjabréfinu 13:1-7. Af þessum versum er ljóst að með orðinu ‚yfirvöld‘ er átt við stjórnvöld. Meðan Jehóva leyfir þessum stjórnvöldum manna að standa gegna þau mikilvægu hlutverki, svo sem að halda uppi lögum og reglu og láta í té nauðsynlega þjónustu. Við sýnum að við virðum yfirvöld með því að vera löghlýðin. Við gætum þess að greiða skatta samviskusamlega, útfylla eyðublöð og skjöl sem stjórnvöld ætlast til og fylgja þeim lögum sem snerta okkur, fjölskylduna, fyrirtæki okkar eða eignir. En við hlýðum ekki stjórnvöldum ef þau ætlast til að við óhlýðnumst Guði heldur förum við að dæmi postulanna forðum daga. „Framar ber að hlýða Guði en mönnum,“ sögðu þeir. — Postulasagan 5:28, 29; sjá rammagreinina „Hverjum ætti ég að hlýða?“ á bls. 42.

* Í viðaukanum á bls. 209-12 er fjallað nánar um aðstæður þar sem þessi meginregla á við.

17. Af hverju bera kristnar konur stundum höfuðfat í safnaðarstarfinu?

18, 19. (a) Skýrðu meginregluna sem lýst er í Rómverjabréfinu 13:1-7. (b) Hvernig sýnum við yfirboðurum í heiminum virðingu?

¹⁹ Við sýnum stjórnvöldum líka virðingu með hegðun okkar og framkomu. Stundum getum við þurft að eiga bein samskipti við ráðamenn. Páll postuli þurfti að tala máli sínu frammi fyrir Heródesi konungi Agrippu og Festusi landstjóra. Hann ávarpaði þá með virðingu þó að þeir væru miklir gallagripir. (Postulasagan 26:2, 25) Við förum að dæmi Páls hvort sem það er hátt settur valdamaður eða lögregluþjónn sem við eigum samskipti við. Kristin börn og unglingar sýna sams konar virðingu fyrir kennurum, starfsmönnum og stjórnendum skóla. Og við sýnum ekki aðeins þeim virðingu sem eru hlynttir trú okkar heldur líka þeim sem eru fjandsamlegir í garð votta Jehóva. Fólk almennt, sem er ekki í söfnuðinum, ætti að skynja að við berum virðingu fyrir því. — Rómverjabréfið 12:17, 18; 1. Pétursbréf 3:15.

²⁰ Við ættum að vera óspör á að sýna öðrum virðingu. „Virðið alla menn,“ skrifaði Pétur postuli. (1. Pétursbréf 2:17) Það hefur oft sterk áhrif á fólk þegar það finnur að við berum ósvikna virðingu fyrir því. Höfum hugfast að virðing verður æ sjaldgæfari, en með því að sýna hana erum við að fylgja fyrirmælum Jesú þegar hann sagði: „Þannig lýsi ljós yðar meðal mannanna að þeir sjái góð verk yðar og vegsami föður yðar sem er á himnum.“ — Matteus 5:16.

²¹ Góðhjartað fólk laðast að andlegu ljósi sem það sér í þessum myrka heimi. Þegar við sýnum virðingu í fjölskyldunni, söfnuðinum og gagnvart þeim sem fyrir utan eru getum við hugsanlega laðað fólk að sannleikanum og verið því hvatning til að ganga í ljósinu með okkur. Það væri mjög ánægjulegt. En jafnvel þó að það gerist ekki er eitt víst. Með því að virða aðra menn gleðjum við Jehóva Guð og stuðlum að því að kærleikur hans varðveiti okkur. Er hægt að hugsa sér meiri umbun?

20, 21. Hvað hlýst af því að sýna viðeigandi virðingu fyrir yfirvaldi?

„HLÝDDU RÁÐUM OG TAKTU UMVÖNDUN“

Heimurinn er gegnsýrður af anda Satans, af uppreisnarhug og mótþróa. Biblían kallar Satan ‚valdhafann í loftinu‘ og nefnir síðan afleiðingarnar — „anda þess, sem nú starfar í sonum óhlýðninnar“. (Efesusbréfið 2:2, *Biblían 1912*) Margir vilja vera fullkomlega óháðir yfirráðum annarra. Því miður hafa jafnvel sumir í kristna söfnuðinum smitast af þessum sjálfstæðisanda. Lítum á dæmi. Safnaðaröldungur varar vinsamlega við siðlausu eða ofbeldisfullu afþreyingarefni en sumir spyrna við fótum eða bregðast ókvæða við. Við þurfum öll að fara eftir því sem segir í Orðskviðunum 19:20: „Hlýddu ráðum og taktu umvöndun svo að þú verðir vitur að lokum.“

Hvað getur hjálpað okkur til þess? Við skulum líta á þrjár algengar ástæður fyrir því að fólk bregst illa við ráðleggingum og umvöndun og kanna síðan hvað Biblían segir um málið.

- „Mér finnst þessar leiðbeiningar ekki eiga við.“ Okkur finnst ef til vill að leiðbeiningarnar eigi ekki við aðstæður okkar eða að sá sem gaf þær sjái ekki heildarmyndina. Fyrstu viðbrögð gætu verið þau að gera lítið úr þeim ráðum sem við fengum. (Hebreabréfið 12:5) En nú erum við öll ófullkomin. Getur ekki verið að við þurfum sjálf að breyta hugsunarhætti okkar? (Orðskviðirnir 19:3) Var ekki *einhver* gild ástæða fyrir því að þú fékkst þessi ráð? Þá þarftu að einbeita þér að henni. Í Orðskviðunum 4:13 er ráðlagt: „Varðveittu leiðsögnina og slepptu henni ekki, varðveittu hana því að hún er líf þitt.“
- „Mér líkar ekki hvernig þetta var sagt.“ Vissulega eru gerðar ákveðnar kröfur um það í Biblíunni hvernig eigi að leiðrétta aðra. (Galatabréfið 6:1) En þar segir jafnframt:

„Allir hafa syndgað og skortir Guðs dýrð.“ (Rómverjabréfið 3:23) Við fáum aldrei fullkomnar ráðleggingar og þær verða aldrei gefnar nákvæmlega rétt nema ráðgjafinn sé fullkominn. (Jakobsbréfið 3:2) Jehóva notar ófullkomna menn til að leiðbeina okkur svo að það er skynsamlegt að einblína ekki á það hvernig leiðbeiningarnar voru gefnar. Einbeitum okkur heldur að því hvað okkur var ráðlagt og hugleiðum síðan í bænarhug hvernig við getum farið eftir því.

- „Hann er í engri aðstöðu til að leiðbeina mér!“ Ef við hunsum ráðin af því að sá sem gaf þau er ekki gallalaus þurfum við að hafa hugfast það sem bent var á hér á undan. Og ef við höldum að við séum einhvern veginn yfir það hafin að fá ráð sökum aldurs, reynslu eða stöðu í söfnuðinum þurfum við að hugsa okkar gang. Konungar Ísraels til forna voru valdamiklir en urðu þó að þiggja ráð spámanna, presta og sumra annarra þegna sinna. (2. Samúelsbók 12:1-13; 2. Kroníkubók 26:16-20) Í söfnuði Jehóva hafa ófullkomnir menn fengið það verkefni að ráða öðrum heilt og þeir sem eru þroskaðir í trúnni þiggja fúslega ráð og fara eftir þeim. Ef við höfum fleiri verkefni eða meiri reynslu en aðrir ættum við að vera enn betur vakandi fyrir því að vera til fyrirmyndar með því að vera sanngjörn og taka fúslega við ráðum annarra. — 1. Tímóteusarbréf 3:2, 3; Títusarbréfið 3:2.

Ljóst er að enginn er yfir það hafinn að þiggja ráð. Verum því staðráðin í að taka við ráðum, fara eftir þeim og þakka Jehóva innilega fyrir umhyggju hans. Ráð og leiðbeiningar eru merki um kærleika Jehóva og okkur langar til að láta kærleika hans varðveita okkur. — Hebreabréfið 12:6-11.

HLÝÐUM ÞEIM SEM FARA MEÐ FORYSTUNA

Í Ísrael til forna var nauðsynlegt að halda uppi góðu skipulagi. Móse gat ekki einn haft umsjón með milljónum manna sem voru á ferð um hættulega eyðimörk. Hvað gerði hann? „Móse valdi dugandi menn úr öllum Ísrael og gerði þá að höfðingjum yfir þjóðinni, foringjum þúsund manna, foringjum hundrað manna, fimmtíu manna og tíu manna.“ – 2. Mósebók 18:25.

Gott skipulag er einnig nauðsynlegt í kristna söfnuðinum nú á tímum. Þess vegna er umsjónarmaður settur yfir starfshóp, öldungar yfir söfnuð, farandhirðir yfir nokkra söfnuði og landsnefnd eða deildarnefnd yfir land. Þetta skipulag hefur í för með sér að þeir sem hafa hjarðgæslu með höndum geta fylgst vel með sauðunum sem Jehóva hefur falið þeim til umsjónar. Hirðarnir þurfa síðan að standa Jehóva og Kristi reikningskap hjarðgæslu sinnar. – Postulasagan 20:28.

Þetta fyrirkomulag útheimtir að við séum öll hlýðin og eftirlát. Ekki viljum við hafa sama hugarfar og Díótrufes en hann bar enga virðingu fyrir þeim sem fóru með forystuna. (3. Jóhannesarbréf 9, 10) Við viljum frekar gera eins og Páll postuli hvatti til: „Hlýðið leiðtogum ykkar og verið þeim eftirlát. Þeir vaka yfir sálum ykkar og eiga að lúka reikning fyrir þær. Verið þeim eftirlát til þess að þeir geti gert það með gleði, ekki andvarpandi. Það væri ykkur til ógagns.“ (Hebreabréfið 13:17) Sumir hlýða þegar þeir eru sammála leiðbeiningum þeirra sem fara með forystuna en neita að hlýða ef þeir eru ósammála eða finnst

engin ástæða fyrir leiðbeiningunum. En höfum hugfast að undirgefni getur falið í sér að hlýða jafnvel þó að okkur langi ekki beinlínis til þess. Við ættum því öll að spyrja okkur hvort við hlýðum og séum undirgefin þeim sem fara með forystuna fyrir okkur.

En auðvitað er ekki tíundað í smáatriðum í Biblíunni hvernig eigi að skipuleggja safnaðarlífið eða hvaða starfsreglum eigi að fylgja. Þar segir þó: „Allt fari sómasamlega fram og með reglu.“ (1. Korintubríf 14:40) Í samræmi við þessi fyrirmæli setur hið stjórnandi ráð ýmsar góðar starfsreglur og viðmið til að tryggja að safnaðarstarfið gangi snurðulaust fyrir sig. Safnaðaröldungar og safnaðarþjónar fylgja þessum starfsreglum og gefa þar með gott fordæmi um hlýðni. Þeir eru líka „sanngjarnir og hlýðnir“ þeim sem fara með umsjón. (Jakobsbréfið 3:17, *New World Translation*) Í hverjum hópi, söfnuði, farandsvæði og landi er því að finna samstilltan hóp trúaðra sem eru góðir fulltrúar hins sæla Guðs. — 1. Korintubríf 14:33; 1. Tímóteusarbréf 1:11, *Biblían 1912*.

Orð Páls í Hebreabréfinu 13:17 benda einnig á hvers vegna óhlýðni sé til tjóns. Hún getur þýtt að þeir sem fara með umsjónina geri það „andvarpandi“. Ef þeir þurfa að takast á við uppreisnarhug og þrjósku í söfnuðinum getur verkefni, sem á annars að vera ánægjulegt, verið eins og byrði fyrir þá. Og þetta gæti orðið öllum söfnuðinum til tjóns. En það er líka til tjóns á annan hátt að vera ekki undirgefinn fyrirkomulagi Guðs. Sá sem er of stoltur til að lúta því fjarlægist Jehóva og spillir sambandi sínu við hann. (Sálmur 138:6) Við skulum því öll vera ákveðin í því að vera hlýðin og undirgefin.

Að vera aðgreindur frá heiminum

„Þér eruð ekki af heiminum.“ — JÓHANNES 15:19.

SÍÐUSTU nóttina, sem Jesús var maður á jörð, lét hann í ljós hve annt honum var um að fylgjendum sínum farnaðist vel um ókomin ár. Hann bað fyrir þeim í bæn til föður síns og sagði: „Ég bið ekki að þú takir þá úr heiminum heldur að þú varðveitir þá frá hinu illa. Þeir eru ekki af heiminum, eins og ég er ekki af heiminum.“ (Jóhannes 17:15, 16) Þessi innilega bæn vitnar bæði um djúpan kærleika Jesú til fylgjenda sinna og um mikilvægi þess sem hann sagði við suma þeirra fyrr um kvöldið: „Þér eruð ekki af heiminum.“ (Jóhannes 15:19) Það skipti Jesú greinilega miklu máli að fylgjendur hans væru aðgreindir frá heiminum.

² Með „heiminum“, sem Jesús nefnir, er átt við allt mannkyn sem er fráhverft Guði, er undir stjórn Satans og lætur eigingirnina og stoltið, sem á upptök sín hjá honum, stjórna gerðum sínum. (Jóhannes 14:30; Efesusbréfið 2:2; 1. Jóhannesarbréf 5:19) Sannleikurinn er sá að „vinátta við heiminn er fjandskapur gegn Guði“. (Jakobsbréfið 4:4) En hvernig geta þeir sem vilja láta kærleika Guðs varðveita sig verið bæði í heiminum og aðgreindir frá honum? Við ætlum að skoða fimm hliðar á þessu máli. Við höldum okkur aðgreindum frá heiminum með því að sýna ríki Guðs í höndum Krists hollustu og vera hlutlaus

1. Á hvað lagði Jesús áherslu síðustu nóttina sem hann var maður á jörð?

2. Hver er ‚heimurinn‘ sem Jesús nefnir svo?

í stjórnámálum, með því að standa á móti anda heimsins, með því að vera sómasamleg í klæðaburði og útliti, með því að hafa heilt auga og með því að klæðast andlegum herklæðum.

HOLLUSTA OG HLUTLEYSI

³ Jesús tók engan þátt í stjórnámálum síns tíma heldur einbeitti sér að því að boða ríki Guðs, himnesku stjórna sem var í vændum og hann átti að vera konungur yfir. (Daníel 7:13, 14; Lúkas 4:43; 17:20, 21) Þess vegna gat hann sagt þegar hann stóð frammi fyrir rómverska landstjóranum Pontíusi Pílatusi: „Mitt ríki er ekki af þessum heimi.“ (Jóhannes 18:36) Trúir fylgjendur Jesú líkja eftir honum með því að gefa honum og ríki hans hollustu sína og með því að segja heiminum frá þessu ríki. (Matteus 24:14) „Vér erum því erindrekar Krists,“ skrifaði Páll postuli. „Vér biðjum í Kristi stað: Látið sættast við Guð.“* — 2. Korintubríf 5:20, *Bíblían 1981*.

⁴ Erindrekar erlendra ríkja blanda sér ekki í innanríkis-mál þeirra landa sem þeir eru sendir til. Þeir eru hlutlausir. Þeir gæta hins vegar hagsmuna þeirrar ríkisstjórnar sem þeir reka erindi fyrir. Hið sama er að segja um andasmurða fylgjendur Krists en föðurland þeirra og ríkisfang er á himni. (Filippíbréfið 3:20) Svo ötullega hafa þeir boðað ríki Guðs að þeir hafa hjálpað milljónum „annarra sauða“

* Frá hvítasunnu árið 33 hefur Kristur verið konungur yfir söfnuði andasmurðra fylgjenda sinna á jörð. (Kólossubrésið 1:13) Árið 1914 tók hann við konungdómi „yfir heiminum“. Andasmurðir kristnir menn eru því erindrekar Messíasarríkisins núna. — Opinberunarbók-in 11:15.

3. (a) Hvernig leit Jesús á stjórnámál samtíðarinnar? (b) Af hverju má segja að andasmurðir fylgjendur Jesú gegni hlutverki erindreka? (Sjá neðanmálgrein.)

4. Hvernig hafa allir sannkristnir menn sýnt ríki Guðs hollustu? (Sjá rammagreinina á bls. 52.)

FRUMKRISTNIR MENN VORU HLUTLAUSIR

Mannkynssagan sýnir glögglega að frumkristnir menn voru hlutlausir í stjórnámálum og tóku ekki þátt í hernaði. Í bókinni *The Beginnings of Christianity* segir: „Stofnendur kristninnar gættu þess kostgæfilega að ekki þróaðist nokkur tilhneiging til beinna afskipta af pólitísku stjórnkerfi samtímans.“ Í bókinni *On the Road to Civilization* er tekið í sama streng. Þar segir: „Frumkristnin mætti litlum skilningi og naut lítils velvilja stjórnenda hins heiðna heims. . . . Kristnir menn neituðu að gegna vissum skyldum rómverskra borgara. . . . Þeir gegndu ekki pólitískum embættum.“

Þýski guðfræðingurinn Peter Meinhold sagði um afstöðu frumkristinna manna til herþjónustu: „Lítið var svo á að það gæti ekki farið saman að vera kristinn og vera hermaður.“ Í ritgerð sinni, „Könnun á því hvort hernaður geti samræmst meginreglum kristninnar“, segir rit höfundurinn Jonathan Dymond að um nokkurt skeið eftir dauða Jesú hafi fylgjendur hans „neit að að taka þátt í [stríði], óháð því hvaða afleiðingar það hafði fyrir þá, hvort heldur ámæli, fangavist eða dauði“. Hann bætir svo við: „Þetta er óumdeilanlegt.“ Að sögn annars höfundar var það ekki fyrr en „kristnin spilltist“ sem kristnir menn gerðust hermenn.

Krists að „sættast við Guð“. (Jóhannes 10:16; Matteus 25: 31-40) Hinir síðarnefndu styðja andasmurða bræður Jesú og starfa náið með þeim. Báðir hóparnir eru sameinaðir í því að styðja Messíasarríkið og þeir eru algerlega hlutlausir gagnvart stjórnámálum heimsins. — Jesaja 2:2-4.

⁵ Það er ekki aðeins vegna hollustu við Krist sem fylgjendur hans eru hlutlausir. Við erum alþjóðlegt bræðralag, ólíkt Ísrael fortíðar sem Guð hafði gefið ákveðið land til að búa í. (Matteus 28:19; 1. Pétursbréf 2:9) Ef við myndum sameinast um að styðja stjórn málaflókka í heimalöndum okkar væri erfitt fyrir okkur að boða ríki Guðs af djörfung og varðveita einingu okkar sem kristnir menn. (1. Korintubréf 1:10) Og á stríðstímum myndum við þurfa að berjast gegn trússystemum okkar sem við eigum að elska. (Jóhannes 13:34, 35; 1. Jóhannesbréf 3:10-12) Það var því ærin ástæða fyrir því að Jesús sagði lærisveinum sínum að taka ekki þátt í hernaði. Þeir áttu meira að segja að elska óvini sína. — Matteus 5:44; 26:52; sjá rammagreininna „Er ég hlutlaus?“ á bls. 55.

⁶ Við höfum vígt líf okkar Guði. Við erum ekki vígð nokkrum manni, samtökum manna eða þjóð. Í 1. Korintubræfi 6:19, 20 segir: „Þið eigið ykkur ekki sjálf. Þið eruð verði keypt.“ Þó að fylgjendur Jesú gjaldi „keisaranum“ það sem honum ber, svo sem virðingu, skatta og skilyrta undirgefni, gjalda þeir líka „Guði það sem Guðs er“. (Markús 12:17; Rómverjabréfið 13:1-7) Og Guð á rétt á því að þeir tilbiðji hann, þjóni honum af allri sálu og hlýði honum dyggilega. Ef þörf krefur eru þeir tilbúnir til að leggja lífið í sölurnar fyrir Guð. — Lúkas 4:8; 10:27; Postulasagan 5:29; Rómverjabréfið 14:8.

AÐ STANDA Á MÓTI „ANDA HEIMSINS“

⁷ Önnur leið fyrir kristna menn til að halda sér aðgreindum frá heiminum er að standa á móti illum anda

5. Hvaða munur er á kristna söfnuðinum og Ísrael fortíðar, og hvernig kemur þessi munur fram?

6. Hvaða áhrif hefur það á samskipti þín við ‚keisarann‘ að þú skulir vera vígður Guði?

7, 8. Hvað er ‚andi heimsins‘ og hvernig ‚verkar‘ hann í fólki?

hans. „Við höfum ekki hlotið anda heimsins heldur andann sem er frá Guði,“ skrifaði Páll (1. Korintubréf 2:12) Hann sagði í bréfi til kristinna manna í Efesus: „Þið lifðuð . . . áður samkvæmt aldarhætti þessa heims að vilja valdhafans í loftinu, anda þess, sem nú verkar í þeim, sem ekki trúa.“ — Efesusbréfið 2:2, 3.

⁸ „Andi“ heimsins er sterkt, ósýnilegt afl sem ýtir undir óhlýðni við Guð og elur á því sem maðurinn girnist og glepur augað. (1. Jóhannesarbréf 2:16; 1. Tímóteusarbréf 6:9, 10) Þessi andi er eins og „valdhafi“ — hann hefur sterk áhrif því að hann höfðar til hins synduga holds, er mjög lævis og ágengur, og smýgur alls staðar inn eins og loftið. Og hann „verkar“ í fólki með því að ala smám saman á óguðlegum eiginleikum svo sem eigingirni, hroka og ágjörnum metnaði. Hann ýtir undir uppreisnarhug og löngun til að vera siðferðilega óháður.* Andi heimsins hefur með öðrum orðum þau áhrif að eiginleikar Satans þróast hægt og hægt í hjarta mannsins. — Jóhannes 8:44; Postulasagan 13:10; 1. Jóhannesarbréf 3:8, 10.

⁹ Getur andi heimsins fest rætur í huga þínum og hjarta? Já, en aðeins ef þú slakar á verðinum og leyfir honum það. (Orðskviðirnir 4:23) Áhrifin byrja oft með lúmskum hætti, til dæmis þannig að þú umgengst fólk sem virðist vera ágætis manneskjur en það elskar hins vegar ekki Jehóva. (Orðskviðirnir 13:20; 1. Korintubréf 15:33) Þessi skaðlegi andi getur líka náð til þín ef þú gluggar í ósæmileg tímarit eða bækur, klámfengnar vefsíður eða vefsíður með efni frá fráhvarfsmönnum, eða ef þú velur þér óheilmæmt afþreyingarefni og íspróttir þar sem keppn-

* Sjá *Reasoning From the Scriptures*, bls. 389-93, gefin út af Vottum Jehóva.

9. Eftir hvaða leiðum getur andi heimsins náð inn í huga þinn og hjarta?

isandinn fer út í öfgar. Í rauninni getur hver sem er eða hvaðeina, sem miðlar hugsunarhætti Satans og heimsins, haft þessi áhrif.

¹⁰ Hvernig getum við staðið á móti þessum háskalega anda og látið kærleika Guðs varðveita okkur? Aðeins með því að notfæra okkur til hins ýtrasta allt sem Jehóva lætur í té og biðja stöðugt um heilagan anda. Jehóva er

10. Hvernig getum við staðið á móti anda heimsins?

ER ÉG HLUTLAUS?

Meginregla: „Mitt ríki er ekki af þessum heimi.“
— Jóhannes 18:36.

Gott er að spyrja sig:

■ Hvernig get ég útskýrt að það sé í eðli sínu skurðgoðadýrkun að heilsa fánanum?* — 2. Mósebók 20:4, 5; 1. Jóhannesarbréf 5:21.

■ Hvernig get ég sýnt þeim virðingu sem eru ekki sömu trúar og ég þegar ég útskýri af hverju ég tek ekki þátt í ýmsum þjóðernislegum athöfnum? — 1. Pétursbréf 3:15.

■ Af hverju styð ég engan stjórn málaflokk og gegni ekki herþjónustu af nokkru tagi? — Jóhannes 13:34; 1. Jóhannesarbréf 3:10-12.

* Sjá viðaukann á bls. 212-15.



miklu öflugri en Satan og hinn illi heimur sem Satan hefur á valdi sínu. (1. Jóhannesarbréf 4:4) Það er því ákaflega mikilvægt að viðhalda nánú bændasambandi við Jehóva.

VERUM SÓMASAMLEG Í KLÆÐABURÐI OG ÚTLITI

¹¹ Klæðaburður, útlit og hreinlæti gefur nokkra vísbendingu um það hvaða andi stjórnir manni. Víða um lönd er klæðaburður fólks kominn niður á svo lágt plan að stjórnandi sjónvarpsþáttar lét þau orð falla að bráðlega yrði ekki hægt að þekkja vændiskonur úr á klæðaburðinum. Þessi þróun hefur meira að segja náð til stúlkna undir táningsaldri — „mikið af beru holdi en lítið um sóma,“ eins og það var orðað í blaðagrein. Og svo er að nefna þá tísku að vera druslulega til fara en það vitnar í senn um uppreisnaranda og skort á sjálfsvirðingu og mannlegri sæmd.

¹² Við sem erum þjónar Jehóva viljum líta vel út og það með réttu. Það þýðir að við séum snyrtileg, hrein, smekklega klædd og viðeigandi miðað við aðstæður. Við ættum alltaf að vera ‚látlaus í klæðaburði‘ og stunda ‚góð verk‘ eins og sómir öllum, jafnt körlum sem konum „er segjast vilja dýrka Guð“. Meginmarkmið okkar er auðvitað ekki að draga athygli að sjálfum okkur heldur að ‚láta kærleika Guðs varðveita okkur‘. (1. Tímóteusarbréf 2:9, 10; Júdasarbréfið 21) Já, við viljum að „hinn huldi maður hjartans“ sé okkar fegursta þrýði því að það er „dýrmætt í augum Guðs“. — 1. Pétursbréf 3:3, 4.

¹³ Við skulum einnig hafa hugfast að klæðnaður okkar og útlit getur haft áhrif á það hvernig aðrir líta á sanna

11. Hvaða áhrif hefur andi heimsins á klæðaburð margra?

12, 13. Hvaða meginreglur ættu að ráða klæðnaði okkar og útliti?

tilbeiðslu. Þegar gríska orðið, sem er þýtt „látlaus“, er notað í siðferðilegu samhengi gefur það til kynna lotningu og virðingu fyrir tilfinningum eða skoðunum annarra. Við ættum með öðrum orðum að hugsa meira um samvisku annarra en ímynduð réttindi sjálfra okkar. En umfram allt viljum við vera Jehóva og þjónum hans til heiðurs og láta aðra sjá að við erum þjónar Guðs. Við ættum að gera „allt Guði til dýrðar“. — 1. Korintubréf 4:9; 10:31; 2. Korintubréf 6:3, 4; 7:1.



Er ég Jehóva til sóma með útliti mínu?

¹⁴ Það er enn mikilvægara að vera hrein, snyrtileg í útliti og vel til fara þegar við boðum fagnaðarerindið og sækjum safnaðarsamkomur. Gott er að spyrja sig hvort maður dragi óeðlilega athygli að sjálfum sér með útliti sínu eða ónógu hreinlæti. Verða aðrir vandræðalegir í návist minni? Finnst mér mikilvægara að standa á rétti mínum á þessum sviðum en að vera hæfur til að fá þjónustuverkefni í söfnuðinum? — Sálmur 68:7; Filippíbréfið 4:5; 1. Pétursbréf 5:6.

¹⁵ Í Biblíunni eru ekki settar fram ítarlegar reglur um klæðnað, útlit og hreinlæti kristinna manna. Jehóva hefur

14. Hvaða spurninga ættum við að spyrja okkur í sambandi við útlit og hreinlæti?

15. Af hverju eru ekki ítarlegar reglur í Biblíunni um klæðnað, hreinlæti og útlit?



engan áhuga á því að skerða valfrelsi okkar eða meina okkur um að beita huganum. Hann vill að við verðum þroskuð í trúnni, hugsum rökrétt með hliðsjón af meginreglum Biblíunnar og ‚ögum hugann jafnt og þétt til að greina gott frá illu‘. (Hebreabréfið 5:14) Umfram allt vill hann að við látum kærleikann stjórna gerðum okkar — kærleika til sín og náungans. (Markús 12:30, 31) Innan þeirra marka er mikið svigrúm fyrir fjölbreyttan klæðnað og útlit. Þetta má sjá af litríkum klæðnaði þjóna Jehóva hvar sem er í heiminum.

AÐ Hafa „HEILT“ AUGA

¹⁶ Andi heimsins villir um fyrir fólki og telur milljónum manna trú um að hamingjan sé fólgin í peningum og efn-

16. Hvernig gengur andi heimsins í berhögg við kenningar Jesú og hvers ættum við að spyrja okkur?

islegum hlutum. Jesús sagði hins vegar: „Enginn þiggur líf af eignum sínum þótt auðugur sé.“ (Lúkas 12:15) Jesús var alls ekki að hvetja til meinlætaliðnaðar eða öfgafullrar sjálfsafneitanar. Hann kenndi að sönn hamingja og líf byggðist á því að „skynja andlega þörf sína“ og varðveita auga sitt „heilt“, það er að segja að einbeita sér að sambandinu við Guð. (Matteus 5:3, *New World Translation*; 6:22, 23) Það er gott að spyrja sig hvort maður trúi í alvöru því sem Jesús kenndi eða hvort maður láti „lyginnar föður“ hafa áhrif á sig. (Jóhannes 8:44) Hvað segja orð okkar, markmið, áherslur og líferni um okkur? — Lúkas 6:45; 21:34-36; 2. Jóhannesarbréf 6.

¹⁷ „Spekin sannast af verkum sínum,“ sagði Jesús. (Matteus 11:19) Könnum aðeins hvernig þjónar Guðs njóta góðs af því að hafa heilt auga. Þeim finnst endurnærandi að þjóna Guði. (Matteus 11:29, 30) Þeir eru lausir við óþarfar áhyggjur og sálarkvöl. (1. Tímóteusarbréf 6:9, 10) Þeir eru nægjusamir og hafa þar af leiðandi meiri tíma en ella til að vera með fjölskyldunni og trússystkinum. Og kannski sofa þeir betur fyrir vikið. (Prédikarinn 5:11) Þeir njóta ánægjunnar sem fylgir því að gefa af sér og gera það á hvern þann hátt sem þeir hafa tök á. (Postulasagan 20:35) Og þeir eru „auðugir að voninni“ og uppskera innri frið og hamingju. (Rómverjabréfið 15:13; Matteus 6:31, 32) Er það ekki ómetanlegt?

KLÆÐUMST „ALVÆPNI GUÐS“

¹⁸ Þeir sem láta kærleika Guðs varðveita sig hljóta líka vernd gegn Satan sem vill ekki aðeins ræna kristna menn hamingjunni heldur einnig eilífa lífinu. (1. Pétursbréf 5:8) Páll postuli sagði: „Baráttan sem við eignum í er ekki við

17. Hvaða kostir fylgja því að hafa heilt auga?

18. Hvernig lýsir Biblían óvini okkar, aðferðum hans og eðli átakanna?

menn af holdi og blóði heldur við tignirnar og völdin, við heimsdrottna þessa myrkurs, við andaverur vonskunnar í himingeimnum.“ (Efesusbréfið 6:12) Gríska orðið, sem þýtt er ‚barátta‘, lýsir átökum augliti til auglitis, ekki viður-eign úr öruggu skotbyrgi ef svo má að orði komast. Orðin ‚tignirnar, völdin og heimsdrottinn‘ gefa enn fremur til kynna að um sé að ræða þaulskipulagðar og úthugsaðar árásir frá andaheiminum.

¹⁹ En þrátt fyrir mannlega veikleika og takmörk getum við sigrað í baráttunni. Hvernig förum við að því? Með því að klæðast „alvæpni Guðs“. (Efesusbréfið 6:13) Þessu alvæpni er lýst í Efesusbréfinu 6:14-18: „Standið því gyrt sannleika um lendar ykkar og klædd réttlætinu sem brynju og skóuð á fótunum með fúsleik til að flytja fagnaðarboðin um frið. Takið umfram allt skjöld trúarinnar sem þið getið slökkt með öll logandi skeyti hins vonda. Setjið upp hjálm [eða von] hjálpræðisins og grípið sverð andans, Guðs orð. Gerið það með bæn og beiðni og biðjið á hverri tíð í anda.“

²⁰ Andlegu herklæðin eru gjöf frá Guði þannig að það er öruggt að þau vernda okkur, svo framarlega sem við berum þau öllum stundum. Venjulegir hermenn fá oft löng hlé milli þess að þeir berjast en kristnir menn eru ólíkir þeim að því leyti að baráttan er linnulaus og hún er upp á líf og dauða. Henni linnir ekki fyrr en Guð hefur útrýmt heimi Satans og fjötrað alla illu andana í undirdjúpi. (Opinberunarbókin 12:17; 20:1-3) Gefstu ekki upp í baráttunni við rangar langanir þínar og veikleika því að við þurfum öll að aga sjálf okkur til að vera Jehóva trú. (1. Korintubréf 9:27) Það ætti öllu heldur að vera okkur áhyggjufni ef við eigum *ekki* í baráttu.

19. Lýstu hinu andlega alvæpni kristins manns.

20. Að hvaða leyti er munur á okkur og venjulegum hermenni?

²¹ Höfum jafnframt í huga að við getum ekki unnið þetta stríð í eigin krafti. Þess vegna minnir Páll á að við þurfum að biðja til Jehóva „á hverri tíð í anda“. Jafnframt því þurfum við að hlusta á Jehóva með því að lesa orð hans. Við þurfum líka að umgangast „samherja“ okkar hvenær sem færi gefst vegna þess að við berjumst ekki ein. (Fílemonsbréfið 2; Hebreabréfið 10:24, 25) Þeir sem eru trúir á öllum þessum sviðum munu hrósa sigri og geta auk þess varið trú sína þegar á hana er deilt.

VERTU REIÐUBÚINN AÐ VERJA TRÚ ÞÍNA

²² „Heimurinn hatar yður af því að þér eruð ekki af heiminum,“ sagði Jesús. (Jóhannes 15:19) Kristnir menn þurfa því alltaf að vera reiðubúinir að verja trú sína en þó með hógværð og virðingu. (1. Pétursbréf 3:15, 16) Spyrðu þig: Skil ég af hverju vottar Jehóva taka stundum afstöðu sem stingur í stúf við almenningsálitid? Þegar ég þarf að taka slíka afstöðu, er ég þá fullkomlega sannfærður um að Biblían og hinn trúi og hyggni þjónn hafi á réttu að standa? (Matteus 24:45; Jóhannes 17:17) Og til að gera það sem er rétt í augum Jehóva, er ég þá bæði tilbúinn til að skera mig úr fjöldanum og er ég líka stoltur af því? — Sálmur 34:3; Matteus 10:32, 33.

²³ En það er oft með lúmskari hætti sem reynir á vilja okkar til að vera aðgreind frá heiminum. Eins og áður er nefnt reynir Satan að nota skemmtiefni til að tæla þjóna Jehóva út í heiminn. Hvernig er hægt að velja sér heilnæmt afþreyingarefni sem er bæði hressandi og við getum notið með góðri samvisku? Um það er fjallað í næsta kafla.

21. Hver er eina leiðin fyrir okkur til að sigra í andlega hernaðinum? 22, 23. (a) Af hverju þurfum við alltaf að vera reiðubúinir að verja trú okkar og hvaða spurninga ættum við að spyrja okkur? (b) Um hvað er fjallað í næsta kafla?

Að velja heilnæmt afþreyingarefni

„Gerð . . . allt Guði til dýrðar.“

— 1. KORINTUBRÉF 10:31.

ÞÚ ÆTLAR að bíta í gómsætan ávöxt en uppgötvar þá að hann er skemmdur að hluta til. Hvað gerirðu? Þú getur borðað ávöxtinn eins og hann leggur sig, þar á meðal skemmdina, þú gætir hreinlega hent ávextinum og þar með skemmdinni en þú gætir líka skorið burt skemmdina og borðað það sem er óskemmt. Hvaða kost velurðu?

² Afþreyingarefni er að vissu leyti eins og ávöxturinn. Stundum langar okkur til að horfa á eitthvað til skemmtunar en við vitum að stór hluti af því afþreyingarefni, sem nú er í boði, er siðspillt eða jafnvel rotið. Hvað gerirðu? Sumir umbera kannski hið illa og gleypa við hverju sem í boði er. Aðrir forðast ef til vill allt afþreyingarefni til að tryggja að ekkert skaðlegt beri fyrir augu þeirra. Og þá eru þeir sem forðast vandlega afþreyingarefni sem getur verið skaðlegt en njóta við og við efnis sem er tiltölulega heilnæmt. Hvaða kost myndir þú velja til að láta kærleika Guðs varðveita þig?

³ Flestir myndu velja þriðja kostinn. Við vitum að við þurfum á hæfilegri afþreyingu að halda en viljum samt velja okkur skemmtiefni sem er siðferðilega heilnæmt. Þess vegna þurfum við að kanna hvernig við getum gengið úr skugga um hvað sé heilnæmt og hvað ekki. En

1, 2. Hvaða afstöðu þurfum við að taka til afþreyingarefnis?

3. Hvað ætlum við að kanna núna?

fyrst skulum við skoða hvaða áhrif sú afþreying, sem við veljum okkur, getur haft á tilbeiðsluna sem við veitum Jehóva.

„GERIÐ . . . ALLT GUÐI TIL DÝRÐAR“

⁴ Aldraður vottur, sem lét skírast árið 1946, sagði fyrir nokkrum árum: „Ég hef sett mér það markmið að vera viðstaddur allar skírnarræður og hlusta af at-

hygli eins og þetta væri mín eigin skírn.“ Af hverju gerir hann það? Hann svarar: „Að hafa vígsluna ljóslifandi í huga hefur reynst mikilvæg hjálp til að vera trúfastur.“ Þú ert ábyggilega sama sinnis. Það er gott fyrir þig að minna þig á að þú hefur lofað að nota líf þitt til að þjóna Jehóva. Það hjálpar þér að vera trúfastur. (Prédikarinn 5:3; Hebreabréfið 10:7) Með því að hugsa um vígsluheit okkar höfum við ekki aðeins áhrif á það hvernig við lítum á boðunarstarfið heldur einnig annað sem við tökum okkur fyrir hendur — meðal annars það sem við gerum til afþreyingar. Páll postuli benti á þetta þegar hann skrifaði kristnum samtíðarmönnum sínum: „Hvort sem þið því etið eða drekkið eða hvað sem þið gerið, þá gerið það *allt* Guði til dýrðar.“ — 1. Korintubréf 10:31.

4. Hvaða áhrif ætti vígsluheit okkar að hafa á það sem við veljum okkur til afþreyingar?



⁵ Allt sem við gerum í lífinu tengist tilbeiðslunni á Jehóva. Páll tók sterkt til orða í Rómverjabréfinu þegar hann benti trússysteminum sínum á þetta. Hann sagði: „Þjóðið fram sjálf ykkur að lifandi, heilagri, Guði þókn-anlegri fórn. Það er sönn guðsdýrkun af ykkar hendi.“ (Rómverjabréfið 12:1) Við notum sjálf okkur, það er að segja huga okkar, hjarta og krafta, til að þjóna Guði. (Markús 12:30) Páll talar um slíka heilshugar þjónustu sem fórn. Í þessu orði er fólgin ákveðin viðvörðun. Samkvæmt Móselögnum hafnaði Guð fórnnum Ísraelsmanna ef þær voru gallaðar. (3. Mósebók 22:18-20) Ef andlegar fórnir kristins manns eru gallaðar á einhvern hátt hafnar Guð þeim sömuleiðis. Hvernig gæti það gerst?

⁶ Páll skrifaði kristnum mönnum í Róm: „Ljáið ekki . . . syndinni limi ykkar“. Hann hvatti þá til að „deyða gjörðir holdsins“. (Rómverjabréfið 6:12-14; 8:13, neðanmáls) Fyrir í bréfinu hafði hann bent á dæmi um slíkar „gjörðir holdsins“. Við lesum um synduga menn: „*Munnur* þeirra er fullur bölvunar og beiskju. . . . Hvatir eru þeir í *spori* að úthella blóði. . . . Guðsótti er enginn til í *huga* þeirra [„fyrir *augum* þeirra,“ *Biblían 1981*].“ (Rómverjabréfið 3:13-18) Kristinn maður myndi óhreinka líkama sinn ef hann notaði „limi“ sína til syndugra verka eins og hér er lýst. Ef þjónn Jehóva horfði af ásettu ráði á siðspillt efni eins og klám eða gróft ofbeldi væri hann þar með að ‚ljá syndinni‘ augu sín og spilla öllum líkama sínum. Hver sú tilbeiðsla, sem hann innir af hendi, er þá eins og fórn sem er ekki lengur heil-

5. Hvaða viðvörðun er fólgin í Rómverjabréfinu 12:1 ef höfð er hliðsjón af 3. Mósebók 22:18-20?

6, 7. Hvernig gæti kristinn maður spillt líkama sínum og hvaða afleiðingar gæti það haft?

ög og þóknanleg Guði. (5. Mósebók 15:21; 1. Pétursbréf 1:14-16; 2. Pétursbréf 3:11) Sú afþreying væri dýru verði keypt.

⁷ Ljóst má vera að það skiptir heilmiklu máli hvað kristinn maður velur að gera sér til skemmtunar. Við viljum auðvitað velja okkur þannig afþreyingu að við prýðum þær fórnir sem við færum Guði í stað þess að skemma þær. Könnum nú hvernig hægt er að ganga úr skugga um hvað sé heilnæmt og hvað ekki.

„HAFIÐ ANDSTYGGÐ Á HINU VONDA“

⁸ Í stórum dráttum má skipta afþreyingarefni í tvo flokka. Annars vegar er efni sem kristnir menn forðast algerlega, hins vegar efni sem þeim gæti ýmist þótt boðlegt eða ekki boðlegt. Lítum fyrst á fyrri flokkinn – afþreyingarefni sem kristnir menn forðast.

⁹ Eins og fram kom í 1. kafla er sumt afþreyingarefni byggt á hegðun sem Biblían fordæmir afdráttarlaust. Nefna má sem dæmi vefsíður, kvikmyndir, sjónvarpsþætti og tónlist sem gera út á kvalalosta, djöflatrú eða klám, eða efni þar sem grófu siðleysi er haldið á lofti. Sannkristnir menn ættu að forðast með öllu siðspillt efni af þessu tagi vegna þess að þar er sýnt í jákvæðu ljósi lífernir sem stangast á við lög eða meginreglur Biblíunnar. (Postulasagan 15:28, 29; 1. Korintubréf 6:9, 10; Opinberunarbókin 21:8) Með því að hafna þessu óheilnæma afþreyingarefni ertu að sanna fyrir Jehóva að þú hafir „andstyggð á hinu vonda“ og „forðist illt“. Þá geturðu haft „hræsnislausu trú“. — Rómverjabréfið 12:9; Sálmur 34:15; 1. Tímóteusarbréf 1:5.

8, 9. (a) Í hvaða tvo flokka má í stórum dráttum skipta afþreyingarefni? (b) Hvers konar afþreyingarefni forðumst við og af hverju?

¹⁰ Sumir telja hins vegar að það sé skaðlaust að horfa á djarfar kvikmyndir eða sjónvarpsþætti. Þeir hugsa sem svo að þeir geti horft á slíkt efni en myndu auðvitað aldrei gera neitt svona sjálfir. En þetta er hættuleg sjálfsblekking. (Jeremía 17:9) Getum við sagt að við höfum „andstyggt á hinu vonða“ ef við horfum á það okkur til skemmtunar? Við sljóvgum samviskuna með því að lesa um, hlusta á eða horfa á illa breytni æ ofan í æ. (Sálmur 119:70; 1. Tímóteusarbréf 4:1, 2) Það getur haft áhrif á hegðun okkar og álit okkar á syndsamlegri breytni annarra.

¹¹ Svona lagað hefur gerst. Einstaka þjónar Guðs hafa gert sig seka um siðlaus verk vegna þess að þeir urðu fyrir áhrifum af afþreyingarefni sem þeir voru vanir að horfa á. Þeir lærðu af biturri reynslu að „það sem maður sáir, það mun hann og uppskera“. (Galatabréfið 6:7) En það er hægt að umflýja dapurlega lífsreynslu af þessu tagi. Ef við sáum vandlega í huga okkar því sem er heilnæmt uppskerum við að sama skapi það sem er heilnæmt. — Sjá rammagreininna „Hvers konar afþreyingarefni ætti ég að velja mér?“ á bls. 67.

ÁKVARÐANIR BYGGÐAR Á MEGINREGLUM BIBLÍUNNAR

¹² Lítum nú á síðari flokkinn, afþreyingarefni sem inniheldur ýmislegt sem er hvorki fordæmt beinlínis í Biblíunni né tekið sérstaklega fram að sé boðlegt. Þegar kristinn maður velur sér afþreyingarefni í þessum flokki þarf hann að ákveða sjálfur hvað hann telji heilnæmt. (Galatabréfið 6:5) En við höfum ýmislegt til leiðsagnar

10. Hvers konar hugsunarháttur er hættulegur og af hverju?

11. Hvernig hefur meginreglan í Galatabréfinu 6:7 sannast hvað afþreyingu varðar?

12. Hvernig má heimfæra Galatabréfið 6:5 á afþreyingu og hvað höfum við til leiðsagnar þegar við veljum úr?

HVERS KONAR AFÞREYINGAREFNI ÆTTI ÉG AÐ VELJA MÉR?

Meginregla: „Hafið andstygð á hinu vonða en haldið fast við hið góða.“ — Rómverjabréfið 12:9.

Gleð ég Guð ef . . .

- textarnir við lögin, sem ég hlusta á, gera mér erfitt að einbeita huganum að því sem er hreint?
— 1. Korintubríf 6:9, 10.
- ég líki eftir siðlausu, grófu eða neikvæðu tali eða háttarni fólks í kvikmyndunum sem ég horfi á?
— Lúkas 6:40.
- ég spila tölvuleiki þar sem ég þarf að leika ofbeldisfulla eða siðlausa persónu?
— Sálmur 11:5, 7.
- þau viðmið, sem ég boða öðrum, eru önnur en ég fylgi sjálfur þegar ég vel mér afþreyingarefni?
— Rómverjabréfið 2:21.



þegar við veljum úr. Í Biblíunni er að finna meginreglur eða grundvallarsannindi sem gera okkur kleift að glöggva okkur á því hvernig Jehóva hugsar. Með því að taka mið af þessum meginreglum getum við áttað okkur á því „hver sé vilji Drottins“ í öllum málum, einnig þegar við veljum okkur afþreyingu. — Efesusbréfið 5:17.

¹³ Það hafa auðvitað ekki allir náð að þroska siðferði-

13. Hvað fær okkur til að forðast afþreyingarefni sem Jehóva gæti haft vanþóknun á?

Það er okkur til verndar að fylgja meginreglum Guðs þegar við veljum okkur afþreyingarefni.



lega dómgreind sína í sama mæli. (Filippíbréfið 1:9) Og við gerum okkur grein fyrir að fólk hefur ólíkan smekk á afþreyingarefni. Þess vegna er ekki hægt að reikna með því að allir þjónar Guðs taki nákvæmlega eins ákvarðanir. En því meiri áhrif sem við látum meginreglur Guðs hafa á hugann og hjartað, þeim mun betur leggjum við okkur fram um að forðast hvers konar skemmtiefni sem Jehóva gæti haft vanþóknun á. — Sálmur 119:11, 129; 1. Pétursbréf 2:16.

¹⁴ Þegar við veljum okkur afþreyingu þurfum við líka að hafa annað í huga — tímann. Efnið, sem þú velur þér, segir til um hvað þú telur boðlegt en tíminn, sem þú eyðir í það, leiðir í ljós hvernig þú forgangsraðar. Hjá kristnum mönnum skiptir tilbeiðslan á Jehóva auðvitað meginmáli. (Matteus 6:33) Hvað geturðu þá gert til að tryggja að þú látir andlegu málin sitja í fyrirrúmi í lífinu? Páll postuli sagði: „Hafið . . . nákvæma gát á hvernig þið breytið, ekki sem fávís heldur sem vís. Notið hverja stund því að dagarnir eru vondir.“ (Efesusbréfið 5:15, 16) Ef þú setur því skýr mörk hve mikinn tíma þú notar til að lesa, hlusta á eða horfa á afþreyingarefni ættirðu að hafa nægan tíma til að sinna þeim hlutum sem máli skipta' — það er að segja því sem stuðlar að andlegri velferð þinni. — Filippíbréfið 1:10.

¹⁵ Það er líka skynsamlegt að hafa vaðið fyrir neðan sig þegar maður velur sér afþreyingarefni. Hvernig þá? Lítum aftur á skemmda ávöxtinn sem dæmi. Til að borða ekki óvart skemmda aldinkjötið skerðu ekki bara burt skemmdina heldur svolítið meira til að vera viss. Á sama

14. (a) Hvað ættum við að hugleiða þegar við veljum okkur afþreyingarefni? (b) Hvernig getum við gætt þess að andlegu málin séu í fyrirrúmi?

15. Af hverju er skynsamlegt að hafa varann á þegar við veljum okkur afþreyingarefni?

hátt er skynsamlegt að hafa varann á varðandi val á afþreyingarefni. Það er skynsamlegt af þjónum Guðs að forðast ekki bara afþreyingarefni sem gengur greinilega í berhögg við meginreglur Biblíunnar heldur einnig efni sem er vafasamt eða virðist innihalda eitthvað sem gæti skaðað samband þeirra við Jehóva. (Orðskviðirnir 4:25-27) Ef þú fylgir orði Guðs í þaula ætti það ekki að vera erfitt.

„ALLT SEM ER . . . HREINT“

¹⁶ Þegar sannkristnir menn velja sér efni til afþreyingar taka þeir fyrst mið af afstöðu Jehóva. Í Biblíunni kemur fram hvernig Jehóva hugsar og hvaða mælikvarða hann hefur. Salómon konungur nefnir til dæmis ýmislegt sem Jehóva hatar. Hann segir að það sé meðal annars „lygin tunga og hendur sem úthella saklausu blóði, hjarta sem bruggar fjörráð, fætur sem fráir eru til illverka“. (Orðskviðirnir 6:16-19) Hvaða áhrif ætti sjónarmið Jehóva að hafa á þig? „Þér, sem elskið Drottin, hatið illt,“ hvetur sálmaskáldið. (Sálmur 97:10) Val okkar á afþreyingarefni þarf að sýna að við hötum það sem Jehóva hatar. (Galatabréfið 5:19-21) Höfum einnig hugfast að það sem við

16. (a) Hvernig látum við í ljós að við höfum sömu afstöðu og Jehóva í siðferðismálum? (b) Hvernig verður okkur tamt að fara eftir meginreglum Biblíunnar?

Þegar þjónar Guðs velja sér afþreyingarefni ættu þeir að spyrja sig:

- Hvaða áhrif hefur þetta á samband mitt við Guð?
- Hvaða áhrif hefur það á mig persónulega?
- Hvaða áhrif hefur það á aðra?

gerum í einrúmi gefur jafnvel betri mynd af því hvernig við erum innst inni en það sem við gerum þegar aðrir sjá til. (Sálmur 11:4; 16:8) Ef þig langar mest af öllu til að endurspegla afstöðu Jehóva í siðferðismálum tekurðu alltaf ákvarðanir í samræmi við meginreglur Biblíunnar. Þér verður tamt að gera það. — 2. Korintubríf 3:18.

¹⁷ Hvað annað er hægt að gera til að tryggja að maður velji sér afþreyingarefni í samræmi við sjónarmið Jehóva? Þú gætir spurt þig hvaða áhrif þetta efni myndi hafa á samband þitt við Guð. Áður en maður ákveður að horfa á kvikmynd er gott að spyrja sig: Hvaða áhrif myndi hún hafa á samvisku mína? Lítum á nokkrar meginreglur sem snerta þetta mál.

¹⁸ Í Filippíbréfinu 4:8 er að finna mjög mikilvæga grundvallarreglu: „Allt sem er satt, allt sem er göfugt, rétt og hreint, allt sem er elskuvert og gott afspurnar, hvað sem er dygð og hvað sem er lofsvert, *hugfestið það*.“ Páll er reyndar ekki að ræða um afþreyingarefni hér heldur hugsanir okkar. Þær ættu að snúast um það sem Guð hefur velþóknun á. (Sálmur 19:15) Það er samt sem áður hægt að heimfæra orð hans á skemmti- og afþreyingarefni. Hvernig þá?

¹⁹ Spyrðu sjálfan þig hvort þær kvikmyndir, tölvuleikir, tónlist eða annað afþreyingarefni, sem þú velur þér, fylli huga þinn af því sem er hreint. Hvaða myndir sitja eftir í hugarannan þegar þú ert búinn að horfa á kvikmynd? Ef þær eru ánægjulegar, hreinar og endurnærandi veistu að þú hefur valið þér heilnæmt afþreyingarefni. En ef

17. Hvaða spurninga er gott að spyrja sig þegar maður velur sér afþreyingarefni?

18, 19. (a) Hvernig getur meginreglan í Filippíbréfinu 4:8 hjálpað okkur að ákvarða hvort ákveðið afþreyingarefni sé heilnæmt? (b) Hvaða aðrar meginreglur geta hjálpað okkur að velja heilnæmt afþreyingarefni? (Sjá neðanmálgrein.)

kvikmyndin, sem þú horfðir á, fær þig til að hugsa um eitthvað óhreint var hún óheilnæm eða jafnvel skaðleg. (Matteus 12:33; Markús 7:20-23) Hvers vegna? Vegna þess að ef þú hugsar um hluti sem eru siðferðilega óhreinir raskar það innri friði þínum, skaðar samviskuna og getur eyðilagt samband þitt við Guð. (Efesusbréfið 5:5; 1. Tímóteusarbréf 1:5, 19) Þar eð slíkt afþreyingarefni hefur skaðleg áhrif á þig skaltu vera ákveðinn í að forðast það.* (Rómverjabréfið 12:2) Hugsaðu eins og sálmaskáldið sem bað til Jehóva: „Snú augum mínum frá hégóma.“ – Sálmur 119:37.

HUGSAÐU UM HAG ANNARRA

²⁰ Páll kemur inn á mikilvæga meginreglu sem við þurfum að hafa í huga þegar við tökum ákvarðanir í persónulegum málum. Hann segir: „Allt er leyfilegt en ekki byggir allt upp. Enginn hyggi að eigin hag heldur hag annarra.“ (1. Korintubríf 10:23, 24) Hvernig á þessi meginregla við um val á heilnæmu afþreyingarefni? Þú þarft að spyrja þig: Hvaða áhrif hef ég á aðra með vali mínu?

²¹ Samviskan segir þér ef til vill að ákveðið afþreyingarefni sé „leyfilegt“ eða boðlegt. En ef þú veitir því at-
hygli að einhverjum af trúsystkinum þínum, sem hafa vandlátari samvisku, þykir það óviðeigandi ákveður þú kannski að láta það vera. Af hverju? Af því að þú vilt ekki syndga gegn trúsystkinum þínum – eða jafnvel gegn Kristi eins og Páll tók til orða – með því að gera þeim erfiðara fyrir að vera Guði trúir. Þú gætir þess að

* Finna má fleiri meginreglur um afþreyingarefni í Orðskviðunum 3:31; 13:20; Efesusbréfinu 5:3, 4 og Kólossubréfinu 3:5, 8, 20.

20, 21. Hvernig á 1. Korintubríf 10:23, 24 við um val á heilnæmu afþreyingarefni?

vera ekki öðrum „til ásteytingar“. (1. Korintubríf 8:12; 10:32) Þjónar Guðs nú á tímum eru hugulsamir og nærgætnir eins og Páll hvatti til. Þeir forðast afþreyingarefni sem kann að vera „leyfilegt“ en byggir ekki upp. — Rómverjabréfið 14:1; 15:1.

²² En það er önnur hlið á því að hugsa um hag annarra. Kristinn maður, sem hefur frekar vandláta samvisku, ætti ekki að ætlast til að allir í söfnuðinum taki jafn stranga afstöðu til þess hvað sé viðeigandi afþreying og hvað ekki. Ef hann gerði það væri hann eins og öku maður sem ætlaðist til þess að allir aðrir ökumenn á veginum ækju á sama hraða og hann. Það væri ósannngjarnt að ætlast til þess. Sá sem hefur vandláta samvisku þarf að virða sjónarmið trússystema sem leggja ekki alveg sama mat á afþreyingarefni og hann, þótt það sé auðvitað innan þeirra marka sem meginreglur Biblíunnar setja. Þannig sýnir hann þeim kærleika og sanngirni. — Títusarbréfið 3:2; Prédikarinn 7:16.

²³ Hvernig er þá í stuttu máli hægt að tryggja að maður velji sér heilnæma afþreyingu? Hafnaðu öllu afþreyingarefni sem sýnir opinskátt siðlaust hátterni og lagt er blátt bann við í orði Guðs. Fylgdu þeim meginreglum Biblíunnar sem hægt er að heimfæra á afþreyingarefni sem er ekki nefnt sérstaklega í Biblíunni. Forðastu skemmtiefni sem skaðar samviskuna og vertu fús til að sleppa efni sem öðrum, sérstaklega trússystemum, gæti þótt óviðeigandi. Vertu staðráðinn í að vera Guði til sóma og láta kærleika hans varðveita þig og fjölskyldu þína.

22. Af hverju á að vera svigrúm fyrir ólíkar skoðanir í persónulegum málum meðal þjóna Guðs?

23. Hvernig getum við tryggt að við veljum okkur heilnæmt afþreyingarefni?

Virðir þú lífið á sama hátt og Guð gerir?

„Hjá þér er uppspretta lífsins.“ — SÁLMUR 36:10.

FAÐIR okkar á himnum hefur gefið okkur ómetanlega gjöf — þá að lifa sem viti bornir menn og geta endurspeglað eiginleika hans. (1. Mósebók 1:27) Það er þessari dýrmætu gjöf að þakka að við erum fær um að hugleiða og skilja meginreglur Biblíunnar. Þegar við förum eftir þeim getum við þroskast í trúnni, elskað Jehóva og „agað hugann til að greina gott frá illu“. — Hebreabréfið 5:14.

² Það er sérstaklega verðmætt nú á tímum að geta hugleitt og skilið meginreglur Biblíunnar vegna þess að heimurinn er orðinn svo flókinn að engin lög geta náð yfir allar aðstæður sem gætu hugsanlega komið upp í lífinu. Læknisfræðin er ágætis dæmi um það, ekki síst hvað varðar meðferð blóðs og efna sem eru unnin úr því. Þetta er áhugavert svið og umhugsunarvert fyrir alla sem vilja hlýða Jehóva. En ef við skiljum þær biblíulegu meginreglur, sem hlut eiga að máli, ættum við að geta tekið viturlegar ákvarðanir sem samræmast samvisku okkar og gera okkur kleift að láta kærleika Guðs varðveita okkur. (Orðskviðirnir 2:6-11) Við skulum líta á nokkrar af þessum meginreglum.

LÍF OG BLÓÐ ER HEILAGT

³ Jehóva vakti fyrst athygli á því skömmu eftir að Kain myrti Abel að líf og blóð tengdust nánnum böndum og

1, 2. Hvaða gjöf Guðs er sérstaklega verðmætt nú á dögum og hvers vegna?

3, 4. Hvenær er fyrst minnst á heilagleika blóðs í Biblíunni og á hvaða meginreglum byggist það?

hvort tveggja væri heilagt. „Blóð Abels, bróður þíns, hrópar til mín af jörðinni,“ sagði Jehóva. (1. Mósebók 4:10) Í augum hans táknaði blóð Abels líf hans sem nú hafði verið tekið með hrottanfengnum hætti. Í vissum skilningi hrópaði blóð Abels til Guðs um hefnd. — Hebreabréfið 12:24.

⁴ Eftir Nóaflóðið leyfði Jehóva mönnunum að borða kjöt af dýrum en þeir máttu ekki neyta blóðsins. Hann sagði: „Kjöts sem líf er enn í, það er blóðið, skuluð þið ekki neyta. Ég mun krefjast reikningsskapar fyrir blóð ykkar, líf ykkar.“ (1. Mósebók 9:4, 5) Þessi fyrirmæli ná til allra afkomenda Nóa allt fram á okkar dag. Þau staðfesta það sem Guð sagði óbeint við Kain á sínum tíma að blóðið táknaði líf manna og dýra. Þau bera einnig með sér að Jehóva, sem er uppspretta lífsins, krefst reikningsskapar af öllum sem sýna ekki virðingu fyrir lífi og blóði. — Sálmur 36:10.

⁵ Þessi grundvallarsannindi koma vel fram í Móselögunum. Í 3. Mósebók 17:10, 11 segir: „Ég mun snúa augliti mínu gegn sérhverjum manni . . . sem neytir blóðs og uppræta hann úr þjóð sinni því að lífskraftur holdsins er í blóðinu og ég hef gefið ykkur það til þess að það friðþægi á altarinu fyrir líf ykkar því að það er blóðið sem friðþægir fyrir lífið.“* — Sjá rammagreinina „Friðþægingargildi blóðs“ á bls. 76.

⁶ Ef blóð úr slátruðu dýri var ekki notað á altarinu átti að hella því á jörðina. Með þessari táknrænu athöfn var lífinu skilað aftur til upprunalegs eiganda, það er að segja Guðs. (5. Mósebók 12:16; Esekíel 18:4) En tökum eftir að Ísraelsmenn þurftu ekki að reyna til hins ýtrasta að fjarlægja

* Í tímaritinu *Scientific American* segir um orðin „lífskraftur holdsins er í blóðinu“: „Hvað sem líður myndhverfri merkingu þessa er það bókstaflega svo að allar tegundir blóðfrumna eru okkur nauðsynlegar til að lifa.“

5, 6. Hvernig sést af Móselögunum að blóð er bæði heilagt og dýrmætt? (Sjá einnig rammagreinina á bls. 78.)

FRIDÞÆGINGARGILDI BLÓÐS

Í orði Guðs er litið á blóð sem jafngildi lífs. Iðrandi syndari í Ísrael fortíðar gat því fórnað dýri á altari Guðs í stað þess að vera sakfelldur fyrir að brjóta boðorð hans. (3. Mósebók 4:27-31) Fórnin friðþægði fyrir syndir hans en aðeins tímabundið.

Orðið „friðþægja“, eins og það er notað í Biblíunni, felur í sér hugmyndina um „að skipta á“ eða „hylja“, líkt og lok af rétttri stærð passar á lát. Ekkert dýr gat auðvitað „hulið“ að fullu syndir manna, það er að segja friðþægt fyrir þær. Dýrafórnirnar fyrirmynduðu hins vegar hina fullkomnu friðþægingarfórn sem var í vændum. — Hebreabréfið 10: 1, 4.

Sú friðþægning kom til þegar Jesús Kristur „fórnaði sjálfum sér í eitt skipti fyrir öll“. (Hebreabréfið 10:10) ‚Dýrmætt blóð Krists, hins lýtalausa og óflekkaða lambs,‘ táknaði líf hans sem maður og samsvaraði nákvæmlega lífinu sem Adam glatnaði. (1. Pétursbréf 1:19) Þannig fullnægði Jehóva réttlætinu á einkar kærleiksríkan hátt og gerði okkur kleift að hljóta ‚eilífa lausn‘. — Hebreabréfið 9:11, 12; Jóhannes 3:16; Opinberunarbókin 7:14.

hvern einasta blóðdropa úr vefjum dýrsins. Ísraelsmaður gat með góðri samvisku borðað kjötið svo framarlega sem skepnunni var rétt slátrað og hún blóðguð. Hann hafði þá sýnt lífgjafanum tilhlýðilega virðingu.

⁷ Davíð var maður „eftir [Guðs] hjarta“ og hann skildi hvaða meginreglur bjuggu að baki lögum Guðs um blóð.

7. Hvernig sýndi Davíð að hann virti heilagleika blóðsins?

(Postulasagan 13:22) Einu sinni var hann sárþyrstur og þrír af mönnum hans brutu sér þá leið inni í herbúðir óvinarins til að sækja vatn í brunn og færa honum. Viðbrögð Davíðs eru athyglisverð. „Á ég að drekka blóð þessara manna sem hættu lífi sínu til að sækja það?“ spurði hann. Hann leit svo á að ef hann drykki vatnið væri hann í rauninni að drekka blóð manna sinna. Þótt þyrstur væri „dreypti [hann] því í dreyþiförn handa Drottni“. — 2. Samúelsbók 23:15-17.

⁸ Um 2400 árum eftir að Jehóva gaf Nóa fyrirmælin um blóðið og um 1500 árum eftir að lagasáttmálinn var gerður innblés Jehóva stjórnandi ráði frumkristna safnaðarins að skrifa: „Það er ályktun heilags anda og vor að leggja ekki frekari byrðar á yður en þetta sem nauðsynlegt er, að þér haldið yður frá kjöti, er fórnað hefur verið, skurðgoðum, blóði, kjöti af köfnuðum dýrum og saurlifnaði.“ — Postulasagan 15:28, 29.

⁹ Ljóst er að stjórnandi ráð frumkristna safnaðarins gerði sér grein fyrir því að blóð væri heilagt og það væri ekki síður siðferðilega rangt að misnota það en að dýrka skurðgoð eða drýgja hór. Sannkristnir menn nú á dögum taka sömu afstöðu. Og þar sem þeir hafa meginreglur Biblíunnar til leiðsagnar geta þeir tekið réttar ákvarðanir um notkun blóðs og verið Jehóva þóknanlegir.

NOTKUN BLÓÐS VIÐ LÆKNINGAR

¹⁰ Vottum Jehóva er ljóst að ákvæðið um að „halda sér frá blóði“ felur í sér að þiggja hvorki blóðgjöf né gefa blóð né láta draga sér blóð og geyma til að fá aftur síðar. Þar sem þeir virða lög Guðs þiggja þeir ekki heldur blóðhlutana fjóra — rauðkorn, hvítkorn, blóðflögur eða blóðvökva.

8, 9. Breyttist afstaða Guðs til lífs og blóðs með tilkomu kristna safnaðarins? Skýrðu svarið.

10, 11. (a) Hvernig líta vottar Jehóva á það að þiggja heilblóð og blóðhlutana fjóra? (b) Á hverju gætu þjónar Guðs haft ólíkar skoðanir?

BERUM VIRÐINGU FYRIR LÍFI DÝRA

Þó að Jehóva leyfi okkur að veiða dýr til að afla okkur matar og klæðnaðar eða til að verja okkur þurfum við að beita þessari heimild af skynsemi og með virðingu. (1. Mósebók 3:21; 9:3) Ekki viljum við drepa dýr okkur til skemmtunar. Við ættum heldur að líkjast Jehóva sem lætur sér annt um velferð allra dýra, meira að segja smæstu spörva. — Jónas 4:11; Matteus 10:29.

Umhyggja Guðs kemur vel fram í Mósélögnum. (2. Mósebók 23:4, 5, 12; 5. Mósebók 22:10; 25:4) Í samræmi við lögmálið segir í Orðskviðunum 12:10: „Hinn réttláti annast búfé sitt vel en harðneskja er í hjarta ranglátra.“ Innan skamms heyra ranglátir og grimmir menn sögunni til.

¹¹ En nú er orðið hægt að skilja blóðhlutana sundur í fleiri þætti sem nota má á ýmsa vegu. Getur kristinn maður þegið slíka blóðþætti? Lítur hann á þá sem „blóð“? Hver og einn þarf að ákveða það sjálfur. Hið sama er að segja um lækni meðferð eins og blóðskiljun, blóðvökvaaukningu í aðgerð og endurvinnslu blóðs í aðgerð að því tilskildu að það sé ekki sett í geymslu. — Sjá viðaukann á bls. 215-18.

¹² Skiptir það litlu máli í augum Jehóva hvaða afstöðu við tökum í persónulegum málum? Nei, hann hefur mikinn áhuga á því hvernig við hugsum og hvaða hvatir bærast með okkur. (Orðskviðirnir 17:3; 21:2; 24:12) Eftir að við höfum leitað leiðsagnar Jehóva og kynnt okkur vel þær aðferðir eða þau efni sem boðið er upp á ættum við að

12. (a) Hvernig eigum við að líta á samviskumál? (b) Hvernig eigum við að taka ákvarðanir í samviskumálum?

hlýða biblíufræddri samvisku okkar. (Rómverjabréfið 14:2, 22, 23) Aðrir eiga auðvitað ekki að ákveða fyrir okkur hvað við gerum og við ættum ekki heldur að spyrja aðra hvað þeir myndu gera í okkar sporum. Þegar þessi mál eru annars vegar þarf hver og einn að „bera sína byrði“.* — Galatabréfið 6:5; Rómverjabréfið 14:12; sjá rammagreinina „Lít ég svo á að blóð sé heilagt?“ á bls. 81.

LÖG JEHÓVA VITNA UM FÖÐURLEGA UMHYGGJU HANS

¹³ Lög og meginreglur Biblíunnar endurspegla að Jehóva er bæði vitur löggjafi og ástríkur faðir sem lætur sér innilega annit um velferð barna sinna. (Sálmur 19:8-12) Enda þótt ákvæðið um að „halda sig frá blóði“ sé ekki gefið af heilbrigðisástæðum verndar það okkur vissulega gegn fylgikvillum blóðgjafa. (Postulasagan 15:20) Margir lækningar líta reyndar á lækni meðferð án blóðgjafar sem meðferð í hæsta gæðaflokki. Í augum sannkristinna manna er það enn ein staðfesting á óviðjafnanlegri visku og föðurlegum kærleika Jehóva. — Jesaja 55:9; Jóhannes 14:21, 23.

¹⁴ Umhyggja Guðs fyrir velferð þjóðar sinnar forðum daga birtist í mörgum af lögum hans. Til dæmis var sett það ákvæði að Ísraelsmenn skyldu gera brjóstrið umhverfis húspök sín til að verjast slysum enda var þakið notað til margra hluta. (5. Mósebók 22:8; 1. Samúelsbók 9:25, 26; Nehemíabók 8:16; Postulasagan 10:9) Guð gaf einnig þau fyrirmæli að hættuleg naut væru höfð í öruggri gæslu.

* Sjá *Vaknið!* janúar-mars 2007, bls. 3-12, gefið út af Vottum Jehóva.

13. Hvað má álykta um Jehóva af lögum hans og meginreglum? Skýrðu svarið.

14, 15. (a) Hvaða lög endurspegla kærleika Guðs til þjóna sinna? (b) Hvernig er hægt að fylgja frumreglunum að baki þessum öryggisákvæðum?

(2. Mósebók 21:28, 29) Sá sem hélt ekki þessi ákvæði sýndi þar með vítavert virðingarleysi fyrir velferð annarra og gat bakað sér blóðsekt.

¹⁵ Hvernig getum við farið eftir frumreglunum að baki þessum lögum? Við gætum leitt hugann að bílnum okkar, aksturslagi, húsdýrum, heimili, vinnustað og afþreyingu. Í sumum löndum eru slys ein algengasta dánarorsök ungs fólks, oft vegna þess að það tekur óþarfa áhættu. En ungt fólk, sem vill láta kærleika Guðs varðveita sig, lætur sér annt um líf sitt og sækir ekki í spenning sem byggist á því að taka áhættu. Það ímyndar sér ekki í kjánaskap að ekkert geti komið fyrir af því að það sé svo ungt. Það forðast óþarfa erfiðleika og nýtur æskuáranna. — Prédikarinn 11: 9, 10.

¹⁶ Ófædd börn í móðurkviði eru líka dýrmæt í augum Guðs. Ef einhver skaðaði ófríska konu og *hún eða barn hennar* dó af völdum þess taldist hann manndrápari í augum Guðs og þurfti að gjalda „líf fyrir líf“.* (2. Mósebók 21:22, 23) Við getum rétt ímyndað okkur hvernig Jehóva hlýtur að vera innanbrjósts að horfa upp á óteljandi fóstureyðingar á ári hverju — horfa upp á það hvernig óteljandi ófæddum börnum er fórnað, oft í þægindaskyni eða til þess að fólk geti lifað lauslátu lífi.

¹⁷ En hvað þá um konu sem lét eyða fóstri áður en hún kynntist sannleika Biblunnar? Er málið svo alvarlegt að Jehóva geti ekki miskunnað henni? Auðvitað ekki. Allir sem

* Í biblíuorðabókum kemur fram að miðað við orðalag hebreska textans sé „óraunhæft að líta svo á að orðið ‚skaði‘ eigi við konuna eina“. Það vekur einnig athygli að ekki kemur fram í Biblunni að dómur Jehóva sé háður því hve gamalt fóstrið er.

16. Hvaða frumregla gildir um fóstureyðingar? (Sjá einnig neðanmálsgrein.)

17. Hvernig er hægt að hughreysta manneskju sem lét eyða fóstri áður en hún kynntist lögum Guðs?


LÍT ÉG SVO Á AÐ BLÓÐ SÉ HEILAGT?

Meginregla: „Að þeir haldi sig frá . . . blóði.“
— Postulasagan 15:20.

Gott er að spyrja sig:

- Hvernig myndi ég lýsa muninum á blóðhlutunum fjórum og blóðþáttum?*
- Af hverju þarf ég að gera upp við mig hvort ég þigg blóðþætti eða ákveðna læknismeðferð sem felur í sér að blóð mitt sé meðhöndlað á einhvern hátt? — Rómverjabréfið 12:2; Galatabréfið 6:5.
- Hvernig myndi ég útskýra fyrir lækni af hverju ég þigg eða þigg ekki blóðþætti?
— Orðskviðirnir 13:16.

* Nánari upplýsingar er að finna í viðaukanum á bls. 215-16.



iðrast í einlægni geta treyst að Jehóva fyrirgefi þeim á grundvelli hins úthellta blóðs Jesú. (Sálmur 103:8-14; Efesusbrefið 1:7) Jesús sagði sjálfur: „Ég er ekki kominn til að kalla réttláta til afturhvarfs heldur syndara.“ — Lúkas 5:32.

VÖRUMST HATUR

¹⁸ Í augum Jehóva er ekki nóg að við forðumst að skaða aðra. Við eigum líka að uppræta hatur úr hjörtum okkar. Stór hluti af þeim blóðsúthellingum, sem eiga sér stað í heiminum, er sprottinn af hatri. „Hver sem hatar bróður sinn eða systur er manndrápari [eða morðingi],“ skrifaði Jóhannes postuli. (1. Jóhannesarbréf 3:15) Sá sem hatar hefur ekki aðeins óbeit á annarri manneskju heldur vill hana feiga. Fjandskapurinn getur komið fram í rógburði eða upplognum ásökunum sem væru ávísun á dóm Guðs ef sannar væru. (3. Mósebók 19:16; 5. Mósebók 19:18-21; Matteus 5:22) Við þurfum þess vegna að leggja okkur fram um að uppræta alla illgirni sem kann að hafa búið um sig í hjörtum okkar. — Jakobsbréfið 1:14, 15; 4:1-3.

¹⁹ Þeir sem meta gildi lífsins á sama hátt og Jehóva og vilja að kærleikur hans varðveiti sig forðast einnig ofbeldi í hvaða mynd sem er. Í Sálmi 11:5 segir: „Drottinn . . . hatar þann . . . sem elskar ofbeldi.“ (*Biblían 1859*) Þetta vers lýsir ekki aðeins persónuleika Guðs heldur er fólgin í því ákveðin lífsregla. Hún fær þá sem elska Guð til að forðast hvers konar afþreyingarefni sem ýtir undir áhuga á ofbeldi. Og það að Jehóva skuli vera kallaður „Guð friðarins“ er sömuleiðis hvatning fyrir þjóna hans til að fylla hugann og hjartað af því sem er göfugt, elskuvert og lofsvert því að það stuðlar að friði. — Filippíbréfið 4:8, 9.

HALTU ÞIG FRÁ BLÓÐSEKUM STOFNUNUM

²⁰ Í augum Guðs er allur heimur Satans blóðsekur. Ríki og stjórnmalakerfi hafa drepið ótal milljónir manna, þar

18. Hvernig bendir Biblían á helstu undirrót blóðsúthellinga?

19. Hvernig líta þeir sem fylgja meginreglum Biblíunnar á ritningarstaði eins og Sálmi 11:5 og Filippíbréfið 4:8, 9?

20-22. Hvaða afstöðu taka kristnir menn til heimsins og af hverju?



Hvernig get ég útskýrt fyrir lækni afstöðu mína til blóðþátta?

á meðal marga af þjónum Jehóva. Það er ekki að ástæðulausu að þeim er lýst í Biblíunni sem grimmmum villidýrum. (Daníel 8:3, 4, 20-22; Opinberunarbókin 13:1, 2, 7, 8) Viðskiptaöflin og vísindin hafa unnið með þessum grimmu pólitísku öflum að því að smíða einhver hryllilegustu vopn sem hægt er að hugsa sér. Og þau hafa grætt stórum á samvinnunni. Það er ekki ofsögum sagt að „allur heimurinn [sé] á valdi hins vonða“. — 1. Jóhannesarbréf 5:19.

²¹ Fylgjendur Jesú eru „ekki af heiminum“ heldur eru þeir algerlega hlutlausir gagnvart stjórnámum og styrjöldum. Þess vegna baka þeir sér hvorki blóðsekt sem einstaklingar né eiga hlutdeild í blóðsekt annarra.* (Jóhannes 15:19; 17:16) Og þeir líkja eftir Kristi með því að grípa ekki til ofbeldis þegar þeir eru ofsóttir. Þeir elska óvini sína og biðja jafnvel fyrir þeim. — Matteus 5:44; Rómverjabréfið 12:17-21.

* Sjá 5. kafla, „Að vera aðgreindur frá heiminum“.

²² Sannkristnir menn gæta þess umfram allt að eiga ekkert saman að sældu við „Babýlon hina miklu“, heimsveldi falskra trúarbragða, en hún er blóðsekust allra stofnana. „Í [henni] fannst blóð spámanna og heilagra og allra þeirra sem drepnir hafa verið á jörðunni,“ segir í Biblíunni. Við fáum þessa viðvörðun: „Fólkið mitt, forðið yður úr [henni].“ — Opinberunarbókin 17:6; 18:2, 4, 24.

²³ Að yfirgefa Babýlon hina miklu er ekki aðeins fólgið í því að láta taka nafn sitt af meðlimaskrá. Við þurfum líka að hata öll þau vondu verk sem falstrúarbrögðin samþykkja eða styðja fyrir opnum tjöldum — svo sem siðleysi, stjórn málaafskipti og gróðafíkn sem eru ósjaldan kveikjan að blóðsúthellingum. — Sálmur 97:10; Opinberunarbókin 18:7, 9, 11-17.

²⁴ Áður en við tókum upp sanna tilbeiðslu studdum við kerfi Satans á einn eða annan hátt og bökuðum okkur vissa blóðsekt. En nú höfum við söðlað um, tekið trú á lausnarfórn Krists og vígt Guði líf okkar þannig að við höfum hlotið miskunn Guðs og andlega vernd. (Postulasagan 3:19) Þessi vernd minnir á griðaborgirnar á biblíutímanum. — 4. Mósebók 35:11-15; 5. Mósebók 21:1-9.

²⁵ Griðaborgirnar voru hugsaðar þannig að ef Ísraelsmaður varð öðrum óviljandi að bana átti hann að flýja til þeirrar sem næst var. Þegar þar til bærir dómara höfðu fjallað um málið varð sá sem hafði orðið öðrum óviljandi að bana að búa í griðaborginni þangað til æðstipresturinn dó. Þá var honum frjálst að flytja annað. Þetta er fallett dæmi um miskunn Guðs og lýsir vel hve mikils virði mannlífið er í augum hans. Griðaborgir fortíðar minna á lausnarfórn Krists að því leyti að hún verndar

23. Hvað er fólgið í því að fara út úr Babýlon hinni miklu?

24, 25. (a) Á hvaða grundvelli getur Guð miskunnað iðrandi manni sem er blóðsekur? (b) Á hvað minnir það okkur á biblíutímanum?

að því leyti lausnarfórn Krists að hún verndar okkur þannig að við þurfum ekki að deyja þó að við brjótum óviljandi lög Guðs um heilagleika lífs og blóðs. Kanntu að meta þessa ráðstöfun Guðs? Hvernig geturðu sýnt að þú gerir það? Meðal annars með því að hvetja aðra til að notfæra sér það sem griðaborgirnar fyrirmynduðu, ekki síst í ljósi þess að „þrengingin mikla“ er yfirvofandi. — Matteus 24:21; 2. Korintubrэф 6:1, 2.

VIRÐUM LÍFIÐ MEÐ ÞVÍ AÐ BOÐA GUÐSRÍKI

²⁶ Þjónar Guðs nú á tímum eru í svipaðri aðstöðu og Esekíel spámaður til forna en Jehóva skipaði hann andlegan varðmann yfir Ísraelsmönnum. „Þegar þú heyrir orð úr munnni mínum átt þú að vara þá við mér,“ sagði Guð. Ef hann vanrækti það bæri hann ábyrgð á blóði þeirra sem yrðu teknir af lífi þegar Jerúsalembúar þyrftu að svara til saka. (Esekíel 33:7-9) En Esekíel var hlýðinn og bakaði sér ekki blóðsekt.

²⁷ Innan tíðar líður heimur Satans undir lok. Vottar Jehóva álíta það bæði skyldu sína og mikinn heiður að boða „hefndardag Guðs“ ásamt fagnaðarerindinu um ríkidið. (Jesaja 61:2; Matteus 24:14) Gerir þú þitt ýtrasta til þess? Páll postuli tók það hlutverk mjög alvarlega að prédika. Þess vegna gat hann sagt: „Ekki er mig um að saka þótt einhver glatist því að ég hef boðað ykkur allt Guðs ráð og ekkert dregið undan.“ (Postulasagan 20:26, 27) Það er góð fyrirmynd til eftirbreytni.

²⁸ Til að föðurást Jehóva varðveiti okkur þurfum við auðvitað að gera meira en að líta líf og blóð sömu augum og hann. Við þurfum líka að vera hrein eða heilög í augum hans eins og rætt er um í næsta kafla.

26-28. Að hvaða leyti erum við í svipaðri stöðu og Esekíel spámaður og hvernig getum við látið kærleika Guðs varðveita okkur?

Guð elskar þá sem eru hreinir

„Gagnvart hreinum [ert þú] hreinn.“

— SÁLMUR 18:27, *Biblían 1981*.

MÓÐIRIN hjálpar drengnum að hafa sig til áður en hann fer út. Hann er búinn að fara í bað og fötin hans eru hrein og snyrtileg. Móðirin veit að hreinlæti stuðlar að góðu heilsufari. Hún veit líka að útlit drengsins segir sína sögu um foreldrana.

² Jehóva, faðir okkar á himnum, vill að þjónar sínir séu hreinir. Í orði hans segir um hann: „Gagnvart hreinum [ert þú] hreinn.“* (*Sálmur 18:27, Biblían 1981*) Jehóva elskar okkur og veit að það er okkur fyrir bestu að vera hrein.

* Hebreska orðið, sem er þýtt „hreinn“, er ekki aðeins notað um hreinan líkama heldur einnig hreint siðferði og hreina tilbeiðslu.

1-3. (a) Af hverju gengur móðir úr skugga um að sonur hennar sé hreinn og snyrtilegur? (b) Hvers vegna vill Jehóva að tilbiðjendur sínir séu hreinir og af hverju langar okkur til að vera hrein?



Hann vill líka að vottar hans séu honum til sóma. Ef við erum hrein og komum vel fram köstum við ekki rýrð á Jehóva heldur heiðrum hann og heilagt nafn hans. — Esekíel 36:22; 1. Pétursbréf 2:12.

³ Sú vitneskja að Guð elskar þá sem eru hreinir er okkur hvatning til að vera hrein. Við elskum hann og viljum þess vegna heiðra hann með lífferni okkar. Við viljum líka að kærleikur hans varðveiti okkur. Við skulum því kanna hvers vegna við þurfum að vera hrein, hvað er fólgið í því og hvernig við getum haldið okkur hreinum. Það getur verið leið til að kanna hvort við þurfum að bæta okkur á einhverju sviði.

AF HVERJU ÞURFUM VIÐ AÐ VERA HREIN?

⁴ Jehóva kennir okkur meðal annars með fordæmi sínu, og í Biblíunni erum við hvött til að vera „eftirbreytendur Guðs“. (Efesusbréfið 5:1) Meginástæðan fyrir því að við viljum vera hrein er sú að Jehóva Guð, sem við tilbiðjum, er hreinn og heilagur að öllu leyti. — 3. Mósebók 11: 44, 45.

⁵ Sköpunarverk Jehóva endurspeglar hreinleika og marga aðra eiginleika hans. (Rómverjabréfið 1:20) Jörðin var gerð til að vera hreint heimili mannkyns. Jehóva kom af stað hringrásum í náttúrunni sem hreinsa loftið og vatnið. Sumar örverur vinna eins og hreinsunardeild og breyta úrgangsefnum í skaðlaust form. Vísindamenn hafa notað sér sumar af þessum átfreku örverum til að hreinsa upp eftir olíuleka og aðra mengun sem rekja má til eigingirni og græðgi mannanna. Augljóst er að „sá sem skapaði jörðina“ leggur mikið upp úr hreinleika. (Jeremía 10:12) Það ættum við líka að gera.

4, 5. (a) Hver er meginástæðan fyrir því að við þurfum að vera hrein? (b) Hvernig endurspeglar sköpunarverkið hreinleika Jehóva?

⁶ Önnur ástæða til að vera hreinn er sú að Jehóva, Drottinn okkar, ætlast til þess að þeir sem tilbiðja hann séu hreinir. Hreinleiki og tilbeiðsla héldust í hendur samkvæmt lögmálinu sem hann gaf Ísraelsmönnum. Þar var tekið fram að æðstipresturinn ætti að baða sig á friðþægingardeginum, ekki bara einu sinni heldur tvisvar. (3. Mósebók 16:4, 23, 24) Þegar prestar gegndu embættisstörfum þurftu þeir að þvo sér um hendur og fætur áður en þeir báru fram fórnir fyrir Jehóva. (2. Mósebók 30:17-21; 2. Kroníkubók 4:6) Í lögmálinu voru taldar upp um 70 hugsanlegar orsakir þess að fólk gat talist líkamlega eða trúarlega óhreint. Ef Ísraelsmaður var óhreinn mátti hann ekki taka þátt í tilbeiðslunni. Í sumum tilfellum lá dauðarefsing við. (3. Mósebók 15:31) Ef einhver vildi ekki gangast undir þá hreinsun sem kveðið var á um, þar á meðal að baða sig og þvo föt sín, átti að „uppræta hann úr söfnuðinum“. — 4. Mósebók 19:17-20.

⁷ Þó að við séum ekki bundin af Móselögnum gefa þau innsýn í afstöðu Guðs. Ljóst er af lögmálinu að þeir sem tilbáðu Guð urðu að vera hreinir. Jehóva hefur ekki breyst. (Malakí 3:6) Hann hefur ekki velþóknun á tilbeiðslu okkar nema hún sé „hrein og flekklaus“. (Jakobsbréfið 1:27) Við þurfum því að vita hvers hann ætlast til af okkur á þessu sviði.

HVÆÐ ER FÓLGID Í ÞVÍ AÐ VERA HREINN Í AUGUM GUÐS?

⁸ Þegar talað er í Biblífunni um hreinleika er ekki aðeins átt við hreinlæti í almennum skilningi. Að vera hreinn í augum Jehóva snertir alla þætti tilverunnar. Jehóva ætlast til þess að við séum hrein í huga og á líkama, að við séum siðferðilega hrein og að tilbeiðsla okkar sé hrein. Lítum nánar á þessi fjögur svið.

6, 7. Hvernig lögðu Móselögin áherslu á að tilbiðjendur Jehóva yrðu að vera hreinir?

8. Á hvaða sviðum ætlast Jehóva til þess að við séum hrein?

⁹ *Hrein tilbeiðsla.* Hún er í stuttu máli fólgin í því að blanda ekki saman falstrú og hreinni tilbeiðslu. Þegar Ísraelsmenn yfirgáfu Babýlon og sneru heim til Jerúsalem áttu þeir að hlýða þessum innblásnu fyrirmælum: „Haldið af stað þaðan. Snertið ekkert óhreint . . . hreinsið yður.“ (Jesaja 52:11) Ísraelsmenn sneru fyrst og fremst heim í þeim tilgangi að endurreisa tilbeiðsluna á Jehóva. Tilbeiðslan varð að vera hrein. Hún mátti ekki spillast af kenningum, siðum eða venjum babýlonskra trúarbragða en það hefði vanvirt Jehóva.

¹⁰ Við sem erum sannkristin verðum að gæta þess vel að óhreinka okkur ekki á falskri guðsdýrkun. (1. Korintubríf 10:21) Það er nauðsynlegt að vera varkár vegna þess að áhrif falstrúarbragðanna eru mjög útbreidd. Ýmsar hefðir, siðir og venjur víða um lönd eru tengd falstrúarkenningum, svo sem þeirri að eitthvað búi innra með manningum sem lifi af líkamsdauðann. (Prédikarinn 9:5, 6, 10) Sannkristnir menn forðast siði og venjur sem tengjast falstrú á einhvern hátt.* Við látum ekki undan þó að við séum beitt þrýstingi og reynt sé að fá okkur til að slaka á kröfum Biblíunnar um hreina tilbeiðslu. — Postulasagan 5:29.

¹¹ *Hreint siðferði.* Til að vera siðferðilega hrein þurfum við að forðast kynferðislegt siðleysi í hvaða mynd sem er. (Efesusbréfið 5:5) Það er ákaflega mikilvægt að vera siðferðilega hreinn. Eins og fram kemur í næsta kafla verðum við að ‚forðast saurlífnaðinn‘ til að kærleikur Guðs varðveiti okkur. Saurlífismenn „munu ekki erfa Guðs ríki“ nema þeir iðrist. (1. Korintubríf 6:9, 10, 18) Í augum Guðs

* Í 13. kafla bókarinnar er fjallað um ýmsar hátíðir og siði sem sannkristnir menn forðast.

9, 10. Hvað er fólgið í hreinni tilbeiðslu og hvað forðast sannkristnir menn?

11. Hvað er fólgið í hreinu siðferði og af hverju er það afar mikilvægt?

eru slíkir menn ‚viðurstyggilegir‘. „Hinn annar dauði“ er hlutskipti þeirra sem halda sér ekki siðferðilega hreinum. — Opinberunarbókin 21:8.

¹² *Hreinn hugur.* Hugsanir eru undanfari verka. Ef við leyfum röngum hugsunum að taka sér bólfestu í huga okkar og hjarta eru miklar líkur á að við gerum eitthvað óhreint fyrr eða síðar. (Matteus 5:28; 15:18-20) Ef við aftur á móti fyllum hugann af hreinum hugsunum geta þær verið okkur hvati til að ástunda það sem er hreint. (Filippíbréfið 4:8) Hvernig getum við haldið huganum hreinum? Meðal annars með því að forðast hvers kyns afþreyingarefni sem gæti spillt hugsunum okkar.* Önnur leið til að fylla hugann hreinum hugsunum er að vera duglegir biblunemendur. — Sálmur 19:9, 10.

¹³ Til að kærleikur Guðs varðveiti okkur þurfum við að stunda hreina tilbeiðslu, hafa hreint siðferði og halda huganum hreinum. Nánar er fjallað um þessa þætti hreinleikans annars staðar í bókinni. En beinum nú athyglinni að fjórða sviðinu — *almennu hreinlæti*.

HVERNIG GETUM VIÐ VERIÐ HREINLÁT?

¹⁴ Hreinlæti er fólgið í því að halda líkama sínum og umhverfi hreinu. Er það einkamál okkar hvort við erum hreinlát? Ekki ef við tilbiðjum Jehóva. Eins og áður hefur komið fram vill Jehóva að við séum hreinlát, ekki aðeins af því að það er okkur fyrir bestu heldur einnig af því að þannig erum við honum til sóma. Rifjum upp dæmið í byrjun kaflans. Veltum við ekki fyrir okkur hvernig foreldrarir séu ef við sjáum barn sem er alltaf óhreint og illa til fara?

* Í 6. kafla bókarinnar er fjallað um hvernig hægt sé að velja heilnæmt afþreyingarefni.

12, 13. Hvernig tengjast hugsanir og verk og hvernig getum við haldið huganum hreinum?

14. Af hverju er það ekki einkamál okkar hvort við erum hreinlát?



***Við þurfum að halda líkama okkar
og umhverfi hreinu.***

Ekki viljum við að útlit okkar eða lífernir kasti rýrð á föðurinn á himnum eða spilli fyrir boðun fagnaðarerindisins. „Í engu vil ég gefa neinum tilefni til ásteytingar, ég vil ekki að þjónusta mín sæti lasti. Í öllu læt ég sjást að ég er þjónn Guðs,“ sagði Páll postuli. (2. Korintubréf 6:3, 4) Hvernig getum við gætt þess að vera hreinlát?

¹⁵ *Líkamlegt hreinlæti og útlit.* Þó að menning og aðstæður séu breytilegar eftir löndum má yfirleitt finna nægilegt vatn og sápu til að baða sig reglulega og halda sjálfum sér og börnunum hreinum. Það er góður siður að þvo sér um hendur með vatni og sápu áður en maður borðar eða meðhöndlar matvæli, eftir að maður hefur farið á salernið og eftir að hafa þrifið barn eða skipt á því. Hægt er að koma

15, 16. Hvað er fólgið í góðu hreinlæti og hvernig ættum við að hugsa um fötin sem við klæðumst?

í veg fyrir sjúkdóma og hreinlega bjarga mannlífum með því að þvo sér um hendur með vatni og sápu. Þannig er hægt að hindra útbreiðslu sýkla og koma í veg fyrir niðurgangssjúkdóma. Í löndum þar sem ekki er algengt að íbúðarhús séu tengd frárennislögn er kannski hægt að grafa hægðir sínar eins og gert var í Ísrael til forna. — 5. Mósebók 23:12, 13.

¹⁶ Það er líka nauðsynlegt að þvo föt sín reglulega til að vera hreinn og frambærilegur. Þjónn Guðs þarf ekki að klæða sig eftir nýjustu tísku eða ganga í dýrum fötum en þau ættu að vera hrein, snyrtileg og látlaus. (1. Tímóteusarbréf 2:9, 10) Við viljum „prýða kenningu Guðs frelsara vors“ hvar sem við erum niðurkomin. — Títusarbréfið 2:10.

¹⁷ *Heimili okkar og umhverfi.* Heimili okkar þarf ekki að vera glæsilegt eða íburðarmikið en það ætti að vera eins hreint og frambærilegt og aðstæður leyfa. Ef við notum bíl til að sækja samkomur og fara í boðunarstarfið ættum við að gera okkar besta til að halda honum þökkalega hreinum að utan sem innan. Gleymum ekki að hreint heimili og umhverfi er til lofs fyrir þann Guð sem við tilbiðjum. Við kennum fólki að Jehóva Guð sé hreinn, að hann muni „eyða þeim sem jörðina eyða“ og að ríki hans breyti jörðinni bráðlega í paradís. (Opinberunarbókin 11:18; Lúkas 23:43) Við viljum auðvitað að heimili okkar og eigur beri þess vitni að við temjum okkur nú þegar hreinlæti sem hæfir nýja heiminum fram undan.

¹⁸ *Tilbeiðslustaður.* Þar sem við elskum Jehóva berum við virðingu fyrir ríkissalnum en hann er miðstöð sannrar tilbeiðslu á svæðinu. Þegar nýir koma í salinn viljum við að þeir fái góða mynd af staðnum þar sem við höldum samkomur. Til að salurinn sé aðlaðandi fyrir fólk þarf að ræsta

17. Af hverju ættum við að gæta þess að heimili okkar og umhverfi sé hreint og frambærilegt?

18. Hvernig getum við sýnt að við berum virðingu fyrir ríkissalnum?

hann reglulega og halda honum vel við. Við sýnum virðingu fyrir ríkissalnum með því að gera það sem við getum til að halda honum við. Það er heiður að geta boðið sig fram til að ræsta, „lagfæra og gera við“ tilbeiðslustaðinn okkar. (2. Kroníkubók 34:10) Hið sama gildir um mótshallir og annað húsnæði sem við notum til að halda svæðis- og umdæmismót.

HREINSUM OKKUR AF VENJUM SEM SAURGA

¹⁹ Til að halda líkamanum hreinum þurfum við að forðast venjur eða ávana sem saurga líkamann, svo sem reykingar, ofneyslu áfengis og notkun ávana- og fíkniefna. Í Biblíunni eru ekki nafngreindar sérstaklega allar þær óhreinu og ógeðfelldu venjur og ávanar sem tíðkast núna. Hins vegar inniheldur hún meginreglur sem gera okkur kleift að glöggva okkur á því hvernig Jehóva hlýtur að hugsa um slíkt. Þar sem við elskum Jehóva og vitum hvernig hann lítur á málin langar okkur til að gera það sem hann hefur velþóknun á. Lítum á fimm meginreglur í Biblíunni.

²⁰ „Þar eð við því höfum þessi fyrirheit, elskuð börn mín, þá hreinsum okkur af allri saurgun á líkama og sál og fullkomnum helgun okkar í guðsótta.“ (2. Korintubréf 7:1) Jehóva vill að við forðumst hvaðeina sem saurgar líkamann og spillir huga okkar og hneigðum. Þess vegna verðum við að forðast vanabindandi efni sem eru skaðleg fyrir líkama og geðheilsu.

²¹ Í Biblíunni eru færð sterk rök fyrir því að hreinsa sig „af allri saurgun“. Tökum eftir fyrstu orðunum í 2. Korintubréfi 7:1: „Þar eð við því höfum þessi fyrirheit.“ Hvaða fyrirheit? Í versunum á undan lofar Jehóva: „Ég mun taka

19. Hvað þurfum við að forðast til að halda líkamanum hreinum og hvernig hjálpar Biblían okkur til þess?

20, 21. Hvað vill Jehóva að þú forðist og hvaða sterku rök eru fyrir því að gera það?


LEGG ÉG HART AÐ MÉR AÐ GERA RÉTT?

Meginregla: „Ég aga líkama minn og geri hann að þræli mínum til þess að ég, sem hef prédikað fyrir öðrum, skuli ekki reynast óhæfur.“

— 1. Korintubríf 9:27.

Gott er að spyrja sig:

- Bið ég um anda Guðs til að hjálpa mér að standast þegar ég finn hjá mér löngun til að gera eitthvað sem myndi saurga mig? — Matteus 6:13.
- Dregur fólkíð sem ég umgengst, kvikmyndirnar sem ég horfi á og tónlistin sem ég hlusta á úr ásetningu mínum að forðast slæmar venjur? — 1. Pétursbréf 4:3, 4.
- Af hverju afsaka góð verk ekki syndsamlegt hátterni? — Matteus 23:25-28.
- Af hverju er ég fús til að þjást fyrir að gera vilja Guðs eins og Jesús þjáðist? — 1. Pétursbréf 2:21; 4:1.
- Hvernig get ég útskýrt fyrir öðrum af hverju ég vil ekki reykja? — Rómverjabréfið 12:1, 2.
- Er ég meðvitaður um að ég sé ekki algerlega mislukkaður þó að einhver óhreinn ávani taki sig aftur upp hjá mér um stund? — Rómverjabréfið 7:21-25.



ykkur að mér og ég mun vera ykkur faðir.“ (2. Korintubréf 6:17, 18) Hugsaðu þér: Jehóva lofar að vernda þig og elska eins og faðir elskar son eða dóttur. En hann gerir það því aðeins að þú saurgir þig ekki „á líkama og sál“. Það væri því heimskulegt að láta einhverjar ógeðfellar venjur eða ávana verða til þess að þú glataðir þessu dýrmæta og nána sambandi við Jehóva.

²² „Elska skalt þú Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni og öllum huga þínum.“ (Matteus 22:37) Jesús sagði að þetta væri mest allra boðorða Guðs. (Matteus 22:38) Jehóva Guð verðskuldar að við elskum hann heitt. Til að elska hann af öllu hjarta, sálu og huga verðum við að forðast hvaðeina sem gæti stytt líf okkar eða sljógvað hugann sem hann gaf okkur.

²³ „[Jehóva] gefur öllum líf og anda og alla hluti.“ (Postulasagan 17:24, 25) Lífið er gjöf frá Jehóva og við elskum hann þannig að okkur langar til að sýna virðingu fyrir gjöfinni. Við forðumst allar venjur og ávana sem eru skaðlegir heilsunni því að við vitum að annars værum við að sýna mikla óvirðingu fyrir lífinu sem við höfum fengið að gjöf. — Sálmur 36:10.

²⁴ „Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig.“ (Matteus 22:39) Óhreinir ávanar hafa oft áhrif á fleiri en þann sem stundar þá. Óbeinar reykingar geta til dæmis verið skaðlegar þeim sem ekki reykja. Ef við sköðum aðra erum við að brjóta það boðorð Guðs að elska náungann. Og við myndum jafnframt sýna að við elskuðum ekki Guð þó að við héldum öðru fram. — 1. Jóhannesarbréf 4:20, 21.

²⁵ „Minn þau á að lúta höfðingjum og yfirvöldum.“ (Títusarbréfið 3:1) Í mörgum löndum heims er það lögbrot að neyta fíkniefna eða vera með þau í fórum sínum. Við sem

22-25. Hvaða meginreglur geta hjálpað okkur að forðast óhreinar venjur og ávana?

„GUÐI ER EKKERT UM MEGN“

„Ég var farin að reykja sígarettur daglega þegar ég var 15 ára og drekka með vinum mínum um helgar,“ segir Helen.* „Seinna ánetjaðist ég krakki þó að ég væri orðin einstæð þriggja barna móðir. Það var allt komið í ófni hjá mér. Þá fór ég að kynna mér Biblíuna og með hjálp Jehóva tókst mér að breyta lífi mínu til betri vegar og losna úr viðjum fíknarinnar. Það var heilmikil barátta, sérstaklega að hætta að nota kókaínið. Ég held að ég hefði ekki getað gert þessar breytingar af sjálfdáðum. Ég get sagt með sanni að ég hafi séð orð Jesú rætast þegar hann sagði: ‚Guði er ekkert um megn.‘“ — Matteus 19:26.

* Nafninu er breytt.

þjónum Guði eigum hvorki ólögleg efni né notum þau. — Rómverjabréfið 13:1.

²⁶ Til að kærleikur Guðs varðveiti okkur verðum við að vera hrein að öllu leyti, ekki aðeins á sumum sviðum. Það getur verið þrautin þyngri að leggja af og forðast óhreinar venjur og ávana en það er hægt og er okkur fyrir bestu.* Jehóva kennir okkur alltaf það sem er gagnlegt fyrir okkur. (Jesaja 48:17) Síðast en ekki síst vitum við að við berum Guði okkar fagurt vitni ef við höldum okkur hreinum og þar með varðveitir kærleikur hans okkur.

* Sjá rammagreinarnar „Legg ég hart að mér að gera rétt?“ á bls. 94 og „Guði er ekkert um megn“, hér að ofan.

26. (a) Hvað þurfum við að gera til að kærleikur Guðs varðveiti okkur? (b) Hvers vegna er það okkur fyrir bestu að halda okkur hreinum í augum Guðs?

„Forðist saurlifnaðinn“

„Deyðið því hið jarðbundna í fari ykkar:
hórdóm, saurlifnað, losta, vonda fýsn og ágirnd
sem ekki er annað en skurðgoðadýrkun.“
— KÓLOSSUBRÉFIÐ 3:5.

VEIÐIMAÐURINN fer á uppáhaldsveiðistaðinn sinn. Hann ætlar sér að veiða ákveðna fiskitegund. Hann velur sér agn og kastar. Augnabliki síðar strekkist á línunni, stöngin svignar og veiðimaðurinn dregur fiskinn að landi. Hann brosir með sjálfum sér. Hann veit að hann valdi rétta agnið.

² Árið 1473 f.Kr. er maður að nafni Bíleam að leita að réttu agni. Bráðin er þjóð Guðs sem er í tjaldbúðum á Mó-absvöllum, rétt við landamæri fyrirheitna landsins. Bíleam þykist vera spámaður Jehóva en er í rauninni bara ágjarn maður sem hefur verið ráðinn til að formæla Ísraelsmönnum. En Jehóva tekur fram fyrir hendurnar á honum svo að hann getur ekki annað en blessað þjóðina. Bíleam er staðráðinn í að vinna til launa sinna og hugsar með sér að takist honum að lokka þjóðina til að drýgja alvarlega synd geti hann kannski fengið Guð til að formæla sinni eigin þjóð. Með það í huga kastar Bíleam agni sínu — og agnið er lokkandi ungar konur frá Móab. — 4. Mósebók 22:1-7; 31:15, 16; Opínberunarbókin 2:14.

³ Hreif þetta kænskubragð? Já, að vissu marki. Tugþúsundir ísraelskra karlmanna bitu á agnið og „hóruðust með móabískum konum“. Þeir tóku jafnvel að dýrka guði

1, 2. Hvernig áformaði Bíleam að gera þjóð Guðs mein?
3. Að hvaða marki tókst Bíleam það sem hann ætlaði sér?

Móabíta, þar á meðal hinn viðurstyggilega Baal Peór, guð frjósemi og kynlífs. Þetta varð til þess að 24.000 Ísraelsmenn týndu lífi rétt við landamæri fyrirheitna landsins. Hvílíkur harmleikur! — 4. Mósebók 25:1-9.

⁴ Hver var undanfari þessarar ógæfu? Margir voru komnir með illt hjarta. Þeir höfðu fjarlægst Jehóva Guð sem hafði þó frelsað þjóðina frá Egyptalandi, alið önn fyrir henni í eyðimörkinni og leitt hana örugga að landamærum fyrirheitna landsins. (Hebreabréfið 3:12) Páll postuli skrifaði um þetta mál: „Drýgjum ekki heldur hór eins og sumir þeirra, og tuttugu og þrjár þúsundir féllu á einum degi.“* — 1. Korintubréf 10:8.

⁵ Þjónar Guðs nú á dögum geta dregið mikinn lærdóm af frásögunni í 4. Mósebók því að þeir eru rétt í þann mund að ganga inn í fyrirheitið land sem er miklu fremra en það sem Ísraelsmönnum var gefið. (1. Korintubréf 10:11) Heimur nútímans er með kynlíf á heilan-

* Í 4. Mósebók eru greinilega taldir þeir sem Jehóva tók sjálfur af lífi og „leiðtogar þjóðarinnar“ sem dómaraar tóku af lífi en þeir kunna að hafa verið 1000 talsins. — 4. Mósebók 25:4, 5.

4. Af hverju urðu þúsundir Ísraelsmanna siðleysi að bráð?
5, 6. Hvers vegna hefur frásagan af synd Ísraelsmanna á Móabsvöllum mikið gildi fyrir okkur?

Horft yfir Móabsvelli.



um, líkt og Móabítar, en í margfalt víðtækari mæli. Og á hverju ári gera tugþúsundir þjóna Guðs sig seka um siðleysi — þeir bíta á sama agnið og Ísraelsmenn forðum daga. (2. Korintubríf 2:11) Sumir sem sækja samkomur votta Jehóva nú á dögum hafa haft spilland áhrif á söfnuðinn, ekki ósvipað og Simrí sem sprangaði með midíanska konu beint inn í búðir Ísraelsmanna og inn í tjald sitt. — 4. Mósebók 25:6, 14; Júdasarbréfið 4.

⁶ Sérðu sjálfan þig í svipaðri aðstöðu og Ísraelsmenn voru í á Móabsvöllum? Sérðu hilla undir launin við sjóndeildarhring — nýja heiminn sem menn hafa þráð svo lengi? Þá skaltu gera allt sem í þínu valdi stendur til að láta kærleika Guðs varðveita þig og fara eftir skipuninni: „Forðist saurlifnaðinn!“ — 1. Korintubríf 6:18.

HVAÐ ER SAURLIFNAÐUR?

⁷ Orðið „saurlifnaður“ (á grísku *porneía*) er notað í Biblíunni um óleyfileg kynmök utan biblíulega lögmæts hjónabands. Það nær yfir hjúskaparbrot, vændi og kynmök ógiftra einstaklinga, svo og munn- og endaparmsmök og það að handleika í kynferðislegum tilgangi kynfæri manneskju sem maður er ekki giftur. Það nær einnig yfir slíkar athafnir fólks af sama kyni og kynmök við dýr.*

⁸ Biblían er afdráttarlaus: Þeir sem stunda saurlifnað geta ekki verið í kristna söfnuðinum og hljóta ekki eilíft líf. (1. Korintubríf 6:9; Opinberunarbókin 22:15) Auk þess valda þeir sjálfum sér miklu tjóni. Þeir fyrirgera sjálfsvirðingunni og trausti annarra, setja hjónaband sitt eða annarra í uppnám, sitja uppi með slæma samvisku, óæskilega

* Fjallað er um merkingu hugtakanna óhreinleiki og ólifnaður í „Spurningum frá lesendum“ í *Varðturninum* (enskri útgáfu) 15. júlí 2006, gefið út af Vottum Jehóva.

Þungun eða sjúkdóma og setja sig jafnvel í lífshættu. (Galatabréfið 6:7, 8) Af hverju að fara út á þessa hættulegu braut? Margir hugsa því miður ekki um afleiðingarnar þegar þeir stíga fyrsta skrefið á óheillabrautinni — sem er oft fólgið í því að horfa á klám.

KLÁM — FYRSTA SKREFIÐ

⁹ Viðá um lönd blasir klámið við á blaðsölustöðum, er sýnt í sjónvarpi og er fyrirferðarmikið í tónlist. Það nánast gegnsýrir Netið.* Er það skaðlaust eins og sumir halda fram? Aldeilis ekki. Hætt er við að þeir sem horfa á klám-fengið efni fróí sér að staðaldri og ali með sér ‚svívirðilegar girndir‘ sem geta brotist út í kynlífsfíkn og afbrigðilegum löngunum, valdið alvarlegum erfiðleikum milli hjóna og jafnvel skilnaði.† (Rómverjabréfið 1:24-27; Efesusbréfið 4:19) Rannsóknarmaður líkir kynlífsfíkn við krabbamein. „Hún vex og breiðist út jafnt og þétt,“ segir hann. „Hún gengur sárasjaldan til baka og það er ákaflega erfitt að meðhöndla hana og lækna.“

¹⁰ Við skulum nú líta á Jakobsbréfið 1:14, 15. Þar stendur: „Það er eigin girnd sem freistar sérhvers manns og dregur hann og tælir. Þegar girndin síðan er orðin þunguð elur hún synd og þegar syndin er orðin fullproskuð leiðir hún til dauða.“ Ef spilltar langanir kvikna í huga þér skaltu losa þig við þær tafarlaust! Ef kynæsandi myndir ber óvart fyrir augu þér ættirðu að líta undan þegar í stað,

* „Klám“ er notað hér um myndir og talað eða prentað mál sem beinir athyglinni að ástálfi og er ætlað að örva kynhvötina. Það getur verið allt frá myndum af fólki í kynæsandi stellingum upp í grófustu myndir af kynferðislegum athöfnum tveggja eða fleiri einstaklinga.

† Rætt er um sjálfsfróun í viðaukanum á bls. 218-19.

9. Er klám skaðlaust eins og sumir halda fram? Skýrðu svarið.

10. Hvernig er hægt að beita meginreglunni í Jakobsbréfinu 1:14, 15? (Sjá einnig rammagreinina á bls. 101.)

slökkva á tölvunni eða skipta um sjónvarpsrás. Gerðu það sem gera þarf til að kæfa siðlausa löngun áður en hún verður óviðráðanleg og tekur af þér völdin. — Matteus 5: 29, 30.

¹¹ Það er ærin ástæða fyrir því að sá sem þekkir okkur betur en við sjálf skuli hvetja okkur: „Deyðið því hið jarðbundna í fari ykkar: hórdóm, saurlifnað, losta, vonða fýsn og ágirnd sem ekki er annað en skurðgoðadýrkun.“ (Kólossubréfið 3:5) Þetta getur kostað talsvert átak. En munum að við eigum kærleiksríkan og þolinmóðan föður á himnum sem við getum ákallað. (Sálmur 68:20)

11. Hvernig getum við sýnt að við treystum Jehóva þegar við eigum í baráttu við rangar langanir?

STYRKUR TIL AÐ VERA SIÐFERÐILEGA HREINN

„Á unglingsárunum lenti ég í þeim vítahring að horfa á klám og fróa mér,“ segir ungur maður. „Skólafélagarnir litu bara á það sem eðlilegan þátt unglingsáranna. Þetta sljógvaði hins vegar samvisku mína og ég leiddist út í siðlaust líferni. Að lokum áttaði ég mig á því að ég var bara þræll langana minna. Með hjálp Jehóva og safnaðarins tókst mér að sigrast á þessum óhreina ávana. Núna er ég varkár í sambandi við félagsskap af því að ég veit að aðrir geta haft mikil áhrif á mann. Ég hef komist að raun um að reglulegt biblúnám og bænir eru nauðsynlegar til að gömlu ávanarnir taki sig ekki upp aftur. Ég læt ekki langanir holdsins ráða yfir mér lengur heldur hef ég hlotið þann heiður að mega vera brautryðjandi.“

Vertu fljótur að leita til hans þegar óhreinar hugsanir skjóta upp kollinum. Biddu hann að gefa þér ‚kraftinn mikla‘ og þvingaðu hugann til að einbeita sér að einhverju öðru. — 2. Korintubréf 4:7; 1. Korintubréf 9:27; sjá rammagreinina „Hvernig get ég sigrast á slæmum ávana?“ á bls. 104.

¹² Vitringurinn Salómon skrifaði: „Varðveit hjarta þitt framfar öllu öðru því að þar eru uppsprettur lífsins.“ (Orðskviðirnir 4:23) „Hjartað“ er okkar innri maður, sú manneskja sem við erum í raun og veru í augum Guðs. Og það er ekki álit annarra manna sem ræður því hvort við hljótum eilíft líf heldur mat Jehóva á „hjarta“ okkar. Málíð er ekki flóknara en það. En þetta er jafnframt alvarlegt mál. Job gerði sáttmála — formlegan samning — við augu sín um að horfa ekki girndarauga á konu. (Jobsbók 31:1) Það er gott dæmi til eftirbreytni. Sálmaskáldið var sama sinnis og bað til Guðs: „Snú augum mínum frá hégóma.“ — Sálmur 119:37.

ÓVITURLEG ÁKVÖRÐUN DÍNU

¹³ Eins og fram kom í 3. kafla geta vinir okkar haft sterk áhrif á okkur til góðs eða ills. (Orðskviðirnir 13:20; 1. Korintubréf 15:33) Tökum Dínu sem dæmi en hún var dóttir ættföðurins Jakobs. (1. Mósebók 34:1) Þrátt fyrir gott uppeldi tók hún þá óviturlegu ákvörðun að vingast við kanverskar stúlkur. Kanverjar voru alræmdir fyrir lauslæti ekki síður en Móabítar. (3. Mósebók 18:6-25) Kanverskir karlar hljóta að hafa hugsað sem svo að Dína hefði ekkert á móti því að þeir reyndu við hana. Einn þessara karla var Síkem en sagt er að hann hafi notið „mestrar virðingar í ætt föður síns“. — 1. Mósebók 34:18, 19.

12. Hvað er „hjartað“ og af hverju verðum við að varðveita það?

13. Hver var Dína og af hverju var óviturlegt af henni að vingast við kanverskar stúlkur?



Það er skynsamlegt að leyfa aðeins aðgang að Netinu í opnu rými á heimilinu.

¹⁴ Dína hefur trúlega ekki haft kynmök í huga þegar hún sá Síkem. En hann gerði það sem flestir Kanverjar hafa sennilega talið eðlilegt þegar kynferðisleg örvun var annars vegar. Það stoðaði lítið fyrir Dínu að veita einhverja mótspyrnu á síðustu stundu því að hann „tók hana með valdi“ og „nauðgaði henni“. Hann virðist síðar hafa „lagt ást“ á Dínu en það breytti ekki því sem hann hafði gert henni. (1. Mósebók 34:1-4) Og það var ekki aðeins Dína sem fór illa út úr þessu heldur varð félagsskapurinn, sem hún valdi sér, til þess að kalla hneisu og skömm yfir alla fjölskylduna. — 1. Mósebók 34:7, 25-31; Galatabréfið 6:7, 8.

¹⁵ Hafi Dína lært sína lexíu var það í hörðum skóla reynslunnar. Þeir sem elska Jehóva og hlýða honum þurfa ekki að læra á lífið með þessum hætti. Þeir hlýða á Guð

14. Hvernig hafði félagsskapur Dínu hörmulegar afleiðingar?

15, 16. Hvernig getum við aflað okkur sannrar visku? (Sjá einnig rammagreinina á bls. 109.)

HVERNIG GET ÉG SIGRAST Á SLÆMUM ÁVANA?

Meginregla: „Þér, sem elskið Drottin, hatið illt.“
— Sálmur 97:10.

Gott er að spyrja sig:

- Forðast ég aðstæður sem gætu vakið upp rangar langanir? — Matteus 5:27, 28.
- Hugleiði ég hvaða afleiðingar það myndi hafa að láta undan röngum löngunum? — Orðskviðirnir 22:3.
- Hvað er ég fús til að leggja á mig til að sigrast á slæmum ávana? — Matteus 5:29, 30.
- Er ég tilbúinn til að ræða vandamálið við foreldra mína eða þroskaðan vin? — Orðskviðirnir 1:8, 9; Galatabréfið 6:1, 2.
- Hvernig get ég sýnt að ég treysti á visku Jehóva og styrk frá honum til að sigrast á vandanum? — Orðskviðirnir 3:5, 6; Jakobsbréfið 1:5.



og eiga „samneyti við vitra menn“. (Orðskviðirnir 13:20a) Þeir læra að skilja „sérhverja braut hins góða“ og forðast óþarfa erfiðleika og sársauka. — Orðskviðirnir 2:6-9; Sálmur 1:1-3.

¹⁶ Viskan frá Guði stendur öllum til boða sem þrá að eignast hana og leggja sig fram um það með því að vera bænærknir og iðnir að lesa Biblíuna og efni frá hinum

trúa og hyggna þjóni. (Matteus 24:45; Jakobsbréfið 1:5) Það er einnig mikilvægt að vera auðmjúkur en það birtist í því að maður er fús til að fara eftir biblíulegum ráðum. (2. Konungabók 22:18, 19) Þjónn Guðs viðurkennir kannski þá staðreynd að hjartað geti verið svikult og forhert. (Jeremía 17:9) En er hann nógu auðmjúkur til að þiggja markviss og kærleiksrík ráð og aðstoð þegar á þarf að halda?

¹⁷ Hugsum okkur eftirfarandi dæmi. Faðir vill ekki leyfa dóttur sinni að fara út með ungum manni í söfnuðinum án þess að einhver sé með þeim. Stúlkan maldar í móinn: „En pabbi, treystirðu mér ekki? Við gerum ekkert af okkur!“ Stúlkan elskar Jehóva og vill gera hið rétta en breytir hún í samræmi við visku hans? Er hún að „forðast saurlifnaðinn“ með þessu? Eða sýnir hún þá óskynsemi að „treysta á eigið hyggjuvit“? (Orðskviðirnir 28:26) Kannski koma þér í hug fleiri meginreglur sem gætu hjálpað föðurnum og dótturinni að hugsa skynsamlega í þessu máli. — Sjá Orðskviðina 22:3; Matteus 6:13; 26:41.

JÓSEF FORÐAÐIST SAURLIFNAÐ

¹⁸ Jósef, hálfbróðir Dínu, var ungur maður sem elskaði Guð og forðaðist saurlifnað. (1. Mósebók 30:20-24) Sem drengur hafði hann séð með eigin augum hvað hlaust af heimskulegri breytni systur hans. Minningin um það og löngun hans til að láta kærleika Guðs varðveita sig hefur eflaust verndað hann löngu seinna þegar hann var kominn til Egyptalands og eiginkona húsbónda hans reyndi „dag eftir dag“ að draga hann á talar. Jósef var þræll og þar af leiðandi gat hann ekki bara sagt upp og farið. Hann

17. Lýstu hvað gæti komið upp í fjölskyldu og hvernig faðir gæti rökrað við dóttur sína.

18, 19. Fyrir hvaða freistingu varð Jósef og hvernig brást hann við henni?

þurfti að takast á við áreitið með hugrekki og skynsemi. Hann færðist undan umleitunum hennar æ ofan í æ og lagði að lokum á flótta. — 1. Mósebók 39:7-12.

¹⁹ Ætli Jósef hefði getað verið ráðvandur ef hann hefði rennt löngunaraugum til konunnar eða látið sig dreyma dagdrauma um kynlíf? Sennilega ekki. En Jósef gældi ekki við syndsamlegar hugsanir. Hann lagði mikið upp úr sambandi sínu við Jehóva eins og glögg má sjá af orðum hans við konu Pótífars. Hann sagði: „Húsbóndi minn . . . neitar mér ekki um neitt nema þig vegna þess að þú ert kona hans. Hvers vegna skyldi ég þá aðhafast svo illt og syndga á móti Guði?“ — 1. Mósebók 39:8, 9.

²⁰ Við getum rétt ímyndað okkur hvað það hlýtur að hafa glatt Jehóva að sjá hvernig ungi maðurinn Jósef var honum trúr dag eftir dag, fjarri fjölskyldu sinni. (Orðskviðirinnir 27:11) Síðar bjó Jehóva svo um hnútana að Jósef var ekki aðeins sleppt úr fangelsi heldur var hann gerður að forsætis- og matvælaráðherra Egyptalands! (1. Mósebók 41: 39-49) Það er dagsatt sem segir í Sálmi 97:10: „Þér, sem elskið Drottin, hatið illt. Hann verndar dýrkendur sína, frelsar þá úr hendi óguðlegra.“

²¹ Margir þjónar Guðs nú á dögum sýna og sanna að

20. Hvernig bjó Jehóva um hnútana í máli Jósefs?

21. Hvernig sýndi ungur bróðir í Afríku staðfestu?



þeir ‚hata hið illa og elska hið góða‘. (Amos 5:15) Ungur bróðir í landi einu í Afríku minnst þess að bekkjarsystir bauð honum blygðunarlaust að eiga við hann kynmök ef hann vildi hjálpa henni í stærðfræðiprófi. „Ég hafnaði boðinu þegar í stað“, segir hann. „Með því að vera ráðvandur hélt ég reisu minni og sjálfsvirðingu sem er miklu verðmætara en gull og silfur.“ Vissulega er hægt að „njóta skammvinnns unaðar af syndinni“ en sá unaður er hverfull og hefur oft mikinn sársauka í för með sér. (Hebreabréfið 11:25) Og hann er hjómið eitt í samanburði við þá varanlegu hamingju sem fylgir því að hlýða Jehóva. — Orðskviðirnir 10:22.

ÞIGGÐU HJÁLP FRÁ MISKUNNSÖMUM GUÐI

²² Þar sem við erum ófullkomin kostar það baráttu að halda löngunum holdsins í skefjum og gera það sem er rétt í augum Guðs. (Rómverjabréfið 7:21-25) Jehóva veit það og „minnst þess að vér erum mold“. (Sálmur 103:14) En stundum getur það gerst að kristinn maður drýgir alvarlega synd. Er þá öll von úti? Alls ekki. Auðvitað getur hann þurft að súpa seyðið af því sem hann gerði, rétt eins og Davíð konungur. Guð er hins vegar alltaf „fús til að fyrirgefa“ þeim sem iðrast og játar syndir sínar opin-skátt. — Sálmur 86:5; Jakobsbréfið 5:16; Orðskviðirnir 28:13.

²³ Guð hefur enn fremur í gæsku sinni gefið söfnuðinum þroskaða umsjónarmenn sem eru bæði færir um að veita aðstoð og fúsir til þess. (Efesusbréfið 4:8, 12; Jakobsbréfið 5:14, 15) Markmiðið er að hjálpa hinum brotlega að endurheimta sambandið við Guð og ‚auka skynsemi sína‘, eins og spekingurinn orðar það, til að syndin endurtaki sig ekki. — Orðskviðirnir 15:32.

22, 23. (a) Af hverju er ekki öll von úti þó að kristinn maður drýgi alvarlega synd? (b) Hvaða hjálp getur sá fengið sem syndgar?

AÐ ‚AUKA SKYNSEMI SÍNA‘

²⁴ Í Biblíunni er talað um fólk sem er „vitstola“ og fólk sem „eykur skynsemi sína“. (Orðskviðirnir 7:7) Hjá þeim sem er óþroskaður í trúnni og reynslulítill í þjónustu Guðs getur vantað eitthvað upp á góða dómgreind. Honum gæti hætt til að fremja alvarlega synd líkt og unga mannum sem sagt er frá í Orðskviðunum 7:6-23. „Sá sem öðlast skilning“ fylgist hins vegar vel með ástandi hins innra manns með því að vera bænærkinn og stunda reglulegt biblíunám. Að því marki sem ófullkomleikinn leyfir samræmir hann hugsanir sínar, langanir, tilfinningar og markmið því sem Guð hefur velpóknun á. Hann „vinnur sér mest gagn“ og „hlýtur hamingju“. — Orðskviðirnir 19:8.

²⁵ Spyrðu sjálfan þig hvort þú sért fullkomlega sannfærður um að meginreglur Jehóva séu réttar. Trúirðu staðfastlega að það sé þér til farsældar að fylgja þeim? (Sálmur 19:8-11; Jesaja 48:17, 18) Ef þú ert í minnsta vafa skaltu reyna að eyða honum. Hugleiddu hvaða afleiðingar það hefur að virða ekki lög Guðs. „Finndu og sjáðu að Jehóva er góður“ með því að lifa í samræmi við sannleikann og með því að fylla hugann af heilnæmum hugsunum — af því sem er satt, rétt, hreint, elskuvert og göfugt. (Sálmur 34:9; Filippíbréfið 4:8, 9) Þú mátt treysta að því meira sem þú leggur þig fram þeim mun heitar muntu elska Jehóva, elska það sem hann elskar og hata það sem hann hatar. Jósef var ekkert ofurmenni. Samt gat hann ‚forðast saurlifnaðinn‘ af því að hann leyfði Jehóva að móta sig árum saman og þráði að þóknast honum. Vonandi gerir þú það líka. — Jesaja 64:7.

24, 25. (a) Hvernig sýndi ungi maðurinn, sem er lýst í Orðskviðunum 7:6-23, að hann var „vitstola“? (b) Hvernig getum við ‚aukið skynsemi okkar‘?

BIBLÍUVERS TIL HUGLEIÐINGAR

„Þér, sem elskið Drottin, hatið illt.“ – Sálmur 97:10.

„Hver sem horfir á konu í girndarhug hefur þegar drýgt hór með henni í hjarta sínu.“ – Matteus 5:28.

„Saurlífismaðurinn syndgar á móti eigin líkama.“ – 1. Korintubríf 6:18.

„Ég aga líkama minn og geri hann að þraeli mínum til þess að ég, sem hef prédikað fyrir öðrum, skuli ekki reynast óhæfur.“ – 1. Korintubríf 9:27.

„Það sem maður sáir, það mun hann og uppskera. Sá sem sáir í hold sjálfs sín mun af holdinu uppskera glötun en sá sem sáir í andann mun af andanum uppskera eilíft líf.“ – Galatabréfið 6:7, 8.

„Deyðið því hið jarðbundna í fari ykkar: hórðóm, saurlifnað [og] losta.“ – Kólossubrésið 3:5.

„Sérhvert ykkar temji sér að halda líkama sínum í helgun og heiðri en ekki í losta.“ – 1. Þessaloníkubríf 4:4, 5.

²⁶ Skaparinn gaf okkur ekki getnaðarfærin til að nota sem leikföng heldur til að gera okkur kleift að eignast börn og eiga ánægjustundir með maka okkar. (Orðskviðirnir 5:18) Í næstu tveim köflum er fjallað um það hvernig Guð lítur á hjónabandið.

26. Um hvaða mikilvæga mál er fjallað næst?

Hjónaband — gjöf frá Guði kærleikans

„Prefaldan þráð er torvelt að slíta.“ — PRÉDIKARINN 4:12.

HEFURÐU gaman af að fara í brúðkaup? Það finnst mörgum því að brúðkaup geta verið einstaklega ánægjuleg. Maður sér brúðhjónin í sínu fínasta þússi og þau geisla af gleði. Á brúðkaupsdeginum eru þau brosandi út að eyrum og framtíðin er full af fyrirheitum.

² Hitt verður þó að viðurkenna að hjónabandið á að mörgu leyti erfitt uppdráttar nú um stundir. Við óskum nýgiftum hjónum alls hins besta en veltum þó stundum fyrir okkur hvort þau eigi eftir að verða hamingjusöm og hvort hjónabandið eigi eftir að endast. Svárið ræðst af því hvort hjónin treysta leiðbeiningum Guðs um hjónabandið og fara eftir þeim. (Orðskviðirnir 3:5, 6) Það þurfa þau að gera til að kærleikur Guðs varðveiti þau. Við skulum nú leita svara Biblíunnar við fjórum spurningum: Af hverju gengur fólk í hjónaband? Hvernig á maður að velja sér maka? Hvernig er hægt að búa sig undir hjónaband? Og hvað getur hjálpað hjónum að vera hamingjusöm?

AF HVERJU GENGUR FÓLK Í HJÓNABAND?

³ Sumir halda að það sé nauðsynlegt að gifta sig til að vera hamingjusamur, að maður geti ekki öðlast lífsfyll-

1, 2. (a) Hvaða spurningar koma stundum upp í hugann þegar fólk gengur í hjónaband og af hverju? (b) Hvaða spurningar verða ræddar í þessum kafla?

3. Af hverju er óviturlegt að gifta sig af litlu tilefni?

ingu nema maður finni sér maka. Það er alls ekki rétt. Jesús var einhleypur og sagði að sumum væri gefið að geta verið það. Hann hvatti þá sem gætu til að vera einhleypir. (Matteus 19:11, 12) Páll postuli ræddi einnig um kosti þess að vera einhleypur. (1. Korintubrэф 7:32-38) Hvorki Jesús né Páll gerðu þetta hins vegar að reglu. Reyndar er það að „banna hjúskap“ flokkað með „lærdómum illra anda“. (1. Tímóteusarbrэф 4:1-3) Engu að síður hefur einhleypi marga kosti fyrir þá sem vilja þjóna Jehóva án truflunar. Það er því óviturlegt að gifta sig af litlu tilefni, svo sem vegna hópþrýstings.

⁴ En er hægt að nefna einhverjar góðar og gildar ástæður fyrir því að ganga í hjónaband? Já, hjónabandið er gjöf frá Guði kærleikans. (1. Mósebók 2:18) Það hefur því ýmsa kosti og býður upp á góða möguleika fyrir fólk til að vera hamingjusamt. Farsælt hjónaband skapar til dæmis bestu skilyrðin til að ala upp börn. Þau þurfa að búa við stöðugleika og eiga foreldra til að ala þau upp, elska, aga og leiðbeina. (Sálmur 127:3; Efesusbrэф-ið 6:1-4) En barneignir eru ekki eina ástæðan til að gifta sig.

⁵ Lítum á ritningarstaðinn í upphafi kaflans og skoðum hann í samhengi. „Betri eru tveir en einn því að þeir hafa betri laun fyrir strit sitt. Falli annar þeirra getur hinn reist féлага sinn á fætur en vei einstæðingnum sem fellur og enginn er til að reisa á fætur. Ef tveir sofa saman er þeim heitt en hvernig getur þeim hitnað sem er einn? Ef einhver ræðst á þann sem er einn munu tveir geta staðist hann og þrefaldan þráð er torvelt að slíta.“ – Prédikarinn 4:9-12.

4. Hvers konar skilyrði skapar hjónaband til barnauppeldis? 5, 6. (a) Hvernig er kostum góðrar vináttu lýst í Prédikaranum 4:9-12? (b) Hvernig getur hjónaband verið eins og þrefaldur þráður?

⁶ Þessi vers fjalla fyrst og fremst um gildi góðra vináttubanda. Hjónaband er auðvitað nánasti vinskapur sem hægt er að hugsa sér. Eins og versin bera með sér geta hjón stutt hvort annað, hughreyst og verndað. En hjónabandið verður enn sterkara ef það er ekki bara samband karls og konu. Eins og gefið er í skyn í síðasta versinu væri hægt að slíta tvöfaldan þráð. Það er miklu erfiðara að slíta þráð sem er ofinn eða snúinn úr þrem þáttum. Þegar bæði hjónin leggja sig fram um að þóknast Jehóva er hjónabandið eins og þrefaldur þráður. Jehóva er þá mikilvægur þáttur í hjónabandinu og gerir það mun sterkara en ella væri.

⁷ Það er aðeins innan hjónabands sem hægt er að svala kynhvötinni á réttmætan hátt. Þar má með réttu líta á kynmök sem gleðigjafa. (Orðskviðirnir 5:18) Þó að einhleypur einstaklingur sé kominn á ‚manndómsskeið‘ og unglingsárin liðin hjá — sá tími þegar sterk kynhvöt gerir fyrst vart við sig — getur hann engu að síður átt í baráttu við þessa hvöt. Ef ekki er haft taumhald á henni getur það leitt til óhreinnar eða óviðeigandi hegðunar. Páli var innblásið að ráðleggja einhleypu fólki: „Hafi þau ekki taumhald á sjálfum sér, þá gangi þau í hjónaband því að betra er að ganga í hjónaband en að brenna af girnd.“ — 1. Korintubréf 7:9, 36; Jakobsbréfið 1:15.

⁸ En hver sem ástæðan er fyrir því að fólk giftir sig er nauðsynlegt að vera raunsær. Eins og Páll komst að orði hljóta þeir sem ganga í hjónaband „þrenging . . . fyrir hold sitt“. (1. Korintubréf 7:28, *Biblían 1912*) Hjón eiga við ýmis vandamál að glíma sem einhleyppt fólk er laust við. En hvað geta þeir sem stofna til hjónabands gert til að vandamálin verði sem fæst og sambúðin sem farsælust? Meðal annars að velja sér maka af skynsemi.

7, 8. (a) Hvað ráðlagði Páll einhleypu fólki sem á í baráttu við kynhvötina? (b) Hvaða raunsæja sýn gefur Biblían á hjónaband?

HVERNIG Á MAÐUR AÐ VELJA SÉR MAKA?

⁹ Páli var innblásið að skrásetja mikilvæga meginreglu sem fólk ætti að fylgja þegar það velur sér maka: „Dragið ekki ok með vantrúuðum.“ (2. Korintubrэф 6:14) Samlíkingin er sótt til akuryrkju. Ef tvö misstór eða missterk dýr eru látin ganga undir sama oki kemur það niður á þeim báðum. Það má segja hið sama um hjónaband. Ef þjónn Jehóva velur sér maka sem er annarrar trúar eru miklar líkur á að það valdi spennu og ágreiningi. Ef annað hjónanna vill þjóna Guði kærleikans en hitt hefur lítinn eða engan áhuga á því verða áherslur þeirra í lífinu ólíkar og það veldur erfiðleikum fyrir þau bæði. Páll hvetur því kristna menn til að giftast aðeins „í Drottni“. — 1. Korintubrэф 7:39, *Biblían 1981*.

¹⁰ Í sumum tilfellum hafa einhleypir þjónar Guðs ályktað sem svo að það sé þó betra að giftast vantrúuðum en vera einmana. Sumir ákveða að fara ekki eftir ráðum Biblíunnar og finna sér maka sem þjónar ekki Jehóva. Útkoman hefur oft orðið dapurleg. Þeir uppgötva að þeir eru bundnir lífsförunaut sem þeir geta ekki deilt með því sem er mikilvægast í lífinu. Einmanaleikinn, sem það hefur í för með sér, er stundum miklu verri en þeir þjuggu við áður en þeir giftust. Þúsundir einhleypra kristinna manna treysta hins vegar ráðleggingum Guðs og fylgja þeim dyggilega. (Sálmur 32:8) Þeir hafa kannski hugsað sér að giftast einhvern tíma en gera það ekki fyrr en þeim tekst að finna sér maka sem tilbiður Jehóva Guð.

¹¹ Auðvitað er ekki sjálfgefið að allir sem þjóna Jehóva séu hentugur maki. Ef þú ert að hugsa um að giftast

9, 10. (a) Hvernig lýsti Páll hættunni sem fylgir því að velja sér maka sem er ekki í trúnni? (b) Hvaða afleiðingar hefur það oft að fara ekki eftir því ráði Guðs að giftast aðeins í trúnni?

11. Hvað getur hjálpað þér að velja góðan maka? (Sjá einnig ramma-greinina á bls. 114.)

AÐ HVERJU Á ÉG AÐ LEITA Í FARI VÆNTANLEGS MAKA?

Meginregla: „Þau tvö skulu verða einn maður.“
— Matteus 19:5.

Gott er að spyrja sig:

■ Af hverju er mikilvægt að vera kominn á manndóms-skeið' áður en maður festir ráð sitt? — 1. Korintubríf 7:36; 13:11; Matteus 19:4, 5.

■ Hvernig getur það verið mér til góðs að vera einhleypur um tíma þó að ég sé kominn á giftingaraldur? — 1. Korintubríf 7:32-34, 37, 38.

■ Hvers vegna er mikilvægt að tilvonandi maki hafi þjónað Jehóva dyggilega um skeið? — 1. Korintubríf 7:39.

■ Hvernig geta eftirfarandi ritningarstaðir hjálpað systur að koma auga á eiginleika sem eiginmaður þarf að hafa til að bera? — Sálmur 119:97; 1. Tímóteusarbréf 3:1-7.

■ Hvernig geta Orðskviðirnir 31:10-31 hjálpað bróður að sýna skynsemi þegar hann velur sér konu?



skaltu leita að maka sem elskar Jehóva, hefur svipuð markmið í trúnni og þú og persónuleika sem fer saman við þinn. Hinn trúi þjónshópur hefur gefið út heilmikið efni um þetta mál. Þú ættir að kynna þér þetta efni, ræða málið við Jehóva í bæn og taka mið af hinum biblíutengdu ráðum þegar þú tekur þessa mikilvægu ákvörðun.* – Sálmur 119:105.

¹² Í mörgum löndum tíðkast það að foreldrar velji maka handa börnum sínum. Í þessum samfélögum er almennt viðurkennt að foreldrarnir búi yfir þeirri visku og reynslu sem þarf til að taka svona alvarlega ákvörðun. Hjónabönd, sem er stofnað til með þessum hætti, reynast oft farsæl ekki síður en á biblíutímanum. Frásagan af því hvernig Abraham sendi þjón sinn til að finna konu handa Ísak er lærdómsrík fyrir foreldra sem eru í þessari aðstöðu nú á dögum. Abraham hugsaði ekki um peninga eða þjóðfélagsstöðu heldur lagði mikla áherslu á að fundin yrði kona handa Ísak meðal tilbiðjenda Jehóva.# – 1. Mósebók 24:3, 67.

HVERNIG ER HÆGT AÐ BÚA SIG UNDIR FARSÆLT HJÓNABAND?

¹³ Ef þú ert að hugsa um að ganga í hjónaband ættrirðu að spyrja þig hvort þú sért í alvöru undir það búinn.

* Sjá 2. kafla bókarinnar *Farsælt fjölskyldulíf – hver er leyndardómurinn?* gefin út af Vottum Jehóva.

Sumir hinna trúu ættfeðra áttu fleiri en eina konu. Jehóva umbar fjölkvæni meðal ættfeðranna og meðal Ísraelsmanna. Hann kom því ekki á heldur setti einungis ákvæði um það. Kristnir menn hafa hins vegar hugfast að Jehóva leyfir ekki lengur fjölkvæni meðal tilbiðjenda sinna. – Matteus 19:9; 1. Tímóteusarbréf 3:2.

12. Hvernig er stofnað til hjúskapar í mörgum löndum og hvaða dæmi í Biblíunni má hafa til hliðsjónar?

13-15. (a) Hvernig getur meginreglan í Orðskviðunum 24:27 hjálpað ungum manni sem stefnir að hjónabandi? (b) Hvað getur ung kona gert til að búa sig undir hjónaband?

Svarið snýst ekki eingöngu um það hvernig þú hugsar um ást, kynlíf, félagsskap eða barnauppleidi. Allir sem ætla sér að stofna til hjúskapar þurfa einnig að hugsa um viss markmið.

¹⁴ Ungur maður, sem er að leita sér að konu, ætti að hugsa vandlega um þessa meginreglu: „Sinntu útiverkunum og ljúktu þeim á akrinum, síðan getur þú byggt þér hús.“ (Orðskviðirnir 24:27) Hvað er verið að benda á? Sá sem vildi ‚byggja sér hús‘, það er að segja að stofna heimili, þurfti að spyrja sjálfan sig hvort hann væri tilbúinn til að sjá fyrir eiginkonu og væntanlegum börnum. Hann þurfti að byrja á því að vinna með því að annast akur sinn og uppskeru. Staðan er sú sama nú á tímum. Maður sem ætlar sér að giftast þarf að búa sig undir ábyrgðina sem fylgir því. Hann þarf að vinna svo framarlega sem heilsa og kraftar leyfa. Í Biblíunni kemur fram að sá sem sér ekki fyrir efnislegum, tilfinningalegum og andlegum þörfum fjölskyldu sinnar sé verri en vantrúaður. — 1. Tímóteusarbréf 5:8.

¹⁵ Kona, sem ákveður að gifta sig, er líka að taka á sig margs konar skyldur. Í Biblíunni er talað um sumt af því sem eiginkona þarf að hafa til brunns að bera til að styðja mann sinn og annast heimilið. (Orðskviðirnir 31:10-31) Þegar karlar og konur ana út í hjónaband án þess að búa sig undir að axla ábyrgðina sem fylgir því, ber það í rauninni vott um eigingirni því að þau hugsa lítið um hvað þau geti boðið tilvonandi maka sínum. Síðast en ekki síst þurfa þeir sem stefna að hjónabandi að vera færir um að fylgja meginreglum Guðs.

¹⁶ Til að búa sig undir hjónaband þarf fólk að hugleiða þau hlutverk sem Guð hefur falið eiginmanni og

16, 17. Hvaða meginreglur Biblíunnar ættu þeir sem hyggja á hjónaband að hugleiða?

eiginkonu. Maðurinn þarf að vita hvað það merkir að vera höfuð kristinnar fjölskyldu. Það merkir ekki að hann megi drottna með harðri hendi yfir heimilinu heldur á hann að líkja eftir forystu Jesú. (Efesusbréfið 5:23) Kristin kona þarf einnig að skilja hvert sé hið göfuga hlutverk eiginkonunnar. Er hún fús til að lúta „því lögmáli sem bindur hana“ eiginmanninum? (Rómverjabréfið 7:2) Hún er nú þegar bundin af lögmáli Jehóva og Krists. (Galatabréfið 6:2) Forysta eiginmannsins í fjölskyldunni er líka eins konar lögmál. Getur hún verið undirgefin ófullkomnum manni og stutt hann? Ef henni hugnast það ekki ætti hún ekki að ganga í hjónaband.

¹⁷ Bæði hjónin þurfa að vera reiðubúin að annast sérstakar þarfir hvort annars. (Filippíbréfið 2:4) Páll skrifaði: „Hver og einn skal elska eiginkonu sína eins og sjálfan sig en konan beri lotningu fyrir manni sínum,“ það er að segja djúpa virðingu. Vegna innblásturs vissi Páll að það væri mikilvægt fyrir manninn að skynja að konan bæri djúpa virðingu fyrir honum. Og það er mikilvægt fyrir konuna að finna að eiginmaðurinn elskar hana. — Efesusbréfið 5:21-33.

¹⁸ Tilhugalífið er sem sagt ekki bara tækifæri til að skemmta sér. Hjónaley sin eiga að nota það til að skilja og skynja hvernig þau eigi að koma fram hvort við annað og til að kanna hvort það sé skynsamlegt fyrir þau að giftast. Og þau þurfa líka að sýna sjálfstjórn. Það getur verið ákaflega freistandi að ganga lengra í ástaratlotum en góðu hófi gegnir því að hið líkamlega aðdráttarafl er ofur eðlilegt. En tveir einstaklingar, sem elska hvor annan, gæta þess að gera ekkert sem myndi skemma samband hins við Guð. (1. Þessaloníkubríf 4:6) Sýndu því sjálfstjórn í

18. Af hverju ættu hjónaleysi að sýna sjálfstjórn í tilhugalífínu?

tilhugalífinu því að það verður þér til góðs alla ævi, hvort sem þú giftist eða ekki.

HVERNIG GETUR HJÓNABANDIÐ ORÐIÐ TRAUST OG VARANLEGT?

¹⁹ Ef hjón ætla að gera hjónaband sitt traust og varanlegt þurfa þau að sjá skuldbingar sínar í réttu ljósi. Í skáldsögum og kvikmyndum er farsæll endir oft fólgin í því að fólk nái saman og giftist. Í veruleikanum er stofnun hjónabands ekki endir heldur upphaf – upphaf sambands sem Jehóva ætlast til að endist. (1. Mósebók 2:24) Það er því miður ekki útbreidd skoðun í heimi nútímans. Í sumum menningarsamfélögum er haft á orði að fólk „hnýti hnútinn“ þegar það gengur í hjónaband. Margir átta sig líklega ekki á því hve vel þetta myndmál lýsir almenntri skoðun á hjónabandinu. Góður hnútur á vissulega að halda meðan hans er þörf en það er líka ætlast til þess að auðvelt sé að hnýta hann og *leysa*.

²⁰ Í augum margra er hjónaband ekki bindandi. Þeir giftast fúslega af því að þeir halda að það þjóni þörfum þeirra en ætlast líka til þess að það megi slíta hjónabandinu ef erfiðleikar koma upp. En hugsum til líkingamálsins sem notað er í Biblíunni um hjónaband – þrefalda þráðinn. Hebreska orðið, sem er þýtt „þráður“ í Prédikaranum 4:12, getur líka merkt reipi. Reipi á seglskipum eru gerð til að endast. Þau eiga ekki að trosna eða rakna upp, ekki einu sinni í hvössustu stormum. Hjónabandið á líka að endast. Eins og við munum sagði Jesús: „Það sem Guð hefur tengt saman má eigi maðurinn sundur skilja.“ (Matteus 19:6) Ef þú giftist þarftu að hugsa þannig um hjónabandið. Gerir það hjónabandið íþyngjandi? Nei.

19, 20. Hvernig ætti kristinn maður að líta á hjónaband, ólíkt mörgum í heiminum? Lýstu með dæmi.

²¹ Hjón þurfa að sjá hvort annað í réttu ljósi. Ef bæði einbeita sér að kostum hvort annars og góðri viðleitni verður hjónabandið ánægjulegt og endurnærandi. Er það óraunsæi að líta svona jákvætt á ófullkominn maka sinn? Jehóva er aldrei óraunsær en við getum samt sem áður treyst að hann hafi jákvætt álit á okkur. Sálmaskáldið spurði: „Ef þú, Drottinn, gæfir gætur að misgjörðum, Drottinn, hver fengi þá staðist?“ (Sálmur 130:3) Hjón

21. Hvernig þurfa hjón að líta hvort á annað og hvað getur hjálpað þeim til þess?

*Margir sýna þá skynsemi í tilhugalífinu
að vera með siðgæðisvörð.*



þurfa að vera jákvæð hvort gagnvart öðru og reiðubúin að fyrirgefa. — Kólossubréfið 3:13.

²² Hamingja hjóna getur farið vaxandi með árunum. Í Biblíunni segir frá hjónabandi Abrahams og Söru þegar þau voru komin á efri ár. Þau fengu vissulega sinn skerf af þrautum og erfiðleikum. Hugsaðu þér hvernig það hlýtur að hafa verið fyrir Söru, sem var sennilega komin yfir sextugt, að taka sig upp, yfirgefa þægilegt heimili í blómlegri borg og búa í tjöldum þaðan í frá. Hún fylgdi engu að síður forystu eiginmannsins. Hún var hjálparhella Abrahams, studdi hann og virti og hjálpaði honum að hrinda ákvörðunum sínum í framkvæmd. Og undirgefni hennar var ekki yfirborðsleg. Hún kallaði hann jafnvel herra innra með sér. (1. Mósebók 18:12; 1. Pétursbréf 3:6) Hún virti Abraham af öllu hjarta.

²³ Þetta þýðir hins vegar ekki að Abraham og Sara hafi alltaf verið sammála. Einu sinni kom hún með uppástungu sem honum ‚féll mjög þungt‘. Hann sýndi hins vegar þá auðmýkt að fara að ráði konu sinnar eftir bendingu frá Jehóva og það reyndist til blessunar fyrir fjölskylduna. (1. Mósebók 21:9-13) Við getum lært margt af þessum guðhræddu hjónum, jafnvel þau okkar sem hafa verið gift áratugum saman.

²⁴ Í kristna söfnuðinum er að finna þúsundir hamingjusamra hjóna þar sem konan ber djúpa virðingu fyrir manni sínum, maðurinn elskar og virðir eiginkonu sína og bæði vinna saman að því að láta vilja Jehóva sitja í fyrirrúmi. Ef þú ákveður að gifta þig skaltu velja þér maka af skynsemi, búa þig vel undir hjónabandið og vinna að því að heimilislífið sé friðsælt og Jehóva Guði til sóma. Ef þú gerir það stuðlarðu að því að kærleikur Guðs varðveiti þig.

22, 23. Hvernig eru Abraham og Sara hjónum góð fyrirmynd?

24. Hvers konar hjónaband er Jehóva Guði til sóma og af hverju?

„Hjúskapurinn sé í heiðri hafður“

„Gleddu þig yfir eiginkonu æsku þinnar.“

— ORÐSKVIÐIRNIR 5:18.

ERTU í hjónabandi? Eruð þið hjónin hamingjusöm eða eigið þið í alvarlegum erfiðleikum? Hafið þið fjarlægst hvort annað? Þraukið þið í hjónabandinu en er það gleðisnautt? Þá saknið þið eflaust hlýjunnar sem einu sinni var. Þið elskið Jehóva og viljið örugglega að hjónaband ykkar sé honum til sóma. Þess vegna má vera að núverandi aðstæður séu ykkur áhyggjuefni og valdi hugarangri. En þið þurfið ekki að óttast að staðan sé vonlaus.

² Fjöldi kristinna hjóna býr nú í hamingjuríku hjónabandi þrátt fyrir að illa hafi gengið um tíma. En þeim tókst að styrkja hjónabandið. Þið getið líka fundið hamingjuna að nýju. Hvernig?

STYRKTU TENGLIN VIÐ GUÐ OG MAKA ÞINN

³ Þið hjónin styrkið samband ykkar ef þið leggið ykkur fram um að styrkja tengslin við Guð. Af hverju? Lítum á dæmi: Sjáðu fyrir þér keilulaga fjall. Neðsti hlutinn er breiður en tindurinn mjór. Maður stendur við fjallsræturnar norðanmegin og kona sunnanmegin. Þau byrja að klífa fjallið. Þegar þau eru nýlögð af stað er langt á milli þeirra. En eftir því sem þau klífa hærra og nálgast

1, 2. Um hvaða spurningu ætlum við að ræða og af hverju?

3, 4. Hvernig styrkist hjónabandið við það að styrkja sambandið við Guð? Lýstu með dæmi.



Bíbliþekking getur styrkt hjónabandið.

tindinn styttist vegalengdin milli þeirra. Áttarðu þig á samlíkingunni?

⁴ Það sem þú leggur á þig í þjónustu Jehóva er samþærilegt við erfiðið sem fylgir því að klífa fjall. Þar sem þú elskar Jehóva leggurðu nú þegar hart að þér að klífa ef svo má að orði komast. En ef þið hjónin hafið fjarlægst hvort annað eruð þið kannski að klífa fjallið hvort sínum megin. Hvað gerist ef þið haldið áfram fjallgöngunni? Í fyrstu er talsvert langt á milli ykkar. En því meira sem þið styrkið sambandið við Guð — því herra sem þið komist — því nánari verða böndin milli ykkar hjónanna. Lykillinn að því að styrkja hjónabandið er að styrkja sambandið við Guð. En hvernig geturðu gert það?

⁵ Ein mikilvæg leið til að klífa fjallið, ef svo má segja, er að þið farið eftir leiðbeiningum Biblíunnar um hjónaband. (Sálmur 25:4; Jesaja 48:17, 18) Við skulum nú líta á ákveðnar leiðbeiningar sem Páll postuli gaf. Hann sagði: „Hjúskapurinn sé í heiðri hafður í öllum greinum.“ (Hebreabréfið 13:4) Hvað merkir það? Orðasambandið „í heiðri hafður“ gefur til kynna virðingu og verðmæti. Það er einmitt þannig sem Jehóva lítur á hjónabandið — það er verðmætt í augum hans.

HVÖTIN — STERKUR KÆRLEIKUR TIL JEHÓVA

⁶ Ef þið hjónin eruð bæði þjónar Guðs *vitið* þið að sjálfsögðu að hjónabandið er dýrmætt, meira að segja heilagt. Jehóva er höfundur hjónabandsins. (Matteus 19: 4-6) En ef þið eigið í erfiðleikum er kannski ekki nóg að vita bara að þið eigið að hafa hjónabandið „í heiðri“. Það er ekki víst að það nægi til að hjálpa ykkur að sýna hvort öðru ást og virðingu. Hvað getur þá verið ykkur hvöt til þess? Tökum eftir hvernig Páll tók til orða. Hann sagði ekki „hjúskapurinn *er* í heiðri hafður“ heldur „hjúskapurinn *sé* í heiðri hafður“. Hann var ekki bara að benda á staðreynd heldur hvetja.* Þessi greinarmunur getur kannski vakið hjá þér sterkari hvöt til að hafa sömu mætur á maka þínum og áður. Hvernig þá?

⁷ Beinum huganum eitt andartak að því hvernig þú lítur á önnur fyrirmæli í Biblíunni, svo sem þau að

* Það sem Páll segir um hjúskapinn er ein hvatning af nokkrum sem er að finna í Hebreabréfinu 13:1-5.

5. (a) Nefndu eina leið til að styrkja sambandið við Jehóva og maka þinn. (b) Hvernig lítur Jehóva á hjónaband?

6. Hvað má sjá af orðalagi Páls um hjúskapinn og af hverju er mikilvægt að hafa það í huga?

7. (a) Hvaða boðum Biblíunnar fylgjum við og af hverju? (b) Hvernig er þér innanbrjóst af því að þú hlýðir Guði?

gera fólk að lærisveinum og hvatninguna að sækja samkomur. (Matteus 28:19; Hebreabréfið 10:24, 25) Stundum er það auðvitað áskorun að fylgja þessum fyrirmælum. Fólkíð, sem þú boðar fagnaðarerindið, er kannski neikvætt eða þú ert svo uppgefinn eftir vinnudaginn að það kostar heilmikið átak að fara á samkomu. Þú heldur samt áfram að boða fagnaðarerindið og sækja samkomur. Enginn getur stöðvað þig — ekki einu sinni Satan. Af hverju? Af því að þú elskar Jehóva heitt og þig langar til að hlýða boðorðum hans. (1. Jóhannesarbréf 5:3) Með því að taka þátt í boðunarstarfinu og sækja samkomur finnurðu hugarfrið og innri gleði af því að þú veist að þú ert að gera vilja Guðs. Og þessar tilfinningar gefa þér nýjan þrótt. (Nehemíabók 8:10) Hvaða lærdómur er fólgin í þessu?

⁸ Það er sterkur kærleikur til Jehóva sem er þér hvatning til að prédika og sækja samkomur þótt það sé ekki auðvelt. Kærleikurinn til Jehóva getur sömuleiðis verið þér hvatning til að hlýða fyrirmælunum að hafa hjúskapinn í heiðri, jafnvel þó að það virðist erfitt. (Hebreabréfið 13:4; Sálmur 18:30; Prédikarinn 5:4) Og Jehóva tekur eftir því sem þú leggur á þig til að hafa hjónabandið í heiðri og blessar þig fyrir, rétt eins og hann blessar þig þegar þú boðar fagnaðarerindið og sækir safnaðarsamkomur. — 1. Þessalóníkubríf 1:3; Hebreabréfið 6:10.

⁹ Hvernig geturðu þá haft hjónaband þitt í heiðri? Þú þarft að forðast hvers konar háttarni sem myndi skaða samband ykkar hjónanna. Þú þarft líka að gera vissar ráðstafanir til að styrkja hjónabandið.

8, 9. (a) Hvað getur verið okkur hvatning til að hafa hjónabandið í heiðri og af hverju? (b) Hvaða tvö atriði ætlum við nú að skoða?

FORÐASTU ORÐ OG FRAMKOMU SEM VANHEIÐRA HJÓNABANDIÐ

¹⁰ Eiginkona í söfnuðinum sagði fyrir nokkru: „Ég bið Jehóva að gefa mér styrk til að þrauka.“ Þrauka hvað? „Maðurinn minn meiðir mig með orðum sínum,“ segir hún. „Það sér hvergi á mér en hann er sífellt að hreyta í mig stingandi orðum eins og: ‚Þú ert mér byrði!‘ og ‚Þú ert einskis nýt!‘ og það særir hjarta mitt.“ Þessi eiginkona vekur hér athygli á háalvarlegu máli — andlegu ofbeldi í hjónabandi.

¹¹ Það er dapurlegt þegar hjón á kristnu heimili hreyta meiðandi orðum hvort í annað og valda tilfinningalegum sárum sem eru lengi að gróa. Það er augljóslega ekki verið að hafa hjónaband í heiðri ef það einkennist af meiðandi orðum. Hvernig gengur ykkur hjónunum á þessu sviði? Þú gætir kannað málið með því að spyrja maka þinn með hógværd: „Hvaða áhrif hef ég á þig með orðum mínum?“ Ef það gerist oft að maka þínum finnst orð þín særandi þarftu að vera fús til að breyta þér til hins betra. — Galatabréfið 5:15; Efesusbréfið 4:31.

¹² Hafðu hugfast að þú hefur áhrif á samband þitt við Jehóva með því hvernig þú notar tunguna innan hjónabandsins. Í Biblíunni segir: „Sá sem þykist vera guðrækinn en hefur ekki taumhald á tungu sinni blekkir sjálfan sig og guðrækni hans er fánýt.“ (Jakobsbréfið 1:26) Þú getur ekki skilið á milli tilbeiðslu þinnar og orða. Biblían styður ekki þá hugmynd að það skipti ekki máli hvað maður geri heima hjá sér svo framarlega sem maður segist þjóna Guði. Blekktu ekki sjálfan þig. Þetta er alvarlegt mál. (1. Pétursbréf 3:7) Það getur vel verið að þú hafir

10, 11. (a) Hvers konar hegðun vanheiðrar hjónabandið? (b) Hvaða spurningar gætirðu spurt maka þinn?

12. Hvernig gæti tilbeiðsla manns orðið fánýt í augum Guðs?

ýmsa hæfileika og sért kappsamur en ef þú særir maka þinn vísvitandi með meiðandi orðum ertu að vanheiðra hjónabandið og það getur orðið til þess að tilbeiðsla þín sé fánýt í augum Guðs.

¹³ Hjón þurfa einnig að vera vakandi fyrir því að særa ekki hvort annað með óbeinum hætti. Hugsum okkur tvö dæmi: Einstæð móðir hringir oft í giftan bróður í söfnuðinum til að leita ráða hjá honum og þau tala lengi saman. Einhleypur bróðir er allengi í boðunarstarfinu í hverri viku með giftri systur í söfnuðinum. Gifta bróðurnum og giftu systurinni í þessum dæmum gengur eflaust gott eitt til en hvaða áhrif ætli þetta hafi á maka þeirra? Kona, sem var í slíkri aðstöðu, sagði: „Það særir mig að maðurinn minn skuli gefa annarri systur svona mikinn tíma og athygli. Mér finnst ég vera sett hjá.“

¹⁴ Það er skiljanlegt að þessi eiginkona og aðrir, sem eru í svipaðri stöðu, skuli vera sárir. Makinn fer ekki eftir grundvallarfyrirmælum Guðs um hjónabandið: „Maður [yfirgefur] föður sinn og móður sína og býr með eiginkonu sinni.“ (1. Mósebók 2:24) Þeir sem gifta sig halda auðvitað áfram að virða foreldra sína en samkvæmt fyrirmælum Guðs ber þeim nú fyrst og fremst að sinna maka sínum. Þjónum Guðs þykir líka innilega vænt um trússystkini sín en þeir ættu þó öðru fremur að láta sér annt um maka sinn. Ef giftur einstaklingur eyðir óhóflegum tíma með öðru trússystkini, ekki síst ef það er af hinu kyninu, eða er yfirmáta kumpánlegur veldur það spennu í hjónabandinu. Getur verið að eitthvað þess háttar valdi spennu í hjónabandi þínu? Spyrðu þig

13. Hvernig er hægt að valda maka sínum sársauka?

14. (a) Hvaða skyldu berum við gagnvart maka okkar samkvæmt 1. Mósebók 2:24? (b) Hvaða spurninga ættum við að spyrja okkur?

hvort þú gefir maka þínum þann tíma, athygli og ástúð sem hann á rétt á.

¹⁵ Ef giftur þjónn Guðs er of upptekinn af einhverjum af hinu kyninu, öðrum en maka sínum, er hann

15. Af hverju ættu giftir þjónar Guðs að varast að sýna einhverjum af hinu kyninu óviðeigandi athygli, samkvæmt Matteusi 5:28?



kominn út á hálan ís. Því miður eru þess dæmi að giftir vottar hafi orðið hrifnir af einhverjum sem þeir áttu einum of náin samskipti við. (Matteus 5:28) Tilfinningatengslin urðu síðan til þess að þeir vanheiðruðu hjónabandið enn frekar með breytni sinni. Skoðum hvað Páll postuli sagði um málið.

„HJÓNASÆNGIN SÉ ÓFLEKKUÐ“

¹⁶ Þegar Páll talaði um að „hjúskapurinn skyldi í heiðri hafður“ lét hann fylgja viðvörðun strax á eftir: „Hjónasængin sé óflekkuð því að hórkarla og frillulífismenn mun Guð dæma.“ (Hebreabréfið 13:4) Páll notar hér orðið „hjónasæng“ í merkingunni kynmök. Þau eru því aðeins „óflekkuð“, það er að segja siðferðilega hrein, að þau eigi sér stað milli hjóna. Þess vegna þurfa kristnir menn að gefa gaum að hinum innblásnu orðum: „Gleddu þig yfir eiginkonu æsku þinnar.“ — Orðskviðirnrir 5:18.

¹⁷ Þeir sem eiga kynmök við annan en maka sinn sýna algert virðingarleysi fyrir siðferðislögum Guðs. Margir hugsa reyndar sem svo að það sé sjálfsagt að halda fram hjá maka sínum. En afstaða kristinna manna til framhjáhalds ætti ekki að ráðast af því hvernig *menn* hugsa. Þeir vita að það eru ekki menn heldur *Guð* sem dæmir „hórkarla og frillulífismenn“ að lokum. (Hebreabréfið 10:31; 12:29) Sannkristnir menn halda sig þess vegna við sjónarmið Jehóva í þessu máli. (Rómverjabréfið 12:9) Ættfaðirinn Job sagðist hafa gert „sáttmála við augu sín“ eins og þú manst. (Jobsbók 31:1) Sannkrist-

16. Hvaða fyrirmæli gefur Páll varðandi hjónabandið?

17. (a) Af hverju ætti það ekki að skipta máli fyrir kristna menn hvernig heimurinn lítur á framhjáald? (b) Hvernig er hægt að líkja eftir Job?

inn maður hefur stjórn á sér og gætir þess að renna ekki löngunaraugum til manneskju af hinu kyninu sem er ekki maki hans. Þannig gætir hann þess að stíga ekki eitt einasta skref sem gæti verið undanfari hjúskaparbrots. — Sjá viðaukann á bls. 219-21.

¹⁸ Hve alvarlegt er hjúskaparbrott í augum Jehóva? Móselögin varpa ljósi á hvernig Jehóva lítur á það. Hjúskaparbrott og skurðgoðadýrkun voru meðal þeirra brota sem dauðarefsing lá við í Ísrael. (3. Mósebók 20:2, 10) Sérðu hvað er hliðstætt með þessu tvennu? Ef Ísraelsmaður dýrkaði skurðgoð braut hann sáttmála sem hann hafði gert við Jehóva. Ef Ísraelsmaður drýgði hór braut hann sáttmála sem hann hafði gert við maka sinn. Í báðum tilfellum var um svik að ræða. (2. Mósebók 19: 5, 6; 5. Mósebók 5:9; Malakí 2:14) Þess vegna var í báðum tilfellum um að ræða vítaverða hegðun í augum Jehóva, hins trausta og trúfasta Guðs. — Sálmur 33:4.

¹⁹ Kristnir menn eru auðvitað ekki settir undir Móselögin. Vitneskjan um það hve alvarlegt hjúskaparbrott var talið í Ísrael getur engu að síður styrkt kristinn mann í þeim ásetningi að gera ekkert slíkt. Hvernig þá? Lítum á dæmi til samanburðar: Myndirðu nokkurn tíma ganga inn í kirkju, krjúpa á kné og biðja frammi fyrir líkneski? „Auðvitað ekki,“ svarar þú. En myndirðu freistast til þess ef þér væri boðin há fjárhæð fyrir? „Kemur ekki til greina,“ svarar þú. Sannkristnum manni þykir það fráleit hugmynd að svíkja Jehóva með því að tilbiðja skurðgoð. Að sama skapi ætti kristnum manni að þykja

18. (a) Hve alvarlegt er hjúskaparbrott í augum Guðs? (b) Hvað er líkt með hjúskaparbrotti og skurðgoðadýrkun?

19. Hvað getur gert okkur enn ákveðnari í að fremja ekki hjúskaparbrott?

fráleitt að svíkja Jehóva Guð og maka sinn með því að halda fram hjá — óháð því hver kynni að vera hvatinn til þess. (Sálmur 51:3, 6; Kólossubrésið 3:5) Ekki viljum við gera nokkuð sem myndi gleðja Satan en vanheiðra Jehóva og heilagt hjónaband.

AÐ STYRKJA HJÓNABANDIÐ

²⁰ Hvað geturðu gert til að glæða að nýju virðingu fyrir maka þínum auk þess að forðast hátterni sem vanheiðrar hjónabandið? Lítum nánar á málið. Hugsaðu þér hjónabandið sem hús. Hugsaðu þér síðan að vingjarnleg orð, hugulsemi og annað sem hjón gera til að heiðra hvort annað sé eins og hlutir og skraut sem fegra heimilið. Ef samband ykkar er náíð er hjónabandið eins og hús með fallegum hlutum sem gera heimilið hlýlegt og gefa því lit. Ef ástúðin kulnar hverfa hlutirnir hver af öðrum og eftir stendur hjónaband sem er eins og drungalegt og kuldalegt hús. Þig langar til að hlýða þeim fyrirmælum Guðs að hafa ‚hjúskapinn í heiðri‘ og gerir þess vegna eitthvað til að bæta ástandið. Allt sem er dýrmætt og heiðvirt er þess virði að laga og bæta. Hvað geturðu gert til þess? Í orði Guðs segir: „Af speki er hús reist og af skynsemi verður það staðfast, fyrir þekkingu fyllast herbergin alls konar dýrum og fögrum gripum.“ (Orðskviðirnir 24:3, 4) Könnum hvernig þessi vers geta átt við hjónabandið.

²¹ Meðal þeirra ‚dýrgripa‘, sem prýða hamingjuríkt heimili, eru sönn ást, guðsótti og sterk trú. (Orðskviðirnir 15:16, 17; 1. Pétursbréf 1:7) Þetta eru eiginleikar

20. Hvað gerist í sumum hjónaböndum? Lýstu með dæmi.

21. Hvernig er hægt að styrkja hjónabandið smám saman? (Sjá einnig rammagreinina á bls. 131.)

HVERNIG GET ÉG BÆTT HJÓNABANDIÐ?

Meginregla: „Hver og einn skal elska eiginkonu sína eins og sjálfan sig en konan beri lotningu fyrir manni sínum.“ — Efesusbréfið 5:33.

Gott er að spyrja sig:

- Hvaða eiginleikar finnst mér bestir í fari maka míns og hvernig get ég látið í ljós að ég kunnir að meta hann? — Orðskviðirnir 14:1; 31:29; 1. Pétursbréf 3:1, 6; 4:8.
- Heiðra ég maka minn með því að reyna að skilja hugsanir hans og tilfinningar? — Filippíbréfið 2:4.
- Er ég fús til að horfa fram hjá göllum maka míns? — Matteus 6:14, 15.
- Hvað er langt síðan ég sagði maka mínum að ég elskaði hann? — Ljóðaljóðin 2:9-14.
- Að hvaða markmiðum keppum við í þjónustu Guðs? — Matteus 6:33, 34; 1. Korintubréf 9:24-27.
- Hvernig get ég hvatt maka minn til að lesa í Biblíunni og fara yfir dagstextann með mér?



sem styrkja hjónabandið. En tókstu eftir *hvernig* herbergin í orðskviðnum fylltust dýrum gripum? Það var „fyrir þekkingu“. Biblíuþekking getur breytt hugsunarhætti hjóna og verið þeim hvatning til að endurlífga ástina hvort til annars. (Rómverjabréfið 12:2; Filippíbréfið 1:9) Þegar þið hjónin gefið ykkur tíma til að ræða saman í rólegheitum um biblíuvers svo sem dagstextann, eða biblíutengda grein um hjónaband í *Varðturninum* eða *Vaknið!* er eins og þið séuð að virða fyrir ykkur fallega hluti sem geta fegrað heimilið. Þegar kærleikurinn til Jehóva fær ykkur til að fara eftir leiðbeiningunum sem þið voruð að skoða er eins og þið séuð að færa hlutina inn í „herbergin“ á heimili ykkar. Og það getur endurvakið eitthvað af hlýjunni og fegurðinni sem þið nutuð áður í hjónabandinu.



22 Það getur auðvitað tekið sinn tíma og kostað talsverða fyrirhöfn að koma þessum fallegu hlutum aftur fyrir á heimilinu smátt og smátt. En ef þú leggur þitt af mörkum veistu að þú gerir eins og Biblían mælir fyrir í Rómverjabréfinu 12:10: „Keppist um að sýna hvert öðru virðingu.“ (Sálmur 147:11) En umfram allt stuðlarðu að því að kærleikur Guðs varðveiti þig ef þú gerir þitt ýtrasta til að halda hjónabandið í heiðri.

22. Hvaða gleði getum við notið ef við gerum okkar ýtrasta til að styrkja hjónabandið?

Talaðu það sem er „gott til uppbyggingar“

„Látið ekkert fúkyrði líða ykkur af munni heldur það eitt sem er gott til uppbyggingar.“

— EFESUSBRÉFIÐ 4:29.

SEGJUM að þú gefir ástvini gjöf. Hvernig myndi þér líða ef hann misnotaði hana af ásettu ráði? Setjum sem svo að þú hafir gefið honum bíl en uppgötvir svo að hann keyrir glannalega og veldur slysum. Myndi það ekki valda þér vonbrigðum?

² Hæfileikinn til að tjá okkur svo að aðrir skilji er gjöf frá Jehóva en „sérhver góð gjöf og sérhver fullkomin gáfa“ er komin frá honum. (Jakobsbréfið 1:17) Þessi gjöf, sem skilur milli manna og dýra, gerir okkur kleift að tjá öðrum bæði hugsanir okkar og tilfinningar. En það er hægt að misnota talgáfuna rétt eins og ökutæki. Það hlýtur að hryggja Jehóva þegar menn fara illa með þessa gjöf og valda öðrum sorg og sársauka.

³ Til að kærleikur Guðs varðveiti okkur þurfum við að nota talgáfuna eins og gjafarinn ætlaðist til. Jehóva lætur okkur ekki velkjast í vafa um hvers konar tal sé honum þóknanlegt. Í orði hans segir: „Látið ekkert fúkyrði líða ykkur af munni heldur það eitt sem er gott til uppbyggingar, þar sem þörf gerist, til þess að það verði til góðs þeim sem heyra.“ (Efesusbréfið 4:29) Við skulum

1-3. (a) Hvaða gjöf höfum við fengið frá Jehóva og hvernig er hægt að misnota hana? (b) Hvernig þurfum við að nota talgáfuna til að kærleikur Guðs varðveiti okkur?



*Hlýleg orð eru
upplífgandi.*

nú ræða hvers vegna við þurfum að hafa taumhald á tungunni, hvers konar tal við eigum að forðast og hvernig við getum talað það „sem er gott til uppbyggingar“.

AF HVERJU ÞURFUM VIÐ AÐ GÆTA TUNGUNNAR?

⁴ Ein mikilvæg ástæða til að hafa taum á tungu sinni er að *orð hafa áhrif*. Í Orðskviðunum 15:4 segir: „Hógværð tungunnar er lífstré en fals hennar veldur hugarkvöl.“* Hlýleg og huggandi orð geta verið endurnærandi fyrir þann sem heyrir, ekki ósvipað og vatn hleypir nýju lífi í skrælnað tré. Ill orð spilltrar tungu geta aftur á móti hryggt og brotið niður. Við getum bæði sært og huggað með því sem við segjum. — Orðskviðirnir 18:21.

⁵ Annar orðskviður lýsir á mjög lifandi hátt hve mikil áhrif orð geta haft: „Vanhugsuð orð eru sem sverðalög.“ (Orðskviðirnir 12:18) Vanhugsuð orð sögð í fljótferni geta sært fólk mjög djúpt og valdið vinaskilnaði. Hefur þú einhvern tíma verið stunginn með meiðandi orðum? Í sama orðskvið kveður líka við jákvæðan tón þar sem segir: „Tunga hins vitra græðir.“ Hugulsöm

* Hebreska orðið, sem er þýtt „fals“ í Orðskviðunum 15:4, getur einnig merkt „sviksemi, spilling“.

orð, sem vitna um viskuna frá Guði, geta læknað kvalið hjarta og styrkt vináttubönd að nýju. Manstu eftir einhverju dæmi um það hve græðandi hlý og góð orð geta verið? (Orðskviðirnir 16:24) Í ljósi þess að töluð orð hafa áhrif viljum við auðvitað nota tunguna til að græða en ekki meiða.

⁶ En hvað sem við reynum tekst okkur aldrei að hafa fullkomna stjórn á tungunni. Það er önnur ástæða fyrir því að við þurfum að hafa gát á því hvernig við tölum: *Okkur hættir til að misbeita tungunni af því að við erum syndug og ófullkomin.* Orð eiga upptök sín í hjartanu og „hneigðir mannsins [eru] illar“. (1. Mósebók 8:21; Lúkas 6:45) Það kostar því heilmikla baráttu að hafa taumhald á tungunni. (Jakobsbréfið 3:2-4) En þó að við getum ekki haft fullkomna stjórn á henni getum við unnið jafnt og þétt að því að bæta okkur. Sundmaður, sem reynir að synda á móti straumi, þarf að leggja heilmikið á sig til að berjast gegn straumnum. Við þurfum líka að berjast linnulaust gegn syndugri tilhneigingu okkar til að misnota tunguna.

⁷ Þriðja ástæðan til að gæta tungu sinnar er sú að *Jehóva gerir okkur ábyrg fyrir því sem við segjum.* Með tungunni höfum við bæði áhrif á samband okkar við aðra menn og við Jehóva. Í Jakobsbréfinu 1:26 stendur: „Sá sem þykist vera guðrækinn en hefur ekki taumhald á tungu sinni blekkir sjálfan sig og guðrækni hans er fánýt.“* Eins og fram kom í kaflanum á undan er það

* Gríska orðið, sem er þýtt „fánýt“, merkir einnig „gagnslaus“ eða „árangurslaus“.

6. Af hverju kostar það heilmikla baráttu að hafa taumhald á tungunni?

7, 8. Að hvaða marki gerir Jehóva okkur ábyrg fyrir því sem við segjum?

sem við segjum nátengt tilbeiðslu okkar. Ef tungan er taumlaus — ef hún eys úr sér meiðandi og eitruðum orðum — þá gætu öll trúarverk okkar verið einskis virði í augum Guðs. Er það ekki alvarlegt umhugsunarefni? — Jakobsbréfið 3:8-10.

⁸ Ljóst er að við höfum ærna ástæðu til að misnota ekki málið sem Guð gaf okkur. Áður en við fjöllum um heilnæmt tal sem byggir upp skulum við líta á tal sem á alls ekki að heyrast meðal sannkristinna manna.

TAL SEM RÍFUR NIÐUR

⁹ *Svívirðilegt orðbragð*. Blótsyrði, formælingar og annað svívirðilegt orðbragð er orðið fastur þáttur í daglegu tali fólks í heiminum. Margir nota blótsyrði til að krydda mál sitt eða bæta upp takmarkaðan orðaforða. Margir grínistar bregða fyrir sig klúru máli og vísunum til kynferðismála í því skyni að fá fólk til að hlæja. En svívirðilegt orðbragð er ekkert til að hlæja að. Fyrir um það bil 2000 árum ráðlagði Páll postuli söfnuðinum í Kólossu að segja skilið við „svívirðilegt orðbragð“. (Kólossubríf-
ið 3:8) Hann skrifaði söfnuðinum í Efesus að „ósæm-
andi spé“ ætti „ekki einu sinni að nefnast á nafn“ meðal sannkristinna manna. — Efesusbréfið 5:3, 4.

¹⁰ Jehóva hefur andstyggð á svívirðilegu orðbragði. Við sem elskum hann höfum líka andstyggð á slíku orðbragði og viljum ekki heyra það. Þegar Páll telur upp „holdsins verk“ nefnir hann meðal annars ‚óhreinleika‘ sem getur falið í sér óhreint orðbragð. (Galatabréfið 5: 19-21) Þetta er alvarlegt mál. Hægt er að víkja manni úr söfnuðinum ef hann temur sér svívirðilega siðlaus-

9, 10. (a) Hvers konar orðbragð er orðið hluti af daglegu tali margra? (b) Af hverju þurfum við að forðast svívirðilegt orðbragð? (Sjá einnig neðanmálgrein.)

an, niðrandi og siðspillandi talsmáta eða ýtir undir slíkt með tali sínu en iðrast ekki þrátt fyrir endurteknar áminningar.*

¹¹ *Skaðlegt slúður og rógur.* Slúður er fólgið í innan-tómu tali um fólk og líf þess. Er allt umtal um aðra skaðlegt? Nei, ekki ef um er að ræða saklausar um-ræður þar sem sagðar eru jákvæðar eða gagnlegar frétt-ir af öðrum, til dæmis hverjir hafi látið skírast eða hver þurfi á uppörvun að halda. Kristnir menn á fyrstu öld höfðu einlægán áhuga á velferð hver annars og skiptust á viðeigandi upplýsingum um trússystemi. (Efesusbréf-ið 6:21, 22; Kólossubréfið 4:8, 9) Slúður getur hins veg-ar verið skaðlegt ef það brengrar staðreyndir eða dreif-ir söguburði um einkalíf fólks. Og það getur leitt út í róg sem er alltaf skaðlegur og því alvarlegt mál. Rógur lýsir sér í ósönnum ásökunum sem spilla mannorði eða heiðri annarra. Farísear reyndu til dæmis að gera Jesú tortryggilegan með því að bera út illgjarnan róg um hann. (Matteus 9:32-34; 12:22-24) Rógur kveikir oft deil-ur. — Orðskviðirnir 26:20.

¹² Jehóva lítur það mjög alvarlegum augum ef talgáfan er notuð til að ófrægja aðra eða valda sundrung. Hann hatar hvern þann sem „kveikir illdeilur meðal bræðra“. (Orðskviðirnir 6:16-19) Gríska orðið *dia'bolos*, sem er þýtt „rógberi“, er einnig notað sem heiti á Satan. Hann

* Í Biblíunni hefur orðið „óhreinleiki“ breiða merkingu og getur náð yfir syndir af ýmiss konar tagi. Óhreinleiki kallar ekki alltaf á að dómnefnd taki málið fyrir en hins vegar er hægt að víkja einstaklingi úr söfnuðinum ef hann stundar *grófan* óhreinleika og iðrast ekki. — 2. Korintubréf 12:21; Efesusbréfið 4:19; sjá „Spurningar frá lesend-um“ í *Varðturninum* (enskri útgáfu) 15. júlí 2006.

11, 12. (a) Í hvaða tilfellum væri skaðlegt að tala um aðra? (b) Hvers vegna þurfa tilbiðjendur Jehóva að forðast rógburð?

er „djöfull“, það er að segja siðspilltur andi sem rægir Guð. (Opinberunarbókin 12:9, 10) Ekki viljum við láta okkur nokkuð um munn fara sem gerir okkur lík djöflinum. Rógur, sem ýtir undir verk holdsins eins og „tvídrægni“ eða sundurlyndi, á ekki heima í söfnuðinum. (Galatabréfið 5:19-21) Áður en þú hefur eitthvað eftir sem þú hefur heyrt um aðra manneskju skaltu spyrja þig hvort það sé satt. Bæri það vott um vinsemd að hafa það eftir? Er nauðsynlegt eða ráðlegt að láta þessar upplýsingar berast áfram? — 1. Þessaloníkubríf 4:11.

¹³ *Lastmæli.* Orð geta sært eins og áður hefur komið fram. En við ófullkomnir mennirnir segjum stundum eitthvað sem við sjáum eftir. Í Biblíunni er hins vegar varað við ákveðnum talsmáta sem er allsendis óviðeigandi á kristnu heimili og í söfnuðinum. Páll skrifaði kristnum mönnum: „Látið hvers konar beiskju, ofsa, reiði, hávaða og lastmæli vera fjarlæggt ykkur.“ (Efesubríf 4:31) Í öðrum biblíuþýðingum er talað um „illmæli“, „ljót orð“ og „skaðlegt málfar“. Lastmæli, þar á meðal niðurlægjandi uppnefni og hörð og vægðarlaus gagnrýni, getur svipt aðra reisu sinni svo að þeim finnst þeir einskis virði. Börn eru viðkvæm og eru því sérstaklega varnarlítill gegn ljótum orðum sem brjóta niður. — Kólossubríf 3:21.

¹⁴ Biblían kveður mjög fast að orði þegar hún fordæmir það að lasta aðra með svívirðingum og særandi eða niðrandi orðum. Sá sem leggur slíkt í vana sinn setur sjálfan sig í mikla hættu því að það er hægt að víkja honum úr söfnuðinum ef hann lætur sér ekki segjast eftir að reynt hefur verið ítrekað að hjálpa honum. Ef hann breytir ekki um háttalag getur svo farið að hann fái ekki

13, 14. (a) Hvaða áhrif geta lastmæli haft á aðra? (b) Af hverju er sá í hættu sem leggur í vana sinn að lasta aðra?

að lifa í nýja heiminum. (1. Korintubrэф 5:11-13; 6:9, 10, *Biblían* 1981) Ljóst er því að það er enginn möguleiki á að kærleikur Guðs varðveiti okkur ef við leggjum í vana okkar að tala það sem er óheilnæmt, ósatt og óvinsamlegt. Þess háttar tal rífur niður.

ORÐ SEM ERU „TIL UPPBYGGINGAR“

¹⁵ Hvernig getum við notað talgáfuna á þann hátt sem gjafari hennar ætlaðist til? Eins og við munum erum við hvött í Biblíunni til að tala „það eitt sem er gott til uppbyggingar“. (Efesusbréfið 4:29) Það gleður Jehóva að heyra okkur tala orð sem byggja upp, hvetja og styrkja. Slík orð kosta umhugsun. Það er enga sérstaka forskrift að finna í Biblíunni um þetta og þar er ekki heldur nein skrá um „heilnæm“ orð sem hlotið hafa viðurkenningu. (Títusarbréfið 2:8) Ef við viljum tala það sem er „gott til uppbyggingar“ ættum við að hafa í huga þrjú einföld atriði sem einkenna uppbyggilegt tal: Það er heilnæmt, það er satt og það er vinsamlegt. Með þetta í huga skulum við líta á nokkur dæmi um uppbyggilegt tal. — Sjá rammagreininna „Er ég uppbyggilegur í tali?“ á bls. 140.

¹⁶ *Einlægt hrós*. Bæði Jehóva og Jesús vita hve mikilvægt það er að hrósa og láta í ljós velþóknun. (Matteus 3:17; 25:19-23; Jóhannes 1:47) Við sem erum kristin ættum að vera dugleg að hrósa öðrum. Af hverju? Af því að „fagurt er orð í tíma talað“ eins og segir í Orðskviðunum 15:23. Gott er að spyrja sig hvaða áhrif einlægt hrós hafi á mann. Hlýnar manni ekki um hjartaræturnar? Er það ekki uppörvandi? Einlægt hrós segir okkur að það sé

15. Hvers konar tal er „gott til uppbyggingar“?

16, 17. (a) Af hverju ættum við að hrósa öðrum? (b) Hvaða tækifæri bjóðast til að hrósa öðrum í söfnuðinum? En í fjölskyldunni?

„ER ÉG UPPBYGGILEGUR Í TALI?“

Meginregla: „Mál ykkar sé ætíð ljúflegt.“
— KÓLOSSUBRÉFIÐ 4:6.

Gott er að spyrja sig:

- Hvað er langt síðan ég hrósaði einhverjum fyrir eitthvað sérstakt? — 1. Korintubréf 11:2; Opinberunarbókin 2:1-3.
- Sýni ég öðrum virðingu með því að vera háttvís og þakka fyrir mig? — Jóhannes 11:41.
- Tala ég aðallega um sjálfan mig þegar ég spjalla við aðra eða sýni ég líka áhuga á hugsunum og tilfinningum annarra? — Filippíbréfið 2:3, 4; Jakobsbréfið 1:19.
- Nota ég það sem ég veit um aðra til að byggja þá upp eða brjóta þá niður? — Orðskviðirnir 15:1, 2.
- Hvað finnst mér um blótsyrði og hvað sýnir það um minn innri mann? — Lúkas 6:45; Jakobsbréfið 3:10, 11.



tekið eftir okkur, að einhver láti sér annt um okkur og að það sem við gerðum hafi verið ómaksins vert. Slíkt er ákaflega traustvekjandi. Það byggir upp sjálfstraust og hvetur mann til að gera enn betur eftirleiðis. Þar sem þér finnst notalegt að fá hrós, ættirðu þá ekki að gera þitt besta til að veita hrós? — Matteus 7:12.

¹⁷ Vendu þig á að sjá hið góða í fari annarra og hrósaðu síðan fyrir það sem þú sérð. Þú heyrir kannski ræðu á safnaðarsamkomu sem er vel uppbyggð, sérð ungt fólk setja sér markmið í söfnuðinum eða horfir á hvernig aldraðir þjónar Guðs sækja samkomur dyggilega þrátt fyrir þau takmörk sem fylgja ellinni. Einlægt hrós getur snortið þá og styrkt í þjónustu Jehóva. Hjón þurfa að fá hlýlegt hrós og þakkir hvort frá öðru. (Orðskviðirnir 31:10, 28) Og börnin dafna þegar þau finna að það er tekið eftir þeim og þau eru einhvers metin. Hrós og velþóknun hefur sömu áhrif á barn eins og vatn og sólskin á plöntu. Þið foreldrar ættuð að leita færís að hrósa börnunum fyrir góða eiginleika og viðleitni. Slíkt hrós getur byggt upp hugrekki þeirra og sjálfstraust og verið þeim hvatning til að leggja sig enn betur fram við að gera rétt.

¹⁸ *Huggun og hughreysting.* Jehóva er ákaflega annt um „bágstadda“ og „þjakaða“. (Sálmur 72:13; Jesaja 57:15) Í Biblíunni er brýnt fyrir okkur að „hvetja hvert annað“ og „hughreysta ístöðulitla“. (1. Þessaloníkubríf 5:11, 14) Við getum verið viss um að Jehóva tekur eftir og kann að meta það sem við gerum til að hugga og hughreysta trússystkini sem eru niðurdregin og sorgmædd.

¹⁹ En hvað er hægt að segja til að byggja upp trúbróður eða trússystur sem er döpur eða niðurdregin? Þú þarft

18, 19. Af hverju ættum við að gera okkar besta til að hugga og hughreysta trússystkini og hvernig getum við gert það?

ekki að hugsa sem svo að þú þurfir að leysa vandann. Oft er áhrifaríkast að segja eitthvað einfalt. Þú getur fullvissað hinn niðurdregna um að þér sé annt um hann. Þú getur boðist til að biðja upp hátt með honum og sár bænt Jehóva um að hjálpa honum að finna hve mikils virði hann sé í augum annarra og í augum Jehóva. (Jakobsbréfið 5: 14, 15) Fullvissaðu hann um að hann sé verðmætur og mikils metinn í söfnuðinum. (1. Korintubríf 12:12-26) Lestu uppörvandi biblíuvers til að minna hann á hve annt Jehóva sé um hann sem einstakling. (Sálmur 34:19; Matteus 10:29-31) Ef þú gefur þér góðan tíma til að segja „vingjarnlegt orð“ við hinn niðurdregna og talar frá hjartanu, hjálparðu honum eflaust til að finna að hann er elskaður og mikils metinn. — Orðskviðirnir 12:25.

²⁰ *Áhrifaríkar ráðleggingar.* Þar sem við erum ófullkomin þurfum við öll að fá ráð og leiðbeiningar af og til. „Hlýddu ráðum og taktu umvöndun svo að þú verðir vitur að lokum,“ segir í Orðskviðunum 19:20. Það eru ekki bara öldungarnir sem eiga að gefa ráð. Foreldrar leiðbeina börnunum. (Efesusbréfið 6:4) Proskaðar systur geta þurft að leiðbeina yngri konum. (Títusarbréf-



Við gleðjum Jehóva þegar við uppbyggjum aðra með orðum okkar.

ið 2:3-5) Ef við elskum aðra langar okkur til að gefa ráð sem aðrir geta þegið án þess að finnast þeir niðurbrotnir. Hvað getur auðveldað okkur að gefa slík ráð? Lítum á þrennt sem getur gert ráðleggingar áhrifaríkar: Viðhorf og tilefni ráðgjafans, grundvöllur ráðlegginganna og það hvernig þær eru gefnar.

²¹ Áhrifaríkar ráðleggingar eru að miklu leyti undir ráðgjafanum komnar. Spyrðu sjálfan þig undir hvaða kringumstæðum þú eigir auðveldast með að taka ráðum annarra. Ef þú veist að ráðgjafanum er annnt um þig, hann er ekki pirraður og það búa engar annarlegar hvatir að baki er auðveldara en ella að þiggja ráð. Ætti þá ekki hið sama að gilda um viðhorf þín og tilefni þegar þú gefur öðrum ráð? Góð og árangursrík ráð byggjast líka á orði Guðs. (2. Tímóteusarbréf 3:16) Hvort sem við vitnum beint í Biblíuna eða ekki ætti að vera biblíulegur grundvöllur fyrir því sem við ráðleggjum öðrum. Safnaðaröldungar gæta þess að þröngva ekki eigin skoðunum upp á aðra, og þeir snúa ekki út úr orðum Biblíunnar til að láta líta út fyrir að hún styðji persónulegar skoðanir þeirra. Og ráðleggingar eru líka áhrifaríkar ef þær eru gefnar á réttan hátt. Það er auðveldara að þiggja ráð ef þau eru krydduð góðvild og leyfa viðtakandanum að halda reisu sinni. — Kólossubréfið 4:6.

²² Málið er dýrmæt gjöf frá Guði. Þar sem við elskum hann viljum við ekki misnota þessa gjöf heldur nota hana vel. Höfum hugfast að orð okkar hafa áhrif — þau geta byggt upp eða brotið niður. Leggjum okkur því í líma við að nota þessa gjöf „til uppbyggingar“ eins og gjafarinn ætlaðist til. Þá verður það sem við segjum til blessunar þeim sem við umgöngumst og það stuðlar að því að kærleikur Guðs varðveiti okkur.

22. Hvernig ætlar þú að nota talgáfuna?

Hátíðahöld sem Guð hefur vanþóknun á

„Metið rétt hvað Drottni þóknast.“

— EFESUSBRÉFIÐ 5:10.

„HINIR sönnu tilbiðjendur munu tilbiðja föðurinn í anda og sannleika,“ sagði Jesús. „Faðirinn leitar slíkra tilbiðjenda.“ (Jóhannes 4:23) Þegar Jehóva finnur slíka einstaklinga — eins og hann fann þig — laðar hann þá til sín og sonar síns. (Jóhannes 6:44) Hvílíkur heiður! En þeir sem unna sannleika Biblíunnar verða samt sem áður að halda áfram að ‚meta rétt hvað Drottni þóknast‘ vegna þess að Satan er snjall blekkingameistari. — Efesusbréfið 5:10; Opinberunarbókin 12:9.

² Lítum á atvik sem átti sér stað í grennd við Sínaí-fjall. Ísraelsmenn báðu Aron að gera guð handa sér. Hann féllst á það, gerði gullkálff og gaf í skyn að kálfurinn táknaði Jehóva. „Á morgun verður Drottni haldin hátíð,“ sagði hann. Stóð Jehóva á sama um að sannri trú og falskri væri blandað saman? Nei, hann lét taka af lífi um þrjú þúsund skurðgoðadýrkendur. (2. Mósebók 32: 1-6, 10, 28) Hvaða lærdóm má draga af þessu? Ef við viljum að kærleikur Guðs varðveiti okkur megum við ekki ‚snerta neitt óhreint‘ heldur þurfum við að verja sannleikann kostgæfilega gegn hvers konar spillingu. — Jesaja 52:11; Esekíel 44:23; Galatabréfið 5:9.

1. Hvers konar fólk laðar Jehóva til sín og af hverju þurfa þeir að halda andlegri vöku sinni?

2. Hvernig lítur Jehóva á þá sem reyna að blanda saman sannri trú og falskri?

³ Meðan postulanna naut við komu þeir í veg fyrir að fráhrarf næði að grafa um sig í söfnuðinum. Eftir að þeir voru dánir fór því miður svo að menn, sem kölluðu sig kristna en höfðu litlar mætur á sannleika Biblíunnar, tóku upp heiðna siði, hátíðir og „helgidaga“ og kölluðu þá kristna. (2. Þessaloníkubréf 2:7, 10) Við skulum líta á sumar af þessum siðvenjum og hátíðum og kanna hvernig þær endurspeglar anda heimsins en ekki andann frá Guði. Almennt séð eiga hátíðir og helgidagar heimsins eitt sameiginlegt: Þær höfða til langana holdsins og stuðla að falstrú og spíritisma en það eru helstu ein-kenni „Babýlonar hinnar miklu.“* (Opinberunarbókin 18:2-4, 23) Höfum jafnframt hugfast að Jehóva hefur séð með eigin augum þær viðurstygglegu heiðnu trúarat-hafnir sem margar útbreiddar siðvenjur eru sprottnar af. Hátíðahöld af slíkum uppruna eru áreiðanlega jafn viðurstyggleg í augum hans núna. Ætti ekki afstaða hans að skipta okkur mestu máli? — 2. Jóhannesarbréf 6, 7.

⁴ Sannkristnir menn vita af ýmiss konar hátíðahöldum sem Jehóva hefur ekki velþóknun á. En við þurfum að vera algerlega staðráðin í að koma ekki nálægt neinum þeirra. Ef við kynnum okkur af hverju Jehóva hefur vanþóknun á slíkum hátíðahöldum verðum við enn einbeittari í að forðast hvaðeina sem gæti hindrað að kærleikur hans varðveitti okkur.

JÓL — SÓLDÝRKUN UNDIR ÖÐRU NAFNI

⁵ Þess er hvergi getið í Biblíunni að haldið hafi verið

* Sjá rammagreininna „Ætti ég að taka þátt í hátíðahöldunum?“ á bls. 148-49. Í efnisskránni *Watch Tower Publications Index* (gefinn út af Vottum Jehóva) eru taldir upp margs konar siðir og „helgir“ dagar.

3, 4. Af hverju ættum við að hafa biblíulegar meginreglur skýrt í huga þegar við lítum á algenga siði og hátíðahöld?

5. Af hverju er víst að Jesús fæddist ekki 25. desember?


upp á afmæli Jesú. Reyndar er ekki vitað nákvæmlega hvenær hann fæddist. Hitt er þó víst að hann fæddist ekki 25. desember enda er þá vetur og kalt í veðri í þessum heimshluta.* Þetta kemur óbeint fram í Lúkasarguðspjalli þar sem segir að fjárhirðar hafi gætt hjarða sinna „úti í haga . . . um nóttina“ þegar Jesús fæddist. (Lúkas 2: 8-11) Síðla í desember mátti búast við kalsaveðri, rigningum og snjókomu í Betlehem og nágrenni. Venja var að hafa sauðfé í húsi á þeim árstíma svo að fjárhirðar voru ekki með það úti í haga að næturlagi. Enn fremur segir frá því að Jósef og María hafi ferðast til Betlehem vegna þess að Ágústus keisari hafði fyrirskipað að tekið skyldi manntal. (Lúkas 2:1-7) Það verður að teljast afar ólíklegt að keisarinn hafi skipað þjóð, sem var mjög í nöp við yfirráð Rómverja, að ferðast til ættborga sinna um hávetur.

⁶ Jólin eiga ekki rætur að rekja til Biblíunnar heldur eldforra heiðinna hátíða, svo sem rómversku hátíðarinnar *Saturnalia* en hún var helguð akuryrkjuguðinum Satúrni. Áhangendur guðsins Míþrasar héldu einnig hátíð 25. desember sem þeir töldu „fæðingardag hinnar ósigrandi sólar“, að því er segir í *New Catholic Encyclopedia*. „Jólahald hófst um það leyti sem sóldýrkun var sérstaklega útbreidd í Róm“ um þrem öldum eftir dauða Krists.

⁷ Á hátíðum sínum skiptust heiðnir menn á gjöfum og héldu veislur, og jólahátíðin hefur haldið í þá siði. En þó að fólk skiptist á jólagjöfum eru þær ekki alltaf gefnar í anda 2. Korintubrúfs 9:7. Þar stendur: „Sérhver gefi eins

* Miðað við tímatal Biblíunnar og veraldlegar söguheimildir er líklegt að Jesús hafi fæðst árið 2 f.Kr. í mánuðinum etaním samkvæmt tímatali Gyðinga en hann svarar til síðari hluta september og fyrri hluta október samkvæmt núverandi tímatali. — Sjá *Insight on the Scriptures*, 2. bindi, bls. 56-57, gefin út af Vottum Jehóva.

6, 7. (a) Hver er uppruni margra af jólasíðunum? (b) Hvað er ólíkt með jólagjöfum og gjöfum kristinna manna?



Sannkristnir menn gefa gjafir vegna kærleika.

og hann hefur ásett sér í hjarta sínu, ekki með ólund eða með nauðung, því að Guð elskar glaðan gjafara.“ Sannkristnir menn gefa gjafir vegna kærleika, þeir binda sig ekki við ákveðnar dagsetningar og ætlast ekki til að fá gjafir í staðinn. (Lúkas 14:12-14; Postulasagan 20:35) Og þeir eru þakklátir fyrir að vera lausir við jólastressið og þurfa ekki að steypa sér í skuldir eins og margir gera um þetta leyti árs. — Matteus 11:28-30; Jóhannes 8:32.

⁸ En færðu ekki vitringarnir Jesú afmælisgjafir? spyr einhver. Nei, þeir voru einungis að tjá tignarpersónu virðingu sína með gjöfum eins og siður var á biblíutím-anum. (1. Konungabók 10:1, 2, 10, 13; Matteus 2:2, 11) Og þeir komu reyndar ekki nóttina sem Jesús fæddist. Jesús var ekki ungbarn í jötu heldur átti heima í húsi og var orðinn margra mánaða þegar þeir komu.

8. Færðu vitringarnir Jesú afmælisgjafir? Skýrðu svarið.

ÆTTI ÉG AÐ TAKA ÞÁTT Í HÁTÍÐAHÖLDUNUM?

Meginregla: „Farið burt frá þeim og skiljið ykkur frá þeim. Snertið ekki neitt óhreint og ég mun taka ykkur að mér.“ — 2. Korintubréf 6:17.

Gott er að spyrja sig varðandi algengar hátíðir og siði:

- Á þetta greinilega upptök sín í falstrúarkenningum eða siðum, til dæmis andatru? — Jesaja 52:11; 1. Korintubréf 4:6; 2. Korintubréf 6:14-18; Opinberunarbókin 18:4.
- Er verið að heiðra eða lofa úr hófi fram menn, samtök eða þjóðartákn? — Jeremía 17:5-7; Postulasagan 10:25, 26; 1. Jóhannesarbréf 5:21.
- Er verið að upphefja ákveðna þjóð eða þjóðarbrot yfir aðra? — Postulasagan 10:34, 35; 17:26.
- Endurspeglar þetta „anda heimsins“ sem gengur í berhögg við heilagan anda Guðs? — 1. Korintubréf 2:12; Efesusbréfið 2:2.
- Myndi ég hneyksla einhvern ef ég tæki þátt í þessu? — Rómverjabréfið 14:21.
- Hvernig get ég útskýrt afstöðu mína vinsamlega fyrir öðrum ef ég tek ekki þátt í þessu? — Rómverjabréfið 12:1, 2; Kólossubréfið 4:6.

Eftirfarandi ritningarstaðir geta auðveldað þér að svara spurningum um algengar hátíðir:

- „[Ótrúir Ísraelsmenn] lögðu lag sitt við aðrar þjóðir og tóku upp hætti þeirra.“ — Sálmur 106:35.



- „Sá sem er trúr í því smæsta er einnig trúr í miklu og sá sem er ótrúr í því smæsta er og ótrúr í miklu.“ — Lúkas 16:10.
- „Þér eruð ekki af heiminum.“ — Jóhannes 15:19.
- „Ekki getið þið tekið þátt í borðhaldi Drottins og borðhaldi illra anda.“ — 1. Korintubréf 10:21.
- „Nógu lengi hafið þið samið ykkur að háttum heiðingjanna og lifað í saurlifnaði, girndum, ofdrykkju, óhófi, samdrykkjum og svívirðilegri skurðgoðadýrkun.“ — 1. Pétursbréf 4:3.

AFMÆLISHALD Í LJÓSI BIBLÍUNNAR

⁹ Barnsfæðing hefur alltaf verið talin gleðilegur viðburður en hvergi er þó minnst á að þjónar Guðs hafi haldið afmæli sitt hátíðlegt. (Sálmur 127:3) Gleymdist hreinlega að segja frá því? Nei, það er raunar minnst á tvær afmælisveislur í Biblíunni. Aðra hélt einn af faraóum Egyptalands og hina Heródes Antípas. (1. Mósebók 40:20-22; Markús 6:21-29) Beggja er þó getið í neikvæðu samhengi, einkum hinnar síðari en þá var Jóhannes skírari hálshöggvinn.

¹⁰ „Frumkristnir menn álitu það heiðinn sið að halda upp á fæðingu nokkurs manns,“ að sögn *The World Book*

9. Hvað gerðist í þeim afmælisveislum sem nefndar eru í Biblíunni?
10, 11. Hvernig litu frumkristnir menn á afmælishald og af hverju?

„HELGIR“ DAGAR OG SATANSDÝRKUN

Það vekur athygli að í Satansdýrkun er litið á afmælisdag fólks sem mikilvægasta dag ársins. Ástæðan er sú að Satansdýrkendur trúna að hver maður sé guð ef hann ákveður að líta á sig sem guð. Með því að halda upp á afmæli sitt sé því verið að halda upp á fæðingu guðs. Fæstir taka auðvitað svona öfgafulla og sjálfselska afstöðu. Engu að síður segir í bókinni *The Lore of Birthdays*: „Aðrir hátíðisdagar gleðja hjartað en afmælið gleður sjálfsálitið.“

Næstmikilvægustu „helgidagar“ á almanaki Satansdýrkenda eru nóttin fyrir Valborgarmessu og Hrekkjavaka. Í *Ensk-íslenskri orðabók* segir um þá fyrnefndu: „Aðfaranótt 1. maí; trúað var að galdranornir héldu svallsamkomu þá nótt.“

Encyclopedia. Grikkir til forna trúðu til dæmis að hver maður ætti sér verndaranda sem væri viðstaddur fæðingu hans og gætti hans upp frá því. „Þessi andi átti dulræn tengsl við guð þess dags sem manneskjan fæddist á,“ segir í bókinni *The Lore of Birthdays*. Afmælishald á einnig forn og nán tengsl við stjörnuspeki og stjörnu-spár.

¹¹ Auk þess að hafna afmælishaldi sökum heiðins upp-
runa og tengsla þess við andatrú er líklegt að þjónar
Guðs til forna hafi líka gert það vegna lífsskoðunar sinn-
ar. Þetta var hógvært fólk sem áleit ekki komu sína í
heiminn svo merkilega að það ætti að halda upp á
hana.* (Míka 6:8; Lúkas 9:48) Þjónar Jehóva vildu heldur
vegsama hann og þakka honum þá dýrmætu gjöf sem líf-
ið er.[#] — Sálmur 8:4, 5; 36:10; Opinberunarbókin 4:11.

¹² Allir ráðvandir menn eru óhultir í minni Guðs eft-
ir að þeir eru dánir, og framtíð þeirra er örugg. (Jobsbók
14:14, 15) Í Prédikaranum 7:1 segir: „Betra er gott mann-
orð en góð ilmsmyrsl og betri er dauðadagur en fæðing-
ardagur.“ Við byggjum upp gott mannorð hjá Guði með
dyggri þjónustu okkar. Vert er að hafa hugfast að eina há-
tíðin, sem kristnum mönnum er sagt að halda, er minn-
ingarhátíð um dauða Jesú en ekki fæðingu. Það er hið
ágæta „nafn“ hans eða mannorð sem er forsenda þess að
við hljótum hjálpraði. — Lúkas 22:17-20; Hebreabréfið 1:
3, 4.

* Sjá rammagreininna „Helgir“ dagar og Satansdýrkun“ á bls. 150.

[#] Það ákvæði var í lagasáttmálanum að kona skyldi færa Guði
syndaförn eftir barnsburð. (3. Mósebók 12:1-8) Þetta var átakanleg
áminning um það að mennirnir gefa börnum sínum syndina í arf og
hjálpáði Ísraelsmönnum eflaust að sjá barnsfæðingu í réttu ljósi.
Hugsanlega hefur þetta lagaákvæði haldið aftur af því að þeir tækju
upp heiðna afmæliði. — Sálmur 51:7.

12. Í hvaða skilningi getur dauðadagur verið betri en fæðingardagur?

PÁSKAR — FRJÓSEMISDÝRKUN UNDIR FÖLSKU FLAGGI

¹³ Látið er í veðri vaka að páskar séu haldnir til að fagna upprisu Jesú en raunin er sú að þeir eiga rætur sínar í falstrú. Og hvernig tengdust egginn og kanínurnar páskunum? Egg „hafa verið áberandi tákn nýs lífs og upprisu,“ að sögn *Encyclopædia Britannica*, en hérinn og kanínan hafa lengi verið frjósemistákn. Páskar eru því í rauninni frjósemishátið þó að þeir hafi upprisu Jesú að yfirskinu.*

¹⁴ Getur hugsast að Jehóva sé sáttur við að upprisu sonar síns sé minnst með ógeðfelldum frjósemisiddum? Það er af og frá! (2. Korintubrэф 6:17, 18) Reyndar er hvergi kveðið á um eða heimilað í Biblíunni að upprisa Jesú sé haldin hátiðleg. Og að gera það í nafni páskanna er hálfu verra.

HREKKJAVAKA OG UPPRUNI HENNAR

¹⁵ Hrekkjavaka er þekkt fyrir nornir, púka og skreytingar sem minna á ýmsar kynjaverur. Hún er haldin hátiðleg kvöldið fyrir allraheilagramessu og á ættir að rekja til Kelta á Bretlandi og Írlandi. Á fullu tungli næst 1. nóvember héldu þeir hátiðina *Samhain* sem merkir „sumarlok“. Þeir töldu að á þessum degi hyrfu mörkin milli mannsheims og hins yfirnáttúrlega heims, og þá færu á kreik andar, bæði góðir og illir. Sálir látinna voru taldar snúa til heimila sinna og fólk setti út mat og drykk til að blíðka

* Athygli vekur að enskt nafn páskanna, *Easter*, er talið skylt Eostre eða Ostara sem var gyðja dögunar og vors hjá Engilsöxum. Eostre (eða Eastre) var líka frjósemisgyðja. Í bókinni *The Dictionary of Mythology* segir: “Hún átti héra á tunglinu, sem þótti fjarska vænt um egg, og stundum var hún sýnd með hérahöfuð á myndum.”

13, 14. Hvaðan koma algengir siðir sem tengjast páskum?

15. Hver er uppruni hrekkjavöku og hvaða þýðingu kann tímasetning hennar að hafa?

draugana sem kæmu í heimsókn. Börn eru óafvitandi að viðhalda helgisiðum *Samhain*-hátíðarinnar þegar þau ganga hús úr húsi eins og nú tíðkast, klædd sem draugar og nornir og hóta að gera húsráðendum grikk nema þeim sé gefið eitthvað.

HREIN OG HEIÐVIRÐ BRÚÐKAUP

¹⁶ Innan skamms mun „raust brúðguma og brúðar . . . eigi framar heyrast“ í Babýlon hinni miklu. (Opinberunarbókin 18:23) Hvers vegna? Meðal annars vegna spíritismans sem þrífst innan hennar en hann getur sett blett á hjónaband allt frá brúðkaupsdeginum. — Markús 10:6-9.

¹⁷ Siðir og venjur eru breytilegar frá einu landi til annars. Sumir siðir, sem virðast saklausir á yfirborðinu, kunna að eiga sér rætur í babýlonskum athöfnum sem ætlað var að færa brúðhjónum og gestum þeirra lukku. (Jesaja 65:11, *Biblían 1981*) Þar á meðal má nefna þann sið að kasta hrísgrjónum eða öðru slíku á brúðhjónin. Hann á hugsanlega uppruna sinn í þeirri trú að hægt væri að blíðka illa anda með mat og koma þannig í veg fyrir að þeir gerðu brúðhjónunum mein. Hrásgrjón hafa auk þess lengi verið talin eiga dulræn tengsl við frjósemi, farsæld og langlífi. Er ekki augljóst að allir sem vilja að kærleikur Guðs varðveiti sig hljóta að forðast siði sem eiga sér óhreinan uppruna? — 2. Korintubréf 6:14-18.

¹⁸ Þjónar Jehóva forðast einnig veraldlega siði sem geta sært samvisku einhverra eða spillt fyrir þeirri reisn og virðingu sem á að einkenna brúðkaup og brúðkaupsveislur. Þeir flytja til dæmis ekki ávörp eða ræður sem eru

16, 17. (a) Af hverju ættu kristin brúðhjón að kynna sér fyrir fram staðbundnar siðvenjur með hliðsjón af Biblíunni? (b) Hvað ættu kristnir menn að íhuga varðandi siði eins og þann að kasta hrísgrjónum eða öðru slíku á brúðhjón?

18. Hvaða biblíulegu meginreglur ætti þar, sem er að undirbúa brúðkaup, og boðsgestir þeirra að hafa að leiðarljósi?

með kaldhæðnu eða kynferðislegu ívafi, og þeir forðast brandara eða hrekki sem gætu gert brúðhjónin eða aðra vandræðalega. (Orðskviðirnir 26:18, 19; Lúkas 6:31; 10:27) Þeir forðast einnig skrautlegar og íburðarmiklar brúðkaupsveislur með ævintýrlegu ívafi sem vitna um „oflæti vegna eigna“ en ekki hæversku. (1. Jóhannesarbréf 2:16) Ef þú ert að undirbúa brúðkaup skaltu hafa hugfast að Jehóva vill að þú getir alltaf minnst þessa dags með gleði en ekki eftirsjá.*

ER ÞAÐ TRÚARLEGUR SIÐUR AÐ SKÁLA?

¹⁹ Það er algengt í brúðkaupsveislum og við önnur tækifæri að skála. Í bókinni *International Handbook on Alcohol and Culture* frá 1995 segir: „Að skála . . . er sennilega arfur frá fornum dreypifórnum þegar helgum vökva var fórnað guðunum . . . í skiptum fyrir ósk eða bæn sem dregin var saman í orðunum ‚lifðu lengi‘ eða ‚heill þér‘“.

²⁰ Margir hugsa kannski ekki út í það að sá siður að skála tengist trú eða hjátrú. Engu að síður má líta svo á að sú venja að lyfta vínglasi í átt til himins sé beiðni til „himinsins“ — yfirnáttúrlegra afla — um blessun og hún stingi í stúf við þær leiðbeiningar sem er að finna í Biblíunni. — Jóhannes 14:6; 16:23.#

„ÞÉR, SEM ELSKIÐ DROTTIN, HATIÐ ILLT“

²¹ Í sumum löndum eru árlega haldnar kjötkveðjuhá-

* Sjá tvær greinar um brúðkaup og samkvæmi í bæklingnum *Námsgreinar úr enska „Varðturninum“ árið 2006*, bls. 25-32, og *Varðturninum* (enskri útgáfu) 15. október 2006, bls. 28-31.

Sjá *Varðturninn* (enska útgáfu) 15. febrúar 2007, bls. 30-31.

19, 20. Hvað segir í heimildarriti um uppruna þess siðar að skála og af hverju ættu kristnir menn ekki að gera það?

21. Hvaða vinsælu hátíðir forðast kristnir menn þó að þær eigi sér ef til vill ekki trúarlegan uppruna? Af hverju gera þeir það?

tíðir sem Babýlon hin mikla ýtir undir beint eða óbeint. Þessar hátíðir eru til vitnis um það hve siðferði samtíðarinnar er komið á lágt stig enda einkennast þær af lostafullum dansi og oft er lífernir samkynhneigðra hampað. Væri viðeigandi fyrir þann sem elskar Jehóva að vera viðstaddur slíka hátíð eða horfa á hana? Bæri það vitni um að hann hataði hið illa? (Sálmur 1:1, 2; 97:10) Það er miklu betra að líkja eftir afstöðu sálmaskáldsins sem bað: „Snú augum mínum frá hégóma.“ — Sálmur 119:37.

²² Þegar heimurinn heldur hátíðir ætti kristinn maður að gæta þess að hegðun hans gefi ekki öðrum tilefni til að ætla að hann sé að taka þátt í hátíðahöldunum. „Hvort sem þið því etið eða drekkið eða hvað sem þið gerið, þá gerið það allt Guði til dýrðar,“ skrifaði Páll. (1. Korintubríf 10:31, sjá rammagreininna „Taktu viturlegar ákvarðanir“ á bls. 158-59.) Ef hins vegar er greinilegt að einhver siður eða hátíð hefur enga falstrúarlega þýðingu, er ekki þáttur í þjóðernishátíð, hefur engin stjórn mála tengsl og brýtur ekki gegn neinni af meginreglum Biblíunnar getur hver og einn ákveðið hvort hann taki þátt í henni eða ekki. Hann ætti jafnframt að taka tillit til annarra svo að hann hneyksli þá ekki.

VEGSAMAÐU GUÐ MEÐ ORÐUM ÞÍNUM OG VERKUM

²³ Margir líta fyrst og fremst á hátíðis- og tyllidaga sem tækifæri fyrir fjölskyldu og vini til að hittast. Ef einhver dregur þá röngu ályktun að biblíuleg afstaða okkar sé öfgafull eða fjandsamleg getum við útskýrt vinsamlega að vottum Jehóva þyki gaman að því þegar ættingjar og

22. Í hvaða tilviki getur kristinn maður gert upp við samvisku sína hvort hann taki þátt í hátíð eða ekki?

23, 24. Hvernig gætum við skýrt réttláta mælikvarða Jehóva?

SÖNN TILBEIÐSLA VEITIR MESTU GLEÐINA

Jehóva er ‚hinn sæli Guð‘ og vill að þjónar sínir séu einnig sælir eða glaðir. (1. Tímóteusarbréf 1:11, *Biblían 1912*) Eftirfarandi ritningarstaðir vitna um það:

„Sá sem vel liggur á er sífellt í veislu.“ — Orðskviðirnir 15:15.

„Ég sá að ekkert hugnast þeim betur en að vera glaðir og njóta lífsins meðan það endist. En að matast, drekka og gleðjast af öllu erfiði sínu, einnig það er Guðs gjöf.“ — Prédikarinn 3: 12, 13.

„Göfugmennið hefur göfug áform og stendur fast á því sem göfugt er.“ — Jesaja 32:8.

„Komið til mín, öll þér sem erfiðið og þunga eruð hlaðin, og ég [Jesús] mun veita yður hvíld. . . . Því að mitt ok er ljúft og byrði mín létt.“ — Matteus 11:28, 30.

„[Þið] munuð þekkja sannleikann, og sannleikurinn mun gera yður frjálsta.“ — Jóhannes 8:32.

„Sérhver gefi eins og hann hefur ásett sér í hjarta sínu, ekki með ólund eða með nauðung, því að Guð elskar glaðan gjafara.“ — 2. Korintubríf 9:7.

„Ávöxtur andans er: kærleiki, gleði, friður, . . . gæska, góðvild.“ — Galatabréfið 5:22.

„Ávöxtur ljóssins er einskær góðvild, réttlæti og sannleikur.“ — Efesusbréfið 5:9.

vinir hittast við uppbyggilegar aðstæður. (Orðskviðirnir 11:25; Prédikarinn 3:12, 13; 2. Korintubréf 9:7) Við höfum ánægju af að vera með ástvinum allt árið um kring, en þar sem við elskum Guð og réttláta mælikvarða hans viljum við ekki skemma þessar ánægjustundir með siðum sem eru honum á móti skapi. — Sjá rammagreinina „Sönn tilbeiðsla veitir mestu gleðina“ á bls. 156.

²⁴ Sumum vottum hefur gengið vel að nota efnið í 16. kafla bókarinnar *Hvað kennir Biblían?* til að svara einlægum spurningum vina og ættingja.* Munum þó að það er markmið okkar að laða fólk að sannleikanum en ekki sigra í rökræðum. Sýnum öðrum virðingu, verum mild í viðmóti og látum mál okkar vera „ljúflegt en salti kryddað“. — Kólossubréfið 4:6.

²⁵ Vottar Jehóva eru vel upplýstir. Við þekkjum rökin fyrir því sem við trúum og vitum af hverju við gerum vissa hluti en forðumst aðra. (Hebreabréfið 5:14) Þið sem eruð foreldrar ættuð að kenna börnunum að rökhuga með hliðsjón af meginreglum Biblíunnar. Þannig byggjið þið upp trú þeirra og kennið þeim að svara með hjálp Biblíunnar þegar þau eru krafín um skýringar á trú sinni. Og þið fullvissið þau um að Jehóva elski þau. — Jesaja 48:17, 18; 1. Pétursbréf 3:15.

²⁶ Þeir sem tilbiðja Guð „í anda og sannleika“ forðast ekki aðeins heiðin hátíðahöld heldur reyna líka sitt ýtrasta til að vera heiðarlegir í einu og öllu. Margir telja hins vegar ekki raunhæft nú til dags að vera heiðarlegir. Í næsta kafla kemur hins vegar fram að leiðir Guðs eru alltaf þær bestu.

* Gefin út af Vottum Jehóva.

TAKTU VITURLEGAR ÁKVARÐANIR

Stundum koma upp aðstæður þar sem reynir á skilning okkar á meginreglum Biblíunnar og kærleika okkar til Jehóva. Hugsum okkur systur í söfnuðinum. Eiginmaður hennar, sem er ekki vottur, biður hana að koma með sér að borða með ættingjum á degi sem heimurinn heldur hátíðlegan. Sumir vottar myndu þiggja boðið með góðri samvisku en aðrir ekki. Ef þjónn Guðs þiggur slíkt boð ætti að vera ljóst af framkomu hans að hann sé ekki að halda daginn hátíðlegan heldur sé hann einungis kominn til að borða með ættingjum.

Það væri skynsamlegt af þjóni Jehóva, sem lendir í þessari aðstöðu, að skýra vinsamlega fyrir maka sínum að það gæti orðið svolítið vandræðalegt ef ættingjarnir væru með einhver hátíðahöld en votturinn tæki ekki þátt í þeim. Makinn gæti þá hugsanlega ákveðið að heimsækja ættingjana einhvern tíma síðar. — 1. Pétursbréf 3:15.

En segjum nú að maðurinn vilji endilega að konan komi með þrátt fyrir útskýringar hennar. Hún gæti hugsað sem svo að þar sem hann er höfuð heimilisins sé það hlutverk hans að sjá fjölskyldunni fyrir mat. (Kólossubréfið 3:18) Í þessu tilfalli er máltíðin í boði hjá ættingjum hans. Kannski fær hún jafnvel tækifæri til að segja frá trú sinni í boðinu. Það er ekkert að matnum þó að hann sé borðaður á degi sem heimurinn heldur hátíðlegan. (1. Korintubréf 8:8) Konan getur litið á þetta sem venjulega máltíð en hún tekur einfaldlega ekki þátt í því þegar skipst er á hátíðarkveðjum, sungið, skálað og svo framvegis.

Annað sem kristin eiginkona þarf að hafa í huga eru áhrifin sem hún gæti haft á aðra ef hún þægi heimboðið. Hún ætti að íhuga hvort aðrir sem fréttu að hún hafi heimsótt ættingjana á þessum degi gætu hneykslast á því. — 1. Korintubréf 8:9; 10:23, 24.

Er hættu á að fjölskyldan beiti konuna þrýstingi og reyni að fá hana til að gefa eftir? Það getur verið ákaflega freistandi að láta undan til að forðast óþægindi. Þess vegna er mikilvægt að vera búinn að hugsa málið til enda fyrir fram og taka allt þetta með í reikninginn, þar á meðal samviskuna. — Postulasagan 24:16.

Ætti ég að þiggja jólabónus?

Um jólaleytið greiða vinnuveitendur starfsmönnum stundum jólabónus eða gefa þeim gjafir. Ætti kristinn maður að afþakka slíkt? Ekki endilega. Það er allsendis óvíst að vinnuveitandi hugsi sem svo að viðtakandi sé að halda jólfyrirgjöf ef hann þiggur bónus eða gjöf. Kannski vill hann einfaldlega gefa öllu starfsfólkinu hlutdeild í hagnaði fyrirtækisins. Eins má vera að bónusinn sé hugsaður sem þakklætisvottur fyrir góð störf allt árið um kring og sem hvati fyrir starfsmenn til að halda áfram að skila góðu verki. Að öllum líkindum fá allir starfsmenn gjöf — jafnt múslimar, gyðingar og aðrir — óháð því hvort þeir halda jólfyrirgjöf eða ekki. Þó að gjöf sé gefin um þetta leyti eða nefnd eftir jólfyrirgjöf er ekki sjálfgefið að vottur Jehóva þurfi að afþakka hana.

Jafnvel þó að gjöf sé gefin í tilefni trúarhátíðar er ekki víst að það sé litið svo á að viðtakandinn aðhyllist þá trú. Samstarfsmaður eða ættingi segir ef til vill við vott: „Ég veit að þú heldur ekki jólfyrirgjöf en mig langar samt til að gefa þér þessa gjöf.“ Ef samviska hins kristna angrar hann ekki getur hann þegið gjöfina og þakkað fyrir sig án þess að minnast á trúarhátíðina. (Postulasagan 23:1) Kannski getur hann útskýrt afstöðu sína háttvísliga við annað tækifæri þegar minni líkur eru á að það móðgi gefandann.

En hvernig ætti að bregðast við ef sá sem vill gefa gjöfina ætlar sér greinilega að sýna fram á að þjónn Jehóva sé ekki staðfastur í trúnni eða gefi eftir ef hann hefur hag af því? Þá er örugglega best að afþakka gjöfina. Við viljum auðvitað sýna Jehóva Guði óskipta hollustu. — Matteus 4:8-10.

Vertu heiðarlegur á öllum sviðum

„Ég . . . vil í öllum greinum breyta vel.“

— HEBREABRÉFIÐ 13:18.

MÓÐIRIN og litli drengurinn hennar eru að ganga saman út úr búðinni. Skyndilega nemur drengurinn staðar. Honum er augljóslega brugðið. Hann heldur á litlu leikfangi í hendinni. Hann hafði tekið það í versluninni og gleymt að skila því aftur eða spyrja mömmu sína hvort hún vildi kaupa það. Miður sín hrópar hann upp yfir sig. Hún róar hann og fer aftur með honum inn í búðina til að hann geti skilað leikfanginu og beðist afsökunar. Hún er ákaflega stolt af því að sjá drenginn sinn gera þetta. Af hverju?

² Fátt gleður foreldra meira en að sjá börnin átta sig á því hve mikilvægt það sé að vera heiðarlegur. Hið sama er að segja um föðurinn á himnum, hinn „trúfasta Guð“. (Sálmur 31:6) Það gleður hann að sjá okkur þroskast í trúnni og kosta kapps um að vera heiðarleg. Okkur langar til að þóknast honum og láta kærleika hans varðveita okkur og tökum því undir með Páli postula sem sagði: „Ég . . . vil í öllum greinum breyta vel [„vera heiðarlegur“, *New World Translation*].“ (Hebreabréfið 13:18) Við skulum nú beina athygli okkar að fjórum sviðum í lífinu þar sem okkur getur stundum þótt sérlega erfitt að vera heiðarleg. Síðan lítum við á þá blessun sem fylgir því að vera heiðarleg.

1, 2. Af hverju gleðst Jehóva þegar hann sér að við reynum að vera heiðarleg? Lýstu með dæmi.

AÐ VERA HEIÐARLEGUR VIÐ SJÁLFAAN SIG

³ Fyrsta þrautin er sú að læra að vera heiðarlegur við sjálfan sig. Við ófullkomnir mennirnir eigum ósköp auðvelt með að blekkja sjálfa okkur. Svo dæmi sé tekið sagði Jesús kristnum mönnum í Laódíkeu að þeir hefðu talið sjálfum sér trú um að þeir væru ríkir þó að þeir væru í rauninni ‚fátækir, blindir og naktir‘ í andlegum skilningi. (Opinberunarbókin 3:17) Það var ekki gæfulegt ástand. Og sjálfsblekkingin gerði ástandið enn alvarlega.

⁴ Þú manst kannski líka að lærisveinninn Jakob sagði: „Sá sem þykist vera guðrækin en hefur ekki taumhald á tungu sinni blekkir sjálfan sig og guðrækni hans er fánýt.“ (Jakobsbréfið 1:26) Ef við teldum okkur trú um að við gætum leyft okkur að misnota tunguna en samt haldið velþóknun Jehóva værum við að blekkja sjálf okkur. Þá værum við að tilbiðja Jehóva algerlega til einskis. Hvernig getum við komið í veg fyrir svo dapurleg örlög?

⁵ Í versunum á undan líkir Jakob sannleikanum í orði Guðs við spegil. Hann ráðleggur okkur að skyggjast inn í fullkomið lögmál Guðs og breyta því sem við þurfum að breyta. (Jakobsbréfið 1:23-25) Í Biblíunni erum við hvött til að vera heiðarleg við sjálf okkur og kanna hvernig við getum bætt okkur. (Harmljóðin 3:40; Haggái 1:5) Við getum líka beðið Jehóva að rannsaka okkur og hjálpa okkur að koma auga á alvarlega galla og reyna að bæta úr þeim. (Sálmur 139:23, 24) Óheiðarleiki er lúmskur veikleiki og við þurfum að sjá hann sömu augum og faðirinn á himnum. Í Orðskviðunum 3:32 segir: „Andstygð er sá Drottinn sem afvega fer en ráðvandir menn eru alúðarvinir hans.“ Jehóva getur hjálpað okkur að hugsa eins og hann og sjá sjálf okkur sömu augum og hann gerir. Eins og við

3-5. (a) Hvernig varar Biblían við því að sjálfsblekking sé hættuleg?
(b) Hvað getur hjálpað okkur að vera heiðarleg við sjálf okkur?

munum sagði Páll: „Ég . . . vil í öllum greinum breyta vel.“ Við erum ekki fullkomin núna en við þráum í einlægni að vera heiðarleg og reynum það.

AÐ VERA HEIÐARLEG INNAN FJÖLSKYLDUNNAR

⁶ Heiðarleiki ætti að vera aðalsmerki kristinnar fjölskyldu. Hjón þurfa því að vera opinská og heiðarleg hvort við annað. Það ætti ekki að þekkjast hjá kristnum mönnum að daðra utan hjónabands, stofna til leynilegra sambanda á Netinu eða koma nálægt klámi í einhverri mynd. Allt slíkt er skaðlegt og særandi. Þess eru dæmi að gift kristið fólk hafi gert eitthvað af því tagi og falið það fyrir maka sínum. Það er óheiðarlegt. Tökum eftir orðum Davíðs konungs sem var trúfastur þjónn Guðs: „Ég tek mér ekki sæti hjá lygurum og umgengst ekki fláráða.“ (Sálmur 26:4) Ef þú ert gift eða giftur skaltu aldrei gera nokkuð sem þér gæti fundist freistandi að fela fyrir makanum.

⁷ Það er skynsamlegt af foreldrum að nota dæmi úr Biblíunni til að kenna börnum sínum gildi þess að vera heiðarleg. Sem víti til varnaðar má nefna frásöguna af Akan sem stal og reyndi að leyna þjófnaðinum, Gehasí sem laug í gróðaskyni

6. Af hverju þurfa hjón að vera heiðarleg hvort við annað og hvaða hættur forðast þau þar með?

7, 8. Hvaða dæmi er hægt að nota til að kenna börnum gildi þess að vera heiðarleg?

Heiðarleiki hjálpar okkur að forðast breytni sem gæti verið freistandi að fela.



og Júdas sem stal og laug illgirnisleiga til að gera Jesú mein. — Jósúabók 6:17-19; 7:11-25; 2. Konungabók 5:14-16, 20-27; Matteus 26:14, 15; Jóhannes 12:6.

⁸ Af jákvæðum dæmum má nefna frásöguna af Jakobi sem sagði sonum sínum að skila peningum sem þeir fundu í sekkjum sínum ef vera kynni að þeir hefðu verið settir þar af misgáningi, frásöguna af Jefta og dóttur hans sem virti heit föður síns þó að það kostaði hana miklar fórnir og Jesú sem gekk djarfmannlega fram fyrir æstan múg til að uppfylla spádóm og vernda vini sína. (1. Mósebók 43:12; Dómarabókin 11:30-40; Jóhannes 18:3-11) Listinn er alls ekki tæmandi en getur gefið foreldrum hugmynd um þann mikla fjársjóð sem er að finna í Biblíunni og þeir geta nýtt sér til að innprenta börnunum gildi þess að vera heiðarleg.

⁹ Þessi kennsla leggur foreldrum alvarlega ábyrgð á herðar. Páll postuli spurði: „Þú sem fræðir aðra, hví fræðir þú ekki sjálfan þig? Þú prédikar að ekki skuli stela og stelur þó.“ (Rómverjabréfið 2:21) Sumir foreldrar rugla börnin í ríminu með því að brýna fyrir þeim að vera heiðarleg en eru svo sjálfir óheiðarlegir. Þeir reyna kannski að réttlæta örlítið hnupl eða villandi ummæli og segja: „Æ, það er hvort eð er reiknað með því að fólk taki svona lagað“ eða „Þetta var bara örlítil hvít lygi, smá plat“. En þjófnæður er þjófnæður hversu smár sem hann er og lygi er lygi óháð því hvert efnið er og hve viðamikil ósannindin eru.* (Lúkas 16:10) Börn eru fljót að koma auga á hræsni og hún getur skaðað þau mikið. (Efesusbréfið 6:4) En þegar þau læra

* Í söfnuðinum getur óskammfeilin og illgjörn lygi, sem er greinilega ætlað að vera öðrum til tjóns, kallað á að öldungarnir skipi dómnefnd til að taka á málinu.

9. Af hverju er mikilvægt að foreldrar séu góð fyrirmynd um heiðarleika og hvað ættu þeir að forðast?

LYGAR SATANS VARÐANDI ALVARLEGAR SYNDIR

Satan vill gjarnan að við trúum ýmsum lygum varðandi alvarlega syndir. En sem betur fer erum við upplýst um „vélabrögð“ hans. (Efesusbréfið 6:11) Lítum á þrjár af þessum lygum.

„**Það er hægt að fela syndir.**“ Sannleikurinn er sá að Jehóva sér allt sem við gerum. „Allt er bert og öndvert augum hans. Honum eigum við reikningskil að gera.“ (Hebreabréfið 4:13) Fyrst Jehóva veit allar staðreyndir og við þurfum að standa honum reikningsskap gerða okkar er lítið vit í því að auka á sekt okkar með því að reyna að fela alvarlega synd fyrir þjónum hans hér á jörð. — Sjá einnig 2. Samúelsbók 12:12.

„**Það er ekki hægt að treysta öldungunum þannig að það er best að segja þeim ekki neitt.**“ Hinn illi Akab konungur kallaði Elfa fjandmann sinn. (1. Konungabók 21:20) Elía var spámaður Jehóva í Ísrael og hefði getað hjálpað Akab að hljóta fyrirgefningu. Öldungarnir eru „gjafir“ frá Jesú til kristna safnaðarins. (Efesusbréfið 4:8) Þeir eru að vísu ófullkomnir en láta sér annt um velferð okkar og heilbrigði í trúnni með því að „vaka yfir sálum [okkar]“. (Hebreabréfið 13:17) Þeir eru ekki óvinir okkar heldur hefur Jehóva falið þeim að hjálpa okkur.

„**Þú verndar vin með því að hjálpa honum að halda syndum sínum leyndum.**“ Sannleikurinn er sá að við gerum syndara mikið ógagn með því að hjálpa honum að halda syndum sínum leyndum. Alvarlegar syndir eru merki um að brestir séu komnir í samband manns við Guð. Að fela þær er eins og að fela alvarleg sjúkdómseinkenni fyrir lækni. (Jakobsbréfið 5:14, 15) Syndarinn er kannski hræddur

við ögunina sem hann á í vændum en hún er einmitt merki um kærleika Jehóva og getur hæglega bjargað lífi syndarans. (Orðskviðirnir 3:12; 4:13) Og líklegt er að söfnuðinum stafi mikil hætta af þeim sem heldur áfram að syndga. Ekki viltu stuðla að því að hann geti útbreitt þau röngu viðhorf sem urðu þess valdandi að hann syndgaði. (3. Mósebók 5:1; 1. Tímóteusarbréf 5:22) Þá skaltu fyrir alla muni sjá til þess að syndarinn leiti til safnaðaröldunganna og leysi frá skjóðunni.

heiðarleika af fordæmi foreldra sinna er líklegt að þau læri að vegsama Jehóva í þessum óheiðarlega heimi. — Orðskviðirnir 22:6.

AD VERA HEIÐARLEGUR INNAN SAFNAÐARINS

¹⁰ Samskipti okkar við trússystkini bjóða upp á ágætis tækifæri til að temja sér heiðarleika. Eins og fram kom í 12. kafla þurfum við að gæta vel að því hvernig við notum talgáfuna, ekki síst meðal trússystkina okkar. Létt hjal getur auðveldlega þróast yfir í skaðlegt slúður eða jafnvel róg. Ef við förum með eitthvað eftir óáreiðanlegum heimildum gætum við stuðlað að því að bera út lygi, þannig að það er miklu betra að hafa taumhald á tungu sinni. (Orðskviðirnir 10:19) En svo getur líka verið að við vitum eitthvað með vissu en það þýðir ekki endilega að við eigum að hafa það eftir. Kannski kemur okkur málið hreinlega ekki við eða það væri illa gert að tala um það. (1. Pétursbréf 4:15) Sumir reyna að réttlæta dónaskap með því að kalla hann hreinskilni, en mál okkar ætti auðvitað alltaf að vera kurteislegt og vinsamlegt. — Kólossubréfið 4:6.

10. Hvað þurfum við að hafa í huga varðandi heiðarleg tjáskipti meðal trússystkina?

¹¹ Það er sérstaklega mikilvægt að vera heiðarlegur við þá sem fara með forystuna í söfnuðinum. Sumir sem drýgja alvarlega synd gera illt verra með því að leyna syndinni og ljúga að safnaðaröldungum þegar þeir eru spurðir út í málið. Þeir fara að lifa tvöföldu lífi. Þeir þykjast þjóna Jehóva en syndga í laumi. Það má orða það þannig að líf þeirra sé gegnsýrt lygi. (Sálmur 12:3) Sumir segja öldungunum hluta sannleikans en leyna mikilvægum staðreyndum. (Postulasagan 5:1-11) Slíkur óheiðarleiki er oft sprottinn af því að fólk trúir lygum sem Satan ýtir undir. — Sjá rammagreinina „Lygar Satans varðandi alvarlegar syndir“ á bls. 164-65.

¹² Það er líka mikilvægt að vera heiðarlegur gagnvart söfnuði Jehóva þegar við svörum spurningum skriflega. Við gætum þess til dæmis að falsa ekki staðreyndir þegar við gerum grein fyrir boðunarstarfi okkar. Og þegar við útfyllum umsókn um eitthvert þjónustuverkefni í söfnuðinum ættum við aldrei að gefa rangar upplýsingar um heilsufar eða annað sem snertir líf okkar og þjónustu. — Orðskviðirnir 6:16-19.

¹³ Við þurfum líka að vera heiðarleg við trússystemi þegar viðskipti eru annars vegar. Stundum eiga trússystemi í einhvers konar viðskiptasambandi. Þau ættu að gæta þess vel að halda öllu slíku aðgreindu frá sameiginlegri tilbeiðslu sinni í ríkissalnum eða í boðunarstarfinu. Viðskiptin gætu verið þess eðlis að einn sé vinnuveitandi og annar starfsmaður. Ef við ráðum bræður eða systur í vinnu ættum við að vera heiðarleg við þau og greiða þeim umsamin laun á réttum tíma og standa skil á öllum öðrum greiðslum sem

11, 12. (a) Hvernig gera sumir illt verra eftir að þeir hafa syndgað alvarlega? (b) Hvaða lygar ýtir Satan undir varðandi alvarlegar syndir og hvernig getum við barist gegn þeim? (c) Hvernig getum við verið heiðarleg gagnvart söfnuði Jehóva?

13. Hvernig getum við verið heiðarleg ef við eigum í viðskiptatengslum við trússystemi?

HVE HEIÐARLEGUR ER ÉG?

Meginregla: „Drottinn, hver fær að leita hælis í tjaldi þínu? . . . Sá sem gengur í flekkleysi og ástundar réttlæti og talar sannleik af hjarta.“

— Sálmur 15:1, 2.

Gott er að spyrja sig:

- Af hverju er mikilvægt að segja alltaf satt? — Orðskviðirnir 6:16, 17.
- Hvernig get ég forðast að segja ósatt þegar ég tek próf í skóla eða fylli út skattskýrslu og önnur opinber eyðublöð? — Efesusbréfið 4:25; Jesaja 28:15; Matteus 22:17-21; Rómverjabréfið 13:1-7.
- Hvernig kemur það bæði fram í orðum mínum og verkum að ég sé heiðarlegur starfsmaður? — Orðskviðirnir 11:1; Efesusbréfið 4:28; Kólossubréfið 3: 9, 10.
- Hvernig gæti félagirnd gert mér erfiðara fyrir að segja satt? — Sálmur 37:21; 1. Tímóteusarbréf 6:9, 10.



kveðið er á um eða krafist samkvæmt lögum. (1. Tímóteusarbréf 5:18; Jakobsbréfið 5:1-4) Og ef við erum ráðin í vinnu hjá bróður eða systur ættum við að sama skapi að skila fullri vinnu fyrir umsamin laun. (2. Þessaloníkubréf 3:10) Við ætlumst ekki til þess að okkur sé ívilnað vegna trúartengsla, rétt eins og við ættum kröfu á hendur vinnuveitandanum um frí, aukagreiðslur eða hlunnindi umfram aðra starfsmenn. — Efesusbréfið 6:5-8.

¹⁴ En hvað nú ef um er að ræða einhvers konar sameiginleg áhættuviðskipti, til dæmis fjárfestingu eða lán? Í Biblíunni er gefin góð og mikilvæg regla: Gerið alla samninga skriflega. Tökum dæmi: Þegar Jeremía keypti landspildu lét hann útbúa skjal í tvíriti, staðfesta það af vitundarvottum og geyma til að hægt væri að vísa til þess síðar. (Jeremía 32:9-12; sjá einnig 1. Mósebók 23:16-20.) Það er ekkert vantraust að setja allt vandlega niður á blað og undirrita það í votta viðurvist þegar við eigum viðskipti við trússystemi. Það dregur hins vegar stórlega úr hættunni á misskilningi, vonbrigðum og jafnvel ósamkomulagi og deilum. Þegar kristnir menn eiga í viðskiptum hver við annan ættu þeir að hafa hugfast að það er aldrei þess virði að setja frið og einingu safnaðarins í hættu sökum viðskipta.* — 1. Korintubréf 6:1-8.

AÐ VERA HEIÐARLEGUR Í HEIMINUM

¹⁵ Kristinn maður á ekki aðeins að vera heiðarlegur innan safnaðarins. Páll sagði: „Ég . . . vil í öllum greinum breyta vel.“ (Hebreaðbréfið 13:18) Skapara okkar er mjög

* Í viðaukanum á bls. 222-23 er fjallað um hvað gera skuli ef eitt-hvað fer úrskaiðis í viðskiptum.

14. Hvaða ráðstafanir er viturlegt að gera þegar kristnir menn eiga í viðskiptum og af hverju?

15. Hvernig lítur Jehóva á óheiðarlega viðskiptahætti og hvernig bregðast kristnir menn við þróuninni í heiminum?

annt um að við séum heiðarleg í viðskiptum við fólk í heiminum. Í Orðskviðunum er fjórum sinnum minnst á að það sé nauðsynlegt að vera með rétta vog. (Orðskviðirnrir 11:1; 16:11; 20:10, 23) Forðum daga var algengt að nota vog og lóð í viðskiptum til að vigta vörur sem keyptar voru og peningana sem greiddir voru fyrir. Óheiðarlegir kaupmenn notuðu tvenns konar lóð og ónákvæma vog til að blekkja og svíkja viðskiptavinum. * Jehóva hatar allt slíkt. Til að kærleikur hans varðveiti okkur forðumst við vandlega hvers kyns óheiðarlega viðskiptahætti.

¹⁶ Satan er höfðingi heimsins svo að óheiðarleikinn, sem er allt um kring, kemur okkur ekki á óvart. Hugsanlega er okkar freistað daglega að vera óheiðarleg. Þegar fólk semur ferilskrá og sækir um vinnu er algengt að það ljúgi og ýki, falsi meðmælabréf og segi rangt til um starfsreynslu. Margir gefa rangar upplýsingar til að ná sínu fram þegar þeir telja fram til skatts, kaupa tryggingar eða flytja milli landa. Margir nemendur svindla á prófum, og þegar þeir skrifa skólaritgerðir stela þeir gjarnan efni sem þeir finna á Netinu og eigna sér ritverk einhvers annars. Og margir bjóða mútur til að fá það sem þeir vilja í viðskiptum við spillta embættismenn. En það er ekki við öðru að búast í heimi þar sem margir eru „sérgóðir, fégjarnir . . . og andsnúnir öllu góðu“. — 2. Tímóteusarbréf 3:1-5.

¹⁷ Sannkristnir menn eru staðráðnir í að taka ekki þátt í neinu af þessu. En það getur verið þrautin þyngri að vera heiðarlegur þegar óheiðarlegu fólki virðist ganga allt í haginn og það kemst jafnvel áfram í heiminum.

* Þessir kaupmenn notuðu annað lóðasettið þegar þeir keyptu og hitt þegar þeir seldu og hygðu sjálfum sér í báðum tilfellum. Einnig áttu þeir til að nota vog með mislöngum eða misþungum örmum þannig að þeir gætu svikið viðskiptavininn í öllum viðskiptum.

16, 17. Hvers konar óheiðarleiki er algengur í heiminum en hvað eru sannkristnir menn staðráðnir í að gera?

(Sálmur 73:1-8) Og stundum verða kristnir menn fyrir fjárhagslegu tjóni af því að þeir vilja vera heiðarlegir „í öllum greinum“. Er það fórnanna virði? Já, tvímælalaust! En af hverju? Hvaða blessun hlýst af því að vera heiðarlegur?

ÞAÐ ER TIL BLESSUNAR AÐ VERA HEIÐARLEGUR

¹⁸ Fátt er verðmætara í lífinu en að hafa gott mannorð og vera talinn heiðarlegur og áreiðanlegur. (Sjá ramma-greinina „Hve heiðarlegur er ég?“ á bls. 167.) Og hugsaðu þér — allir geta eignast slíkt mannorð. Það er ekki háð hæfileikum, efnahag, útliti, uppruna eða öðru sem þú færð engu um ráðið. Mörgum tekst hins vegar ekki að eignast þann fjársjóð að hafa gott mannorð. Það er raunar ákaflega sjaldgæft. (Míka 7:2) Sumir hæðast kannski að þér fyrir að vera heiðarlegur en aðrir kunna að meta þig og umbuna þér með því að treysta þér og virða. Margir vottar Jehóva hafa jafnvel komist að raun um að það borgar sig fjárhagslega að vera heiðarlegur. Þeir hafa haldið vinnunni þegar óheiðarlegum starfsmönnum var sagt upp eða fengið vinnu þegar brýn þörf var fyrir heiðarlega starfsmenn.

¹⁹ En hvort sem þú upplifir eitthvað slíkt eða ekki veistu að það hefur enn meiri blessun í för með sér að vera heiðarlegur. Þú hefur hreina samvisku. Páll skrifaði: „Ég er þess fullviss að ég hef góða samvisku.“ (Hebreabréfið 13:18) Og orðstír þinn fer ekki fram hjá ástrikum föður okkar á himnum því að hann elskar þá sem eru heiðarlegir. (Sálmur 15:1, 2; Orðskviðirnir 22:1) Já, kærleikur Guðs varðveitir þig ef þú ert heiðarlegur og það er varla hægt að hugsa sér betri laun en það. Í næsta kafla verður fjallað um skylt málefni: Afstöðu Jehóva til vinnu.

18. Af hverju er ákaflega verðmætt að vera þekktur fyrir heiðarleika?

19. Hvaða áhrif getur heiðarleiki haft á samvisku okkar og sambandið við Jehóva?

Hafðu ánægju af erfiði þínu

„Að . . . gleðjast af öllu erfiði sínu . . . er Guðs gjöf.“

— PRÉDIKARINN 3:13.

MARGIR í heimi nútímans hafa litla ánægju af vinnunni. Þeir strita daginn út og daginn inn við starf sem þeim þykir ekkert sérlega skemmtilegt og kvíða fyrir því að mæta til vinnu á morgnana. Hvernig geta þeir sem eru þannig þenkjandi fengið áhuga á vinnunni — að ekki sé nú talað um að hafa ánægju af henni?

² Biblían hvetur til vinnusemi og dugnaðar. Hún segir að vinna og afrakstur hennar sé blessun. Salómon skrifaði: „Að matast, drekka og gleðjast af öllu erfiði sínu, einnig það er Guðs gjöf.“ (Prédikarinn 3:13) Jehóva, sem elskar okkur og ber hag okkar alltaf fyrir brjósti, vill að við höfum ánægju af því að vinna og njótum ávaxtar erfiðis okkar. Til að kærleikur hans varðveiti okkur þurfum við að tileinka okkur sjónarmið hans og meginreglur varðandi vinnu. — Prédikarinn 2:24; 5:18.

³ Í þessum kafla verður fjallað um fjórar spurningar: Hvernig getum við haft ánægju af erfiði okkar? Hvers konar vinna hæfir ekki sannkristnum manni? Hvernig getum við fundið rétta jafnvægið milli vinnu og trúaríðkana? Og hvert er mikilvægasta starfið sem við getum unnið? En fyrst skulum við líta á fordæmi Jehóva Guðs og Jesú Krists en þeir eru öllum öðrum vinnusamari.

1-3. (a) Hvernig hugsa margir um vinnuna? (b) Hvernig hvetur Biblían okkur til að líta á vinnu og um hvaða spurningar verður fjallað í þessum kafla?

JEHÓVA GUÐ OG JESÚS KRISTUR ERU SÍSTARFANDI

⁴ Jehóva er öllum öðrum vinnusamari. „Í upphafi skapaði Guð himin og jörð,“ segir í 1. Mósebók 1:1. Þegar Jehóva lauk sköpunarverki sínu á jörð lýsti hann yfir að það væri „harla gott“. (1. Mósebók 1:31) Hann var með öðrum orðum fullkomlega ánægður með allt sem hann hafði gert í sambandi við jörðina. Jehóva er kallaður „hinn sæli Guð“ og hefur því eflaust haft mikla ánægju af því að vinna. — 1. Tímóteusarbréf 1:11, *Biblían 1912*.

⁵ Jehóva Guð er sístarfandi. Sköpunarstarfinu á jörð var löngu lokið þegar Jesús sagði: „Faðir minn starfar til þessarar stundar.“ (Jóhannes 5:17) Hvað hefur Jehóva verið að gera? Af himnum ofan hefur hann vissulega verið önnum kafinn að annast mannkynið og leiðbeina því. Hann hefur „skapað á ný“ andagetna kristna menn sem eiga að ríkja með Jesú á himnum. (2. Korintubríf 5:17, *Biblían 1981*) Hann hefur unnið að því að fyrirætlun sín með mennina ná fram að ganga — að þeir sem elska hann hljóti eilíft líf í nýjum heimi. (Rómverjabréfið 6:23) Jehóva hlýtur að vera mjög ánægður með árangurinn af verki sínu. Milljónir manna hafa tekið við boðskapnum um ríkið, laðast að Guði og gert ýmsar breytingar í lífi sínu til að láta kærleika hans varðveita sig. — Jóhannes 6:44.

⁶ Jesús hefur verið iðinn um langan aldur. Áður en hann kom til jarðar var hann „með í ráðum“ við hlið Guðs þegar allt var skapað „í himnunum og á jörðinni“. (Orðskviðirnir 8:22-31; Kólossubrésið 1:15-17) Hann hélt áfram að leggja hart að sér meðan hann var hér á jörð.

4, 5. Hvernig er gefið til kynna í Biblíunni að Jehóva sé athafnasamur?

6, 7. Lýstu dagnaði Jesú.

Hann lærði snemma til verka við trésmíði og var kallaður „smiðurinn“.* (Markús 6:3) Trésmíðar hafa alla tíð verið erfiðisvinna og kallað á fjölhæfni, ekki síst áður en sögunarmyllur, byggingarvöruverslanir og rafmagnsverkfæri komu til sögunnar. Geturðu séð Jesú fyrir þér sækja timbur, jafnvel fella tré og flytja þau þangað sem hann var að vinna? Sérðu hann fyrir þér reisa hús — höggva til og setja upp þakbita, smíða hurðir og jafnvel húsgögn? Jesús þekkti ábyggilega hve ánægjulegt það var að skila af sér góðu verki.

⁷ Jesús var ötull boðberi fagnaðarerindisins. Hann var algerlega upptekinn af þessu mikilvæga starfi í þrjú og hálf ár. Hann lagði nótt við dag því að hann vildi ná til sem flestra. Hann tók daginn snemma og var að fram á nótt. (Lúkas 21:37, 38; Jóhannes 3:2) Hann fór „borg úr borg og þorp úr þorpi, prédikaði og flutti fagnaðarerindið um Guðs ríki.“ (Lúkas 8:1) Hann fór fótgangandi hundruð kílómetra um rykuga vegi til að flytja fólki fagnaðarerindið.

⁸ Hafði Jesús ánægju af því að leggja svona mikið á sig til að boða fagnaðarerindið? Já, hann sáði sæði sannleikans um ríkið og lét eftir sig akra sem voru fullþroskaðir til uppskeru. Honum þótti svo endurnærandi að vinna verk Guðs að hann var fús til að neita sér um mat til að geta haldið því áfram. (Jóhannes 4:31-38) Hugsaðu þér hve ánægjulegt það hlýtur að hafa verið fyrir hann að geta ávarpað föður sinn við lok þjónustu sinnar á jörð og sagt: „Ég hef gert þig dýrlegan á jörðu með

* Gríska orðið, sem er þýtt „smiður“, er sagt vera „almennt starfsheiti manns sem vann við trésmíði, hvort heldur smíði húsa, húsgagna eða annarra hluta úr tré“.

því að fullkomna það verk sem þú fékkst mér að vinna.“
— Jóhannes 17:4.

⁹ Það má með sanni segja að Jehóva og Jesús hafi öðrum fremur ánægju af erfiði sínu. Við elskum Jehóva svo að okkur langar til að líkja eftir honum. (Efesusbréfið 5:1) Og þar eð við elskum Jesú finnum við hjá okkur sterka löngun til að „feta í fótspor hans“. (1. Pétursbréf 2:21) Við skulum nú kanna hvernig við getum líka haft ánægju af erfiði okkar.

HVERNIG GETUM VIÐ HAFT ÁNÆGJU AF ERFIÐI OKKAR?

¹⁰ Veraldleg störf eru hluti af lífi flestra sannkristinna manna. Okkur langar til að njóta lífsfyllingar og hafa ánægju af störfum okkar en það getur verið þrautin þyngri ef okkur þykir vinnan ekki sérlega skemmtileg. Hvernig er þá hægt að hafa ánægju af störfum sínum?

¹¹ *Með því að temja okkur jákvæð viðhorf.* Við getum ekki alltaf breytt aðstæðum okkar en við getum breytt viðhorfum okkar. Ef við hugleiðum sjónarmið Jehóva getur það ef til vill auðveldað okkur að vera jákvæð gagnvart vinnunni. Ef þú ert fyrirvinna geturðu til dæmis minnt þig á að vinnan gerir þér kleift að sjá fjölskyldunni fyrir nauðsynjum, og skiptir þá ekki máli hve óspennandi vinnan virðist vera. Það er mikils virði í augum Guðs að sjá ástvinum sínum farborða. Í orði hans segir að sá sem sér ekki fyrir sínum nánustu sé „verri en vantrúaður“. (1. Tímóteusarbréf 5:8) Ef þú lítur á vinnuna sem leið að ákveðnu marki — leið til að rækja þær skyldur sem Guð leggur þér á herðar — áttu kannski auðveldara en vinnufélagarnir með að hafa ánægju af henni og sjá meiri tilgang með henni.

10, 11. Hvað getur hjálpað okkur að hafa jákvætt hugarfar gagnvart starfi okkar?



***Þú getur haft ánægju af erfiði þínu
ef þú ferð eftir meginreglum Biblíunnar.***

¹² *Með því að vera heiðarleg og dugleg. Það getur verið til farsældar að vera iðinn og læra að skila af sér góðu verki. Duglegir og færir starfsmenn eru oft mikils metnir. (Orðskviðirnir 12:24; 22:29) Sannkristnir menn þurfa líka að vera heiðarlegir í starfi. Þeir mega ekki stela peningum, hlutum eða tíma frá vinnuveitanda sínum. (Efesusbréfið 4:28) Það borgar sig að vera heiðarlegur eins og fram kom í kaflanum á undan. Heiðarlegum starfsmanni er að öllum líkindum treyst. Og þó að vinnuveitandinn*

12. Hvaða umbun fylgir því að vera duglegur og heiðarlegur starfsmaður?

taki kannski ekki eftir því að við erum dugleg njótum við ánægjunnar sem fylgir því að hafa góða samvisku og við vitum að við þóknumst Guði sem við elskum. — Hebraebréfið 13:18; Kólossubréfið 3:22-24.

¹³ *Með því að hafa í huga að við getum verið Guði til lofs með hegðun okkar.* Það fer ekki fram hjá vinnufélögunum ef við hegðum okkur eins og kristnum mönnum sæmir. Með hvaða árangri? Þannig „prýðum við kenningu Guðs frelsara okkar“. (Títusarbréfið 2:9, 10) Góð breytni okkar getur orðið til þess að öðrum finnist tilbeiðsla okkar aðlaðandi og þeir fái áhuga á henni. Hugsaðu þér hvernig þér yrði innanbrjóstis ef gott fordæmi þitt á vinnustað yrði til þess að vinnufélagi sýndi áhuga á sannleikanum. Og hvað gæti verið ánægjulegra en að vita að þú sért Jehóva til lofs og gleðjir hjarta hans með hegðun þinni? — Orðskviðirnir 27:11; 1. Pétursbréf 2:12.

SÝNUM GÓÐA DÓMGREIND ÞEGAR VIÐ VELJUM OKKUR VINNU

¹⁴ Biblían útlistar ekki í smáatriðum hvaða vinna sé viðeigandi fyrir kristinn mann og hvaða vinna sé óviðeigandi. Það þýðir þó ekki að við getum ráðið okkur í vinnu óháð því í hverju hún felst. Biblían getur hjálpað okkur að velja hentugt og heiðarlegt starf sem er Guði að skapi og jafnframt að forðast störf sem hann myndi hafa vanþóknun á. (Orðskviðirnir 2:6) Þegar við tökum ákvörðun varðandi atvinnu þurfum við að velta fyrir okkur tveim mikilvægum spurningum.

¹⁵ *Myndi þessi vinna fela í sér verknað sem er fordæmdur í Biblíunni?* Þjófnaður, lygar og smíði skurðgoða er fordæmd skýrum stöfum í Biblíunni. (2. Mósebók 20:4;

13. Hvað gæti hlotist af góðu fordæmi okkar á vinnustað?

14-16. Hvaða tvær spurningar er mikilvægt að hugleiða áður en við ráðum okkur í vinnu?

ÆTTI ÉG AÐ SÆKJA UM ÞETTA STARF?

Meginregla: „Gerið . . . allt Guði til dýrðar.“
— 1. Korintubréf 10:31.

Gott er að spyrja sig:

- Felur starfið í sér eitthvað sem er beinlínis fordæmt í Biblíunni? — 2. Mósebók 20:13-15.
- Væri ég meðsekur um eitthvað sem er fordæmt í Biblíunni ef ég ynni þetta starf? — Opinberunarbókin 18:4.
- Er aðeins um að ræða almennt þjónustustarf sem er í sjálfu sér ekkert athugavert við í ljósi Biblíunnar? — Postulasagan 14:16, 17.
- Hvaða áhrif myndi það hafa ef ég réði mig í þetta starf? Myndi það koma við samvisku annarra? — Rómverjabréfið 14:19-22.
- Hvaða áhrif gæti það haft á tilfinningalegar þarfir fjölskyldunnar og samband hennar við Guð ef ég réði mig til starfa í öðru landi og skildi fjölskylduna eftir? — Efesusbréfið 5:28-6:4.



Postulasagan 15:29; Efesusbréfið 4:28; Opinberunarbókin 21:8) Við myndum því ekki ráða okkur í vinnu þar sem við þyrftum að gera eitthvað af þessu tagi. Þar sem við elskum Jehóva myndum við aldrei þiggja starf sem fæli í sér að við yrðum að brjóta boðorð Guðs. — 1. Jóhannesarbréf 5:3.

¹⁶ Yrðum við þátttakendur í röngum verknaði eða værum við að hvetja aðra til rangra verka ef við réðum okkur í

Þetta starf? Lítum á dæmi. Það er ekkert athugasvert við að vinna sem móttökuritari. En segjum að kristnum manni byðist að vinna sem móttökuritari á fóstureyðingarstofu. Starfið felur auðvitað ekki í sér að hann aðstoði beinlínis við fóstureyðingar. En væri hann ekki samt með vinnu sinni að styðja starfsemi sem er rekin til að framkvæma fóstureyðingar — verknað sem gengur í berhögg við meginreglur Biblíunnar? (2. Mósebók 21:22-24) Þeir sem elska Jehóva vilja alls ekki bendla sig við óbiblíulega starfsemi.

¹⁷ Hægt er að útkljá mörg mál, sem tengjast atvinnu, með því að skoða vandlega svörin við spurningunum

17. (a) Hvað getum við hugleitt þegar við tökum ákvarðanir varðandi atvinnu? (Sjá rammagreinina á bls. 177.) (b) Hvernig getur samviskan hjálpað okkur að taka ákvarðanir sem Guð hefur velþóknun á?

Við getum sýnt að við elskum Jehóva með því að láta boðun fagnaðarerindisins ganga fyrir öðru.



tveim í 15. og 16. grein. Auk þess er gott að líta á nokkur atriði til viðbótar áður en við ráðum okkur í vinnu.* Það er ekki hægt að ætlast til þess að hinn trúi og hyggni þjónn setji tæmandi reglur um allar hugsanlegar aðstæður sem kunna að koma upp. Við þurfum sjálf að beita dómgreind okkar. Eins og fram kom í 2. kafla þurfum við að fræða og þjálfra samviskuna með því að kynna okkur hvernig við getum notað orð Guðs í daglega lífinu. Ef við ögum hugann jafnt og þétt getur samviskan hjálpað okkur að taka ákvarðanir sem Guð hefur velþóknun á og þá getur kærleikur hans varðveitt okkur. — Hebreabréfið 5:14.

SJÁUM VINNU Í RÉTTU LJÓSI

¹⁸ Við lifum á „síðustu dögum“ og þeim fylgja „örðugar tíðir“ þannig að það er engan veginn auðvelt að halda góðu jafnvægi á öllum sviðum. (2. Tímóteusarbréf 3:1) Það getur verið þrautin þyngri að fá vinnu og halda henni. Sannkristnir menn vita að þeir þurfa að vera duglegir að framfleyta fjölskyldunni. En ef við gætum ekki að okkur getur álagið á vinnustað og smitandi efnishygga heimsins farið að trufla okkur í því að þjóna Guði og tilbiðja hann. (1. Tímóteusarbréf 6:9, 10) Við skulum því kanna hvernig við getum haldið góðu jafnvægi og „metið þá hluti rétt sem máli skipta“. — Filippíbréfið 1:10.

¹⁹ *Treystu á Jehóva í einu og öllu.* (Orðskviðirnir 3:5, 6) Hann verðskuldar traust okkar af því að hann ber mikla

* Nánari upplýsingar um mál, sem þarf að hugleiða þegar atvinna er annars vegar, er að finna í *Varðturninum*, 1. maí 1999, bls. 29-30, og 1. maí 1983, bls. 27.

18. Af hverju er ekki auðvelt að halda góðu jafnvægi á öllum sviðum?
19. Af hverju verðskuldar Jehóva algert traust okkar og hvað getum við forðast ef við treystum honum?

„ÁKVÖRÐUN MÍN VARÐ MÉR TIL GÆFU OG GLEÐI“

„Ég skaraði fram úr í námi og fékk fullan námsstyrk við virtan einkaskóla í New York. Námsráðgjafar lögðu hart að mér að sækja um skólavist við nokkra virta háskóla. Ég fékk jákvætt svar frá fáeinum þeirra og var meira að segja boðinn námsstyrkur við einn virtasta háskóla Bandaríkjanna. En ég afþakkaði boðið af tveim ástæðum. Í fyrsta lagi sá ég fram á að það fylgdu því ýmsar siðferðilegar hættur að búa á stúdentagörðum langt að heiman og í öðru lagi langaði mig ákaflega til að vera brautryðjandi.

Ég hef nú verið brautryðjandi í meira en 20 ár. Ég hef verið önnum kafin á mörgum sviðum — starfað þar sem vantaði boðbera, aðstoðað við að byggja ríkissali og tekið þátt í hjálparstarfi eftir náttúruhamfarir. Núna starfa ég með erlendum málhópi í New York.

Þegar ég lít um öxl er mér ljóst að það hefur verið mikil blessun fyrir mig að þjóna Jehóva í fullu starfi. Ákvörðun mín varð mér til gæfu og gleði. Ég hefði ekki fyrir nokkurn mun viljað fara á mis við það sem ég hef upplifað og þau vináttutengsl sem ég hef eignast.“ — Zenaida.

umhyggju fyrir okkur. (1. Pétursbréf 5:7) Hann þekkir þarfir okkar betur en við sjálf og hönd hans er aldrei stutt. (Sálmur 37:25) Þess vegna er skynsamlegt af okkur að hafa eyrun opin fyrir eftirfarandi áminningu í Biblíunni: „Verið ekki fégráðug en látið ykkur nægja það sem þið hafið. Guð hefur sjálfur sagt: „Ég mun ekki sleppa af þér hendinni né yfirgefa þig.““ (Hebreabréfið 13:5) Margir

sem þjóna Guði í fullu starfi geta vitnað um að hann sé fær um að sjá þeim fyrir lífsnauðsynjum. Ef við treystum fullkomlega að Jehóva annist okkur gerum við okkur ekki óþarfar áhyggjur af því hvort við getum séð fyrir fjölskyldunni. (Matteus 6:25-32) Þá látum við ekki vinnuna verða til þess að við vanrækjum þjónustuna við Jehóva, svo sem það að boða fagnaðarerindið og sækja samkomur. — Matteus 24:14; Hebreabréfið 10:24, 25.

²⁰ *Haltu auganu heilu.* (Matteus 6:22, 23) Að hafa heilt auga merkir að lifa einföldu lífi. Heilt auga kristins manns einbeitir sér að einu markmiði — að gera vilja Guðs. Þá verðum við ekki heltekin af því að sækjast eftir hálaunuðu starfi eða munaði. Og við verðum ekki upptekin af endalausum kapphlaupi eftir því nýjasta og besta sem auglýsendur reyna að telja okkur trú um að við þurfum til að vera hamingjusöm. Hvernig er hægt að halda auganu heilu? Safnaðu ekki óþarfa skuldum. Raðaðu ekki í kringum þig hlutum sem gleypa óhóflegan tíma og athygli. Gerðu þig ánægðan með „fæði og klæði“ eins og hvatt er til í Biblíunni. (1. Tímóteusarbréf 6:8) Reyndu að einfalda lífið eftir föngum.

²¹ *Settu þér markmið í þjónustu Guðs og haltu þig við þau.* Við höfum ekki nema takmarkaðan tíma úr að spila þannig að við þurfum að forgangsraða. Annars gæti það sem minna máli skiptir í lífinu étið upp dýrmætan tíma frá því sem mestu máli skiptir. Hvað ætti að ganga fyrir öllu öðru? Margir leggja aðaláherslu á æðri menntun í von um að komast áfram í heiminum. Jesús hvatti fylgjendur sína hins vegar til að „leita fyrst ríkis Guðs“. (Matteus 6:33) Sannkristnir menn láta ríki Guðs ganga fyrir

20. Hvað er fólgið í því að hafa heilt auga og hvernig er það hægt?

21. Af hverju er nauðsynlegt að forgangsraða og hvað ætti að ganga fyrir í lífinu?

öðru. Lífsstefna okkar — ákvarðanir, markmið og viðfangsefni — ætti að sýna að vilji Guðs og hagsmunir ríkis hans eru okkur meira virði en efnislegir hlutir eða veraldleg viðfangsefni.

VERUM DUGLEG AÐ BOÐA FAGNAÐARERINDIÐ

²² Við vitum að það er langt liðið á tíma endalokanna þannig að við einbeitum okkur að aðalstarfi sannkristinna manna — að boða fagnaðarerindið og gera fólk að lærisveinum. (Matteus 24:14; 28:19, 20) Líkt og Jesús, fyrirmynd okkar, viljum við vera upptekin af starfi sem getur bjargað mannlífum. Hvernig getum við sýnt að okkur finnist þetta þýðingarmikið verkefni? Flestir þjónar Guðs eru safnaðarboðberar og leggja sig heilshugar fram í því. Sumir hafa skapað sér svigrúm til að geta starfað sem brautryðjendur eða trúboðar. Margir foreldrar hafa hvatt börn sín til að þjóna Guði í fullu starfi, vitandi hve mikils virði það er að setja sér markmið í þjónustu hans. Hafa þeir sem boða ríkið af kappi ánægju af erfiði sínu? Já, það má með sanni segja. Að þjóna Jehóva af heilum huga er örugg leið til að vera glaður, njóta lífsfyllingar og hljóta margs konar blessun. — Orðskviðirnir 10:22.

²³ Margir þurfa að vinna langan vinnudag til að sjá fjölskyldunni farborða. Höfum hugfast að Jehóva vill að við höfum ánægju af erfiði okkar. Við getum haft ánægju af vinnunni ef við lögum hugarfar okkar og hegðun að sjónarmiðum og meginreglum hans. En verum ákveðin í að láta ekki veraldleg störf draga athygli okkar frá aðalverkefninu — að boða fagnaðarerindið um ríki Guðs. Ef við látum það ganga fyrir í lífinu sýnum við að við elskum Jehóva og þá mun kærleikur hans varðveita okkur.

22, 23. (a) Hvert er aðalverkefni sannkristinna manna og hvernig getum við sýnt að það er okkur mikilvægt? (Sjá rammagreinina á bls. 180.) (b) Hvernig ætlar þú að líta á veraldleg störf þín?

Stattu gegn djöflinum og vélabrögðum hans

„Standið gegn djöflinum og þá mun hann flýja ykkur.“

— JAKOBSBRÉFIÐ 4:7.

EF ÞÚ hefur þjónað Jehóva árum saman hefurðu líklega heyrt margar skírnarræður fluttar á mótum. En sennilega skiptir ekki máli hve oft þú hefur hlustað á slíkar ræður því að þú ert eftir sem áður snortinn þegar þú sérð þá sem sitja fremst í salnum standa upp og bjóða sig fram til skírnar. Allur áheyrendaskarinn í salnum fylgist spenntur með og síðan tekur við dynjandi lófatak. Kannski færðu tár í augun þegar þú horfir á nýjan hóp sem hefur tekið afstöðu með Jehóva. Þetta eru gleðilegar stundir.

² Við erum kannski viðstödd skírn í nokkur skipti á ári en englarnir fá að horfa miklu oftar á skírn. Geturðu ímyndað þér ‚fögnuðinn á himni‘ sem hlýtur að fylgja því að horfa á þúsundir manna í hverri viku bætast við söfnuð Jehóva út um allan heim? (Lúkas 15:7, 10) Englarnir eru eflaust yfir sig hrifnir að horfa á þessa aukningu. — Haggaí 2:7.

DJÖFULLINN „GENGUR UM SEM ÖSKRANDI LJÓN“

³ En aðrar andaverur horfa með litlum fögnuði á þá sem láta skírast. Satan og illu öndunum er mikil skapraun af því að sjá fólk þúsundum saman snúa baki við

1, 2. Hverjir gleðjast yfir því að sjá nýja lærisveina skírast?

3. Af hverju gengur Satan um eins og „öskrandi ljón“ og hvað reynir hann að gera?

Þessum spillta heimi. Satan fullyrti nú einu sinni að enginn maður myndi þjóna Jehóva af ósviknum kærleika og enginn myndi vera honum trúr ef hann yrði fyrir alvarlegum prófraunum. (Jobsbók 2:4, 5) Í hvert sinn sem einhver ákveður að vígjast Jehóva sýnir það sig að Satan er lygari. Það er eins og hann fái þúsundir löðrunga í hverri viku allt árið um kring. Er nokkur furða að hann skuli ganga um eins og „öskrandi ljón, leitandi að þeim sem hann getur tortímt“? (1. Pétursbréf 5:8) Þetta ljón vill umfram allt gleypa okkur með því að spilla sambandi okkar við Guð eða eyðileggja það. — Sálmur 7:2, 3; 2. Tímóteusarbréf 3:12.

4 Þótt við hatramman óvin sé að etja er engin ástæða til

- 4, 5. (a) Á hvaða tvo vegu hefur Jehóva sett Satan takmörk?
 (b) Hverju má sannkristinn maður treysta?

Í hvert sinn sem einhver vígjast Jehóva og lætur skírast sýnir það sig að Satan er lygari.



að vera gagntekinn ótta. Af hverju? Af því að Jehóva hefur sett hinu „öskrandi ljóni“ takmörk á tvo vegu. Í fyrsta lagi hefur hann sagt fyrir að „mikill múgur“ sannkristinna manna muni koma lifandi úr „þrengingunni miklu“. (Opinberunarbókin 7:9, 14) Og spádómar Guðs bregðast aldrei. Þess vegna hlýtur Satan að vita að þjónar Guðs sem hópur eru utan seilingar fyrir hann.

⁵ Af orðum manns, sem þjónaði Guði dyggilega endur fyrir löngu, má álykta að óvininum séu önnur takmörk sett. Asarja spámaður sagði við Asa konung: „Drottinn er með ykkur á meðan þið eruð með honum.“ (2. Kroníku-bók 15:2; 1. Korintubréf 10:13) Mörg skrásett dæmi gefa til kynna að Satan hafi aldrei tekist að hremma neinn sem þjónaði Guði og hélt sig fast við hann. (Hebreabréfið 11:4-40) Kristinn maður, sem heldur sig fast við Guð, getur staðið gegn Satan og meira að segja sigrað hann. „Standið gegn djöflinum og þá mun hann flýja ykkur,“ segir í Biblífunni. — Jakobsbréfið 4:7.

„BARÁTTAN SEM VIÐ EIGUM Í ER . . . VIÐ ANDAVERUR VONSKUNNAR“

⁶ Satan getur ekki unnið stríðið. Hann getur hins vegar tortímt okkur sem einstaklingum ef við erum ekki á verði. Hann veit að hann getur sigrað okkur ef honum tekst að veikja tengsl okkar við Jehóva. Hvernig reynir hann að gera það? Með því að gera harðar árásir, vega að okkur persónulega og beita lævísimum brögðum gegn okkur. Lítum á þessar þrjár aðferðir Satans.

⁷ *Harðar árásir.* Jóhannes postuli skrifaði: „Allur heimurinn er á valdi hins vonda.“ (1. Jóhannesarbréf 5:19) Í þessum orðum er fólgin viðvörðun til allra sannkristinna

6. Hvernig heyr Satan stríð gegn okkur sem einstaklingum?

7. Af hverju herðir Satan árásir sínar á þjóna Jehóva?

manna. Satan er búinn að ná undir sig öllum hinum óguðlega mannheimi og getur nú einbeitt sér að þeim sem hafa sloppið undan honum hingað til — þjónum Jehóva. (Míka 4:1; Jóhannes 15:19; Opinberunarbókin 12: 12, 17) Hann er öskureiður og fer hamförum af því að hann veit að hann hefur nauman tíma. Hann herðir árástir sínar og reynir allt hvað hann getur að eyðileggja samband okkar við Guð. Við þurfum því meira en nokkru sinni fyrr að ,kunna skil á sérhverri tíð og vita hvað okkur ber að gera‘. — 1. Kroníkubók 12:33.

⁸ *Persónuleg barátta.* Páll postuli skrifaði trússysteminum sínum: „Baráttan sem við eigum í er . . . við andaverur vonskunnar í himingeymnum.“ (Efesusbréfið 6:12) Gríska orðið, sem er þýtt ,barátta‘, merkir beinlínis ,glíma‘ og lýsir átökum í návígi, augliti til auglitis. Þannig bendir Páll á að við eigum í persónulegum átökum við illa anda. Hvort sem trú á illa anda er útbreidd þar sem við búum eða ekki skulum við aldrei gleyma að þegar við vígðum okkur Jehóva gengum við út á glímuvöllinn ef svo má að orði komast. Allir kristnir menn eiga í þessari glímu að minnsta kosti frá því að þeir vígjast Guði. Það er ekkert undarlegt að Páll skuli hafa talið nauðsynlegt að hvetja kristna menn í Efesus þrívægis til að vera staðfastir. — Efesusbréfið 6:11, 13, 14.

⁹ *Lævis brögð.* Páll hvetur kristna menn til að standast „vélabrögð“ Satans. (Efesusbréfið 6:11) Við tökum eftir að orðið stendur í fleirtölu. Illu andarnir beita ekki bara einu lævisu bragði heldur mörgum tegundum og

8. Hvað á Páll postuli við þegar hann segir að við eigum í ,baráttu‘ við illar andaverur?

9. (a) Hvers vegna beita Satan og illu andarnir alls konar ,vélabrögðum‘? (b) Af hverju reynir Satan að spilla hugsun okkar og hvernig getum við staðist það? (Sjá rammagreinina á bls. 192-93.) (c) Hvaða vélabragð skoðum við núna?

Þeir hafa gilda ástæðu til. Sumir þjónar Guðs hafa staðist ákveðna prófraun en fallið í annarri. Satan og illu andarnir fylgjast því grannt með hegðun okkar til að finna veikasta blettinn. Þeir notfæra sér síðan hvern þann veikleika sem við höfum til að spilla sambandi okkar við Guð. Sem betur fer þekkjum við margar af aðferðum Satans því að þeim er lýst í Biblíunni. (2. Korintubréf 2:11) Fyrr í þessari bók var fjallað um efnishyggju, skaðlegan félagsskap og kynferðislegt siðleysi. Nú beinum við athyglinni að enn einu vélabragði Satans – spíritisma.

SPÍRITISMI — SVIK VIÐ GUÐ

¹⁰ Sá sem leggur stund á spíritisma setur sig í beint samband við illa anda. Spíritismi er meðal annars fólgin í spám, göldrum, særingum og því að leita til framliðinna. Eins og við vitum mætavel er spíritismi „viðurstyggð“ í augum Jehóva. (5. Mósebók 18:10-12; Opinberunarbókin 21:8) Við verðum líka að hafa „andstyggð á hinu vonða“ svo að það er óhugsandi fyrir okkur að sækjast eftir félagskap illra anda. (Rómverjabréfið 12:9) Það væru svívirðileg svik við Jehóva, föður okkar á himnum!

¹¹ En einmitt vegna þess að það er vítaverð sviksemi við Jehóva að koma nálægt spíritisma er Satan staðráðinn í að fá eitthvert okkar til þess. Hann vinnur sætan sigur í hvert sinn sem honum tekst að tæla einn kristinn mann út í spíritisma. Hvernig þá? Hugsum okkur eftirfarandi samlíkingu: Ef hægt væri að fá hermann til að svíkja herdeild sína, gerast liðhlaupi og ganga í lið með óvininum myndi það gleðja yfirmann óvinasveitanna. Kannski myndi hann hampa liðhlaupanum sem sigurtákni í þeim

10. (a) Hvað er spíritismi? (b) Hvernig lítur Jehóva á spíritisma og hvernig lítur þú á hann?

11. Af hverju væri það sætur sigur fyrir Satan ef hann gæti tælt okkur út í spíritisma? Lýstu með dæmi.

tilgangi að smána fyrrverandi yfirmann hermansins. Ef kristinn maður færi að stunda spíritisma væri hann fúslega og vitandi vits að yfirgefa Jehóva og beygja sig undir beina stjórn Satans. Hugsaðu þér hve það myndi gleðja Satan að hampa liðhlaupanum sem sigurtákni. Viljum við færa Satan djöflinum slíkan sigur upp í hendurnar? Auðvitað ekki! Við erum engir svikarar.

SPURNINGAR TIL AÐ VEKJA EFASEMDIR

¹² Svo framarlega sem við höfum andstyggt á spíritisma getur Satan ekki notað hann til að tæla okkur. Hann veit að hann þarf að breyta hugsunarhætti okkar. Hann reynir því að rugla okkur í ríminu svo að við förum að „kalla hið illa gott og hið góða illt“. (Jesaja 5:20) Til þess beitir hann þrautreyndri aðferð — hann varpar fram spurningum til að vekja efasemdir.

¹³ Taktu eftir hvernig Satan notaði þessa aðferð til forna. Hann spurði Evu meðan hún var í Eden: „*Er það satt að Guð hafi sagt: Þið megið ekki eta af neinu tré í aldningarðinum?*“ Þegar englarnir komu saman til fundar á himnum á dögum Jobs spurði Satan: „*Er Job guðhræddur að ástæðulausu?*“ Um það leyti sem Jesús hóf þjónustu sína á jörð ögraði Satan honum og sagði: „*Ef þú ert sonur Guðs þá bjóð þú að steinar þessir verði að brauðum.*“ Hugsaðu þér — Satan vogaði sér að gera gys að því sem Jehóva hafði sjálfur sagt um sex vikum áður: „*Þessi er minn elskaði sonur sem ég hef velþóknun á.*“ — 1. Mósebók 3:1; Jobsbók 1:9; Matteus 3:17; 4:3.

¹⁴ Satan beitir svipuðum aðferðum núna til að reyna að

12. Hvaða aðferð notar Satan til að hafa áhrif á afstöðu okkar til spíritisma?

13. Hvernig hefur Satan beitt spurningum til að vekja efasemdir?

14. (a) Hvernig reynir Satan að vekja efasemdir um skaðsemi spíritisma? (b) Um hvað verður nú fjallað?

gera okkur efins um að spíritismi sé eins vondur og sagt er í Biblíunni. Því miður hefur honum tekist að vekja efasemdir í hugum sumra. Þeir hafa farið að draga í efa að vissar tegundir spíritisma séu skaðlegar. Þeir hugsa eiginlega með sér: „Er þetta satt?“ (2. Korintubríf 11:3) Hvernig er hægt að hjálpa þeim að breyta hugsunarhætti sínum? Hvernig getum við tryggt að Satan takist ekki að blekkja okkur? Til að svara því skulum við líta á tvö svið sem Satan hefur tekist að menga kænlega með spíritisma. Þetta eru afþreying og heilsuvernd.

SATAN NOTFÆRIR SÉR LANGANIR OKKAR OG ÞARFIR

¹⁵ Dulspeki, galdrar og aðrar tegundir spíritisma eru ekki teknar mjög alvarlega nú orðið, einkum í hinum vestræna heimi. Í kvikmyndum, bókum, sjónvarpsþáttum og tölvuleikjum er djöfladýrkun af ýmsu tagi sett fram sem fyndin og skaðlaus skemmtun. Þess eru dæmi að kvikmyndir og bækur með dulrænum söguþræði nái svo gríðarlegum vinsældum að stofnaðir séu aðdáendaklúbbar. Illum öndum hefur greinilega tekist að gera lítið úr hættunni sem fylgir dulrænum iðkunum. Hafa þjónar Guðs orðið fyrir áhrifum af þessari þróun? Já, sumir hverjir. Hvernig þá? „Ég tók ekki þátt í spíritisma þó að ég hafi horft á kvikmyndina,“ sagði vottur nokkur eftir að hafa horft á kvikmynd með dulrænu inntaki. Af hverju er þetta hættulegur hugsunarháttur?

¹⁶ Auðvitað er munur á því að stunda beinlínis spíritisma og horfa á hann en það er ekki þar með sagt að

15. (a) Hvernig er gjarnan lítið á spíritisma í hinum vestræna heimi? (b) Hvernig hafa sumir kristnir menn látið afstöðu heimsins til spíritisma hafa áhrif á sig?

16. Af hverju er hættulegt að velja sér afþreyingarefni sem snýst meira eða minna um spíritískar iðkanir?

Það sé hættulaust að horfa á slíkt efni. Lítum nánar á málið. Í orði Guðs er gefið til kynna að hvorki Satan né illu andarnir geti lesið hugsanir okkar.* Eins og áður hefur komið fram þurfa illu andarnir að fylgjast náíð með atferli okkar til að þefa uppi hvernig við hugsum og koma auga á hvar samband okkar við Jehóva sé veikt. Meðal annars geta þeir séð hvað við veljum okkur til afþreyingar. Þegar kristinn maður sýnir með hegðun sinni að hann hefur gaman af kvikmyndum eða bókum sem fjalla um andamiðla, álög, andsetið fólk eða annað efni af spíritískum toga er hann að senda illu öndunum ákveðin skilaboð. Hann er í rauninni að vekja athygli þeirra á því hvar varnirnar séu veikar! Í framhaldi af því gætu illu andarnir átt til að herða glímütökin og notfæra sér veikleikana, sem hann sýndi af sér, uns þeim hefur tekist að fella hann. Þess eru dæmi að fólk hafi fyrst fengið áhuga á spíritisma við það að horfa á afþreyingarefni með sterku ívafi af því tagi og síðan farið að stunda spíritisma. — Galatabréfið 6:7.

¹⁷ Satan reynir ekki aðeins að notfæra sér það að við þörfnumst afþreyingar heldur einnig að við þurfum að hugsa um heilsuna. Þjónn Guðs getur orðið örvilnaður ef heilsunni hrakar þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hans til að fá lækningu meina sinna. (Markús 5:25, 26) Það getur gefið Satan og illu öndunum kærkomið tækifæri til að gera atlögu. Þeir vita að í Biblíunni er varað við því

* Satan er kallaður ýmsum nöfnum (andstæðingur, rógberi, afvegaleiðandi, freistari og lygari) en ekkert þeirra gefur í skyn að hann sé fær um að sjá inn í hjarta okkar og huga. Aftur á móti er talað um að Jehóva „prófi hjörtun“ og Jesús „rannsaki nýrun og hjörtun“. — Orðskviðirnir 17:3; Opinberunarbókin 2:23.

17. Hvaða vélabragði beitir Satan ef til vill gegn þeim sem eiga við veikindi að stríða?

að leita eftir „hjálp illvirkja“. (Jesaja 31:2) Illu andarnir reyna kannski að freista hins þjáða til að loka augunum fyrir þessari viðvörun og leita í örvæntingu eftir meðferð þar sem beitt er einhverjum „dulrænum öflum“ – spírítisma – en það er auðvitað „hjálp illvirkja“. (Jesaja 1:13, *New World Translation*) Ef illu öndunum tekst að beita þessu vélabragði gæti það veikt samband hins þjáða við Guð. Hvernig þá?

¹⁸ Jehóva sagði við Ísraelsmenn sem höfðu leitað á náðir dulrænna afla: „Þegar þér lyftið höndum yðar í átt til mín loka ég augunum og þótt þér biðjið margra bæna heyrir ég ekki.“ (Jesaja 1:15) Við viljum auðvitað forðast hvaðeina sem gæti hindrað bænir okkar og dregið úr þeim stuðningi sem við fáum frá Jehóva – ekki síst þegar við eigum við veikindi að stríða. (Sálmur 41:4) Ef eitthvað bendir til þess að ákveðin greiningaraðferð eða meðferð sé með spírítísku ívafi ætti sannkristinn maður að hafna henni.* (Matteus 6:13) Þannig getur hann tryggt að Jehóva haldi áfram að styðja hann. – Sjá rammagreininna „Er það í raun og veru spírítismi?“ á bls. 194.



**Nýttu þér stuðning
Jehóva þegar þú átt við
veikindi að stríða.**

* Nánari upplýsingar er að finna í *Varðturninum*, 1. maí 2006, bls. 15-16, í enskri útgáfu blaðsins, 15. desember 1994, bls. 19-22, og greininni „The Bible’s Viewpoint: Your Choice of Medical Treatment – Does It Matter?“ í *Vaknið!* (enskri útgáfu) 8. janúar 2001.

GÆTTU ÞÍN Á LÆVÍSUM BRÖGÐUM SATANS

Blekkingameistarinn Satan hefur „blindað huga vantrúaðra“ um þúsundir ára. (2. Korintubríf 4:4) Hann hefur líka unnið sleitulaust að því að reyna að spilla huga þeirra sem tilbiðja Guð. Af hverju? Af því að hann veit að hugsun er undanfari verka. Hann veit að hann getur fengið okkur til að gera rangt ef honum tekst að brengla hugsun okkar. — Jakobsbréf-ið 1:14, 15.

Þú manst hvernig Satan fór að þegar hann blekkti Evu. Páll postuli skrifaði: „Ég er hræddur um að eins og höggormurinn tældi Evu með flærð sinni, svo kunni og hugsanir ykkar að spillast og leiðast burt frá [Kristi].“ (2. Korintubríf 11:3) Satan notaði sér slóttugan höggorm til að tæla Evu út á háskalega braut. Hann reyndi að spilla huga hennar og brengla hugsunina. Það tókst. Hún hlustaði, það hafði áhrif á afstöðu hennar og það sem lög Guðs bönnuðu varð allt í einu eftirsóknarvert. Eftir að búið var að spilla huga hennar var hægðarleikur að fá hana til að syndga. — 1. Mósebók 3:1-6; Opinberunarbókin 12:9.

Satan hefur ekki breyst. Hann vinnur enn eftir sömu meginhugmynd — að spilla hugarum og þá fylgir syndin í kjölfarið. Hann notar stjórnsmál, trúarbrögð, viðskipalíf og afþreyingariðnað heimsins til að útbreiða áróður sinn. (Jóhannes 14:30) Honum hefur tekist að brengla hugsunarhátt meirihluta mannkyns og breyta viðhorfum fólks og sjónarmiðum. Það sem áður var talið syndsamlegt — svo sem lífernir samkynhneigðra, óvígð sambúð og barneignir utan hjónabands — er nú talið gott og gilt eða jafnvel eftirsóknarvert. Hve vel hefur Satan tekist að tæla mennina? „Allur heimurinn er á valdi hins vonða,“ segir í Biblíunni. — 1. Jóhannesarbréf 5:19.

Þó að við séum kristin erum við ekki ónæg fyrir aðferðum Satans. (1. Korintubríf 10:12) Hann veit að hann hefur skamman tíma til umráða og er þar af leiðandi „í miklum

móð". (Opinberunarbókin 12:12) Honum er sérstaklega mik­ið í mun að leiða þjóna Guðs af rétttri braut. Ef við gætum okkar ekki gæti lævís áróður hans og þeir mörgu, sem hann notar til að reyna að „leiða í villu“, spillt huga okkar og tælt okkur til að syndga. — Títusarbréfið 1:10.

Tökum sem dæmi skoðun heimsins á hjónabandi. Biblían kennir að hjónaband sé heilagt og feli í sér ævilanga skuldbindingu. (Matteus 19:5, 6, 9) Í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum er litið á hjónabandið sem lauslegan samning sem auðvelt er að slíta. Kristnir menn verða að vara sig á þessum áróðri Satans svo að hann spilli ekki hugsun þeirra. Ef við erum ekki á varðbergi gæti þessi áróður brenglað afstöðu okkar þannig að við teldum okkur ekki eins skuldbundin maka okkar og okkur ber. Ef erfiðleikar koma upp í hjónabandinu getur verið freistandi að leita eftir skilningi og stuðningi fyrir utan. Áður en langt um líður virðist önnur manneskja — kannski vinnufélagi eða trússystkini — bjóða upp á hlýju og náið samband. Ef við leyfum okkur að verða hrifin af öðrum en maka okkar gæti það leitt okkur út í synd.

Tökum annað dæmi, sjálfstæðisandann sem gegnsýrir heim Satans. Margir eru „framhleypnir [og] drambsamir“. (2. Tímóteusarbréf 3:4) Ef slíkt hugarfar næði að spilla okkur gætum við orðið neikvæð gagnvart hlýðni og undirgefni. Bróður, sem er farinn að hugsa þannig, gremjast kannski leiðbeiningar sem hann fær frá öldungum safnaðarins. (Hebreabréfið 12:5) Systir gæti farið að véfengja þær meginreglur sem Jehóva hefur sett um forystu. — 1. Korintubréf 11:3.

Við megum vera þakklát fyrir að Jehóva skuli vara okkur við aðferðum Satans. (2. Korintubréf 2:11) Verum ákveðin í að láta ekki áróður hans hafa áhrif á hugsunarhátt okkar. Til að kærleikur Guðs varðveiti okkur þurfum við að „hugsa um það sem er hið efra“. — Kólossubrésið 3:2.

ÞEGAR SÖGUR AF ILLUM ÖNDUM ERU Á KREIKI

¹⁹ Á Vesturlöndum er oft gert lítið úr hættunni á því að Satan geti haft áhrif en hið gagnstæða er uppi á teningnum víða annars staðar í heiminum. Þar hefur Satan tekist að telja mörgum trú um að hann hafi meira vald en hann hefur í raun. Sumir lifa í stöðugum ótta við illa anda. Sögur eru á kreiki um afrek þeirra. Margir hafa ánægju af að segja slíkar sögur og fólk er heillað af þeim. Ættum við líka að segja sögur af þessu tagi? Nei, það eru tvær ástæður fyrir því að þjónar hins sanna Guðs láta það vera.

²⁰ Í fyrsta lagi værum við að gera Satan greiða með því að bera úr sögur af afrekum illra anda. Hvernig þá? Í orði Guðs kemur fram að Satan er fær um að vinna ýmis furðuverk en við erum líka vöruð við því að hann beiti „lyga-

19. (a) Hvað hefur Satan talið mörgum trú um? (b) Hvaða sögur ættu sannkristnir menn ekki að breiða út?

20. Hvernig gæti maður útbreitt áróður Satans, jafnvel án þess að ætla sér það?

ER ÞAÐ Í RAUN OG VERU SPÍRITISMI?

Meginregla: „Holdsins verk eru augljós: . . . fjölkynngi [„spíritismi“, *New World Translation*] . . . tvídrægni, flokkadráttur. . . Þeir sem slíkt gera munu ekki erfa Guðs ríki.“ — Galatabréfið 5:19-21.

Gott er að spyrja sig:

- Er einhver siðvenja, sem ég fylgi, tengd falstrú? — 2. Korintubréf 6:16, 17.
- Nota ég einhverja hluti sem tengjast beinlínis spíritisma? — Postulasagan 19:19.
- Er einhver læknismeðferð, sem ég fæ, með dulrænu ívafi? — 3. Mósebók 19:26.

táknum“ og ‚blekkingum‘. (2. Þessaloníkubríf 2:9, 10) Hann er mikill blekkingameistari og veit hvernig hann á að hafa áhrif á hugi þeirra sem hallast að spíritisma og telja þeim trú um ýmislegt sem er ekki satt. Kannski trúir þetta fólk í einlægni að það hafi séð og heyrt vissa hluti og segir frá því. Þegar sögurnar berast síðan frá manni til manns verða þær stöðugt ýktari. Ef kristinn maður segði slíkar sögur væri hann í rauninni að reka erindi Satans sem er „lyginnar faðir“. Hann væri að útbreiða áróður Satans. — Jóhannes 8:44; 2. Tímóteusarbréf 2:16.

²¹ Í öðru lagi, þó að kristinn maður hafi haft raunveruleg kynni af illum öndum áður fyrir ætti hann ekki að segja trússysteminum sögur af því í sífellu. Eins og segir í Hebreabréfinu 12:2 eigum við að „[beina] sjónum okkar til Jesú, höfundar og fullkomnara trúarinnar“. Við eigum sem sagt að beina athygli okkar að Kristi en ekki Satan. Það er athyglisvert að þegar Jesús var á jörðinni sagði hann lærisveinunum ekki sögur af illum öndum enda þótt hann hefði vissulega getað upplýst þá um hvað Satan getur og getur ekki. Jesús einbeitti sér að því að boða ríki Guðs. Við skulum því líkja eftir Jesú og postulunum og láta tal okkar snúast um „stórmerki Guðs“. — Postulasagan 2:11; Lúkas 8:1; Rómverjabréfið 1:11, 12.

²² Satan beitir vissulega ýmiss konar vélabrögðum, þar á meðal spíritisma, til að reyna að skemma samband okkar við Jehóva. Ef við höfum hins vegar andstyggð á hinu vonða og höldum fast við hið góða gefum við djöflinum ekkert tækifæri til að veikja einbeitta andstöðu okkar gegn spíritisma í hvaða mynd sem er. (Efesusbréfið 4:27) Hugsaðu þér ‚fögnuðinn á himni‘ þegar við höldum áfram að standast „vélabrögð djöfulsins“ uns hann verður ekki framar til. — Efesusbréfið 6:11.

21. Að hverju eigum við að beina tali okkar?

22. Hvernig getum við stuðlað að ‚fögnuði á himni‘?

„Byggið ykkur sjálf upp í helgustu trú ykkar“

„Byggið ykkur sjálf upp í helgustu trú ykkar.

. . . Látið kærleika Guðs varðveita ykkur.“

— JÚDASARBRÉFIÐ 20, 21.

ÞÚ VINNUR hörðum höndum að því að byggja hús. Verkið hefur staðið yfir um tíma og það á eftir að halda áfram talsvert lengi. Hingað til hefur þetta verið krefjandi verkefni en jafnframt ánægjulegt. Hvað sem á dynur ertu staðráðinn í að gefast ekki upp eða slá slöku við því að líf þitt og framtíð ræðst af því að verkið sé vel unnið. Af hverju? Af því að húsið, sem þú ert að reisa, ert þú sjálfur.

² Lærisveinninn Júdas bendir á að við þurfum að byggja sjálf okkur upp. Hann hvetur kristna menn til að „láta kærleika Guðs varðveita sig“ en segir í versinu á undan hvað sé öðru fremur fólgið í því: „Byggið ykkur sjálf upp í helgustu trú ykkar.“ (Júdasarbréfið 20, 21) Hvernig geturðu byggt þig upp og styrkt trú þína svo að kærleikur Guðs geti varðveitt þig? Við skulum beina athyglinni að þrennu sem þarf að gera til að byggja sig upp í trúnni.

BYGGÐU UPP TRÚ Á RÉTTLÁTAR KRÖFUR JEHÓVA

³ Í fyrsta lagi þurfum við öll að styrkja trú okkar á lög Guðs. Við lestur þessarar bókar hefurðu skoðað margar af hinum réttlátu hegðunarreglum Jehóva. Hvernig líturðu

1, 2. Að hvaða byggingarframkvæmd vinnur þú og af hverju skiptir miklu máli að verkið sé vel unnið?

3-5. (a) Hvernig vill Satan fá okkur til að líta á kröfur Jehóva? (b) Hvaða augum ættum við að líta kröfur Jehóva og hvaða áhrif ætti það að hafa á okkur? Lýstu með dæmi.

á þær? Satan vill gjarnan telja þér trú um að lög Jehóva, meginreglur og mælikvarðar skerði frelsi þitt eða séu jafnvel þjakandi. Hann hefur notað þessa aðferð alla tíð síðan hún reyndist honum vel í Eden. (1. Mósebók 3:1-6) Tekst honum að leiða þig á villigötur? Það er að miklu leyti undir afstöðu þinni komið.

⁴ Lýsum þessu með dæmi. Þú ert á gangi í fallettum garði þegar þú kemur að sterklegri og hárrí girðingu. Svæðið hinum megin er einstaklega fagurt að sjá. Í fyrstu hugsarðu kannski sem svo að girðingin takmarki frelsi þitt að óþörfu. En þegar þú rýnir milli rimlanna kemurðu auga á illúðlegt ljón sem er að læðast að bráð sinni hinum megin við girðinguna. Nú veistu til hvers girðingin er — hún er til verndar. Er hættulegt rándýr að læðast að þér á þessari stundu? Í orði Guðs segir: „Verið algáð, vakið. Óvinur ykkar, djöfullinn, gengur um sem öskrandi ljón, leitandi að þeim sem hann getur tortímt.“ — 1. Pétursbréf 5:8.

⁵ Satan er grimmt rándýr. Jehóva vill ekki að við verðum honum að bráð svo að hann hefur sett lög til að vernda okkur fyrir hinum mörgu ‚vélabrögðum‘ hans. (Efesusbréfið 6:11) Þegar við leiðum hugann að lögum Guðs ættum við að líta á þau sem merki um kærleika föðurins á himnum. Ef við sjáum lög Guðs í þessu ljósi eru þau okkur til verndar og ánægju. Lærisveinninn Jakob skrifaði: „Sá sem skyggnist inn í hið fullkomna lögmál frelsisins og heldur sér við það . . . verður sæll í verkum sínum.“ — Jakobsbréfið 1:25.

⁶ Besta leiðin til að byggja upp trú á Jehóva Guð og koma auga á viskuna í lögum hans er að lifa í samræmi við þau. Lítum á dæmi. „Lögmál Krists“ felur í sér að kenna öðrum allt sem hann hefur boðið okkur. (Galatabréfið 6:2; Matteus 28:19, 20) Kristnir menn fylgja þeim

6. Hver er besta leiðin til að byggja upp trú á réttlát lög Guðs og meginreglur? Lýstu með dæmi.

fyrirmælum að sækja samkomur til að tilbiðja Guð og eiga uppbyggilegan félagsskap. (Hebreabréfið 10:24, 25) Við erum einnig hvött til að biðja oft og reglulega til hans og gera það af öllu hjarta. (Matteus 6:5-8; 1. Þessaloníku-bréf 5:17) Þegar við förum eftir þessum fyrirmælum gerum við okkur æ betur grein fyrir hve kærleiksrík þau eru. Ef við hlýðum þeim veitir það okkur ánægju og lífsfyllingu sem er ekki hægt að finna með öðrum hætti í þessum ólgusama heimi. Styrkist ekki trú þín á lög Guðs þegar þú hugleiðir hvernig það hefur verið þér til góðs að lifa í samræmi við þau?

⁷ Sumir óttast stundum að það verði þeim fullerfitt að fylgja lögum Jehóva til langs tíma litið. Þeir eru hræddir um að þeir bregðist með einhverjum hætti. Ef þér líður stundum þannig skaltu hafa eftirfarandi orð í huga: „Ég er Drottinn, Guð þinn, sem kenni þér það sem gagnlegt er, leiði þig þann veg sem þú skalt ganga. Aðeins ef þú hefðir gefið gaum að boðum mínum væri hamingja

7, 8. Hvernig hughreystir Biblían þá sem óttast að þeir geti ekki fylgt lögum Jehóva til langs tíma litið?



þín sem fljót og réttlæti þitt eins og öldur hafsins.“ (Jesaja 48:17, 18) Hefurðu einhvern tíma staldrað við og velt fyrir þér hve traustvekjandi þessi orð eru?

⁸ Jehóva minnir hér á að við gerum sjálfum okkur gott með því að hlýða honum. Ef við gerum það lofar hann að veita okkur tvennt. Í fyrsta lagi verður hamingja okkar eins og fljót — kyrrlát, ríkuleg og óslitin. Í öðru lagi verður réttlæti okkar eins og öldur hafsins. Ef við stöndum á ströndinni og horfum á öldurnar brotna í fjörunni eina af annarri vaknar sú tilfinning að þær taki aldrei enda. Við vitum að þær halda áfram að koma að landi um ókomnar aldir. Jehóva segir að réttlæti þitt geti verið eins varanlegt. Hann sér til þess að þú hrasir aldrei, svo framarlega sem þú reynir að vera honum trúr. (Sálmur 55:23) Eru ekki þessi hlýlegu fyrirheit til þess fallin að byggja upp trú þína á Jehóva og réttlátar kröfur hans?

SÆKJUM FRAM TIL ÞROSKA

⁹ Annar þáttur þess byggingarstarfs, sem þú vinnur að, kemur fram í hinni innblásnu hvatningu að snúa sér að „fræðslunni fyrir lengra komna“. (Hebreabréfið 6:1) Það er gott markmið fyrir kristinn mann að ná þroska í trúnni. Sem stendur getum við mennirnir ekki orðið fullkomnir en við getum hins vegar tekið út þroska. Og við höfum meiri ánægju af að þjóna Jehóva þegar við þroskumst. Af hverju?

¹⁰ Þroskaður kristinn maður er andlegur maður. Hann horfir á hlutina á sama hátt og Jehóva gerir. (Jóhannes 4:23) Páll skrifaði: „Þeir sem láta stjórnast af holdinu, hyggja á það sem holdsins er, en þeir, sem láta stjórnast af andanum, hyggja á það sem andans er.“ (Rómverjabréfið 8:5, *Biblían 1981*) Við uppskerum litla ánægju ef

9, 10. (a) Af hverju er það gott markmið fyrir kristinn mann að sækjast eftir þroska? (b) Af hverju eru andleg viðhorf gleðigjafi?

við látum stjórnast af holdinu því að þá er hætta á að við séum eigingjörn og skammsýn og einblínum á efnislega hluti. Ef við látum stjórnast af andanum erum við glöð vegna þess að við höfum hugann við Jehóva sem er „hinn sæli Guð“. (1. Tímóteusarbréf 1:11, *Biblían 1912*.) Andlegum manni er mikið í mun að þóknast Jehóva og hann er jafnvel glaður þegar prófraunir verða á vegi hans. Ástæðan er sú að prófraunir gefa honum tækifæri til að þroska með sér ráðvendni og sanna að Satan sé lygari. Þannig gleður hann föður sinn á himnum. — Orðskviðirnir 27:11; Jakobsbréfið 1:2, 3.

¹¹ Andleg viðhorf og þroski byggjast á æfingu og þjálfun. Lítum á eftirfarandi vers: „Fasta fæðan er fyrir fullorðna, fyrir þá sem jafnt og þétt hafa agað hugann til að greina gott frá illu.“ (Hebreabréfið 5:14) Þegar Páll talar um að ‚aga‘ hugann notar hann grískt orð sem var sennilega mikið notað í íþróttahúsum Grikkja á fyrstu öld vegna þess að það getur þýtt ‚þjálfaður eins og fimleikamaður‘. Veltum aðeins fyrir okkur hvað er fólgið í þessari þjálfun.

¹² Líkami nýfædds barns er óþjálfaður. Ungbarn skynjar varla í hvaða átt það hreyfir smáa útlími sína. Það veifar handleggjunum tilviljanakennt. Stundum slær það sjálft sig í andlitið sér til mæðu og undrunar. En smám saman æfist það í að beita líkamanum. Barnið lærir að skríða, síðan að ganga og svo fer það að hlaupa.* En hvað um fim-

* Vísindamenn segja að við þroskum með okkur svokallað stöðu- og hreyfiskyn en það þýðir að við skynjum stöðu líkamans og afstöðu útlímanna. Það er þess vegna sem við getum klappað saman lófnum með lokuð augu. Sjúklingur á fullorðinsaldri, sem missti stöðu- og hreyfiskynið, gat hvorki staðið, gengið né setið.

11, 12. (a) Hvað sagði Páll um huga kristins manns og hvað er átt við með sögninni sem er þýdd að aga? (b) Af hverju þarf að æfa líkamann til að hann þroskist og láti vel að stjórna?



*Fimleikamaður
þjálfar líkama
sinn jafnt
og þétt.*

leikamanninn? Þegar við horfum á fimleikamann stökkva og snúast í loftinu með nákvæmni og þokka erum við ekki í vafa um að líkama hans sé eins og vel stillt vél. Færnin kom ekki af sjálfu sér heldur kostaði hún þrotlausar æfingar. Í Biblífunni er viðurkennt að líkamleg æfing sé „nytsamleg í sumu“. En það er

margfalt verðmætara að æfa huga okkar og andleg skilningarvit. — 1. Tímóteusarbréf 4:8.

¹³ Í þessari bók hefur verið fjallað um margt sem getur auðvelað okkur að þjálf hugann svo að við getum verið andlegar manneskjur og Jehóva trú. Hugleiddu meginreglur hans og lög í bænarhug þegar þú þarft að taka ákvarðanir í dagsins önn. Spyrðu þig alltaf þegar ákvörðun er annars vegar hvaða lög og meginreglur Biblíunnar eigi við í málinu. Hvernig er hægt að beita þeim? Hvaða ákvörðun myndi gleðja föðurinn á himnum? (Orðskviðirnir 3:5, 6; Jakobsbréfið 1:5) Þú agar hugann í hvert sinn sem þú tekur ákvörðun með þessum hætti. Og ögunin hjálpar þér að vera sannur andlegur maður.

¹⁴ Þó að hægt sé að ná því stigi að vera þroskaður er alltaf hægt að vaxa áfram í trúnni. Og vöxtur er háður næringu. „Fasta fæðan er fyrir fullorðna,“ sagði Páll. (Hebræabréfið 5:14) Til að byggja upp trú sína er nauðsynlegt að nærast jafnt og þétt á kjarngóðri andlegri fæðu. Þegar við beitum síðan rétt því sem við lærum sýnum við

13. Hvernig er hægt að aga hugann?

14. Hvaða löngun þurfum við að þroska með okkur til að taka út andlegan vöxt en hvað þurfum við að hafa í huga?

visku. Og „viska er fyrir öllu“ eins og segir í Biblíunni. Við þurfum því að þroska með okkur sterka löngun í hin dýr-mætu sannindi sem faðirinn lætur í té. (Orðskviðirnir 4: 5-7; 1. Pétursbréf 2:2) En þó að við öflum okkur þekkingar og visku er það auðvitað engin ástæða til að vera sjálf-umglaður eða hrokafullur. Við þurfum stöðugt að horfa gagnrýnu auga á sjálf okkur til að dramb eða einhver annar veikleiki festi ekki rætur og vaxi í hjarta okkar. Páll skrif-aði: „Rannsakið hvort trú ykkar kemur fram í breytni ykkar, prófið ykkur sjálf.“ — 2. Korintubríf 13:5.

¹⁵ Húsið er fullbyggt en vinnan heldur áfram. Hús kallar á viðhald og viðgerðir og jafnvel viðbætur þegar aðstæður breytast. Hvað þurfum við að hafa til að bera til að þroskast og viðhalda okkar andlega manni? Fyrst og fremst kærleika. Við þurfum að styrkja jafnt og þétt kærleikann til Jehóva og trúsystkina okkar. Ef við höfum ekki kærleika er öll þekking okkar og öll verk okkar til einskis — eins og þreytandi hávaði. (1. Korintubríf 13:1-3) En ef við höfum kærleika getum við náð kristnum þroska og haldið áfram að taka út andlegan vöxt.

EINBEITTU ÞÉR AÐ VONINNI SEM JEHÓVA GEFUR

¹⁶ Við skulum nú líta á enn einn þátt byggingarvinnunnar sem þú ert að fást við. Til að byggja sjálfan þig upp sem sannan fylgjanda Krists þarftu að hafa gát á hugsunum þínum. Satan, höfðingi þessa heims, er snillingur í að gera fólk neikvætt, svartsýnt, tortryggið og örvæntingarfullt. (Efesusbréfið 2:2) Þess konar hugsunarháttur er jafn hættulegur kristnum manni og þurrafúi er timburhúsi. Sem betur fer lætur Jehóva okkur í té sterkt varnarvopn — vonina.

15. Af hverju er kærleikur forsenda andlegs vaxtar?

16. Hvers konar hugsunarhátt ýtir Satan undir og hvaða varnarvopn gefur Jehóva okkur?

¹⁷ Í Biblíunni er lýst hinum andlegu herklæðum sem við þurfum að bera til að geta barist gegn Satan og heiminum. Ein af vörnunum er hjálmurinn, það er að segja ‚vonin um frelsun‘. (1. Þessaloníkubríf 5:8) Hermaður á biblíutímanum vissi að hann héldi ekki velli lengi án þess að hafa hjálm. Hjálmar voru oft gerðir úr málm og fóðraðir flókaefni eða leðri. Hjálmurinn sá til þess að flest högg, sem lentu á höfðinu, reyndust skaðlaus. Von getur verndað hugann og hugsunina rétt eins og hjálmur höfuðið.

¹⁸ Jesús er besta dæmið um mann sem hélt voninni vakandi. Þú manst eflaust hvað hann mátti þola síðustu nóttina sem hann lifði á jörð. Náinn vinur sveik hann gegn greiðslu. Annar þvertók fyrir að þekkja hann. Hinir yfiringáfu hann og lögðu á flóttu. Samlandar hans snerust gegn honum og heimtuðu hástöfum að rómverskir hermenn tækju hann af lífi. Það er óhætt að segja að Jesús hafi mátt þola erfiðari prófraunir en við lendum nokkurn tíma í. Hvað hjálpaði honum að vera trúr? Því er svarað í Hebreabréfinu 12:2: „Hann leið með þolinmæði á krossi og mat smán einskis af því að hann vissi hvaða gleði beið hans og hefur nú sest til hægri handar hástóli Guðs.“ Hann missti aldrei sjónar á ‚gleðinni sem beið hans‘.

¹⁹ Hvaða gleði var það sem beið Jesús? Hann vissi að hann myndi eiga þátt í að helga heilagt nafn Jehóva með þolgæði sínu. Hann myndi færa fram sterkustu sönnunina fyrir því að Satan væri lygari. Engin von gat veitt Jesús meiri gleði. Hann vissi líka að Jehóva myndi umbuna honum ríkulega fyrir trúfestina. Hann vissi að þeirrar gleðistundar væri skammt að bíða að hann hitti föður sinn á ný. Jesús hafði þessa gleðilegu von í huga þegar prófraunirnar voru sem erfiðastar. Við þurfum að líkja

17. Hvernig bendir Biblían á mikilvægi þess að hafa von?

18, 19. Hvernig varðveitti Jesús vonina og hvernig getum við farið að dæmi hans?

eftir honum. Við eigum líka mikla gleði í vændum. Jehóva veitir okkur öllum þann mikla heiður að eiga þátt í að helga hið mikla nafn sitt. Við getum sannað að Satan sé lygari með því að velja Jehóva sem Drottin okkar og með því að láta kærleika hans varðveita okkur óháð þeim prófraunum og freistingum sem verða á vegi okkar.

²⁰ Jehóva er ekki aðeins fús til að launa trúum þjónum sínum — hann langar beinlínis til þess. (Jesaja 30:18; Malakí 3:10) Hann hefur unun af því að uppfylla allar réttmætar óskir þjóna sinna. (Sálmur 37:4) Einbeittu því huganum að voninni um að sjá fyrirheit Guðs rætast. Láttu neikvæðan, spilltan og rangsnúinn hugsunarhátt heims Satans ekki ná tökum á þér. Ef þú finnur að andi heimsins er farinn að þrengja sér inn í huga þinn eða hjarta skaltu biðja Jehóva ákaft að gefa þér frið sinn sem er „æðri öllum skilningi“. Og friður hans mun varðveita hjarta þitt og hugsanir. — Filippíbréfið 4:6, 7.

²¹ Það er hrifandi og heillandi von sem þú átt. Ef þú til-

20. Hvað getur hjálpað þér að hugsa jákvætt og varðveita vonina?

21, 22. (a) Hvaða dýrlega frelsi bíður þeirra sem tilheyra „múginum mikla“? (b) Hvað finnst þér dýrmætast við vonina og hvað ætlarðu að gera?



heyrrir ‚múginum mikla‘, sem á í vændum að ‚koma úr þrengingunni miklu‘, skaltu hugsa um það líf sem bíður þín. (Opinberunarbókin 7:9, 14) Þú getur varla ímyndað þér hvílíkur léttir það verður þegar Satan og illu öndunum hefur verið rutt úr vegi. Ekkert okkar hefur kynnst því hvernig það er að lifa *án* þess álags sem fylgir spillandi áhrifum Satans. Það verður ólýsanlegt að fá að breyta jörðinni í paradís undir handleiðslu Jesú og 144.000 meðstjórnenda hans á himnum. Hugsaðu þér að verða laus við alla sjúkdóma og krankleika, taka á móti ástvinum okkar þegar þeir rísa upp úr gröfum sínum og lifa eins og Guð ætlaði okkur að lifa! Og þegar við nálgumst það að verða fullkomin styttest í að annað fyrirheit rætist — að við hljótum ‚dýrðarfrelsi Guðs barna‘. — Rómverjabréfið 8:21, *Biblían 1981*.

²² Jehóva vill að þú hljótir stórkostlegra frelsi en þú getur nokkurn tíma ímyndað þér. Leiðin til þessa frelsis er fólgin í hlýðni. Er það ekki þess virði að leggja sig allan fram um að hlýða Jehóva dag frá degi? Haltu þá fyrir alla muni áfram að byggja sjálfan þig upp í þinni helgustu trú til að kærleikur Guðs geti varðveitt þig um alla eilífð!



VIÐAUKI

EFNI	BLS.
Hvernig á að koma fram við þá sem er vikið úr söfnuðinum?	207
Höfuðfat — hvenær og hvers vegna?	209
Fánahylling, kosningar og þegnskylduvinna	212
Blóðþættir og skurðaðgerðir	215
Að sigrast á sjálfsfróun	218
Afstaða Biblíunnar til skilnaðar	219
Að útkljá ágreiningsmál í viðskiptum	222

Hvernig á að koma fram við þá sem er vikið úr söfnuðinum?

Fátt er jafn sársaukafullt og að horfa upp á það að ættingja eða nánnum vini er vikið úr söfnuðinum vegna þess að hann hefur syndgað og iðrast ekki. Viðbrögð okkar við fyrirmælum Biblunnar um þetta mál geta dregið fram hve heitt við elskum Guð og hve dyggilega við styðjum fyrirkomulag hans.* Lítum á nokkrar spurningar sem koma upp varðandi þetta mál.

Hvernig eigum við að koma fram við þann sem er vikið úr söfnuðinum? Í Biblíunni segir: „Þið skuluð ekki umgangast nokkurn þann er nefnir sig bróður en er saurlífismaður eða ásælinn, skurðgoðadýrkandi eða lastmáll, ofdrykkjumaður eða ræningi. Þið skuluð jafnvel ekki sitja að borði með slíkum manni.“ (1. Korintubréf 5:11) Um þann sem „er ekki staðfastur í kenningu Krists“ segir: „Takið hann ekki á heimili ykkar og bjóðið hann ekki velkominn. Því að sá sem býður hann velkominn tekur þátt í hans vondu verkum.“ (2. Jóhannesarbréf 9-11) Við viljum ekki eiga trúarlegt eða félagslegt samneyti við þá sem vikið er úr söfnuðinum. Í *Varðturninum* 1. janúar 1982, bls. 25, segir: „Einföld kveðja, ‚Sæll,‘ sem við köstum á einhvern, getur verið fyrsta skrefið að samræðum og jafnvel vináttu. Munum við vilja stíga fyrsta skrefið að slíku sambandi við brottrækan einstakling?“

Er nauðsynlegt að forðast allt samband? Já, og fyrir því eru nokkrar ástæður. Í fyrsta lagi snýst málið um hollustu við Guð og orð hans. Við hlýðum Jehóva ekki aðeins þegar það er þægilegt heldur einnig þegar það reynir verulega á okkur. Sá sem elskar Guð hlýðir öllum boðorðum hans, viðurkennir að hann sé réttlátur og kærleiksríkur og að lög hans séu okkur alltaf fyrir bestu. (Jesaja 48:17; 1. Jóhannesarbréf 5:3)

* Meginreglur Biblunnar um þetta eiga einnig við um þá sem aðgreina sig frá söfnuðinum.

Í öðru lagi verndum við okkur og aðra í söfnuðinum siðferðilega og trúarlega með því að forðast samneyti við syndara sem iðrast ekki, og við varðveitum góðan orðstír safnaðarins. (1. Korintubrэф 5:6, 7) Í þriðja lagi getur það orðið til góðs fyrir þann sem vikið var úr söfnuðinum að við tökum einarða afstöðu með meginreglum Biblíunnar. Með því að styðja ákvörðun dómnefndarinnar getum við hugsanlega náð til hjarta syndarans sem hefur hingað til ekki tekið til sín leiðbeiningar öldunganna. Þegar ástvinir hætta að umgangast hann er hugsanlegt að hann ‚komi til sjálfs sín‘, átti sig á hve alvarleg synd hans er og geri ráðstafanir til að snúa aftur til Jehóva. — Lúkas 15:17.

Hvað á að gera ef ættingja er vikið úr söfnuðinum? Nálægðin og fjölskylduböndin geta reynt verulega á hollustu okkar við lög Jehóva. Hvernig á að koma fram við ættingja sem er vikið úr söfnuðinum? Við getum ekki fjallað um alla hugsanlega möguleika en lítum á tvenns konar aðstæður.

Segjum að um sé að ræða fjölskyldumeðlim sem býr á heimilinu. Fjölskylduböndin rofna ekki þó að honum sé vikið úr söfnuðinum þannig að daglegt líf og samskipti geta haldið áfram eins og áður. Með þeirri stefnu, sem hann hefur valið, hefur hann hins vegar rofið þau tengsl sem byggðust á sameiginlegri þjónustu við Guð. Þeir í fjölskyldunni, sem þjóna Guði, eiga því ekki lengur trúarleg samskipti við hann. Ef hann er til dæmis viðstaddur biblíunám fjölskyldunnar tekur hann ekki þátt í því. Ef barni undir lögaldri er vikið úr söfnuðinum ber foreldrunum þó að halda áfram að fræða það og aga. Ástríkir foreldrar geta því eftir sem áður kennt barninu sannleika Biblíunnar.* — Orðskviðirnir 6:20-22; 29:17.

Hinar aðstæðurnar, sem við ætlum að líta á, eru þær að ættinginn búi ekki á heimilinu. Þótt nauðsynlegt geti verið

* Nánari upplýsingar um börn undir lögaldri, sem hefur verið vikið úr söfnuðinum en búa heima, er að finna í *Varðturninum* 1. nóvember 2001, bls. 16-17 og 1. júní 1989, bls. 32.

að eiga einhver takmörkuð tengsl stöku sinnum vegna fjölskyldumála ættu samskiptin að vera sem minnst. Þeir ættingjar, sem þjóna Guði, reyna ekki að finna upp afsakanir til að geta átt samskipti við ættingja sem hefur verið vikið úr söfnuðinum og býr ekki heima. Sökum hollustu við Jehóva og söfnuð hans styðja þeir þá biblíulegu ráðstöfun að iðrunarlausum syndara skuli vikið úr söfnuðinum. Hollusta þeirra er syndaranum fyrir bestu og getur stuðlað að því að ögunin verði honum til góðs.* — Hebreabréfið 12:11.

* Nánari upplýsingar og biblíuleg ráð um hvernig koma skuli fram við ættingja, sem vikið er úr söfnuðinum, má finna í *Varðturninum* 1. október 1988, bls. 28-32, og 1. janúar 1982, bls. 26-31.

Höfuðfat — hvenær og hvers vegna?

Hvenær og hvers vegna ætti kristin kona að bera höfuðfat í tengslum við tilbeiðslu sína? Við skulum líta á innblásna umfjöllun Páls postula um þetta mál. Hann gaf þær leiðbeiningar sem þarf til að taka réttar ákvarðanir og vera Guði til heiðurs. (1. Korintubríf 11:3-16) Páll bendir á þrennt sem hafa ber í huga: (1) hvaða *athafnir* útheimta að kona sé með höfuðfat, (2) við hvaða *aðstæður* hún þarf að gera það og (3) af hvaða *tilefni* hún gerir það.

Athafnirnar. Páll nefnir tvær: að biðja og að flytja spádóma. (4. og 5. vers) Bæn er fólgin í því að ávarpa Guð með lotningu. Að flytja spádóma felur nú á dögum í sér alla biblútengda kennslu sem kristinn maður annast. Ber þá að skilja orð Páls þannig að kona eigi alltaf að vera með höfuðfat þegar hún biðst fyrir eða kennir sannleika Biblíunnar? Nei, það skiptir öllu máli við hvaða aðstæður hún gerir þetta.

Aðstæðurnar. Af orðum Páls má ráða að leiðbeiningar hans eigi við á tveim sviðum — í fjölskyldunni og söfnuðinum. Hann segir: „Karlmaðurinn er höfuð konunnar . . .

sérhver kona, sem biðst fyrir eða flytur spádóma Guðs berhöfðuð, óvirðir höfuð sitt.“ (3. og 5. vers) Samkvæmt fyrirkomulagi Jehóva er eiginmaður höfuð konu sinnar. Ef hún fer með hlutverk sem Jehóva hefur falið eiginmanninum er hún að óvirða hann nema hún sýni með viðeigandi hætti að hún virði forræði hans. Ef hún þyrfti til dæmis að halda biblíunámskeið að eiginmanni sínum viðstöddum myndi hún viðurkenna yfirráð hans með því að bera höfuðfat. Gildir þá einu hvort hann er skírður eða ekki því að hann er eftir sem áður höfuð fjölskyldunnar.* Hún ætti einnig að vera með höfuðfat ef hún færi með bæn eða kenndi að viðstöddum skírðum syni undir lögaldri, ekki vegna þess að hann sé höfuð fjölskyldunnar heldur vegna þess forystuhlutverks sem skírðum karlmönnum er falið í söfnuðinum.

Hitt sviðið, sem Páll nefnir, er söfnuðurinn. Hann segir: „Ætli nú einhver sér að gera þetta að kappsmáli, þá er slíkt ekki venja okkar eða safnaða Guðs.“ (16. vers) Skírðum karlmönnum er falin forystan í kristna söfnuðinum. (1. Tímóteusarbréf 2:11-14; Hebreabréfið 13:17) Aðeins karlmenn eru skipaðir öldungar og safnaðarþjónar og falin sú ábyrgð að gæta hjarðar Guðs. (Postulasagan 20:28) En stundum gætu aðstæður verið þannig að kristin kona sé beðin að annast verkefni sem skírður karlmaður myndi sjá um að öllu jöfnu. Kannski þarf hún að sjá um samansöfnun fyrir boðunarstarfið vegna þess að enginn hæfur, skírður karlmaður er fáanlegur eða er á staðnum. Eins gæti komið til að hún annaðist fyrir fram ákveðið biblíunámskeið að viðstöddum skírðum karlmanni. Þar sem slíkt verkefni er í rauninni þáttur í starfi kristna safnaðarins ætti hún að vera með höfuðfat til tákns um að hún sé að annast verkefni sem karlar hafa að jafnaði með höndum.

* Að jafnaði fer kristin eiginkona ekki upphátt með bæn ef eiginmaður hennar er skírður og hann er viðstaddur, nema aðstæður séu óvenjulegar, til dæmis ef hann hefur misst málið vegna sjúkdóms.



Margir þættir tilbeiðslunnar eru þó þess eðlis að systir í söfnuðinum þarf ekki að bera höfuðfat. Hún þarf til dæmis ekki að gera það þegar hún svarar á safnaðarsamkomum, boðar fagnaðarerindið hús úr húsi með eiginmanni sínum eða öðrum skírðum karlmanni eða þegar hún kennir óskírðum börnum sínum eða

biður með þeim. Spurningar geta auðvitað vaknað varðandi fleiri aðstæður og ef systir er óviss getur hún kannað málið nánar.* Ef hún er enn í óvissu og samviskan segir henni að vera með höfuðfat, eins og sýnt er á myndinni, er ekkert rangt við það.

Tilefnið. Í 10. versinu eru nefndar tvær ástæður fyrir því að kristin kona ætti að fylgja þeim fyrirmælum að vera með höfuðfat: „Konan [á] að bera á höfði sér tákni um valdsvið sitt vegna englanna.“ Tökum fyrst eftir orðunum „tákn um valdsvið sitt“. Með því að bera höfuðfat getur kona sýnt að hún viðurkennir það vald sem Jehóva hefur falið skírðum karlmönnum í söfnuðinum. Þannig sýnir hún Jehóva Guði kærleika sinn og hollustu. Hin ástæðan kemur fram í orðunum „vegna englanna“. Hvernig getur kona haft áhrif á þessar völdugu andaverur með því að bera höfuðfat?

Englunum er annað um að vald Jehóva sé virt alls staðar í alheimssöfnuði hans, bæði á himni og jörð. Og þar njóta þeir einnig góðs af fordæmi ófullkominna manna. Þeir þurfa líka að vera undirgefni fyrirkomulagi Jehóva, en þar brugðust margir englar forðum daga. (Júdasarbréfið 6) Englarnir sjá kannski kristna konu sem er reyndari, fróðari og greindari en skírður karlmaður í söfnuðinum en hún sýnir

* Nánari upplýsingar er að finna í *Varðturninum* 1. ágúst 2002, bls. 30-31, og 1. nóvember 1977, bls. 260-63.

engu að síður að hún sé undirgefin yfirráðum hans. Í sumum tilfellum er um að ræða andasmurða konu sem á eftir að verða samerfingi Krists. Þegar þar að kemur mun hún gegna enn hærri stöðu en englarnir og ríkja með Kristi á himnum. Hún er englunum góð fyrirmynd. Það er heiður fyrir allar systur í söfnuðinum að sýna hógværð, hlýðni, hollustu og undirgefni í augsýn milljóna trúfastra engla.

Fánahylling, kosningar og þegnskylduvinna

Fánahylling. Vottar Jehóva líta svo á að það að lúta fána eða hylla hann, sem oft er gert samfara lofsöng, sé trúarathöfn þar sem ríkinu og leiðtogum þess, en ekki Guði, sé eignað hjálpræði. (Jesaja 43:11; 1. Korintubrэф 10:14; 1. Jóhannesarbrэф 5:21) Nebúkadnesar konungur í Babýlon var voldugur leiðtogi sem vildi vekja athygli fólks á hátign sinni og trúaráhuga. Hann lét reisa mikið líkneski og skipaði þegnunum að falla fram fyrir því meðan leikin væri tónlist, ekki ósvipuð og þjóðsöngur. Þrír Hebrear, þeir Sadrak, Mesak og Abed-Negó, neituðu að lúta líkneskinu þótt dauðarefsing lægi við. — Daníelsbók, 3. kafli.

„Fáninn er helsta tilbeiðslu- og trúartákn þjóðernishyggjunnar“ á okkar tímum að sögn sagnfræðingsins Carltons Hayes. „Karlar taka ofan þegar fáninn fer hjá, skáld yrkja honum lofkvæði og börn syngja sálma.“ Þjóðernishyggjan á sína „helgu daga“ að sögn hans, svo sem 4. júlí í Bandaríkjunum, og hún á sér „helga menn og hetjur“ og „helgidóma“. Forseti æðsta herdomstóls Brasilíu sagði við opinbera athöfn þar í landi: „Fáninn er dýrkaður og virtur . . . rétt eins og föðurlandið er dýrkað.“ Og í alfræðiorðabókinni *The Encyclopedia Americana* sagði einu sinni: „Fáninn er heilagur líkt og krossinn.“

Í sömu alfræðiorðabók sagði fyrir nokkrum árum að þjóðsöngvar væru sungnir til þess að „tjá þjóðerniskennd og oft er í þeim ákall um vernd Guðs og handleiðslu handa þjóðinni og ráðamönnum hennar“. Það er því ekki órökrétt að þjónar Jehóva skuli líta svo á að þjóðernisathafnir tengdar fánahyllingu og þjóðsöng séu trúarlegar. Reyndar segir í bókinni *The American Character* um þá afstöðu barna votta Jehóva að vilja ekki hylla fánann eða sverja hollustueið í bandarískum skólum: „Hæstiréttur hefur nú staðfest í allnokkrum málum að þessar daglegu athafnir séu trúarlegar.“

Enda þótt vottar Jehóva taki ekki þátt í athöfnum sem þeir telja stangast á við Biblíuna virða þeir rétt annarra til þess. Þeir virða einnig þjóðfána sem þjóðartákn, virða lögmæt yfirvöld og líta svo á að þau ‚þjóni Guði‘. (Rómverjabréfið 13: 1-4) Vottar Jehóva fylgja því hvatningu Biblíunnar um að biðja fyrir „konungum og öllum þeim sem hátt eru settir“. Við gerum það til að við „fáum lifað friðsamlegu og rólegu lífi í guðsótta og siðprýði“. — 1. Tímóteusarbréf 2:2.

Þátttaka í pólitískum kosningum. Sannkristnir menn virða rétt annarra til að kjósa. Þeir beita sér ekki gegn kosningum og vinna með kjörnum stjórnvöldum. Hins vegar eru þeir algerlega hlutlausir gagnvart stjórnmálum þjóðanna. (Matteus 22:21; 1. Pétursbréf 3:16) Hvað á kristinn maður að gera í landi þar sem það er skylda að kjósa eða mikill hiti er í fólki gegn þeim sem mæta ekki í kjörklefann? Kristinn maður getur hugsað til þess að Sadrak, Mesak og Abed-Negó fóru alla leið út á Dúrasléttu þannig að samviska hans leyfir honum ef til vill að fara í kjörklefann. En hann gætir þess að hvika ekki frá hlutleysi sínu. Hann ætti að taka mið af sex eftirfarandi meginreglum:

1. Fylgjendur Jesú ‚eru ekki af heiminum‘. — Jóhannes 15:19.

2. Kristnir menn eru fulltrúar Krists og ríkis hans. — Jóhannes 18:36; 2. Korintubréf 5:20.

3. Kristni söfnuðurinn er sameinaður í trú og þeir sem mynda hann tengjast kristnum kærleiksböndum. — 1. Korintubréf 1:10; Kólossubréfið 3:14.

4. Þeir sem kjósa ákveðinn mann til embættis bera vissa ábyrgð á því sem hann gerir. — Taktu eftir meginreglunum að baki því sem stendur í 1. Samúelsbók 8:5, 10-18 og 1. Tímóteusarbréfi 5:22.

5. Þegar Ísraelsmenn vildu fá mennskan stjórnanda leit Jehóva á það sem merki þess að þeir hefðu hafnað sér. — 1. Samúelsbók 8:7.

6. Kristnir menn verða að geta talað af fullri djörfung um ríki Guðs við alla menn, óháð stjórnmalaskoðunum þeirra. — Matteus 24:14; 28:19, 20; Hebreabréfið 10:35.

Þegnskylduvinna. Í sumum löndum gera stjórnvöld þá kröfu að þeir sem neita að gegna herþjónustu vinni einhvers konar þegnskylduvinnu í staðinn um ákveðinn tíma. Þegar þjónn Guðs þarf að taka ákvörðun í slíku máli ætti hann að bera það upp við Jehóva í bæn og ef til vill ræða það við þroskaðan trúbróður. Síðan getur hann tekið ákvörðun með hjálp upplýstrar samvisku. — Orðskviðirnir 2:1-5; Filippíbréfið 4:5.

Í orði Guðs kemur fram að okkur beri að „lúta höfðingjum og yfirvöldum, vera hlýðin og reiðubúin til sérhvers góðs verks . . . sanngjörn“. (Títusarbréfið 3:1, 2) Í ljósi þess gætum við spurt okkur eftirfarandi spurninga: Myndi ég þurfa að víkja frá hlutleysi mínu eða vera viðriðinn falstrú ef ég ynni þegnskylduvinnuna sem mér er boðin? (Míka 4:3, 5; 2. Korintubréf 6:16, 17) Myndi þetta starf gera mér erfitt um vik að rækja kristnar skyldur mínar eða koma í veg fyrir að ég gæti það? (Matteus 28:19, 20; Efesusbréfið 6:4; Hebreabréfið 10:24, 25) Eða býður þessi þjónusta upp á þess konar vinnutíma að ég geti gert meira í boðunarstarfinu og jafnvel notað meirihlutann af tímanum til að sinna því? — Hebreabréfið 6:11, 12.

Ef kristinn maður kemst að þeirri niðurstöðu að hann geti samvisku sinnar vegna unnið þegnskylduvinnu í stað þess að fara í fangelsi ættu trússystem hans að virða það. (Rómverjabréfið 14:10) Ef honum finnst hins vegar að hann geti ekki unnið þessa vinnu ætti einnig að virða þá afstöðu hans. – 1. Korintubrэф 10:29; 2. Korintubrэф 1:24.

Blóðþættir og skurðaðgerðir

Blóðþættir. Blóðþættir eru unnir úr blóðhlutunum fjórum, það er að segja rauðkornum, hvítkornum, blóðflögum og blóðvökva. Rauðkornin innihalda til dæmis blóðrauða. Unninn hefur verið blóðrauði úr rauðkornum manna eða dýra og notaður við meðferð sjúklinga sem þjást af bráðu blóðleysi eða hafa misst mikið blóð.

Blóðvökvi er 90 prósent vatn og ber með sér alls kyns hormóna, ólífræn sölt, ensím og næringarefni, þar á meðal steinefni og sykur. Í blóðvökvanum eru einnig storkuþættir, mótefni gegn sjúkdómum og prótín eins og albúmín. Við ákveðnum sjúkdómum eru oft gefnar sprautur af gammaglóbulíni en það er unnið úr blóðvökva fólks sem er ónæmt fyrir viðkomandi sjúkdómi. Úr hvítkornum má vinna veiruvörnaboða (interferón) og hvítfrumuboða (interleukín) en þeir eru notaðir gegn sumum veirusýkingum og krabba-meini.

Ættu kristnir menn að þiggja meðferð sem felur í sér að þeim séu gefnir blóðþættir? Í Biblíunni er ekki kveðið upp úr um það svo að hver og einn þarf að gera það upp við samvisku sína frammi fyrir Guði. Sumir afþakka alla blóðþætti og taka þá mið af því að samkvæmt lögmálinu, sem Guð gaf Ísraelsmönnum, hafi átt að „hella . . . á jörðina“ blóði sem tekið var úr skepnu. (5. Mósebók 12:22-24) Aðrir þiggja lækni meðferð sem felur í sér að þeir fái blóðþætti, þó svo

KRISTNIR MENN ÞIGGJA EKKI	HEILBLÓÐ			
	rauðkorn	hvítkorn	blóðflögur	blóðvökva
EVER OG EINN ÁKVEÐUR HVORT HANN ÞIGGUR	þætti úr rauðkornum	þætti úr hvítkornum	þætti úr blóðflögum	þætti úr blóðvökva

að þeir þiggi ekki heilblóð eða blóðhluta. Þeir hugsa sem svo að á einhverju stigi hætti þessir þættir, sem eru unnir úr blóði, að tákna líf þess sem þeir eru teknir úr.

Þegar þú tekur afstöðu til blóðþátta skaltu fhuga eftirfarandi: Ef þú þiggur alls enga blóðþætti, er þér þá ljóst að þar með útilokar þú ýmis lyf, meðal annars lyf gegn sumum sýkingum og sjúkdómum og sum lyf sem flýta fyrir því að blóð storkni og blæðingar stöðvist? Geturðu útskýrt fyrir lækni af hverju þú hafnar eða þiggur einn eða fleiri blóðþætti?

Skurðaðgerðir. Þær geta falið í sér blóðvökvaaukningu og endurvinnslu blóðs í aðgerð. Blóðvökvaaukning fer þannig fram að blóð er dregið úr líkamanum og blóðþenslulyf gefið í staðinn. Í lok aðgerðar er blóðinu veitt aftur í sjúkling. Endurvinnsla blóðs í aðgerð felst í því að blóði er safnað úr skurðsári eða líkamsholi, það er síað og þvegið og því síðan veitt aftur inn í blóðrásina. Þar sem breytilegt er eftir læknum hvernig þessar aðferðir eru útfærðar ætti kristinn maður að kanna hvað lækningin hefur í huga.

Þegar þú tekur ákvörðun um slíkar meðferðir skaltu spyrja þig eftirfarandi spurninga: Ef einhverju af blóði mínu er veitt út úr líkamanum og blóðflæðið er jafnvel stöðvað um tíma, leyfir þá samviskan mér að líta svo á að blóðið sé enn þá hluti af mér þannig að það þurfi ekki að „hella því á jörð-

ina'? (5. Mósebók 12:23, 24) Myndi það angra biblíufrædda samvisku mína að gangast undir rannsókn eða meðferð þar sem mér væri dregið blóð sem væri síðan breytt á einhvern hátt og veitt aftur inn í líkamann? Er mér ljóst að ef ég hafna öllum lækningaraðferðum sem fela í sér meðferð á mínu eigin blóði er ég þar með að hafna blóðrannsókn, blóðskiljun og notkun hjarta- og lungnavélar?

SPURNINGAR SEM ÞÚ GÆTIR SPURT LÆKNINN

Ef þú þarft að gangast undir skurðaðgerð eða lækni meðferð þar sem efni unnin úr blóði gætu komið við sögu skaltu ganga úr skugga um að þú sért með yfirlýsingu og umboð vegna lækni meðferðar sem er til þess gerð að tryggja að þér sé ekki gefið blóð. Þú gætir auk þess spurt lækninn eftirfarandi spurninga:

- Vita allir heilbrigðisstarfsmenn, sem hlut eiga að máli, að ég er vottur Jehóva og að ég *heimila ekki að mér sé gefið blóð* (heilblóð, rauðkorn, hvítkorn, blóðflögur eða blóðvökvi) undir nokkrum kringumstæðum?

- Ef mælt er með að ég fái lyf sem inniheldur blóðþætti, hvernig er það samsett? Hve mikið myndi ég fá af þessu lyfi og með hvaða hætti?

- Ef samviska mín leyfir að ég þiggi blóðþátt, hvaða áhætta fylgir því? Hvaða aðrir kostir eru í stöðunni?

Áður en þú tekur ákvörðun um það sem hér hefur komið fram skaltu leggja málið fyrir Jehóva í bæn. Hann lofar að veita öllum visku sem biðja hann í trú. — Jakobsbréfið 1:5, 6.

Kristinn maður þarf að ákveða sjálfur hvernig hann leyfir að blóð sitt sé meðhöndlað meðan á skurðaðgerð stendur. Hið sama er að segja um læknisrannsóknir og meðferðir sem eru meðal annars fólgnar í því að dregið er lítið eitt af blóði sjúklings, það er meðhöndlað á einhvern hátt og síðan gefið honum á ný.

Að sigrast á sjálfsfróun

Sjálfsfróun er ósiður sem Guð hefur vanþóknun á, spillir hugsun fólks og elur á sjálfselsku.* Hætta er á að sá sem fróar sér fari að líta á aðra sem „kynlífstæki“ til þess ætlaða að fullnægja kynhvötinni. Hann hættir að líta á kynlíf sem leið til að tjá ást og það breytist í ósjálfráð viðbrögð sem veita stundlega unaðskennnd og slaka á kynferðislegri spennu. En þessi slökun varir ekki lengi. Sjálfsfróun deyðir ekki hið jarðbundna í fari manns, „hórdóm, saurlifnað [og] losta“, heldur æsir það upp. — Kólossubréfið 3:5.

Páll postuli skrifaði: „Elskuð börn mín, . . . hreinsum okkur af allri saurgun á líkama og sál og fullkomnum helgun okkar í guðsótta.“ (2. Korintubréf 7:1) Örvæntu ekki þó að það sé barátta fyrir þig að fylgja þessum orðum. Jehóva er alltaf „fús til að fyrirgefa“ og hjálpa. (Sálmur 86:5; Lúkas 11:9-13) Það að hjartað skuli dæma þig og þú skulir vera að reyna að hætta — þrátt fyrir afturkippi af og til — bendir til þess að hugarfar þitt sé rétt. Og hafðu hugfast að „Guð er meiri en hjarta okkar og þekkir allt“. (1. Jóhannesarbréf 3:20) Hann sér meira en syndir okkar. Hann sér persónuna alla og sú vitneskja gerir honum kleift að hlusta með samúð þegar við áköllum hann og biðjum hann að miskunna

* *Sjálfsfróun* er það að strjúka eða nudda kynfæri sín sem leiðir fyrirleitt til kynferðislegrar fullnægingar.

okkur. Gefstu aldrei upp að leita til Guðs í auðmjúkri og einlægri bæn, líkt og barn leitar til pabba síns þegar það á í erfiðleikum. Jehóva gefur þér hreina samvisku. (Sálmur 51:3-14, 19; Jesaja 1:18) Þú þarft auðvitað að leggja þitt af mörkum í samræmi við bænir þínar. Til dæmis ættirðu að forðast hvers kyns klám og vondan félagsskap.*

Ef þér tekst ekki að vinna bug á sjálfsfróuninni ættirðu að ræða málið við annað foreldri þitt í trúnni eða við þroskaðan og umhyggjusaman vin.* — Orðskviðirnir 1:8, 9; 1. Þessaloníkubríf 5:14; Títusarbréfið 2:3-5.

* Á mörgum heimilum er heimilistölva höfð í opnu rými í þeim tilgangi að auðvelt sé að hafa auga með notkun hennar. Sumir kaupa auk þess hugbúnað til að sía burt óæskilegt efni. Enginn hugbúnaður er þó fullkomlega öruggur.

* Finna má góðar ráðleggingar um leiðir til að vinna bug á sjálfsfróun í greininni „Young People Ask . . . How Can I Conquer This Habit?“ í *Vaknið!* (enski útgáfu) í nóvember 2006 og bókinni *Spurningar unga fólksins – svör sem duga*, 1. bindi, bls. 205-11.

Afstaða Biblíunnar til skilnaðar

Jehóva ætlast til þess að hjón haldi hjúskaparheitið. Þegar hann leiddi fyrsta karlmanninn og fyrstu konuna saman í hjónaband sagði hann: „[Maður]. . . býr með eiginkonu sinni, og þau verða eitt.“ Síðar endurtók Jesús Kristur þessi orð og bætti við: „Það sem Guð hefur tengt saman má eigi maðurinn sundur skilja.“ (1. Mósebók 2:24; Matteus 19:3-6) Jehóva og Jesús líta því á hjónaband sem ævilangt samband og það tekur ekki enda fyrr en annað hjónanna deyr. (1. Korintubríf 7:39) Þar sem hjónabandið er heilagt er skilnaður alvarlegt mál. Jehóva hatar meira að segja skilnað ef ekki eru biblíulegar forsendur fyrir honum. — Malakí 2: 15, 16.

Hvaða heimild er gefin í Biblíunni fyrir skilnaði? Þar kemur fram að Jehóva hati hjúskaparbrot og saurlifnað. (1. Mósebók 39:9; 2. Samúelsbók 11:26, 27; Sálmur 51:6) Hann fyrirlítur saurlifnað svo mikið að hann leyfir hjónaskilnað á grundvelli hans. (Í 9. kafla, 7. tölugrein er að finna skýringar á því hvað sé fólgið í saurlifnaði.) Jehóva gefur saklausa aðilanum rétt til að ákveða hvort hann ætli að búa áfram með brotlegum maka sínum eða skilja við hann. (Matteus 19:9) Ef saklausi makinn ákveður að skilja er ekki um að ræða skilnað sem Jehóva hatar. Kristni söfnuðurinn hvetur hins vegar engan til að sækja um skilnað. Í sumum tilfellum getur saklausi aðilinn kosið að búa áfram með brotlegum maka sínum, ekki síst ef hann iðrast í einlægni. En sá sem hefur biblíulegar forsendur til að sækja um skilnað verður að ákveða sjálfur hvað hann gerir og taka afleiðingunum af því, hverjar sem þær eru. — Galatabréfið 6:5.

Í *yftrustu neyð* hafa einstaka þjónar Guðs ákveðið að sækja um skilnað að borði og sæng eða lögskilnað þó að makinn hafi ekki gerst sekur um saurlifnað. Þegar svo háttar til verður hann, samkvæmt ákvæðum Biblíunnar, að ‚vera áfram ógiftur eða sættast‘ við maka sinn. (1. Korintubríf 7:11) Þjóni Guðs, sem er í þessari stöðu, er ekki frjálst að stofna til kynna við þriðja aðila með nýtt hjónaband í huga. (Matteus 5:32) Lítum á fáein dæmi um aðstæður sem sumir hafa talið grundvöll til að sækja um skilnað.

Vísitandi vanræksla á framfærsluskyldu. Fjölskyldan gæti verið á vonarvöl og skort brýnustu nauðsynjar vegna þess að eiginmaðurinn sér henni ekki farborða þó að hann sé fær um það. Í Biblíunni segir: „Ef einhver sér eigi fyrir . . . heimilismönnum, þá hefur hann afneitað trúnni og er verri en vantrúaður.“ (1. Tímóteusarbréf 5:8, *Biblían* 1981) Ef slíkur maður neitar að bæta ráð sitt þarf konan að ákveða hvort hún þurfi að sækja um skilnað til að vernda hag sinn og barnanna. Safnaðaröldungar þurfa auðvitað að taka

alvarlega til athugunar ásökun þess efnis að kristinn fjölskylduafaðir neiti að sjá fyrir fjölskyldunni. Ef einhver neitar að sjá fjölskyldunni farborða gæti það kostað að honum verði vikið úr söfnuðinum.

Alvarlegt ofbeldi. Ofbeldisfull manneskja gæti gengið svo langt að hún stofnaði heilsu og jafnvel lífi maka síns í hættu. Ef ofbeldismanneskjan er í söfnuðinum ættu öldungarnir að rannsaka hvort ákærurnar eigi við rök að styðjast. Reiðiköst og ofbeldisfullt hátterni er tilefni til að víkja fólki úr söfnuðinum. — Galatabréfið 5:19-21.

Andlegri og trúarlegri velferð stofnað í hættu. Annað hjónanna gæti reynt að gera maka sínum ókleift að tilbiðja Guð eða jafnvel reynt að fá hann til að brjóta boð Guðs á einhvern hátt. Í því tilfelli þarf það hjónanna, sem er ógnað, að ákveða hvort eina leiðin til að „hlýða Guði [framar] en mönnum“ sé sú að sækja um skilnað. — Postulasagan 5:29.

Þótt þessar alvarlegu aðstæður, sem hér hafa verið ræddar, komi upp ætti enginn að þrýsta á þolandann til að reyna að fá hann til að skilja við maka sinn eða til að búa áfram með honum. Safnaðaröldungar og þroskaðir vinir í söfnuðinum geta boðið stuðning sinn og gefið biblíuleg ráð en þeir geta ekki vitað í smáatriðum hvað fer fram milli hjóna. Jehóva einn veit það. Kristin eiginkona væri auðvitað ekki að heiðra Guð eða hjónabandið ef hún ýkti hvernig ástandið væri á heimilinu í þeim tilgangi að geta slitið samvistum við eiginmanninn, og hið sama er að segja um eiginmann sem gerir eitthvað slíkt. Jehóva veit af öllu slíku ráðabruggi, hvernig sem reynt er að fela það. „Allt er bert og öndvert augum hans. Honum eigum við reikningsskil að gera.“ (Hebreabréfið 4:13) Ef aðstæður á heimilinu eru hins vegar orðnar mjög hættulegar og hafa verið það lengi ætti enginn að gagnrýna trússystemið sem grípur til þess neyðarúrræðis að skilja. Allir verða að lokum að „koma fram fyrir dómstól Guðs“. — Rómverjabréfið 14:10-12.

Að útkljá ágreiningsmál í viðskiptum

Í 1. Korintubrési 6:1-8 ræðir Páll um málaferli milli trússystkina. Hann lýsir vonbrigðum yfir því að sumir kristnir menn í Korintu skuli geta „fengið af sér að leggja málið undir dóm heiðinna manna“. (1. vers) Hann færir sterk rök fyrir því að kristnir menn eigi ekki að höfða mál á hendur hver öðrum fyrir veraldlegum dómstólum heldur eigi þeir að nota söfnuðinn sem vettvang til að setja niður ágreiningsmál sín. Könnum ástæðurnar fyrir því að þessar innblásnu leiðbeiningar voru gefnar og lítum síðan á fáeinar aðstæður sem falla ekki endilega undir fyrirmæli Páls.

Ef við eigum í viðskiptadeilu við trússystkini ættum við að byrja á því að nota aðferðir Jehóva, ekki okkar eigin, til að reyna að leysa málið. (Orðskviðirnir 14:12) Eins og Jesús benti á er best að útkljá ágreiningsmál fljótt, áður en þau vinda upp á sig. (Matteus 5:23-26) Því miður eiga sumir kristnir menn það til að verða deilugjarnir úr hófi fram og fara jafnvel með ágreiningsmál sín fyrir veraldlega dómstóla. „Það út af fyrir sig að þið standið í málaferlum hvert við annað er í sjálfu sér hnekkir fyrir ykkur,“ sagði Páll. Af hverju? Ein meginástæðan er sú að slík málaferli geta kastað rýrð á söfnuðinn og þann Guð sem við tilbiðjum. Við tökum því alvarlega spurningu Páls: „Hví líðið þið ekki heldur órétt?“ – 7. vers.

Páll færði einnig rök fyrir því að Guð hefði ákveðið fyrirkomulag í söfnuðinum til að útkljá deilur af margs konar tagi. Öldungarnir eru þroskaðir kristnir karlmenn sem búa yfir visku sökum biblíuþekkingar sinnar, og Páll segir að þeir séu færir um að skera úr málum um hversdagsleg efni milli safnaðarmanna. (3.-5. vers) Jesús tiltók þrjú skref til að útkljá deilur þar sem alvarleg brot á borð við róg eða fjársvik höfðu átt sér stað. Fyrsta skrefið var að deilendur hittust í

einrúmi til að reyna að sættast. Ef það tækist ekki var næsta skref að taka með eitt eða tvö vitni. Ef það bæri ekki árangur var þriðja skrefið að leggja málið fyrir söfnuðinn með því að biðja safnaðaröldungana að taka á því. — Matteus 18: 15-17.

Safnaðaröldungarnir þurfa ekki að vera lögfræðingar eða sérfróðir um viðskipti og það er ekki hlutverk þeirra að gefa ráð um slík mál. Þeir setja ekki skilmála um sættir í viðskiptum milli bræðra heldur reyna að hjálpa þeim sem hlut eiga að máli að fara eftir meginreglum Biblíunnar og leysa málin í friðsemd. Í flóknum málum gætu þeir haft samband við farandhirðinn eða deildarskrifstofu Votta Jehóva. En ýmis mál geta verið fyrir utan það svið sem leiðbeiningar Páls ná til. Hvers konar mál eru það?

Í sumum tilfellum er það einfalt formsatriði eða lagaleg nauðsyn að höfða mál til að ná fram óeigingjörnum og friðsamlegum málalokum. Sums staðar verður að höfða mál til að fá skilnað frá maka sínum, forræði barns, framfærslufé og tryggingabætur eða til að gera kröfu í þrotabú eða staðfesta gildi erfðaskrár. Í einstaka tilfelli gæti bróðir verið tilneyddur að höfða mál á móti til að verja sig í málaferlum.*

Ef slík mál eru ekki höfðuð með ófriði þarf það ekki að brjóta gegn andanum að baki innblásnum ráðleggingum Páls.[#] Kristnum manni ætti þó alltaf að vera efst í huga að helga nafn Jehóva og viðhalda friði og einingu safnaðarins. Fylgjendur Krists eru fyrst og fremst þekktir fyrir kærleika sinn og „kærleikurinn . . . leitar ekki síns eigin“. — 1. Korintubréf 13:4, 5; Jóhannes 13:34, 35.

* Í sjaldgæfum tilfellum gæti það gerst að kristinn maður fremdi alvarlegan glæp gegn trússystemi — svo sem nauðgun, líkamsárás, morð eða meiri háttar þjófnað. Það telst ekki ókristilegt að tilkynna yfirvöldum um glæpin þó að það geti haft í för með sér lögsókn eða sakamál.

[#] Nánari upplýsingar má finna í *Varðturninum* 1. júní 1997, bls. 13-18, og enskri útgáfu blaðsins 15. október 1991, bls. 25-28.

Farðu inn á **www.jw.org** eða hafðu samband við
Votta Jehóva til að fá nánari upplýsingar.